## SADDAM VIRKAÐI VINALEGUR

*Börkur Gunnarsson talar um dvöl sína í Bagdad*










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. desember 2008 — 341. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


LAUGARDAGUR



### Ekki fræg fyrir ekki neitt

Fótboltaeiginkonan Ásdís Rán segir að markaðssetningin á henni sjálfri sé úthugsuð.

HELGARVIÐTAL 38




FYLGIR Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**FROST UM HELGINA** Í dag verður víðast hæg breytileg átt. Skýjað norðaustast annars bjart með köflum. Hætt við lítilsháttar snjómuggu með ströndum syðra. Frost 0-10 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

# Tapa fimmtungi sparnaðar á öruggustu ávöxtunarleiðinni

**Þúsundir Íslendinga töpuðu fimmtungi af séreignarsparnaði sínum hjá Landsbankanum á árinu. Skipti þá engu hversu örugg ávöxtunarleið var valin. Mikill munur er á útkomu lífeyrissjóða gömlu bankanna.**

**BANKAR** Eigendur séreignarsparnaðar hjá Íslenska lífeyrissjóðnum, sem Landsbankinn rekur, töpuðu fimmtungi af eign sinni á fyrstu ellefu mánuðum ársins óháð því hversu áhættusama ávöxtunarleið þeir höfðu valið.

Nafnávöxtun Íslenska lífeyrissjóðsins var neikvæð um tuttugu prósent á fyrstu ellefu mánuðum ársins óháð ávöxtunarleið. Leiðin sem ber mesta áhættu skilaði 20,4 prósent neikvæðri ávöxtun samanborið við 20,1 prósent þar sem áhættan átti að vera lítil sem engin.

Ingólfur Guðmundsson, stjórnarformaður sjóðsins, segir að dregið hafi verið úr áhættu í öllum ávöxtunarleiðum á undanförnum árum með því að selja innlend og erlend hlutabréf. „Í staðinn voru keypt innlend skuldabréf því þau þóttu spennandi ávöxtunarleið og voru talin gulltrygg. Það sem gerist með setningu neyðarlaganna er að leikreglunum er breytt eftir á. Innlánin, óháð fjárhæð, eru með ríkisábyrgð en skuldabréfin skilin eftir. Það er í rauninni skýringin á þessu.“ Ingólfur segir sorglegt að öruggustu ávöxtunarleiðir sjóðsins hafi farið jafn illa út úr hruni bankanna og raun ber vitni.

Sjóðfélagar velja fjárfestingarleiðir sem hafa mismunandi vægi hlutabréfa, skuldabréfa og innlána. Mesta áhættu tekur sá sem velur leið þar sem vægi hlutabréfa er mikið. Leið byggð á skuldabréfum og innlánum er talin örugg.

Öruggasta sparnaðarleið lífeyrissjóðs Landsbankans samanstóð eingöngu af innlendum skuldabréfum í árslok 2007. Þar af voru skuldabréf fjármálastofnana um sautján prósent. Sjóðsfélagar voru þrjátíu þúsund 2007. Eign sjóðsins var um þrjátíu milljarðar.

Athygli vekur að samanburðarhæfar sparnaðarleiðir Frjálsa lífeyrissjóðsins, sem rekinn er af eignastýringu Kaupþings, skilar mun betri niðurstöðu en Landsbankinn. Öruggasta leiðin skilar 23,1 prósent nafnávöxtun. Ástæðan er að Kaupþing lagði meiri áherslu á kaup á ríkisskuldabréfum en skuldabréfum fjármálastofnana og fyrirtækja, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins, sem er í vörslu Glitnis, skiluðu allar neikvæði ávöxtun á tímabilinu. Sú áhættuminnsta 5,4 prósentum en 20,5 prósent þar sem áhættan var mest. - shá



**Í MINNINGU RÚNARS** Útför Rúnars Júlíussonar var gerð frá Keflavíkurkirkju í gær. Útförinni var sjónvarpað og var meðal annars sýnt frá henni í Fríkirkjunni í Reykjavík, sem var þéttsetin. Að athöfn lokinni gátu gestir skrifað nafn sitt í gestabók til minningar um einn ástsælasta tónlistarmann landsins. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Björg Þórhallsdóttir söngkona:

## Boðið að syngja á Anfield Road

**TÓNLIST** **Sópransöngkonunni Björgu Þórhallsdóttur hefur verið boðið að syngja einkennissöng enska knattspyrnuliðsins Liverpool, You'll Never Walk Alone, á heimavelli þess, Anfield Road, á næsta ári. Einnig stendur til að hún snæði kvöldverð með spænska knattspyrnustjóranum Rafael Benítez eftir leikinn.**



BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR

**„Þetta er Mekka fótboltans er það ekki? Það er mikill heiður að vera boðið þetta,“ segir Björg.**

**Bróðir hennar, þingmaðurinn Höskuldur Þórhallsson sem er mikill Liverpool-aðdáandi, ætlar á völlinn og hlakkar hann mikið til. „Ef það er einhvern tímann tilefni til að fara þá er það þarna,“ segir hann.** - fb / sjá síðu 86

Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson vilja að þjóðin kjósi um ESB-samning:

# Vilja aðildarviðræður við ESB

**EVRÓPUMÁL** Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, vilja að Ísland hefji aðildarviðræður við Evrópusambandið og að ákvörðun um inngöngu verði borin undir þjóðaratkvæði. Þetta kemur fram í grein sem þeir skrifa í Fréttablaðið í dag.

Bjarni og Illugi telja að til lengri tíma muni krónan reynast okkur fjötur um fót. Ákvörðunin um Evrópusambandsaðild megi hins vegar ekki eingöngu snúast um gjaldmiðilsmál heldur þurfi að kanna málið frá öllum hliðum. Þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi kalla þó á að ráðist verði í aðildarviðræður og í kjölfarið taki þjóðin öll ákvörðun um málið. Í aðildarviðræðunum beri að hafa hagsmuni Íslendinga gagnvart ESB í fyrirrúmi með það að leiðarljósi að ná sem víðtækastri sátt um niðurstöðuna.

Þá segja tvímenningarnir að atburðir síðustu mánaða hafi dregið úr trausti fólks á stjórnmálamönnum, stjórnskipulaginu og stofnunum ríkisins. Brýnt sé að endurheimta það traust, til dæmis með því að breyta kosningafyrirkomulaginu í þá átt að efla tengsl á milli kjósenda og kjörinna fulltrúa og skerpa á ábyrgð þeirra sem fara með vald. - bs/ sjá síðu 32










## SPURNING DAGSINS



*Gylfi, verður fólkið þá ekki allavega reynslunni ríkara?*

„Jú, en maður lifir ekki á því!“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að ríkisstjórnin taki fjóra milljarða af fátækasta fólkinu í landinu með kreppuniðurskurði sínum.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins með sautján hundruð þúsund krónur á mánuði:

# Stjórnarlaun tvöfölduð vegna álags

**ALÞINGI** Vegna aukins álags í kjölfar fjármálakreppunnar hafa þóknanir stjórnarmanna í Fjármálaeftirlitinu (FME) verið tvöfaldaðar. Stendur sú ráðstöfun frá 1. október til ársloka. Tvöföldun þóknunar stjórnarformannsins nær aftur til 1. júlí vegna aukins álags á hann frá þeim tíma.

Þetta kemur fram í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar þingmanns VG.

Þóknun almennra stjórnarmanna var 130 þúsund krónur á mánuði en nemur nú 260 þúsund krónum. Þóknun formanns var 260 þúsund krónur en er nú 520 þúsund. Varamenn fengu 90 þúsund krónur á mánuði en fá 180 þúsund. Frá stofnun FME hefur varamönnum verið gert að sitja alla stjórnarfundi og taka þátt í afgreiðslu mála.



JÓNAS FR. JÓNSSON



JÓN SIGURÐSSON

Auk Jóns Sigurðssonar formanns sitja Sigríður Thorlacius lögfræðingur og Stefán Svavarsson endurskoðandi í stjórn FME. Varamenn eru Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, Þuríður Jónsdóttir héraðsdómslögmaður og Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur Seðlabankans.

Atli spurðist líka fyrir um launakjör yfirmanna FME. Fram kemur að Jónas Fr. Jónsson forstjóri hefur 1,7 milljónir í mánaðarlaun, aðstoðarforstjórinn, Ragnar Hafliðason, hefur 1.250 þúsund og fjórir sviðsstjórar eru með á bilinu 855 til 968 þúsund á mánuði. - bþs

Þorskstofninn að styrkjast:

# Niðurskurður að skila árangri

**SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur niðurstöður stofnmælinga Hafrannsóknastofnunar á botnfiskum ekki nægja til að auka veiðiheimildir á þorski. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.**

**Í stofnmælingunni, sem lauk 3. nóvember, mældist heildarvísitala þorsks sú hæsta frá 1996.**

**„Þetta eru jákvæðar vísbendingar um stofnstærð þorsksins og árangur uppbyggingaraðgerða á síðasta ári en þó er mikilvægt að bíða eftir niðurstöðu stofnmælinga í mars,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar.** - jse / ovd

Brúðuleikhús til hjálpar:

# Safna fyrir rútu

**MANNÚÐARMÁL** Brúðuleikhúshátíð til styrktar börnum í Himalajafjöllum verður haldin í Gerðubergi á morgun, en allur ágóði rennur til heimilis sem rekið er af tíbetskum munkum á Indlandi.

„Börnin koma úr afar erfiðum aðstæðum í hæsta og afskekktasta héraði Himalajafjalla, sem er á mörkum þess byggilega sökum kulda og þunns loftlags. Flest þeirra eru munaðarlaus og farin að sjá fyrir sér á fjórða ári, en munkurinn Lama Tenzin býður þeim vist og menntun á barnaheimili sínu á Indlandi,“ segir Guðrún Arnalds hómópati, ein þeirra sem standa fyrir brúðuleikhúsinu á morgun.

„Á Indlandi fara þau á tveimur jafnfljótum um langan veg í skóla, svo við reynum að safna sem mestu fyrir rútu þeim til handa.“ - þlg / sjá Allt

Jólalest Coca-Cola:

# Lestin kemur með jólalögin

**MENNING Jólalestin, ljósum prýddir Coca Cola-flutningabílar Vífilfells aka sinn árlega hring um höfuðborgarsvæðið í dag. Það að fylgjast með Jólalestinni er orðinn fastur þáttur í jólaundirbúningi margra fjölskyldna en þetta er í tólfta sinn sem lestin fer um höfuðborgarsvæðið.**

**Lestin leggur af stað frá Vífilfelli á Stuðlahálsi klukkan 15.30 og fer hún um helstu hverfi höfuðborgarsvæðisins. Lestin verður meðal annars í Spönginni Grafarvogi um klukkan 16, á Laugavegi um klukkan 17 og í Smáralind um klukkan 18. Rúmlega 100 kílómetra löngu ferðalagi lestarinnar lýkur svo klukkan 20 á sama stað og hún hófst. Nánari leiðarlýsingu Jólalestarinnar má finna á slóðinni coke.is** - ovd

# Meintur skartgripaþjófur handsamaður

**Karlmaður frá Kósóvó sem handtekinn var hér í síðasta mánuði er talinn tengdur skartgriparáni sem framið var í Sundsvall í Svíþjóð í september. Hann var handtekinn, ásamt tveimur löndum sínum, og sendur úr landi í lögreglufylgd.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður frá Kósóvó sem handtekinn var hér á landi í síðasta mánuði er talinn tengjast stóra skartgriparáninu sem framið var í Sundsvall í Svíþjóð í byrjun september, að því er fram kemur í sænska blaðinu Dagbladet. Hann er talinn hafa sést í nágrenni skartgripaverslunar þegar ránið var framið.

Smári Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjónn í alþjóðadeild ríkislögreglustjóra segir að þrír karlmenn frá Kosovo hafi verið handteknir hér á landi í nóvember. Þeir hafi síðan verið fluttir til síns heima í lögreglufylgd.

„Við fengum upplýsingar um það að einn þeirra var talinn hafa sést í nágrenni við ránsstaðinn þegar ránið var framið,“ segir hann. „En það var enginn handtekinn hér vegna ránsins.“

Mennirnir þrír sóttu upphaflega um hæli hér. Þeir þóttu tortryggilegir svo lögregla handtók þá. Þá höfðu þeir reynt að villa á sér heimildir og þóttust ekki þekkjast, þó ýmislegt lægi fyrir um það. Mennirnir gátu ekki gefið neinar viðhlítandi skýringar á ýmsu sem þeir voru spurðir um.



**SKARTGRIPIR** Mennirnir náðu að brjóta upp skartgripakassa í versluninni í Sundsvall og hafa á brott með sér verðmæt gullarmbönd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sænska lögreglan óskaði ekki eftir að hafa tal af manninum sem talinn er tengjast skartgriparáninu, sem bendir til að ekki hafi verið fyrir því nægilega sterk rök.

Sænska Dagbladet segir að verðmæti stolnu skartgripanna hafi verið um 30 þúsund sænskar krónur eða rúmar 440 þúsund íslenskar krónur. Ræningjarnir, sem voru þrír talsins, komust allir undan. Blaðið segir lögreglu hafa grunað að ræningjarnir hafi verið erlendir. Það hafi síðan fengist staðfest. Lögreglan segist hafa fengið tilkynningu um að einn þeirra hafi verið handtekinn í Madríd. Fingraför hans fundust í bíl sem ræningjarnir notuðu til að komast undan eftir ránið.

Ekki hefur enn tekist að bera kennsl á manninn sem gripinn var í Madríd, né þjóðerni hans þar sem hann var með mörg, mismunandi skilríki.

Dagbladet segir að handtökur mannanna á Spáni og Íslandi styrki þann grun lögreglu að um sé að ræða alþjóðlegan hring glæpamanna sem flytji sig milli landa og fremji afbrot.

jss@frettabladid.is

# Örn látinn

**Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og afreksmaður í frjálsum íþróttum, lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni á fimmtudag, áttræður að aldri.**



ÖRN CLAUSEN LÖGMAÐUR

**Örn Clausen fæddist í Reykjavík 8. nóvember 1928, sonur hjónanna Sesselju Þorsteinsdóttur Clausen og Arreboe Clausen, kaupmanns og bifreiðarstjóra. Hann lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1953 og sinnti lögfræðistörfum á eigin málflutningsskrifstofu í Reykjavík frá 1958 til 2007. Örn átti næstbesta árangur heims í tugþraut árið 1951.**

**Eftirlifandi eiginkona Arnar er Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari. Saman áttu þau þrjú börn, Örn átti fjóra syni frá fyrra hjónabandi. Einn þeirra er látinn.**

VG og Framsóknarflokkur:

# Ráðherrarnir segi ekki af sér

**STJÓRNMÁL** Formaður Framsóknar og þingflokksformaður VG vilja ekki hvetja ráðherrana Árna M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðsson til að segja af sér.

Valgerður Sverrisdóttir hefur sagt sitt með vantrauststillögunni og Ögmundur Jónasson vill frekar að kosið verði.

Formaður Frjálslynda flokksins vill hins vegar að þeir víki, ásamt með seðlabankastjóra.

Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur segir stjórnarandstöðuna skylduga til að ræða pólitíska ábyrgð ráðherra, en hún kunni það ekki. - kóþ / sjá síður 72 og 74


# Opið í dag

## á pósthúsum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri milli kl. 11-17

**Staðsetning pósthúsa á höfuðborgarsvæðinu:**

Pósthússtræti 5 • 101 Reykjavík
Síðumúla 3-5 • 108 Reykjavík
Þönglabakka 4 • 109 Reykjavík
Hraunbæ 119 • 110 Reykjavík
Hverafold 1-3 • 112 Reykjavík
Eiðistorgi 15 • 170 Seltjarnarnesi
Hamraborg 1-3 • 200 Kópavogi
Litlatúni 3 • 210 Garðabæ
Verslunarmiðstöðinni Firði • 220 Hafnarfirði
Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ

**Staðsetning pósthúsa á Akureyri:**

Skipagötu 10 • 600 Akureyri
Norðurtanga 3 • 600 Akureyri





Tekjur ríkisins 55 milljörðum lægri og mikill samdráttur í útgjöldum:

# Háskólinn fær um milljarði minna

**EFNAHAGSMÁL** Tekjur ríkisins verða 54,6 milljörðum lægri en áætlað var samkvæmt breytingartillögum meirihluta frjárlaganefndar Alþingis við fjárlagafrumvarp næsta árs. Samkvæmt breytingartillögunni verða tekjurnar 395,8 milljarðar en í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir 450 milljarða króna tekjum.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir 358 milljarða króna skatttekjum í stað 399 milljarða skatttekna sem áætlaðar voru í upphaflegu frumvarpi.

Breytingartillaga meirihlutans inniheldur meðal annars niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar sem ná til allra ráðuneyta og undirstofnana þeirra.

Sem dæmi má nefna að framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna dragast saman um 1.360 milljónir og framlög til Háskóla Íslands verða 951,1 milljón lægri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Það nemur um tíu prósentum af framlögum ríkisins til skólans.

Keflavíkurflugvöllur fær 1.153 milljónum króna minna en fjárlagafrumvarpið sagði til um.

Framlög til reksturs Alþingis verða 215 milljónum lægri en áætlað var. Hætt verður við framkvæmdir við Gljúfrastein sem áætlað var að kostuðu 10 milljónir króna og framlag til nýframkvæmda í Þjóðgarðinum á Þingvöllum dragast saman um 20 milljónir. Þá gerir tillagan ráð fyrir að framlög til forsetaembættisins dragist saman um 17 milljónir frá fyrra frumvarpi. - ovd



**FRÁ ALÞINGI** Niðurskurðartillögur ríkisstjórnarinnar verða ræddar á Alþingi á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Kringlan
Jólagleði í Kringlunni
Í dag þau í Kringlunni hoppa,
Jónsi, jólasveinar, Skrítla og Skoppa
13:00 Skoppa og Skrítla syngja lög úr nýju myndinni
Stekkjastaur og Stúfur
15:00 Jónsi
Stekkjastaur og Stúfur
16:00 Skoppa og Skrítla syngja lög úr nýju myndinni
Opið til 22 öll kvöld til jóla. Barnagæsla Ævintýralands er opin til 22.
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 12.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,72 | 117,28 |
| Sterlingspund | 174,22 | 175,06 |
| Evra | 155,33 | 156,19 |
| Dönsk króna | 20,847 | 20,969 |
| Norsk króna | 16,889 | 16,989 |
| Sænsk króna | 14,608 | 14,694 |
| Japanskt jen | 1,2934 | 1,3010 |
| SDR | 176,91 | 177,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

204,102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar var borinn til grafar í Keflavík í gær:

# Fjölmenni við útför Rúnars Júlíussonar

**ÚTFÖR** Fjölmenni var við útför Guðmundar Rúnars Júlíussonar, eins ástsælasta tónlistarmanns þjóðarinnar, sem gerð var frá Keflavíkurkirkju í gær. Einnig var sýnt beint frá athöfninni í sjónvarpi, í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju, Fríkirkjunni í Reykjavík og Duus-húsinu í Reykjanesbæ, en þar var haldin erfidrykkja að athöfn lokinni. Dagur íslenskrar tónlistar var í gær, og var hann tileinkaður minningu Rúnars.

Keflavíkurkirkja var skreytt skjaldarmerkjum Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og íþrótta- og ungmennafélags Keflavíkur í tilefni dagsins, en eins og kunnugt er var Rúnar Júlíusson liðtækur knattspyrnumaður og lék með liðinu við góðan orðstír.

Séra Skúli S. Ólafsson, sóknarprestur í Keflavíkurkirkju, minntist tónlistarmannsins með þeim orðum að íslenskt samfélag og menning væri fátækari ef ekki væri fyrir ævistarf Rúnars.

Nokkrir helstu tónlistarmenn þjóðarinnar fluttu lög til heiðurs Rúnari. Einnig fluttu þeir Baldur Þórir og Júlíus Freyr, synir Rúnars, lagið Það þarf fólk eins og þig eftir föður sinn.

Rúnar Júlíusson lést föstudaginn 5. desember af völdum hjartaáfalls. Hann lætur eftir sig eiginkonuna Maríu Baldursdóttur, tvo syni og sex barnabörn. **- kg**



**RÚNAR KVADDUR** Gunnar Þórðarson, Ágúst Hans Ágústsson, Þorsteinn Eggertsson, Magnús Torfason, Tryggvi Hübner, Hermann Gunnarsson, Bjartmar Guðlaugsson og Gylfi Ægisson báru kistu Rúnars. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Minningarsjóður Rúnars:

## Styrkir unga tónlistarmenn

**SAMFÉLAGSMÁL** Stofnaður hefur verið sjóður til minningar um Rúnar Júlíusson í Sparisjóðnum í Keflavík. Reikningsnúmer sjóðsins er 1109-05-2717, kennitala 610269-3389.



**RÚNAR JÚLÍUSSON**

Sjóðnum er ætlað að veita styrki til ungra og upprennandi poppara á Suðurnesjum. Þetta kemur fram á vefsíðunni runarjul.is.

Auglýst eftir saksóknara:

## Þarf að upplýsa um skuldir og hlutabréfaeign

**STJÓRNSÝSLA Embætti sérstaks saksóknara sem rannsaka á grun um refsiverða háttsemi vegna bankahrunsins hefur verið auglýst. Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara en þau kveða meðal annars á um góða heilsu, lögræði, óflekkað mannorð, próf í lögfræði og tiltekna starfsreynslu.**

**Sérstakur saksóknari þarf að opinbera upplýsingar um hlutabréfaeign í gömlu bönkunum, skuldir við þá og tengsl sín og skyldmenna við þá.**

**Dómsmálaráðherra skipar í embættið en hann hefur lýst yfir vilja til að eiga samráð við alla flokka um verkið.** - bþs

### DÓMSTÓLAR

**Fangelsi og ævilöng svipting**

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi og til ævilangrar ökuleyfissviptingar fyrir ölvunarakstur. Hann hafði áður gerst brotlegur og verið sviptur ökuréttindum tímabundið.

# Skuldir heimilanna upp um 6,7 milljarða

**Alþingi hefur samþykkt að hækka álögur á eldsneyti, áfengi, tóbak og fleira um 12,5 prósent. Þetta hækkar verðbólgu um allt að hálft prósent. Verðtryggð lán landsmanna hækka um það bil um 6,7 milljarða vegna hækkunarinnar.**

**EFNAHAGSMÁL** Álögur ríkisins á áfengi, tóbak, eldsneyti og fleira hækkuðu um 12,5 prósent þegar Alþingi samþykkti breytingar á lögum með miklum hraða á miðvikudagskvöld.

Hagstofan áætlar að bein áhrif hækkunarinnar á vísitölu neysluverðs, sem mælir verðbólgu, verði 0,4 til 0,5 prósent. Þá hefur ekki verið tekið tillit til mögulegra hækkana á fargjöldum og flutningskostnaði vegna hærra eldsneytisverðs.

Það þýðir að höfuðstóll verðtryggðra lána almennings hækkar um 0,4 til 0,5 prósent, sem og verðtryggður sparnaður landsmanna. Hækki verðbólgan um 0,5 prósent hækkar höfuðstóll 20 milljóna króna láns um 100 þúsund krónur.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands eru skuldir heimilanna um 1.890 milljarðar króna, þar af um 1.337 milljarðar í verðtryggðum lánum. Sérfræðingur ASÍ segir að hækki verðbólgan um 0,5 prósent hækki skuldir íslenskra heimila um 6,7 milljarða króna.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem kynnt var í byrjun október, var lagt til að þessir liðir hækkuðu um 11,5 prósent til að halda í við verðbólguspá. Fram kemur í athugasemdum með nýsettum lögum að vegna breytinga á verðbólguspá hafi þurft að hækka meira en áformað var.

Alþingi samþykkti að hækka áfengisgjald og tóbaksgjald, en auk þess hækka bifreiðagjöld, vörugjald af bensíni, olíugjald og kílómetragjald. Allt hækkar þetta um 12,5 prósent. Áætlað er að tekjur ríkisins á næsta ári aukist um tæplega 3,6 milljarða vegna hækkunarinnar. Hækkun um eitt prósentustig umfram það sem áður var ráðgert mun skila ríkinu tæplega 300 milljónum króna á næsta ári.

**brjann@frettabladid.is**



**DROPINN DÝRI** Verð á bensínlítra hækkar um 7,70 krónur og dísilolíulítrinn hækkar um 6,40 krónur samkvæmt útreikningum FÍB. Að auki hækkar verðbólgan, og þar með skuldir heimilanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### KOSTAR BÍLEIGANDA 20 ÞÚSUND Á ÁRI

Bifreiðagjöld, vörugjald af bensíni, olíugjald og kílómetragjald, hækka um 12,5 prósent. Hækkunin tók gildi í gær. Bensínlítrinn mun hækka um 7,70 krónur og dísilolíulítrinn um 6,40 krónur, segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Það þýðir um 20 þúsund króna kostnaðarauka fyrir meðal heimilisbíl, segir Runólfur.

Áfengisgjald og tóbaksgjald hækkuðu um 12,5 prósent. Tóbak hækkaði strax í gær, en áfengi hækkar á næstu dögum þegar birgjar hafa endurskoðað verðskrá sína, segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Meðaltalshækkun á tóbaki er um 7,8 prósent. Hækkun á áfengi er misjöfn eftir áfengisprósentu. Algeng tegund af rauðvíni mun hækka um 5,2 prósent, hálfur lítri af vinsælli bjórtegund um 5,8 prósent, algeng tegund af vodka um 9,2 prósent og vinsæl koníaksflaska um 4,4 prósent.



**HANDTÖKUR** Lögreglubíll fyrir utan dómhús í Brussel í gær, þar sem sakborningunum sex voru birtar ákærur. NORDICPHOTOS/AFP

Grunur um hryðjuverkatengsl:

## Sex handteknir ákærðir í Belgíu

**BELGÍA, AP Sex menn, sem voru í hópi fjórtán manna sem handteknir voru víða um Belgíu á fimmtudag, voru í gær ákærðir fyrir að tilheyra hryðjuverkasamtökum.**

**Meðal hinna ákærðu er kona, hvers eiginmaður átti þátt í samsæri um að ráða Ahmed Massoud, stríðsherra í Norður-Afganistan sem barðist gegn talibönum er þeir voru við völd í Kabúl, af dögum haustið 2001.**

**Hin ákærðu eru kjarni hryðjuverkahóps herskárra íslamista, og að sögn Lieve Pellens, talsmanns belgísku lögreglunnar, var einn í hópnum að undirbúa sjálfsvígssprengjutilræði.** - aa

Upplýsinga krafist fyrir dómi:

## Lögmaðurinn var upptekinn

**DÓMSMÁL** Fresta þurfti meðferð kröfu um að Landsbankinn veiti upplýsingar um fjárfestingar peningamarkaðssjóða sinna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Lögmaður Landsbankans var upptekinn við málflutning í öðru dómsmáli.

Hópur fólks sem átti í peningamarkaðssjóðum Landsbankans hefur krafið bankann upplýsinga um fjárfestingar, eignaskiptingu og fleira. Bankinn hefur ekki svarað erindum þar um. Því er upplýsinganna krafist með fulltingi héraðsdóms.

Stefnt er að því að taka málið fyrir á ný í næstu viku. - bþs




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**RÓLEGT UM HELGINA**

Veðrið um helgina einkennist af hægum vindum og úrkomulitlu veðri. Í dag má búast við einhverjum snjókornum sunnan til og síðan á morgun er að sjá snjómuggu einnig með austurströnd landsins. Það er harðnandi frost í kortunum og raunar má búast við hörku frosti til landsins.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 3° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 8° |
| New York | 0° |
| Orlando | 19° |
| Osló | -1° |
| París | 4° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Besta jólagjöfin

## - gjöfin sem gefur -

**Allt söluandvirðið rennur til góðgerðamála**




1. SÆTI
METSÖLULISTI
MBL - 10. DES
- ALMENNT EFNI -

**Aðeins 1.290 kr.**
Allt söluandvirðið rennur til góðgerðamála

## Veisla með fjölskyldu og vinum

Öll upphæðin rennur óskert til Fjölsmiðjunnar
Vegleg gjöf - 256 blaðsíður
Það besta úr eldhúsi Nóatúns
Mjög vönduð útgáfa
Ótrúlegt verð

2. SÆTI
METSÖLULISTI
MBL - 10. DES
- ALLAR BÆKUR -




Fæst í Nóatúni

NÓATÚN

Bókin fæst í Nóatúni og völdum verslunum. Einnig er hægt að panta hana á www.noatun.is og Fjölsmiðjunni.

## KJÖRKASSINN



*Ferð þú í jólaköttinn í ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 41,1% |
| Nei | 58,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt (ur) við skattahækkun ríkisstjórnarinnar?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Bandaríkjaþing náði ekki samkomulagi um bráðaaðstoð við bílaiðnaðinn vestra:

# Síðasta vonin bundin við Bush

**BANDARÍKIN, AP** Lagafrumvarp um að koma fjórtán milljörðum Bandaríkjadala, andvirði um 1.600 milljarða króna, í neyðarfjárhagsaðstoð til bandarísku bílarisanna þriggja, GM, Ford og Chrysler, strandaði í öldungadeild Bandaríkjaþings í fyrrakvöld.

Síðasta von fyrirtækjanna er nú bundin við að George W. Bush Bandaríkjaforseti ákveði án tilstillis þingsins að útvega þeim bráðalán til að afstýra þroti. Talsmenn Hvíta hússins greindu frá því í gær að forsetinn væri að íhuga að nota fé úr 700 milljarða dala björgunarsjóði fyrir fjármálakerfið til að hjálpa fyrirtækjunum.



**STÖRF Í UPPNÁMI** Verkafólk í verksmiðju Chrysler í Warren í Michigan fer af vaktinni. Þrjár milljónir starfa eru í húfi í bandarískum bílaiðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsvarsmenn GM og Chrysler hafa sagt að gjaldþrot blasi við ef fyrirtækin fái ekki fjárhagsfyrirgreiðslu áður en árið er úti. Ford kvað vera lítið eitt betur statt.

Lagafrumvarpið féll eftir að slitnaði upp úr viðræðum þingmanna, sem voru tregir til að styðja frumvarpið, við fulltrúa verkalýðsfélags bílaverkamanna. Hópur þingmanna repúblikana hafði krafist þess að verkamenn bílaverksmiðjanna tækju á sig umtalsverða kjaraskerðingu sem lið í björgun fyrirtækjanna, en því hafnaði verkalýðsfélagið.

„Plan B er forsetinn," sagði Carl Levin, þingmaður frá Michigan. Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar þingsins, sagði að aðgerðir af hálfu Bush forseta væru nú „eini haldbæri valkosturinn." **- aa**

Þingkosningar á Sark:

# Barcleys-bræður farnir í fússi

**SARK, AP** Á litlu Ermasundseyjunni Sark, þar sem íbúar eru rétt um 600, voru haldnar þingkosningar á miðvikudaginn, þær fyrstu í sögu eyjunnar. Afleiðingarnar urðu þær að hundrað manns missa vinnuna á einu bretti. Ástæðan er sú að tvíburabræðurnir David og Frederick Barcley, sem reka nánast öll fyrirtæki á eyjunni, ákváðu að fara burt í fússi með allan sinn rekstur eftir að eyjarskeggjar höfnuðu þeim í kosningunum.

Barcley-bræður eru sannkallaðir auðjöfrar. Þeir eiga til dæmis Ritz-hótelið í London og dagblaðið Telegraph. **- gb**

Skilanefnd Landsbankans:

# Segist hafa skilað öllum gögnum til skattsins

**VIÐSKIPTI Skilanefnd Landsbankans segist í tilkynningu hafa sent skattrannsóknarstjóra öll gögn sem nefndinni eru tiltæk og óskað var eftir. Málið varðar fyrirspurn til bankanna þriggja um aðkomu þeirra eða dótturfélaga að, eða viðskipti við, félag í Lúxemborg.**

**Í tilkynningunni segir að Landsbanki Íslands hf. hafi ekki átt í neinum viðskiptum við umrætt félag. Skilanefndin hafi ekki undir höndum upplýsingar sem varða viðskipti einstakra viðskiptavina við dótturfélag bankans í Lúxemborg. Þá segir að skilanefndin hafi svarað skilmerkilega og innan fresta öllum erindum frá skattrannsóknarstjóra. - kóp**



**LAXÁ Í KJÓS** Aftengja þarf vísitölutryggingu veiðileyfa segja stangaveiðimenn.

Ályktun stangaveiðifélaga:

# Lágmarki tjón

**STANGVEIÐI** „Vísitölutryggðar hækkanir á veiðileyfum eru ekki boðlegar og þær verður að taka úr sambandi á meðan efnahagskreppan gengur yfir. Allir verða að leggjast á árarnar svo komast megi hjá markaðslegu hruni sem engum er hagur í," segir í ályktun stjórnar Landssambands stangaveiðifélaga sem hvetur veiðifélög og veiðiréttareigendur til að semja við leigutaka um að lágmarka tjón sem fyrirsjáanlegt sé við núverandi aðstæður. **- gar**

# Frestar fangelsi og hægir á sjúkrahúsi

**Horfur eru á allt að 50 prósenta atvinnuleysi í byggingargeiranum á næsta ári. Ríkisstjórnin þarf að negla niður tímasetningu framkvæmda sem fyrst. Erfiðara sé fyrir hjólin að byrja að snúast ef starfsmenn eru hættir.**

**VINNUMARKAÐUR** Ríkisstjórnin leggur til í sparnaðaraðgerðum sínum að fresta nokkrum stórum framkvæmdum, fyrst og fremst í vegamálum og höfnum, en líka nokkrum stökum byggingum, til dæmis Stofnun Árna Magnússonar og fangelsinu á Litla-Hrauni auk þess sem hægir á undirbúningi varðandi nýja sjúkrahúsið. Þá seinkar flugvél og varðskipi Landhelgisgæslunnar og greiðslum þannig frestað. Alls fer 41 milljón króna í framkvæmdir ríkisins á næsta ári.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, telur mestu skipta að ríkisstjórnin ákveði sem fyrst og eigi síðar en fljótlega eftir áramót í hvaða framkvæmdir á vegum ríkisins verði farið og hvenær það verði gert þannig að fyrirtækin viti hvað er fram undan og hvenær. Þannig taki færri uppsagnir gildi. Erfiðara sé fyrirtækin að fara í gang ef starfsmenn eru hættir vegna uppsagna. „Það skiptir máli hvenær þetta fjármagn verður nýtt, í hvers konar verkefni og að það liggi fyrir sem allra fyrst þannig að fyrirtækin sjái hvað er fram undan. Það er jákvætt að fara í vinnuaflsfrekar framkvæmdir en það þarf að koma fljótt fram hvernig á að nýta þessa peninga því það gæti haft áhrif á uppsagnirnar," segir hann.

Þorbjörn bendir á að það sé óheppilegt ef framkvæmdaáform ríkisstjórnarinnar verði ekki tilbúin fyrr en í sumar eins og ekki sé óalgengt. „Þá stöndum við frammi fyrir því að fólk verður atvinnulaust í marga mánuði og þá verður erfiðara að ná þessu í gang. Því er mikilvægt að deila þessum framkvæmdum út fljótlega," segir hann.



**FRESTAR NOKKRUM BYGGINGUM** Ríkisstjórnin áformar að fresta framkvæmdum í vegamálum og við hafnir landsins en líka nokkrum byggingum, til dæmis fangelsinu á Litla-Hrauni og undirbúningi við nýja hátæknisjúkrahúsið í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON**

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, telur að horfur séu á meira en 50 prósenta atvinnuleysi í byggingargeiranum á næsta ári. Það þýðir að annar hver maður, sem starfar við byggingaframkvæmdir, verði atvinnulaus. Þorbjörn telur að miðað við 11 þúsund starfsmenn, eins og séu starfandi í geiranum í venjulegu árferði, geti atvinnuleysi numið 30-40 prósentum. Það miðist við að 3-4.000 manns missi vinnuna á næsta ári.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að máli skipti hvernig framkvæmdum ríkisins verði beitt til að hönnun leggist ekki af í landinu. Horfur eru á 70 prósenta atvinnuleysi meðal arkitekta. Í kreppunni í Finnlandi var 40 prósenta atvinnuleysi hjá þeirri stétt. **ghs@frettabladid.is**









Forseti ASÍ gagnrýnir skerðingu á hækkunum bótaflokka almannatrygginga:

# Ríkisstjórnin skattleggur bótaþega

**EFNAHAGSMÁL** „Það er mjög sérstakt að ríkisstjórnin hafi sérstaklega búið til aðgerð sem felur í sér að þessi hópur eigi að bera einhvern sérstakan skatt," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um ákvörðun ríkisstjórnarinnar um 10 prósenta skerðingu bóta almannatrygginga.

Ríkisstjórnin ákvað að undanskilja lágmarkstekjuviðmið frá skerðingunni og segir Gylfi líklegt að um 15 þúsund manns njóti góðs af því. „Ég ætla ekki að rengja Jóhönnu [Sigurðardóttur félagsmálaráðherra] um það en það eru 35 þúsund manns sem lenda í skerðingunni, sem fá ekki hækkunina og sá hópur býr líka við fátækt," segir Gylfi. Hann segir um 50 þúsund manns þiggja bætur frá lífeyristryggingakerfinu svo augljóst sé að um æði stóran hluta bótaþega sé að ræða.

„Okkar gagnrýni beinist ekki að þeim sem fengu. Okkar gagnrýni beinist að því að það eru 35 þúsund elli- og örorkulífeyrisþegar sem ekki fá þá hækkun sem þeir áttu rétt á," segir Gylfi. Hann segir almannatryggingalöggjöfina gera ráð fyrir verðtryggingu á lífeyri, að þeir sem eru á bótum eigi að fá hækkun sem nemur breytingum verðlags." Ákvörðun ríkisstjórnarinnar þýði að í stað þess að lágmarksbætur almannatrygginga hækki í tæplega 178 þúsund krónur á mánuði verði þær ríflega 163 þúsund krónur eða 15 þúsund krónum lægri á mánuði.

„Það er gagnrýnivert að ríkisstjórnin telji að elli- eða örorkulífeyrisþegar sem fá 150 til 200 þúsund á mánuði séu með svo háar bætur að þeir eigi ekki að fá hækkun," segir Gylfi. **- ovd**




**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að skattleggja þá sem síst skyldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

# Vinsælar jólagjafir

OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla




**Ný Dönsk**
- Turninn
**Árita**
í Smáralind kl. 15:00 Í DAG
í Smáralind kl. 15:00 sunnudag




**Geirmundur Valtýsson**
- Alltaf léttur
**Áritar**
í Skeifu kl. 15:00 Í DAG
í Kringlu kl. 16:00 sunnudag




**Raggi Bjarna**
- Lögin sem mega ekki gleymast
**Áritar**
í Smáralind kl. 16:00 Í DAG
í Kringla kl. 18:00 Í DAG




**Páll Óskar**
- Silfursafnið DVD og CD
**Áritar og spilar**
í Smáralind kl. 13:00 Í DAG




**Diddú og Terem**




**100 Erlend Jólalög**




**Í minningu Vilhjálms Vilhjálmssonar**
**Friðrik Ómar áritar**
í Holtagörðum kl. 14:00 Í DAG
í Kringlu kl. 15:00 Í DAG
í Smáralind kl. 13:00 sunnudag **spilar**
í Skeifu kl. 15:00 sunnudag




**Buff**
**Árita og spila**
í Smáralind kl. 16:00 sunnudag




**KK**
- Svona eru menn




**Ragnheiður Gröndal**
- Bella & her black coffee




**Rúna Júlíusson**
- Söngvar um lífið




**Stefán Hilmarsson**
- Ein handa þér




**Gísli og Ómar árita**
Kringlu kl. 16:00 sunnudag
Smáralind kl. 17:00 sunnudag




**Stúfur áritar**
Kringlu kl. 14:00 Í DAG
Smáralind kl. 17:00 Í DAG **spilar**




**Bergljót og Björgvin**
**Árita og spila**
Smáralind kl. 14:00 sunnudag




**Gunni og Felix árita**
Holtagörðum kl. 16:00 Í DAG
Skeifu kl. 17:00 Í DAG

Gildir til 14. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða íslenska bók er á meðal fimmtán bestu skáldsagna ársins, að mati bókarisans Barnes & Noble?*
2. *Hvað er sérstakt við jólakortin sem Hafliði Ragnarsson í Mosfellsbakaríi hefur til sölu?*
3. *Fjögur fótboltalið hafa sýnt áhuga á Blikanum Jóhanni Berg Guðmundssyni. Hver eru þau?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 86

Íslenskur fjárfestingasjóður gæti tapað allt að tuttugu milljónum dollara

# Novator fórnarlamb fjársvika

**VIÐSKIPTI** Íslenskur fjárfestingasjóður, sem að meirihluta er í eigu Novator, fyrirtækis Björgólfs Thors Björgólfssonar, gæti tapað allt að tuttugu milljónum dollara á umfangsmiklu fjársvikamáli sem er komið upp í Bandaríkjunum. Þetta fékk Fréttablaðið staðfest hjá forsvarsmönnum Novator.

Fjárfestingarsjóðurinn Novator Credit Opportunities Fund er eitt þeirra fyrirtækja sem varð fyrir barðinu á bandaríska lögfræðingnum Marc Dreier sem var handtekinn í Kanada í síðustu viku fyrir að selja fölsuð verðbréf í fasteignaþróunarfélagi sem hann starfaði fyrir sem ráðgjafi.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Dreier á og rekur lögmannsstofu í New York. Samkvæmt frétt frá fréttaveitunni Bloomberg, hefur hann og lögfræðifirma hans nú orðið uppvíst að því að falsa skuldabréf, falsa undirskriftir, setja á svið símafundi og falsa netföng í þeim tilgangi að villa um fyrir vogunarsjóðum og öðrum kaupendum bréfanna. Virðist ljóst að Dreier hafi stundað þetta um langt skeið og vogunarsjóðirnir sem eru fórnarlömb svindlarans skipta tugum.

Vogunarsjóðir keyptu fölsuð skuldabréf fyrir um 350 milljónir bandaríkjadollara. Hlutur Novatorsjóðsins var nærri tuttugu milljónum dollara. Hefur þegar verið ákveðið af hálfu sjóðsins að leita til lögfræðinga og kæra svikin, að sögn forsvarsmanna Novator, sem segja að fleiri fórnarlömb fjársvikanna hafi gert slíkt hið sama.

Novator Credit Opportunities Fund er í meirihlutaeigu Novators, en aðrir hluthafar eru erlend og innlend fjármálafyrirtæki, þar á meðal Straumur, Landsbankinn, Glitnir og lífeyrissjóðir. - bih

Par áfram í farbanni:

# Hrottaleg árás með eggvopni

**DÓMSMÁL Karlmaður og kona hafa verið úrskurðuð í áframhaldandi farbann til 1. febrúar, að kröfu lögreglustjórans á Selfossi.**

**Um er að ræða pólskt par sem grunað er um að hafa stungið og skorið landa sinn í Þorlákshöfn í haust. Lögreglan hafði verið kvödd til vegna hávaða í fjölbýlishúsi. Þegar hún kom á vettvang var maðurinn ásamt nokkrum löndum sínum utandyra, mikið særður. Árásin var mjög alvarleg og var hann í lífshættu.**

**Með hliðsjón af rannsóknargögnum þykir fram kominn rökstuddur grunur um að parið hafi átt aðild að árásinni.** - jss




# ESB-sáttmáli í dóm Íra á ný haustið 2009

**Leiðtogar hinna ESB-ríkjanna 26 hafa samið við forsætisráðherra Írlands um að Lissabon-sáttmálanum verði breytt þannig að Írar ættu ekki lengur að hafa neitt á móti því að samþykkja sáttmálann í endurtekinni þjóðaratkvæðagreiðslu.**

**BRUSSEL, AP** Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna samþykktu í gær að koma til móts við áhyggjuefni Íra tengd svonefndum Lissabon-sáttmála, sem felldur var í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi í júní. Með því eru vonir bundnar við að írskir kjósendur falli frá fyrirvörum sínum gegn því að staðfesta sáttmálann fyrir sitt leyti í endurtekinni þjóðaratkvæðagreiðslu næsta haust. Sáttmálinn getur ekki tekið gildi fyrr en öll aðildarríkin 27 hafa fullgilt hann.

Veigamesta atriðið sem ákveðið var að láta eftir Írum var að fallið yrði frá áformum um að fækka í framkvæmdastjórn sambandsins, en samkvæmt þeim áformum stóð til að frá og með árinu 2014 hefðu ekki lengur öll aðildarríkin einn fulltrúa í þessari kjarnastofnun sambandsins, heldur myndu þau skiptast á um að senda fulltrúa í hina minnkuðu átján manna framkvæmdastjórn.

Önnur atriði sem írskir kjósendur höfðu áhyggjur af var ákvæði Lissabon-sáttmálans kynnu að ógna hlutleysi Írlands, sem og lágskattastefnu þess og lögum um réttindi launafólks. ESB-leiðtogarnir féllust líka á að tryggt yrði að ekki yrði vegið að neinum þessara írsku laga, né heldur myndu ESB-reglur gera Írum ókleift að halda í íhaldssöm lög sín um fóstureyðingar eða grafa undan heilbrigðis- og menntakerfi landsins.

Gegn því að fá þetta í gegn skuldbindur írska stjórnin sig til að halda nýja atkvæðagreiðslu um sáttmálann áður en skipunartímabil núverandi framkvæmdastjórnar rennur út í lok október.



**BRIAN COWEN** Írski forsætisráðherrann á blaðamannafundi í Brussel í gær. Skuldbindur Írlandsstjórn til að láta kjósa á ný um sáttmálann þótt það sé óvinsælt meðal Íra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihlutastuðningur Íra við sáttmálann er þó engan veginn tryggður vegna óvinsælda ríkisstjórnar Brians Cowen, sem helgast að hluta af efnahagskreppunni, en það fer illa í marga landa hans hve staðráðinn forsætisráðherrann er í að halda nýja þjóðaratkvæðagreiðslu.

Engu að síður eru Írar eftir sem áður sú þjóð sem er ánægðust með aðild sína að ESB; það sýndu niðurstöður nýjustu Eurobarometer-könnunar ESB.

Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands sem er nú að ljúka forsætismisseri sínu í ESB, lýsti mikilli ánægju með að kosið yrði um sáttmálann á ný á Írlandi, en Sarkozy hafði áður sagt að hann teldi ógerlegt að taka fleiri ríki inn í sambandið uns tekist hefði að koma í gildi þeirri uppfærslu á stofnana- og ákvarðanatökukerfi sambandsins sem í Lissabon-sáttmálanum felst. - aa




Loftslagsráðstefnu SÞ í Poznan og leiðtogafundi ESB í Brussel lokið:

# Metnaður til aðgerða ítrekaður

**BRUSSEL, POZNAN, AP** Eitt af því fáa sem samkomulag tókst um á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem lauk í Poznan í Póllandi í gær var að ríkari lönd heims og fjölþjóðastofnanir sameinuðust um skuldbindingar um að fjármagna sjóð sem á að hjálpa fátækum ríkjum að bregðast betur við afleiðingum loftslagsbreytinga á borð við alvarlega þurrka og flóð.

Á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel, sem einnig lauk í gær, tókst enn fremur samkomulag um að sambandið héldi fast við metnaðarfull áform sín í loftslagsmálum. Þau kveða bæði á um bindandi markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa og um leiðir til að fjármagna þessar ráðstafanir.

Ríkin í austanverðu sambandinu, sem eru enn að vinna upp velmegunarforskot Vestur-Evrópuríkjanna, fengu sett inn ákvæði um að þau nytu meiri sveigjanleika hvað þetta varðar, í því skyni að minnka hættuna á því að loftslagsaðgerðirnar yrðu til að draga úr hagvexti hjá þeim.

Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands sem gegnir




**GORE Í POZNAN** Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna og baráttumaður gegn loftslagsbreytingum, ávarpar ráðstefnufulltrúa í Poznan í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

formennskunni í ESB, sagði samkomulagið sögulegt. Evrópa hefði sannað að hún gengi fram fyrir skjöldu með góðu fordæmi; nú yrðu hinir sem menguðu mest, einkum Bandaríkin og Kína, að taka sér tak. - aa



OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

# JÓLATRÉ
## FERSK OG ILMANDI



Verð frá
2.950kr

**ÍSLENSK TRÉ**
Blágreni - Rauðgreni
Fura - Fjallaþinur

**DÖNSK TRÉ**
Nordmannsþinur
Nobilis-tré



20% AFSLÁTTUR

Jólaseríur og
Jólatrésskraut



20% AFSLÁTTUR




Jólagjafakort Garðheima
– gagnast líka í sumar!

## SKAPAÐU HLÝLEIKA HEIMA...

Sunnudags-
sýnikennslan
**Hyasintur í gleri**

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 - sími 540 3300

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

hefurðu kíkt á heimasíðuna okkar: www.gardheimar.is



Heitt súkkulaði
alla helgina í jólatrjáa-skóginum




Jólabók veiðimannsins
Veiðisumarið 2008 í máli og myndum
Fæst hjá útgefanda og á öllum helstu bóksölustöðum.
Litróf
Vatnagörðum 14 – 104 Reykjavík
Sími 563 6000 – www.litrof.is

Yfirlýsing 300 Kínverja í tilefni af 60 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar SÞ:

# Skorað á kínversk stjórnvöld

**KÍNA, AP** Hundruð kínverskra baráttumanna fyrir mannréttindum hafa undirritað yfirlýsingu, þar sem skorað er á kínversk stjórnvöld að bæta ástand mannréttindamála í landinu. Yfirlýsingin er samin í tilefni þess að nú eru 60 ár frá samþykkt mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Kínverska lögreglan var snör í snúningum og hafði strax handtekið tvo þeirra sem undirrituðu yfirlýsinguna áður en hún birtist á Netinu. Yfirlýsingin er í nítján liðum þar sem meðal annars er lagt til að dómsvaldið í Kína verði aðskilið frá öðrum stjórnvöldum, félagafrelsi verði virt og einsflokkskerfið í stjórnmálum verði aflagt.

Alls undirrita meira en 300 manns yfirlýsinguna, þar á meðal lögfræðingar, rithöfundar, fræðimenn og listamenn.

„Þessi yfirlýsing styður sömu hugmyndir og verðmæti og fram koma í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, svo sem fjölmiðlafrelsi, félagafrelsi, óháð dómsvald, trúarbragðafrelsi og umhverfisvernd,“ segir lögfræðingurinn Mo Shaoping, sem er einn þeirra sem undirrituðu yfirlýsinguna. „Í henni er ekkert sem brýtur gegn stjórnarskrá Kína,“ bætir hann við. - gb



**HÚSIÐ RIFIÐ** Einn þeirra sem hefur orðið fyrir barðinu á yfirvaldinu í Kína er Dong Jigin, eiginmaður Ni Yulan, sem situr í fangelsi fyrir mannréttindabaráttu sína. Rifið hús þeirra sést að baki honum. NORDICPHOTOS/AFP



**WILLIAM D. BYGRAVE** Íslendingar standa mjög framarlega á sviði frumkvöðlastarfsemi í heiminum. Útlit er fyrir erfiðara árferði fyrir frumkvöðla á allra næstu misserum, segir einn virtasti sérfræðingur í heimi á sviði nýsköpunar.

# Næstu misseri verða frumkvöðlum erfið

**William D. Bygrave, einn virtasti sérfræðingur heims á sviði nýsköpunar, segir Ísland standa framarlega á sviði frumkvöðlastarfsemi. Mikilvægt sé að hlutabréfamarkaður sé virkur svo fyrirtækin geti sótt sér fjármagn til vaxtar.**

**NÝSKÖPUN** „Íslendingar hafa fram til þessa staðið mjög framarlega í frumkvöðlastarfi. En næstu tvö ár verða krefjandi,“ segir William D. Bygrave, einn virtasti sérfræðingur heims á sviði nýsköpunar og frumkvöðlafræða.

Hann segir aðgengi frumkvöðla að fjármagni skipta meginmáli eftir bankahrunið hér og það verði að tryggja að svo verði áfram.

Bygrave segir stjórnvöld jafnt hér og í Bandaríkjunum verða að huga að menntun og störfum því tengdu frekar en mannfrekum og kostnaðarsömum framkvæmdum. Sé lítill grundvöllur fyrir menntað fólk í heimalandi þess sé hætta á að það flytjist á brott líkt og í tilfelli hans sjálfs á sjötta áratug síðustu aldar.

Aðstæður hér séu þó ekkert einsdæmi. Frumkvöðlar og fjölskyldur þeirra muni líkt og fyrri ár leggja til mestan hluta fjármagnsins til að koma fyrirtækjunum á legg áður en áhættufjárfestar komi að þeim. Þó megi reikna með, ekki síst hér á landi, að niðursveiflan hafi tæmt vasa áhættufjárfesta að einhverju leyti.

Hann segir mestu máli skipta að halda hlutabréfamarkaði á floti, ekki síst að blása lífi í hlutafjárútboð og nýskráningar á hlutabréfamarkaði, hér heima og erlendis. Aðeins þar geti fyrirtækin sótt sér fjármagn til frekari vaxtar. Þó sé útlit fyrir að hlutabréfamarkaður verði laskaður næstu misserin og verði fyrirtæki almennt að þreyja þorrann.

Bygrave kynnti í gær niðurstöður GEM-rannsóknarinnar, sem aflar samanburðarhæfra gagna um frumkvöðlastarfsemi víðs vegar að úr heiminum.

Bygrave ýtti rannsókninni úr vör fyrir níu árum þegar hann var prófessor við Babson-háskólann í Massachusetts í Bandaríkjunum. Skólinn er talinn fremsti háskóli Bandaríkjanna á sviði frumkvöðlafræða. Í ár tóku 45 lönd þátt í rannsókninni og lenti Ísland í fyrsta til þriðja sæti í mörgum mikilvægum þáttum.

Bygrave segir talsverðu muna á Íslandi og öðrum löndum. „Mun fleiri Íslendingar stofna fyrirtæki af því að þeir sjá tækifæri á markaðnum. Í öðrum löndum, svo sem í Asíu, er það gert af nauðsyn. Þar sér fólk ekki annan kost til að framfleyta sér,“ segir hann.

Háskólanum í Reykjavík, sem hefur síðastliðin sex ár tekið þátt í GEM-rannsókninni, hefur nú verið boðið að verða einn af hornsteinum ásamt Babson College og breska viðskiptaháskólanum London Business School. Samningur þess efnis verður undrritaður í HR í dag. jonab@markadurinn.is

Fyrirhugað að hækka strætófargjöld á Skaganum um 200 prósent:

# Mótmæla á útifundi í dag

**SAMGÖNGUR** Skagamenn eru æfir af reiði yfir fyrirhugaðri hækkun á strætófargjöldum til Reykjavíkur. Rætt er um að hækka fargjaldið um 200 prósent, úr 280 krónum í 840 krónur. Skagamenn ætla að mótmæla hækkuninni á fundi í Skrúðgarðinum klukkan þrjú í dag.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að „það sjóði á þeim einstaklingum“ sem hafi nýtt sér þjónustu Skagastrætós. „Það er verið að kippa grundvelli undan fjölda einstaklinga sem stunda nám og atvinnu á höfuðborgarsvæðinu,“ segir hann og telur vanta skýringar á því af hverju gjaldið er að hækka.

Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar á Akranesi, segir að samningaviðræður eigi sér stað og ekkert sé klárt í málinu. Til standi að skrifa undir samning við Strætó á mánudag en bæjaryfirvöld séu ekki komin með samning í hendurnar. Gunnar bendir á að til standi að auka þjónustuna í héraði.

„Við höfum aldrei borgað fyrir legginn Mosfellsbær-Kjalarnes. Reykjavíkurborg hefur borgað þann legg og því er þetta meiri hækkun en reiknað var með. Það er ekkert óeðlilegt að við borgum fyrir þann legg en það er ekkert búið að ganga frá þessu. Mér sýnist að hvorki Selfoss né Hveragerði ætli að greiða niður kostnaðinn hjá sér en það er ekki búið að ganga frá því hvað bæjarsjóður á Akranesi gerir.“ - ghs



**SÝÐUR Á SKAGAMÖNNUM** Í bígerð er að hækka strætógjöld Skagamenna úr 840 í 280 krónur. Það sýður á Skagamönnum og boða þeir til mótmælafundar í dag.



# Jól 2008

**ILVA**
einfaldlega betri kostur

## Jólagleði
- komdu og vertu með -

**kl. 14-18**
**Laugardag og sunnudag**



- Teiknileikur fyrir krakkana, dregið verður úr teikningum mánudaginn 15. des. og 50 heppnir krakkar fá glaðning sendan heim fyrir jól.
- Jólasveinarnir mæta á staðinn.
- „Söngfjelagið Góðir Grannar“ taka lagið.




shop online
Verslaðu á **www.ILVA.is**
Sendum um allt land




**Gjafakort**
eru gefin út á þjónustuborði ILVA. Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.

## Yfir **200** jólatilboð í verslun
*- sjón er sögu ríkari -*



**25%**
af öllum púðum

**Ferns.** Púði, hör/bómull. 40 x 60 cm. Verð 4.900,- **NÚ 3.675,-**
**Leaf.** Púði, hör/bómull. 50 x 50 cm. Verð 4.950,- **NÚ 3.710,-**
**Leaf.** Púði, hör/bómull. 50 x 50 cm. Verð 4.950,- **NÚ 3.710,-**
**Hopsack.** Púði, hör. 40 x 40 cm. Verð 2.400,- **NÚ 1.800,-**
**Thicket.** Púði, bómull. 40 x 60 cm. Verð 3.400,- **NÚ 2.550,-**

HR
HAFLIÐI RAGNARSSON
CHOCOLATIER



**ILVA kaffi**
Vaffla m/rjóma og kaffi. **390,-**

**50%**
af völdum mottum og skinnum




ILVA
sendum um allt land

## Opið til kl. 22:00 alla helgina

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
laugardag **10-22** sunnudag **12-22** mánudaga - föstudaga **11-19**

© ILVA Ísland 2008



**AFMÆLISVEISLA** Hvítabjörninn Wilbär beið ekki boðanna og réðst af áfergju á „afmæliskökuna“ sína nú í vikunni. Starfsfólkið í dýragarðinum Wilhelma í Stuttgart í Þýskalandi útbjó handa honum íshnullung í tilefni dagsins, fylltan af góðgæti, ávöxtum og fiski. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Möguleiki kannaður á að vinna síld til manneldis þrátt fyrir sýkingu í stofninum:

# Vilja tína skemmdu flökin úr

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum kannar þann möguleika að vinna síld til manneldis þrátt fyrir að hlutfall af farminum sé sýkt af Ichthyophonus. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson framkvæmdastjóri segir að sýkingin valdi einungis útlitsgalla á síldinni en geri hana ekki óhæfa til neyslu og því sé skynsamlegast að kanna möguleikana á því að fá sem mest fyrir hana í stað þess að fara með allt í bræðslu.



SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON

„Við ætlum að skoða möguleikana og sjá hvort við getum tínt út skemmd flök í vinnsluferlinu,“ segir hann. „Og þótt það þýði auka mannskap þá er það bara hið besta mál. En þetta yrði gert í samvinnu við alla; kaupendur og yfirvöld, svo það er ekki verið að blekkja neinn. Við verðum einfaldlega að kanna alla möguleika á því að vinna sem mest verðmæti úr því sem við höfum, ef einhvern tímann er ástæða til þess þá er það nú.“



**FRÁ SÍLDARVINNSLU** Leitast er við að fá sem mest verðmæti fyrir silfur hafsins þó ichthyophonus hafi þar sett strik í reikninginn.

Hann segir Vinnslustöðina hafa nú þegar fryst um 3.500 tonn sem sé álíka og fryst var alla síldarvertíðina í fyrra. - jse

Greitt fyrir lausn úr vanda:

# Dráttarvextir lækki um 4%

**ALÞINGI** Dráttarvextir lækka um 4 prósent, samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Er breytingunni ætlað að „draga úr kostnaði fyrirtækja og heimila vegna óhóflegra hárra dráttarvaxta, sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika og komið í veg fyrir að aðilar geti komið sér út úr fjárhagsvandræðum“, eins og segir í athugasemdum frumvarpsins.

Dráttarvextir eru nú 25,5 prósent.

Reiknað er með að tekjur ríkissjóðs lækki um tæpar 700 milljónir á næsta ári, verði frumvarpið samþykkt. - bþs

Stjórn Or vill lánsheimild:

# OR vill taka 5 milljarða lán

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur samþykkt að leita eftir heimild til 5 milljarða króna lántöku til að brúa lánsfjárþörf samkvæmt fjárhagsáætlun 2008. Boðinn verður út skuldabréfaflokkur í íslenskum krónum.



ÓLAFUR F MAGNÚSSON

Málið var kynnt í borgarráði á fimmtudag. Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi lagðist gegn lánveitingunni, nema tryggt væri að féð færi í að tryggja hagsmuni almennings, gjaldskrár og störf starfsmanna svo dæmi séu tekin. Borgarráð áréttaði þá að lánið sé til að standa skil á skuldbindingum þessa árs, ekki til nýrra framkvæmda. - kóp

Hafnarfjörður:

# Setja á fót atvinnusetur

**HAFNARFJÖRÐUR** **Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði undirbúa stofnun atvinnu- og þróunarseturs sem á að taka til starfa fljótlega eftir áramót. Anna Sigurborg Ólafsdóttir, þjónustu- og þróunarstjóri bæjarins, segir að samstarfshópur vinni nú að málinu. „Við erum að skoða húsnæði sem kemur til greina,“ segir hún.**

**Anna Sigurborg segir að markmiðið sé að fólk geti komið saman og deilt hugmyndum. „Við vonumst til að þarna myndist sprotafyrirtæki og ætlum að veita aðstöðu fyrir þau. Við verðum líka með námskeið, ráðgjöf og fyrirlestra. Í raun verður þetta staður þar sem allir geta komið, ekki bara þeir sem hafa misst vinnuna.“** - ghs

# Viðgerðarkostnaður Lýsingar sagður hár

**Fjármögnunarfyrirtækið Lýsing leggur oft háan viðgerðarkostnað á bíla og tæki sem tekin eru upp í skuld án þess að sundurliða kostnaðinn. Viðskiptavinur fékk 2,4 milljónum lægra greitt fyrir bíl en ekki skýringar á viðgerðinni.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ég keypti mér vörubíl um mánaðamótin júlí/ágúst í fyrra á 2,2 milljónir og greiddi 1 milljón út. Síðan keypti ég varahluti og gerði við hann fyrir um 1,5 milljónir. Samkvæmt útreikningum Lýsingar er upptökuverð bílsins nú 3,4 milljónir, en matsverð ekki nema 441 þúsund krónur,“ segir Jón Heiðar Erlendsson, sem segir farir sínar ekki sléttar í samskiptum við Lýsingu.

Þessi mikli munur skýrist á því sem heitir hjá fyrirtækinu „aðfinnslur til lækkunar“ en í tilfelli Jóns Heiðars nemur sú upphæð tæplega 3 milljónum króna. Stærstur hluti þeirrar upphæðar, 2,4 milljónir, er kostnaður á viðgerð sem Lýsing lætur framkvæma hjá Frumherja. Ofan á það bætist 15 prósenta niðurfelling, eða 510 þúsund.

Jón Heiðar fékk lánafyrirgreiðslu fyrir bifreiðinni, malarvagni og gröfu. Í október, þegar síðasta tækið var keypt, hafði hann greitt 4,5 milljónir út en skuldaði um 6,5 milljónir. Nú skuldar hann fyrirtækinu 9,4 milljónir samkvæmt útreikningum þess.

Jón hefur beðið um skýringu á viðgerðarkostnaði varðandi tækin en engar fengið. Hann fullyrðir að grafan sé í fínu ásigkomulagi en engu síður nemur viðgerðarkostnaður við hana 300 þúsund krónum. Malarvagninn metur Lýsing á 1.785 þúsund krónur, en telur hann þarfnast viðgerðar upp á 633 þúsund krónur.

Samkvæmt skriflegum svörum frá Lýsingu á viðskiptavinur að fá sundurliðun á áætluðum viðgerðarkostnaði sem kemur til verðlækkunar. Kostnaðurinn stafi af því að leigumunurinn sé ekki í því ástandi sem til er ætlast. Halldór Jörgensson, forstjóri Lýsingar, segir að 15 prósenta niðurfellingin sé byggð á reynslu, þetta væri kostnaður sem Lýsing yrði fyrir. Hann segir að þegar viðskiptavinir samþykki uppgjör sé tækið ekki lengur á þeirra ábyrgð. Endanlegt söluverð þess hafi því ekki áhrif á skuldina.

Við spurningu um hvort Lýsing ætti hlut í endursöluaðilum erlendis sendi Halldór svarið N/A, sem útleggst „Not applicable“, sem þýðir „á ekki við“. Að lokum segir hann fyrirtækið hafa farið eftir tilmælum stjórnvalda um að ganga ekki fram af fullum krafti gegn þeim sem eru í vanskilum.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR** Jón Heiðar keypti vörubíl fyrir 2,2 milljónir og gerði við hann fyrir 1,5. Lýsing metur hann á 3,4 en segir að gera þurfi við hann fyrir 2,4 milljónir. Sá kostnaður fæst ekki sundurliðaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HALLDÓR JÖRGENSSON

Guðjón A. Kristjánsson:

# Forsetinn lækki líka í launum

**STJÓRNMÁL** **Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, er hlynntur því að laun þingmanna og embættismanna verði lækkuð. Breyta þarf lögum um kjararáð svo hægt sé að lækka launin. Frumvarp þar um liggur fyrir þinginu.**

**Guðjón telur að þingmenn eigi að ákveða eigin laun – ekki kjararáð. „Það er aumingjaskapur að við gerum þetta ekki sjálf.“ Þá vill hann að laun forsetans lækki líka. Frumvarpið nær ekki til hans þar sem laun forseta eru stjórnarskrárvarin.**

**„Ég vil ekki skilja forsetann útundan. Og hvað sem stjórnarskránni líður vil ég fá hann á fund og spyrja hann hvernig hann ætli að sameinast þjóðinni í launalækkunum.“** - bþs

Nýju bankarnir:

# Móta sér nýja styrkjastefnu

**FÉLAGSMÁL** Nýju bankarnir hafa ekki enn mótað sér fasta stefnu í styrktarmálum gagnvart íþróttafélögum, listamönnum og gagnvart menningarfélögum og má búast við að þau mál skýrist ekki fyrr en á næsta ári.

Már Másson, upplýsingafulltrúi hjá Nýja Glitni, segir að verið sé að vinna að því að móta stefnuna og leggja drög að stefnumótun. Ekki liggi enn fyrir hvað bankinn muni setja í þennan málaflokk á næsta ári.

Í Nýja Kaupþingi er stjórnin með málið til skoðunar og búist við að styrkjastefnan verði tekin fyrir í stjórninni í upphafi nýs árs. Í Nýja Landsbanka er málið í skoðun. Gömlu bankarnir styrktu íþróttir og menningu hérlendis fyrir hundruð milljóna á ári hver banki. Búist er við samdrætti á næsta ári. - ghs

❄❄❄

Þér er boðið á sýningu!

Jóhann Ágúst Hansen

ljósmyndasýning

„Hjólin í Kína“

Opnun laugardaginn
13. desember, kl. 15





Jólasýning Gallerís Foldar

Árleg jólasýning Gallerís Foldar hefst laugardaginn 13. desember.

❄

Á sýningunni er úrval verka yngri og eldri listamanna.

Allir velkomnir

Opið er í Galleríi Fold á Rauðarárstíg,
laugardag 11–22 og sunnudag 13–17.

Athugið lengdan opnunartíma í desember, nánari upplýsingar á www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Bæjarstjóri skrifar ráðuneyti:

## Afstaða lá fyrir vegna lögbýlis

**SVEITARSTJÓRNIR** Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, vill að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið endurskoði ákvörðun um að heimila stofnun lögbýlis á jörðunum Kjós og Leiru í Jökulfjörðum. Ráðuneytið taldi sig ekki hafa fengið umsögn Ísafjarðarbæjar um málið. Bæjarstjórinn spyr hvort ráðuneytið líti svo á að neikvætt svar bæjarins til jarðeigandans sem fylgdi umsókn hans til ráðuneytisins hafi ekki verið umsögn og hvort ráðuneytinu hafi ekki verið kunnugt um afstöðu bæjarins. Og hvort þá komi ekki til greina að endurskoða heimildina fyrir lögbýlinu. - gar

250 milljónum úthlutað vegna samdráttar í þorskkvóta:

# 35 milljónir til Grindavíkur

**SJÁVARÚTVEGUR** Grindavíkurbær fær hæstu upphæðina í úthlutun samgönguráðuneytisins vegna tímabundins samdráttar í þorskkvóta, 35 milljónir króna. Alls var úthlutað 250 milljónum króna og var sett 35 milljóna króna hámark á úthlutun.

Þetta er annað árið í röð sem úthlutað er vegna niðurskurðarins. Nú er miðað við minnkun aflamarks líkt og það var 1. september árið 2007, en ekki meðaltal úthlutaðs aflamarks nokkurra síðustu ára eins og var í fyrra. 200 milljónir voru ætlaðar til að mæta þessum þætti. Talið er að með því sé betur mætt áhrifum af niðurskurði í aflamarki þorsks í hverju sveitarfélagi þar sem skoðuð er staða aflamarks við upphaf þess tíma er niðurskurðurinn tók gildi.



**GRINDAVÍK** Hæsta úthlutun vegna tímabundins samdráttar þorskkvóta, 35 milljónir króna, fer til Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Þrjú sveitarfélög fá yfir 20 milljónir króna úthlutað; Vestmannaeyjabær og Ísafjörður með rúmar 24 milljónir króna og Snæfellsbær með tæpar 24 milljónir. Dalvíkurbyggð fær tæpar 16 milljónir, Fjallabyggð rúmar 13, Hornafjörður tæpar 12 og Höfðahreppur tæpar 11 milljónir.

Framlaginu er ætlað að koma til móts við tekjumissi sveitarfélaga þar sem samdráttur verður í atvinnu vegna minni þorskkvóta. Nú er sérstaklega varið 50 milljónum til að mæta minni löndunum afla milli fiskveiðiáranna 2006/7 og 2007/8. - kóp

Réðst á sambýliskonu sína:

## Í hengingartaki ofan í baðkar

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa ráðist á sambýliskonu sína og slasað hana.

Maðurinn réðst á sambýliskonuna á heimili þeirra á Hellu.Fyrstu atlöguna að henni gerði hann á salerninu, þar sem hann greip um hálsinn á henni, þrengdi að og þrýsti henni ofan í baðkarið. Við það hlaut konan hengingarfar á háls, mar á hægri úlnlið, roða á kinn og klór á háls. Þá sparkaði maðurinn í vinstri fót hennar með þeim afleiðingum að hún varð hölt og vinstri hnéskel aum og marin. - jss



**KRISTINN GESTSSON** Ferðasjóðurinn er farinn, öllum til mikillar ánægju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mæðrastyrksnefnd styrkt:

## Fékk fé og fisk

**SAMFÉLAGSMÁL** **Áhöfnin á Þerney hefur gefið Mæðrastyrksnefnd ferðasjóð sinn sem nemur einni milljón króna.**

**„Það voru allir hæstánægðir með þetta,“ segir Kristinn Gestsson skipsstjóri. „Það er náttúrulega alltaf gaman að fara í góða ferð en mönnum fannst þetta bara alveg tilvalið í ljósi kringumstæðna.“ Í þar síðustu viku sendi Síldarvinnslan á Neskaupsstað Mæðrastyrksnefnd 4,2 tonn af ýsu.**

**„Við höfum orðið þess áskynja að það er fullt af fólki sem á erfitt núna og okkur var hægt um vik að senda fisk til að létta undir með nokkrum,“ segir Gunnþór Ingvarsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar.** - jse



**STÓRHERTOGAHJÓNIN** Hinrik og Teresa af Lúxemborg í heimsókn hjá sænsku konungshjónunum. NORDICPHOTOS/AFP

Neitaði að staðfesta lög:

## Völd stórhertogans skert

**LÚXEMBORG, AP** Þjóðþing stórhertogadæmisins Lúxemborgar hefur ákveðið að svipta stórhertogann hluta af valdi sínu, eftir að hinn rammkaþólski þjóðhöfðingi neitaði að staðfesta lög sem þingið hafði afgreitt um lögleiðingu heimildar til líknardrápa.

Þingið hafði samþykkt frumvarpið með 56 atkvæðum gegn engu og skoðanakannanir meðal almennings sýna drjúgan meirihlutastuðning við það. Nú hefur þingið sveigt túlkun stjórnarskrárinnar þannig að framvegis þurfi þjóðhöfðinginn ekki að undirrita lög til að þau geti tekið gildi.

Lög um líknardráp hafa þegar verið sett í Hollandi og Belgíu. - aa

**NOREGUR**

### Minni hrefnukvóti

Norska sjávarútvegsráðuneytið hefur gefið út kvóta fyrir hvalveiðivertíðina 2009, en hann kveður á um 16 prósentum færri hrefnur en heimilt var að veiða í ár, 885 dýr í stað 1.052. 750 dýr má veiða upp með ströndinni og við Svalbarða og 135 við Jan Mayen. Á síðustu árum hefur ekki verið veitt að fullu upp í útgefinn kvóta.





ENNEMM / SÍA / NM36390

OPIÐ TIL KL.
22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

# JÓLIN
## ERU Í SMÁRALIND



PÁLL ÓSKAR
SYNGUR
Í HAGKAUPUM
KL. 13-15

### LAUGARDAGUR 13. DES.

**Göngugata**

**Kl. 15** Kolkakvartettinn

**Kl. 16** Skuggabaldur

**Kl. 19** Tríóið Þrjár raddir

**Vetrargarður**

**Kl. 14-16** Jólaskemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Hinir landsþekktu Örn Árnason og Bjarni töframaður stýra dagskránni af alkunnri snilld. Ingó og Veðurguðirnir taka lagið. Söngvaborg skemmtir.

**Kl. 16-18** Gospel styrktar- og jólatónleikar U.N.G. og Samhjálpar.

**Kl. 18** Coca-Cola lestin stansar hjá Smáralind.

COCA-COLA
LESTIN
STANSAR
HJÁ SMÁRALIND
KL. 18

Verslanir Smáralindar eru sneisafullar af glæsilegum jólavörum. Upplifðu yndislega jólastemningu og gefðu þér góðan tíma til að versla.

SYNGJANDI
STEMNING
Tríóið
Þrjár raddir
kl. 19

JÓLASKEMMTUN
Í VETRARGARÐINUM
KL. 14-16
Fram koma:
Örn Árnason
Ingó og Veðurguðirnir
Bjarni töframaður
Söngvaborg

LIFANDI
JÓLATÓNLIST
Í GÖNGUGÖTUNNI!
Kolkakvartettinn
kl. 15
Skuggabaldur
kl. 16

GOSPEL
TÓNLEIKAR
Styrktartónleikar
U.N.G. og
Samhjálpar
kl. 16-18





**EKKI ERU ÞÓ ALLIR AÐ ÆSA SIG** Þótt ekki sé rótt í miðborg Aþenu þessa dagana lætur þessi aldni maður ekki á neinu bera. AFP



**Í REYK** Menn mæta vel búnir til mótmælaaðgerðanna. AFP



**ÞESSI GATA ER EKKI GREIÐ** Gatan við hlið þinghússins í Aþenu er hvorki greið mótmælendum né öðrum. AFP



**Í LJÓSUM LOGUM** Óeirðalögreglan hefur þurft að þola miklar raunir undanfarið. Eiginlega eldraunir. AP


Gorenje þvottavél



24 h
49 l
Carbo tech
33 cm
7 kg

A+ Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivindu-afköst

1400 snúninga þvottavél

WA73140

Hljóðlát með íslensku stjórnborði og leiðarvísi.
7 kílóa hleðsla sérlega notendavæn.
LED-skjár. Hurðarop: 33 cm.
Mál (BxHxD): 85 x 60 x 60 cm.

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 · Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 · Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 82311


## Grískur blaðamaður segir gríska þjóð æfa vegna aðgerðaleysis stjórnvalda:

# Aðgerðaleysið er að trylla fólkið

Morðið á hinum fimmtán ára Alex Grygoropoulos síðastliðinn laugardag var aðeins kornið sem fyllti mælinn í Grikklandi. Kostas Kyriakopoulos, blaðamaður hjá gríska dagblaðinu Eleftherotypia, segir að áföll og hneykslismál hafi skekið þjóðfélagið um nokkra hríð en ríkisstjórnin hafi aldrei brugðist við vandanum. Á laugardaginn, þegar lögreglumaðurinn Epameinondas Korkoneas myrti ungmennið, var langlundargeð Grikkja uppurið.

„Hér brann allur Pelopsskagi í sumar og ekkert var gert,“ segir Kyriakopoulos. „Hér hafa komið upp ótal spillingarmál og ekkert er gert við þeim heldur og svo var þessi fimmtán ára nemandi myrtur og Kostas Karamanlis forsætisráðherra kemur fram í fjölmiðlum, lætur stórkallalega en bregst að öðru leyti ekki við. Þetta sættir fólk sig ekki við. Árið 1985 kom upp svipað mál þegar fimmtán ára gamall nemandi beið bana. Þá var Andreas heitinn Papandreou forsætisráðherra og hann lét alla yfirmenn lögreglunar taka hattinn sinn. Það er eitthvað þessu líkt sem þjóðin er að bíða eftir en Karamanlis hugsar um það eitt að koma vel fyrir í fjölmiðlum en lætur að öðru leyti líkt og hann sé ekki til.“

Það sem hefur aukið enn fremur á reiði fólks er að lögreglumaðurinn Epameinondas hefur þótt svívirða minningu fórnarlambs síns í málsvörninni með því að segja að hann hafi verið fótboltabulla sem hafi sífellt verið til vandræða og ekki tollað í skóla. „Því hafa skólayfirvöld og þeir sem til hans þekktu vísað á bug. Þvert á móti var þetta rólegur og vænn drengur,“ segir Kyriakopoulos. „Því er þannig komið að nemendur vilja helst tjá reiði sína á öllu sem minnir á lögregluna. Þess má geta að stofnuð hefur verið síða á fésbókinni sem heitir „fokkaðu þér Epameinondas“ og um 40 þúsund manns hafa skráð sig á hana.“

Rannsókn hefur leitt í ljós að byssukúlan sem hæfði Grygoropoulos hafi haft viðkomu í vegg eða götunni. Kyriakopoulos segir Grikki finna litla



**KOSTAS KYRIAKOPOULOS**

friðþægingu í því. „Þú miðar bara ekkert byssu að ungmennum, punktur basta,“ segir hann.

Óeirðirnar halda áfram í Aþenu þótt þær séu ekki jafn miklar og um síðustu helgi og á mánudag. Einnig láta nemendur reiði sína í ljós með margs konar uppákomum í stærstu borgum landsins.

Georg Papandreou, leiðtogi sósíalistaflokksins PASOK og jafnframt sonur Andreasar, hefur sagt ríkisstjórn hægriflokksins Nýtt lýðveldi óstjórnhæfa og hvatt til kosninga.

jse@frettabladid.is




**Opið**
**til kl. 22:00**
**alla daga til jóla**
**í Blómavali og Húsasmiðjunni Skútuvogi**

# Ódýrari jólagjafir




**Skrúfjárnasett**
**Toolux,** bitar og hallamál, 75 stk.
5010139




**Hraðsuðukanna**
**Unold,** 1.8 ltr. 2200W
1841115




**Vöfflujárn**
**Bomann** Estate
1840842




**Kaffivél**
**Bomann** Aromakontroll
1840931




**2 rafhlöður**
**Hleðsluborvél**
**Verto,** 14.4V, taska og 2 rafhlöður fylgja.
5245006




**Hnífasett**
2009556




## Gjafakort

Gjafakort Húsasmiðjunnar og Blómavals eru frábær lausn fyrir þá sem þurfa að finna gjöf en geta ekki ákveðið hvað á að gefa. Kortin gilda í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

# 20% afsláttur

af öllu jólaskrauti og skreytingarefni



799 ~~999~~

Jólakúlur
12 stk
12108593-5
12 stk í pk



1 stk.
12108602
399 kr/stk
~~499~~



Toppur
1.199
~~1.499~~



verð frá
599

# Íslensk jólatré

## - Nóa konfektkassi fylgir

**Lifandi jólatré, verðlisti 2008**

| Normannsþinur | | Rauðgreni (Veljum íslenskt) | Stafafura (Veljum íslenskt) |
|---|---|---|---|
| Hæð í cm | verð | verð | verð |
| 70-100 | 2.990 | 1.599 | 1.999 |
| 101-150 | 4.990 | 2.799 | 3.999 |
| 151-200 | 5.990 | 4.999 | 6.999 |
| 201-250 | 6.990 | 8.699 | 10.999 |



Veljum íslenskt

**Kaupauki um helgina**
Nóa konfektkassi fylgir
öllum **íslenskum** jólatrjám
Tilboðið gildir í Skútuvogi, Grafarholti, Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum.
**meðan birgðir endast**

## Jólalandið í Skútuvogi

Laugardagur kl. 12:00
**Brokkkórinn**
undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar
Laugardagur kl. 14:00
**Syngjandi Jólasveinar**
heimsækja Jólalandið







ÍSLENSK KJÖTSÚPA
m/brauði
190 kr
milli kl. 11:30-14:00
alla helgina
í Skútuvogi



ÍS
10 kr
í Blómavali
Skútuvogi

tvær
Jólastjörnur
1.199

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
176 **-0,84%**

**Fjöldi viðskipta:** 377
**Velta:** 176 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ALFESCA** | 2,56% | **ATLANTIC PETROL.** | 8,82% |
| **MAREL** | 0,53% | **BAKKAVÖR** | 8,73% |
| | | **CENTURY ALUM.** | 5,83% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 204,5 **+2,04%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +2,56% ... Bakkavör 3,24 -8,73% ... Eimskipafélagið 1,31 -0,76% ... Exista 0,06 +0,00% ... Icelandair Group 13,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 75,70 +0,53% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,66 -2,56% ... Össur 96,60 -0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Var Lehman um að kenna?**
Fátt er enn vitað um ástæður þess að bresk stjórnvöld gripu til þess óyndisúrræðis að beita ákvæðum hryðjuverkalaga gegn Íslandi og Landsbankanum á dögunum með afleiðingum sem allir þekkja. Markaðurinn hefur eftir háttsettum aðila í fjármálakerfinu að í Bretlandi sé nú viðruð sú kenning, að daginn fyrir fall bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers, hafi breskt útibú hans millifært tíu milljarða punda til Bandaríkjanna og fyrir vikið hafi tap Bretlandsdeildarinnar orðið mun meira en ella hefði orðið. Þetta hafi síðan orðið til þess að umdeildum hryðjuverkalögum var beitt gegn Íslandi, þar sem bresk yfirvöld ætluðu að forðast í lengstu lög að slíkt henti nokkru sinni aftur. Hvers vegna Bretar ákváðu að refsa Íslendingum fyrir bandarískar syndir fylgir hins vegar ekki þessari sögu.



**Krónan gegn evru í Markaðnum**
Staða gjaldmiðilsins verður mjög til umræðu í Markaðnum á Stöð 2 í dag. Þar munu þau Heiðar Már Guðjónsson, Edda Rós Karlsdóttir og Kristján Vigfússon meðal annars ræða kosti og galla einhliða upptöku evru og þeir Óli Björn Kárason, Borgar Þór Einarsson og Sveinn Andri Sveinsson fjalla um viðskiptalífið og aðsteðjandi landsfund Sjálfstæðisflokksins. Athygli mun einnig vekja yfirlýsing Ármanns Kr. Ólafssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um hvað best sé að gera fyrir okkur Íslendinga í Evrópumálunum.



## Kaupþing í Svíþjóð í söluferli

Christer Villard, nýráðnum forstjóra Kaupþings í Svíþjóð, hefur verið falið að selja bankann, samkvæmt frétt Dagens Industri. Villard var einn forstjóra bankans 2001 til 2005.

Salan mun vera gerð í samráði við stjórnvöld hér, en hún er sögð að undirlagi sænska seðlabankans og Lánastofnunar sænska ríkisins (Riksgälden).

Þá kemur fram í frétt Dagens Industri að minnst tíu hafi gefið sig fram sem áhugasama um að kaupa bankann og því þurfi nýr forstjóri ekki að hafa áhyggjur af því að fá eitthvert hrakvirði fyrir hann. Hugsanlegir kaupendur eru flestir sagðir sænskir. **- óká**

## Varasamt að veðja á álið

Áætlanir íslenskra stjórnvalda að útflutningur áls muni drífa áfram endurreisn efnahagslífsins eftir bankahrunið mun taka lengri tíma en lagt var upp með.

Þetta segir í áliti matsfyrirtækisins Fitch Ratings sem Seðlabankinn birti í gær.

Matsfyrirtækið bendir á að endurreisnin byggi á spám stjórnvalda um hátt álverð. Útlit sé fyrir að það gangi ekki alfarið eftir þar sem verð á áli hafi lækkað á heimsmörkuðum upp á síðkastið.

Inn í það spilar almenn verðlækkun á hrávöru og uppbygging fleiri álvera víða um heim upp á síðkastið.

Fitch bendir jafnframt á að útflutningsverðmæti áls séu nú hærri en á fiski. Verðmæti þess nam 40 prósentum af öllum útflutningi á fyrstu tíu mánuðum ársins samanborið við 27 prósent í fyrra.

Fitch bendir á að á sama tíma og landið hafi orðið háðara álverði hafi heimsmarkaðsverð lækkað um 30 prósent. Áhætta sé því fólgin í því að leggja allt sitt á þróun álverðs. **- jab**

## Kröfuhöfum kynnt ferlið

Kröfuhöfum gömlu bankanna eru um þessar mundir kynntur ferillinn við endurskipulagningu bankakerfisins, uppskiptingu bankanna og verðmat eigna þeirra, á fundum með skilanefndum bankanna.

Á vef Fjármálaeftirlitsins (FME) eru birtir verkferlarnir sem kröfuhöfum eru kynntir, en þeim er skipt í fimm hluta.

Um er að ræða gagngert endurmat á eignum og skuldum nýju bankanna við upphaf starfsemi þeirra. „Aðferðunum sem notaðar verða við þetta endurmat er ætlað að endurspegla þau verðmæti sem til langs tíma litið felast í eignum nýju bankanna, en ekki það verð sem fyrir þær fengist við þvingaða sölu við erfiðar markaðsaðstæður“, segir á vef FME. Þá er um að ræða sams konar endurmat á eignum og skuldum gömlu bankanna til viðmiðunar fyrir skilanefndirnar í starfi þeirra fyrir kröfuhafa.

Gerðir eru fjárhagsreikningar fyrir hvern nýju bankanna við upphaf starfsemi þeirra, en í áætluninni kemur fram að ríkið leggi þeim til nýtt hlutafé upp á 385 milljarða króna í febrúarlok 2009.

Hluti af endurskipulagningunni er svo einnig skilgreining og ákvörðun á fjárhagsskuldbindingum nýju bankanna við gömlu bankana og endurskoðun regluumhverfis og framkvæmdar bankaeftirlits til þess að efla viðbúnað við hugsanlegum fjármálakreppum í framtíðinni. **- óká**


## Kaupþing banki hf.
## Fundur með lánardrottnum

**Þann 24. nóvember 2008** veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Kaupþingi banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, heimild til greiðslustöðvunar.

Ólafi Garðarssyni hrl. var falið að gegna starfi aðstoðarmanns á greiðslustöðvunartímabili.

Af þessum sökum og með vísan til 13. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er boðað til fundar með lánardrottnum bankans. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn **5. febrúar 2009 kl. 10:00** árdegis á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Þar verða lagðar fram upplýsingar um eignir Kaupþings banka hf. og áætlað andvirði þeirra. Einnig verða lagðar fram upplýsingar um skuldir bankans og skuldbindingar. Þá verður greint frá því hvort sótt verði um áframhaldandi greiðslustöðvun.

Rétt til fundarsóknar eiga þeir sem eiga kröfu á hendur Kaupþingi banka hf. Farið er fram á að kröfuhafar tilkynni um mætingu og geri grein fyrir kröfu sinni í síðasta lagi þann **15. janúar 2009**. Nánari upplýsingar er að finna á vefnum kaupthing.com.

Jafnframt tilkynnist það hér með að þinghald um heimild Kaupþings banka hf. til greiðslustöðvunar verður háð í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, föstudaginn **13. febrúar 2009 kl. 14:00**, en samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur stendur heimild bankans til greiðslustöðvunar fram til þess tíma.

**Ólafur Garðarsson hrl.,**
aðstoðarmaður Kaupþings banka hf. við greiðslustöðvun.

Lögfræðistofa Reykjavíkur

KAUPÞING


# Stjórnvöld vilja að Kaupþing fari í mál

**Utanríkisráðherra segir pólitískan vilja fyrir því að skilanefndir höfði mál gegn Bretum vegna Landsbanka og Kaupþings. Iðnaðarráðherra segir kostnað ekki skipta máli. Utanríkisráðherra setur hins vegar fyrirvara við kostnaðinn.**



**Á ALÞINGI** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Geir H. Haarde forsætisráðherra. Ingibjörg segir sitt hvað að nýju bankarnir höfði mál á hendur Bretum og að ríkið geri það vegna beitingar hryðjuverkalaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég tel að við eigum að styðja kröfuhafana eða skilanefndirnar ef þær vilja sækja sinn rétt. Ég hygg að pólitískur vilji sé fyrir því,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, í viðtali við Fréttablaðið um mögulega málsókn bankanna gegn breskum stjórnvöldum.

Hugsanleg málsókn ríkisins gegn Bretum vegna hryðjuverkalaga sé af öðrum toga. Hryðjuverkalögin hafi bæði beinst gegn Landsbankanum og íslenskum stjórnvöldum og valdið Íslandi bæði fjárhagslegu og pólitísku tjóni á alþjóðavettvangi.

Frestur skilanefnda Landsbankans og Kaupþings til að höfða mál, vegna töku bankanna í byrjun október, rennur út 7. janúar. Þingmenn lýstu áhyggjum af stöðu mála í umræðum á Alþingi í gær. Breskir lögmenn sem kanna málsókn fyrir Kaupþing óttast að hún renni út í sandinn.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar, sagði málið vera í höndum skilanefnda. Þær væru hluti framkvæmdavaldsins sem þurfi að skýra hvort pólitískur og fjárhagslegur stuðningur verði við málið. „Ég ætla ekki að neita því að mér hefur þótt of mikið hik á stjórnvöldum í þessu máli.“ Hann bætti því við að slæmt væri að svo langt væri liðið án þess að lögfræðileg álitaefni hefðu verið skýrð nógu vel.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra telur að fara eigi í mál. „Það eru skilanefndir bankanna sem eiga að reisa þetta mál og verða að gera það. Kostnaðurinn á ekki að skipta máli þar og það mun ekki skorta atbeina ríkisins í því efni.“

Ingibjörg Sólrún er hins vegar ekki eins afdráttarlaus um kostnaðinn. „Stuðningur okkar við skilanefndirnar má hins vegar ekki kosta hvað kosta vill. Það þarf að hafa í huga hvaða fjárhagslegar skuldbindingar geta falist í málsókn af þessu tagi.“

„Skilanefndirnar þurfa að gæta þarna hagsmuna gamla Kaupþings og kröfuhafanna og í mínum huga er alveg ljóst að þeir ættu að fara þessa leið,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar Alþingis.

„Ljóst er að málaferli af þessum toga eru mjög kostnaðarsöm og í þeim er óhjákvæmilega fólgin óvissa um niðurstöðu. Að óbreyttu eru það kröfuhafar bankans sem þurfa að bera þann kostnað og taka þá áhættu sem af slíkum málaferlum leiðir. Þeir hljóta því að eiga síðasta orðið um það hvort af málssókn verður,“ segir skilanefnd Kaupþings í yfirlýsingu.

**ingimar@markadurinn.is**

## Bretar beittu Íslendinga órétti

„Ísland á að stíga inn úr kuldanum og ganga í Evrópusambandið.“ Svo mælir dr. Terry Lacey, breskur hagfræðingur búsettur í Indónesíu, í grein sem hann ritar í vefmiðilinn The Palestine Chronicle í vikunni.

Í grein sinni fjallar Lacey um hrun íslenska bankakerfisins og beitingu hryðjuverkalaga gegn Kaupþingi og Landsbankanum í Bretlandi.

Hann bendir á að á sama tíma og Bretar þjarmi að Íslendingum vegna um átta milljarða punda innistæðna á reikningum íslensku bankanna hafi bresk stjórnvöld dælt nokkrum tugum milljarða inn í breskan bankageira til að koma bönkum til bjargar.



**BROWN** Bretar beittu hryðjuverkalögum á íslensk stjórnvöld til að auka eigin vinsældir, segir hagfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lacey segir beitingu laganna óráð hjá Bretum enda virðist gjörningurinn pólitískur skollaleikur til að auka vinsældir Gordons Brown, forsætisráðherra, og breska Verkamannaflokksins. Virðist sem Bretar hafi verið í fullkomnum órétti og nýtt yfirburði sína til að þvinga Íslendinga til að borga brúsann. **- jab**




# Jólagjöfin þín

**TempraKON®** hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



**TEMPUR** heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



**TEMPUR** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



## Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

**Betra BAK**

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardag frá kl. 11-16

# NÓATÚN



# Hangikjötsborð Nóatúns

**Láttu fagfólk Nóatúns ráðleggja þér með val á besta hangikjötinu**



**Eðalfiskur**
Grafinn og reyktur lax

**25%** afsláttur



Úr kjötborði

**Lambaframhryggjasneiðar**
Verð áður 1.998

**1.398** kr. kg



**Nóa Konfekt**
Nr. 7 - 470 g

**1.879** kr. pk.



**Opal Seafood**
Reyktur og grafinn lax

**15%** afsláttur



**Frón**
Smákökudeig

**15%** afsláttur



**Aðeins 1.290 kr.**
Allt söluandvirðið rennur til góðgerðamála

1. SÆTI METSÖLULISTI MBL - 10. DES - ALMENNT EFNI -

2. SÆTI METSÖLULISTI MBL - 10. DES - ALLAR BÆKUR -

## Besta jólagjöfin

- gjöfin sem gefur -

Allt söluandvirðið rennur til góðgerðamála

**Veisla með fjölskyldu og vinum**

Öll upphæðin rennur óskert til Fjölsmiðjunnar
Vegleg gjöf - 256 blaðsíður
Það besta úr eldhúsi Nóatúns
Mjög vönduð útgáfa - Ótrúlegt verð

Bókin fæst í Nóatúni og völdum verslunum.
Einnig er hægt að panta hana á www.noatun.is og Fjölsmiðjunni.



**ISIO 4**
Matarolía 1 L

**497** kr. stk.



**Nivea**
Snyrtivörur

Glæsilegur kaupauki fylgir með!

# Njóttu þess besta!

# NÓATÚN



**Húsavíkur hangilæri**
**Húsavíkur hangiframpartur**
**Húsavíkur hangilæri tvíreykt**
**Húsavíkur sauða hangilæri**
**Húsavíkur sauða hangiframpartur**
**Tvíreykt sauðafille**

**20% afsláttur**

**Nóatúns hamborgarhryggur**
**1.598** kr. kg



Nóatúns
Bayonneskinka
**40%** afsláttur



Íslenskt sjávarfang
Kæst og sölt skata
**1.198** kr. kg



Nýtt í Nóatúni
Dean Jacobs Mix
Súkkulaði mús
**379** kr. pk.



Kaffitár Hátíðakaffi
Malað og baunir
**599** kr. pk.



Bonduelle
Niðursoðið grænmeti
**15%** afsláttur



Coke í gleri
6 flöskur í kippu
**519** kr. pk.



Myllan
Ensk jólakaka
**549** kr. stk.



Tómatbrauð
**249** kr. stk.



Klementínur
Í lausu
**289** kr. kg

BREYTTUR OPNUNARTÍMI

| Austurveri, Reykjavík | Grafarholti, Reykjavík | Hamraborg, Kópavogi | Reykjavíkurvegi, Hafnarf. | Hringbraut, Reykjavík | Nóatúni 17, Reykjavík | Austurvegi, Selfossi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-21 | Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-21 | Mán. – Fös. 10-20 | Mán. – Fös. 10-20 |
| Lau. 11-20 | Lau. 11-20 | Lau. 11-19 | Lau. 11-20 | Lau. 11-20 | Lau. 11-19 | Lau. 11-19 |
| Sun. 11-20 | Sun. 11-20 | Sun. 11-19 | Sun. 11-20 | Sun. 11-20 | Sun. 11-19 | Sun. 11- 19 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Erfiðar en nauðsynlegar aðgerðir:

## Sársaukann út strax

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Aðeins eitt kom á óvart við endurskoðun fjárlaganna; að ekki skyldi gengið lengra í aðhaldsaðgerðum. Eftir samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er stærstum hluta fjárlagavandans skotið á frest. Þetta er því aðeins byrjunin.

Bæði pólitísk og efnahagsleg rök standa til þess að taka með meiri krafti á vandanum strax. Aðhaldsaðgerðir kalla alltaf á gagnrýni. Hætt er við að ríkisstjórnin taki hana út á þessu stigi í öfugu hlutfalli við umfang aðgerðanna. Það getur gert framhaldið erfiðara.

Viðskiptahalli undanfarinna ára hefur verið skýr vísbending um að til umskipta kæmi í rekstri ríkissjóðs. Vegna bankahrunsins eru þau hins vegar meiri en sjá mátti fyrir. Útilokað er að byggja rekstur ríkissjóðs á viðvarandi lántökum. Niðurskurður og hærri skattar eru óhjákvæmilegir fylgifiskar þeirrar köldu staðreyndar.

Margslunginn hagsmunareipdráttur fer fram þegar þannig stendur á. Eðlilega reynir hver að verja þá hagsmuni sem næst standa. Það má hins vegar ekki hræða stjórnvöld frá því að taka á vandanum. En á þeim hvílir sú ábyrgð að sýna fram á að skynsamlegri forgangsröðun viðfangsefna sé fylgt. Hinir sem réttlæta meiri ríkissjóðshalla en að er stefnt eru ekki þeim vanda vaxnir að glíma við efnahagsvandann.

Athygli vekur hversu stór hluti af því svigrúmi, sem ríkisstjórnin hefur til skattahækkana, er notaður til þess að styrkja opinberan rekstur á afþreyingarstarfsemi í samkeppnisrekstri. Ef að líkum lætur hafa það verið þung spor fyrir ráðherra heilbrigðis-, félags- og tryggingamála þegar þeir gengu út af ríkisstjórnarfundinum þar sem sú forgangsröðun var ákveðin. Þjónustusvið þeirra eru sett skör lægra.

Við aðstæður eins og þessar verða öll fyrirheit og loforð að víkja fyrir þeirri skyldu að ná jöfnuði í rekstri ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Mistakist það er velferðarþjónustunni stefnt í hættu til langrar framtíðar. Tímabundnar þrengingar eru eins og sakir standa forsenda fyrir varanlegri velferðarvörn.

Hörð gagnrýni Alþýðusambandsins á fjárlagaaðgerðirnar kemur lítið eitt á óvart. Þar á bæ er næg þekking á eðli vandans. Líklegasta skýringin er sú að forystumönnum þess þyki sem skort hafi á upplýsingagjöf og samráð af hálfu stjórnvalda.

Að óreyndu er hitt ólíklegri skýring að þeir treysti sér ekki til ábyrgrar aðildar að þeim erfiðu ákvörðunum sem við blasa á öllum sviðum. Það er eitt af því sem á þó eftir að skýrast. Víst er að afstaða Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins getur ráðið miklu um hvernig endurreisnin tekst.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýna aðgerðirnar með ólíkum hætti. Annað verður ekki ráðið af viðbrögðum formanns Framsóknarflokksins en að skilningur ríki á nauðsyn aðhalds. Forystumenn VG telja hins vegar litlu skipta þótt ríkissjóðshallinn verði meiri. Það er ekki ábyrg afstaða.

Ríkisstjórnin gerði rétt í því að ljúka strax í janúar ákvörðunum um viðbótarskatta og niðurskurð til þess að ná fullum jöfnuði í ríkisrekstrinum. Þar kemur tvennt til. Best er að taka sársaukann út í einu lagi. Þjóðin þarf líka að vita hvort aðrir eru tilbúnir með ábyrgar lausnir. Það væri ógott að fá kosningar án þeirrar vitneskju.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Íslenskur rúmfatnaður

Tilboð á völdum íslenskum rúmfatnaði, allt að 20% afsláttur. Eigum yfir 30 tegundir af íslenskum rúmfatnaði. Sængurfatnaðurinn frá Lín Design er ofin úr bómullardamask og er því mjúkur, vandaður og einstaklega fallegur.

Lín DESIGN

Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heilbrigð skynsemi

Göran Persson hefur verið í heimsókn hér á landi. Einn þeirra sem vitna í speki Perssons er Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Á síðu sinni birtir hann tilvitnun í Persson sem hefst á þessum orðum: „Það er engin fræðigrein sem er jafn ofmetin og hagfræði, þetta snýst í reynd mikið um heilbrigða skynsemi.“ Hvort ætli hagfræðingur Geirs H. Haarde hafi beitt fræðigreininni eða almennri skynsemi í kreppunni?

### Sá er til vamms segir

Björn grípur einnig á lofti ummæli Perssons um að það sé þörf á manni eins og Davíð Oddssyni í stjórn Seðlabankans. Björn gefur síðan Samfylkingunni langt nef þegar hann minnir á að Persson er „jafnaðarmaður og flokksbróðir samfylkingarfólksins“. Lofsyrðin sem hann víkur á Davíð eru því varla af flokkspólitískum rótum sprottin. Björn nefnir hins vegar ekki að Göran og Davíð eru nánir vinir til margra ára, til dæmis heimsóttu Göran og frú Davíð heim í Skerjafjörðinn sumarið 2004, þegar sá síðarnefndi var að jafna sig eftir erfið veikindi. Samband Görans og Davíðs er fallegt dæmi um hvernig vináttan getur verið hafin yfir flokkspólitískar átakalínur.





### Og goðin falla

Enginn er þó meiri aðdáandi Perssons en Andrés Jónsson almannatengill. Hann lýsti yfir ómældri aðdáun sinni á kappanum og sagðist halda „kúlinu illa“ í kringum hann. Ekkert mál að hitta Björk, en Perssons, úff, hann væri að „drepast úr spenningi“ yfir komu hans.

Andrés hefur ötullega talað um að Davíð þyrfti að hverfa úr Seðlabankanum. Hann lenti því í ákveðinni krísu þegar Persson lýsti yfir stuðningi við Davíð. Ætli hann þurfi að afneita goðinu?

bergsteinn@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

# Aftur til samvinnu



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

**Í DAG** | Samvinnuhreyfingin

Íslenskur almenningur situr nú í brunarústum óhefts kapítalisma. Hin ósýnilega hönd hins frjálsa markaðar var eftir allt saman ekkert ósýnileg, hún var hreinlega ekki til. Sýnin um að sífellt væri hægt að stækka kökuna með því að ýta undir græðgi einstaklinganna reyndist vera draumsýn, fals eitt þar sem engin raunveruleg verðmæti voru sköpuð. Óheftur kapítalismi er hruninn líkt og kommúnisminn í lok síðustu aldar.

Tími er til kominn að skoða aðra hugmyndafræði, sem byggir á raunverulegri verðmætasköpun þar sem fólk leggur saman þekkingu sína, reynslu og hugsmuni til að ná ákveðnum sameiginlegum markmiðum. Það er kominn tími til að endurreisa samvinnuhugsjónina á Íslandi.

Í allt of langan tíma hefur samvinna verið ljótt orð í íslensku. Hugmyndafræðin á bak við samvinnustefnuna hefur týnst og meira að segja menn innan samvinnuhreyfingarinnar sjálfrar hafa týnt sér í frjálshyggjunni og græðgisvæðingu hins íslenska samfélags, eins og sorgardæmið um Samvinnutryggingar sýnir svo átakanlega.

En fyrir hvað stendur samvinnustefnan? Að fólk geti náð meiri árangri með því að vinna saman en sem einstaklingar. Að eina leiðin til tryggja sanngirni í samfélaginu sé að dreifa valdi, án tillits til auðs, stéttar, kyns eða hörundslitar. Að vinna að því að hvetja til reksturs samvinnufélaga og annarra sameignarfélaga sem hafa hagsmuni meðlima að leiðarljósi fremur en það eitt að hámarka hagnað. Þar sem manngildi er sett ofar auðgildi. En hún er dáin, er það ekki?

Samvinnumenn vilja vissulega ná árangri, en á grunni siðferðislegra gilda og sterkrar samfélagslegrar vitundar. Þetta endurspeglast í viðhorfum þeirra gagnvart samfélaginu og umhverfinu. Gildin eru: sjálfshjálp, sjálfsábyrgð, lýðræði, jafnrétti, sanngirni og samstaða. Þessi gildi endurspeglast síðan í áherslum þeirra á sjálfsábyrgð hvers og eins, lýðræðislegum vinnubrögðum, jafnrétti þar sem hver einstaklingur hefur eitt atkvæði, sjálfstæði, mikilvægi menntunar og upplýsinga til allra hagsmunaaðila, samvinnuanda og umhyggju fyrir samfélaginu sem þeir starfa í.

En er samvinnuhreyfingin ekki dauð? Er hún ekki jafn útbrunnin og kapítalismi og kommúnismi? Á vefsíðu ICA (ica.coop), regnhlífarsamtaka samvinnumanna um heim allan kemur fram að alls standa að þeim 221 félagssamtök frá 87 löndum með meira en 800 milljónir meðlima. Félög sem starfa í anda samvinnustefnunnar má finna í landbúnaði, lánastarfsemi, sjávarútvegi, heilsugæslu, fasteignum, iðnaði, tryggingum, ferðaþjónustu, verslun, þróunaraðstoð og stjórnmálum. Meira að segja í hinu svokallaða höfuðvígi kapítalismans, Bandaríkjunum, sjá samvinnufélög í raforkuframleiðslu 25 milljónum manna fyrir rafmagni, eiga helming raforkulínanna og reka heilsugæslu, sem grundvallast á samvinnuhugsjóninni, fyrir 1,4 milljónir fjölskyldna.

Framsóknarflokkurinn á rætur sínar í samvinnuhreyfingunni. Í stefnuskrá hans segir m.a.: „Við viljum byggja efnahagslíf þjóðarinnar á markaðshagkerfi einkarekstrar og samvinnurekstrar þannig að framtak einstaklinga og samtaka þeirra njóti sín til fulls.“ Í stefnuskránni segir líka „við setjum manngildi ofar auðgildi …“ En hvar hafa áherslur flokksins verið? Í stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknar voru meðal annars tveir bankar einkavæddir, eitt símafyrirtæki selt og hlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja seldur. Markmiðið var að framselja eignir almennings til auðvaldsins í þeirri von að nokkrir brauðmolar dyttu af borðum hinna útvöldu til almúgans.

Man einhver eftir hugmyndum um samvinnurekstur í heilbrigðisþjónustu, skólakerfinu eða bönkunum? Leik-, grunn-, og framhaldsskólum sem reknir væru af kennurum og foreldrum? Heilsugæslu þar sem læknar og sjúklingar sameinuðust um reksturinn? Húsnæðisfélögum þar sem íbúar taka höndum saman til að tryggja sér húsnæði á sanngjörnu verði? Skattalegri umbun til fyrirtækja sem sinna samfélagslegum verkefnum? Eða samvinnusparisjóðum þar sem markmiðið væri að lána peninga á sanngjörnum kjörum til meðlima?

Framsóknarflokkurinn þarf, eins og aðrir, að gera upp við kapítalismann sem ráðið hefur ríkjum síðustu tvo áratugi. Það gerir hann best með því að leita aftur til upprunans og hefja samvinnustefnuna, sem hann var grundvallaður á, til fyrri metorða. Samvinna, samstarf og samvinnurekstur mega ekki lengur vera bannorð í íslensku samfélagi.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.*

# Atvinna eða efniskaup?

**UMRÆÐAN**

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um borgarmál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Fái borgin lánsfé til framkvæmda er mikilvægt að það verði nýtt með sem bestum hætti, að framkvæmdirnar séu nauðsynlegar og að þeim sé forgangsraðað þannig að hlutfall efniskostnaðar sé sem minnst á móti launakostnaði til að hægt sé að skapa sem flest störf. Samfylkingin og Vinstri græn munu róa að því öllum árum að tryggja að mannaflsfrekar viðhaldsframkvæmdir fái forgang umfram stofnframkvæmdir með hlutfallslega miklum efniskostnaði.

Framkvæmda- og eignasvið hefur fengið heimild til að taka 6 milljarða að láni til framkvæmda. Það lán verður að líkindum kostnaðarsamt fyrir borgina, vegna þeirra aðstæðna sem nú eru á lánamarkaði. Sá kostnaður er réttlættur með því að mikilvægt sé að halda uppi atvinnustigi. Það er því óásættanlegt að meirihlutinn hyggist ekki setja mannaflsfrekar framkvæmdir í forgang.

Á framkvæmdasviði hefur verið unnin áætlun um mannaflsfrek viðhaldsverkefni. Um er að ræða 350 nauðsynleg viðhaldsverkefni á vegum borgarinnar sem samanlagt er áætlað að kosti 2,2 milljarða króna og að af þeirri upphæð fari rúmlega 1,4 milljarðar í launakostnað, sem gæti skapað allt að 400 ársstörf. En þessar framkvæmdir eru ekki inni í drögum að fjárhagsáætlun borgarinnar, 6 milljarða framkvæmdalánið á allt að fara í svokallaðar stofnframkvæmdir.

Fulltrúar minnihlutans hafa ítrekað óskað eftir því að framkvæmdir verði greindar eftir því hversu mannfrekar þær eru en án árangurs. Raunar var upplýst á síðasta fundi framkvæmdaráðs að það yrði ekki gert en að miða megi við að hvert starf kosti um 20 milljónir. Það má því gera ráð fyrir að hluti launa á móti efniskostnaði sé innan við 20 prósent. Þetta þýðir að fyrir 6 milljarða lán verða aðeins sköpuð 300 ársverk. Á sama tíma er áætlun um framkvæmdir sem kosta 2,2 milljarða og skapa um 400 störf stungið undir stól.

Að leggja áherslu á mannaflsfrekar framkvæmdir er yfirlýst stefna borgarinnar og einn af hornsteinum þverpólitískrar aðgerðaráætlunar hennar. Okkur ber skylda til að gera það sem við getum til að skapa atvinnu. Minnihlutinn í borgarstjórn mun ekki sætta sig við að framkvæmdaláni, sem borgin fær vonandi, verði að stærstum hluta ráðstafað í efniskaup.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Uppboðið byrjar kl. 15:00 í dag
Uppþvottavél 60 cm:
Lágmarksboð
10.000 kr. Fullt verð er 63.900 kr.
Geislahitari með standi:
Lágmarksboð
3.500 kr. Fullt verð er 35.980 kr.
Ávaxta- og grænmetispressa
Lágmarksboð
1.500 kr. Fullt verð er 8.990 kr.
Senso kaffivél, svört:
Lágmarksboð
3.000 kr.
Fullt verð er 16.990 kr.
Gerðu ódýr kaup í BYKO!
Dæmi um uppboðsvörur
Taktu þátt í
Uppboði
kl. 15:00 í dag
í BYKO Kauptúni!
TITIAN pottasett
3 pottar með loki:
Lágmarksboð
1.000 kr.
Fullt verð er 11.990 kr.
Rugl
TILBOÐ
í BYKO Kauptúni
Gildir 13. - 14. desember
Katla
Gómsætar
vöfflur
milli kl. 13 og 15 á laugardag
1.990
Fullt verð: 3.990
Vnr.41348352
Kaffistell
Kaffistell, ferkantað, hvítt.
1.990
Fullt verð: 2.990
Ódýrt
33% afsláttur
Vnr.50170181
Trappa
Trappa, 3 þrepa, 120 kg.
3.990
Fullt verð: 5.990
Vnr.41330785
Fondue sett
Fondue sett, smart cuisine.
40% afsláttur
1.990
Fullt verð: 2.990
Vnr.65743520
Handþeytari
BOSCH handþeytari, 350W.
9.990
Fullt verð: 14.900
Ódýrt
Vnr.65753089
Örbylgjuofn
GALANS örbylgjuofn, 900W, stál.
LEGO
Ódýrt
50% afsláttur
af öllu LEGO
og BRATZ dóti
29% afsláttur
9.990
Fullt verð: 13.890
Vnr.65745080
Matvinnsluvél
BOSCH matvinnsluvél með blandara.
BYKO



FRÁBÆR TILBOÐ
í Krónunni!
30% afsláttur
40% afsláttur
1098 kr. kg
Kalkúnn frosinn
1749 kr. kg
Allra hamborgarhryggur úrbeinaður
899 kr. kg
Krónu hamborgar-hryggur m/ beini
20% afsláttur
20% afsláttur
30% afsláttur
Hangikjötið er reykt á Húsavík
1798 kr. kg
ÍM hangiframpartur úrbeinaður
2398 kr. kg
ÍM hangilæri úrbeinaður
1329 kr. kg
ÍM hamborgarhryggur með beini
1598 kr. kg
ÍM Bayonneskinka
33% afsláttur
45% afsláttur
1994 kr. kg
Ungnauta mínútusteik
1929 kr. kg
Móa kjúklingabringur ferskar
1698 kr. kg
Íslensk önd
1698 kr. stk.
Franskar Barberie andarbringur
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartímar í Krónunni:
Krónan Höfða alla daga 11-19
Krónan Lindum alla daga 11-19
Krónan Granda alla daga 11-19
Krónan Árbæ virka daga 11-20 lau. - sun.10-20

# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Krónan Breiðholti<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21 | Krónan Hafnarfirði<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun. 12-21 | Krónan Mosfellsbæ<br>virka daga 10-20<br>helgar 10-19 | Krónan Akranesi<br>alla daga 10-19 | Krónan<br>Vestmannaeyjum<br>alla daga 11-19 | Krónan Reyðarfirði<br>virka daga 11-19<br>lau. 11-19 sun.12-16 |

# Eymundsson mælir með





## UPPLESTRI Í VERSLUN OKKAR SUÐUR – KRINGLU

**Kl. 14:00** Gerður Kristný les og áritar bók sína **Garðurinn**.

**Kl. 15:00** Gunnar Theodór Eggertsson les og áritar bók sína **Steindýrin**.

**Kl. 16:00** Kristín Helga Gunnarsdóttir og Halldór Baldursson mæta með Fíusól og árita bók sína **Fíasól er flottust**.





Eymundsson
Bóksali frá 1872


# Helsjúkur hæringur

**UMRÆÐAN**
Magnús Þór Hafsteinsson skrifar um síldarstofninn



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

Sýkingin sem komin er upp í íslenska sumargotssíldarstofninum eru alvarleg tíðindi. Þau verstu sem dunið hafa á þjóðinni þegar sjávarútvegur er annars vegar, síðan hin „snjalla“ ríkisstjórn Íhalds og Samfylkingar ákvað að fara í þriðjungs skerðingu á þorskveiðum sumarið 2007.

Það er dæmigert að ríkisstjórnin bregst við eins og hún er vön þegar vandi steðjar að. Með lamandi aðgerðaleysi og ákvarðanafælni. Skipulega var fylgst með tíðni sníkjudýrsins sem hrjáir síldina nú á árunum 1991 - 2000. Eftir það var því hætt. Sennilega vegna fjárskorts. Hinn ábyrgðarlausi Sjálfstæðisflokkur sem hefur borið ábyrgð á sjávarútvegsráðuneytinu og þar með Hafró, hefur aldrei tímt að setja nægt fé í hafrannsóknir. Sjálfstæðismennirnir sem hafa verið ráðherrar sjávarútvegsmála frá árinu 2000 eru dýralæknirinn Árni Mathiesen og Einar K. Guðfinnsson. Það er athyglivert að það var á vakt sjálfs dýralæknisins að Hafró hætti að fylgjast með tíðni sníkjudýrasmitsins í síldinni. Tíðni sýkingar var lág á þessum árum, eða að meðaltali ein af hverjum þúsund síldum í íslenska sumargotsstofninum. Hún var miklu hærri í norsk-íslensku síldinni, eða allt að 14 prósent árið 1998. Tveimur árum síðar var hætt að fylgjast með þessu þó vitað væri úr fjölda fræðirita að sníkjudýrið er mjög hættulegt verði það að faraldri.

Nú er ljóst að faraldur er hafinn. Á helstu veiðisvæðum íslensku sumargotssíldarinnar er sýkingarhlutfallið allt að 30 til 40 prósent síldarinnar. Við Vestmannaeyjar og Reykjanes er hlutfallið allt að 60 til 70 prósent. Til viðbótar þessu þá hefur orðið vart við Ichthyophonus í ýsu í Faxaflóa. Ástandið er skuggalegt. Við getum ekki lengur veitt síldina til manneldis. Hún verður að fara í bræðslu til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi, ef við ætlum að vinna úr henni verðmæti. Fyrir það fæst miklu minna fé en ef síldin hefði verið flökuð og fryst. Við þetta bætast svo fréttir af því að sníkjudýrasmit hafi fundist í ýsu í Faxaflóa. Það gerir málið enn verra. Hvaða áhrif getur svona sníkjudýrasmit haft á markaðsmál og sölu á ýsu erlendis? Lítið hefur verið aðhafst nema helst að senda út rannsóknaskip til að skoða málið. Niðurstöður þaðan liggja fyrir í þeim mæli að taka ber afstöðu.

Eina rökrétta ákvörðunin er að stórauka síldveiðarnar. Það á að moka síldinni upp NÚNA og setja hana í bræðslu. Ekki síst af þeim svæðum þar sem tíðni smitsins er hæst. Þannig má bjarga verðmætum áður en síldin drepst og hverfur. Þannig yrðu teknir úr umferð fiskar sem gætu borið smit áfram innan síldarinnar. Einnig í aðra fiskistofna svo sem ýsu og flatfiska og þannig valdið ófyrirsjáanlegu tjóni.

Hrygningarstofn síldarinnar er talinn vera um 650.000 tonn. Heildarkvótinn er 150.000 tonn. Sjávarútvegsráðherra á strax að auka aflaheimildir um 250.000 tonn hið minnsta. Þannig yrði stofninn grisjaður og líkur auknar á því að faraldurinn fjari út. Hátt verð fæst fyrir fiskimjöl og lýsi nú um stundir. Þjóðarbúið vantar sárlega gjaldeyri. Að hika er að tapa.

*Höfundur er fiskifræðingur og varaformaður Frjálslynda flokksins.*

# Mannréttindi kvenna ekki munaður

**UMRÆÐAN**
Guðrún D. Guðmundsdóttir skrifar um kynbundið ofbeldi



GUÐRÚN D. GUÐMUNDSDÓTTIR

Nýlega var haldið 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi í 18. sinn. Með átakinu hefur frá 1991 verið unnið að því að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot en samtök um allan heim nýta það til að krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis, til að styrkja forvarnastarf og þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu þolenda. Átakið hefur einnig beint sjónum að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Margt hefur áunnist undanfarin ár í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi. Stjórnvöld hafa nýlega gert ítarlega aðgerðaáætlun gegn ofbeldi á heimilum og kynferðisofbeldi, fært hegningarlög til betra horfs og aðgerðaáætlun gegn mansali er í smíðum. Þá hafa Stígamót, Kvennaathvarfið og Neyðarmóttaka vegna nauðgana aðstoðað þúsundir kvenna sem beittar hafa verið kynbundnu ofbeldi með fulltingi hins opinbera og sveitarfélaganna.

Íslenska þjóðin stendur nú frammi fyrir því að þurfa að forgangsraða og skera niður á mörgum sviðum. Brýnt er að fyrirhugaður niðurskurður bitni ekki á aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og aðstoð við fórnarlömb sem nú þegar er afar þröngur stakkur skorinn. Rannsóknir sýna að efnahagsþrengingar geta leitt til aukins kynbundins ofbeldis og þegar leita fleiri konur til Kvennaathvarfsins en vant er.

Stöndum vörð um mannhelgi og mannréttindi kvenna á þessum örlagatímum. Aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og aðstoð við þolendur er ekki munaður sem kasta má fyrir róða þegar skórinn kreppir.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands.*


## Ráðgjafarstofa Hvatar

*Alhliða ráðgjöf fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Allir velkomnir!*

Hvöt, félag sjálstæðiskvenna í Reykjavík, hefur safnað saman fagaðilum og sérfræðingum úr sínum röðum, sem eru tilbúnir til að leggja sitt af mörkum við að leiðbeina fólki vegna ástandsins sem skapast hefur.

Fagaðilar og sérfræðingar veita ráðgjöf um:

- Velferðarmál
- Almannatryggingar
- Skattamál
- Atvinnuleysistryggingar
- Fjármál heimila
- Félagsmál
- Sálræna ráðgjöf
- Húsnæðislán

Einnig verða úrræði ríkisstjórnarinnar kynnt og hvernig almenningur getur nýtt sér þau.

Ráðgjafarstofan fékk góðar viðtökur um síðustu helgi og því hefur verið ákveðið að hafa opið aftur á morgun laugardaginn 13. desember. Opið hús frá kl. 13-16 að Skúlagötu 51.

Free consultancy due to the economic situation. Open from 13-16 on December 13th Skúlagata 51. A Polish speaking person will be at the premises from 13-16.

Nánari upplýsingar um ráðgjafarstofuna og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


Tal
12.000 kr.
notkun fylgir öllum símum.
1.000 kr notkun á mánuði
í 12 mánuði.
ALLIR GSM SÍMAR
Á 0 KR.
ÚTBORGUN
Sony Ericsson F305
útborgun
0kr.
Afborgun 2.583 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Fæst líka í svörtu.
1.000 kr.
Sony Ericsson Z770i
útborgun
0kr.
Afborgun 3.583 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
Sony Ericsson W380i
útborgun
0kr.
Afborgun 2.916 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
Veldu þér þann sem þér þykir bestur.
Sony Ericsson W302
útborgun
0kr.
Afborgun 2.499 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
Sony Ericsson W350i
útborgun
0kr.
Afborgun 2.666 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Ferðahátalari fylgir með.
1.000 kr.
Sony Ericsson T280i
útborgun
0kr.
Afborgun 1.499 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
1.000 kr.
*Miðað við 12 mánaða vaxtalausa afborgun.
Tal – Kringlunni.
Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is

# AFNEMUM VSK AF ÚLPUM,

VERÐDÆMI:

NORTHBROOK SPORTS





**11.190**
(fullt verð 13.990)

**NORTHBROOK JANE PARKA**
Dömuúlpa. Litur: Svört.
Stærðir: 36-44.

**11.990**
(fullt verð 14.990)

**NORTHBROOK TUNDRA PARKA**
Vetrarúlpa. Dömustærðir: 36-44.
Litir: Rauð, svört. Herrastærðir:
M-XL. Litur: Svört.



**9.590** (fullt verð: 11.990)
**NIKE DOWN JACKET**
Stelpuúlpa. Litur: Svört.
Stærðir: 128-158.



**7.990** (fullt verð: 9.990)
**NIKE BOMBER PILOT JACKET**
Strákaúlpa. Litir: Grá, blá. Stærðir: 128-158.



**8.790** (fullt verð: 10.990)
**NORTHBROOK ROSS VEST**
Vetrarvesti. Dömustærðir: 36-44. Litir: Hvítt, svart.
Herrastærðir: S-XL. Litur: Svart.



**12.790** (fullt verð: 15.990)
**NORTHBROOK ASPEN JACKET**
Dúnúlpa. Dömustærðir: 36-44. Litir: Svört, rauð.
Herrastærðir: S-XL. Litir: Svört.



**31.990** (fullt verð: 39.990)
**BURTON GMP MEN´S TRACTION JACKET**
Herrabrettajakki. Litur: Grænn. Stærðir: S-XL.



**15.990** (fullt verð: 19.990)
**O´NEILL BB CRASH JACKET**
Dömubrettajakki. Litur: Svartur. Stærðir: S-XL.

**PÓSTVERSLUN - VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER** 100 % VERÐVERND

**INTERSPORT HÚSGAGNAHÖLLINNI** **SÍMI 585 7220** Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18
**INTERSPORT SMÁRALIND** **SÍMI 585 7240** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 13 - 18
**INTERSPORT LINDUM** **SÍMI 585 7260** Mán. - föstud.11 - 19. Laugardaga 11 - 18. Sunnudaga 12 - 18

# BRETTA & SKÍÐAPÖKKUM

TILBOÐIN GILDA 13. DES - 15. DES

VERÐDÆMI:

## Gönguskíðapakki:

TECNO PRO



**GÖNGUSKÍÐAPAKKI**
skíði, skór og bindingar

**26.380**
(fullt verð 32.980)

**TEC ACTIVE V-F**
Létt og góð tecno pro gönguskíði,henta vel í brautir.
**SNS** bindingar sem eru auðveldar í notkun

**19.990**

**TECNO SAFINE ULTRA PRO**
Gönguskíðaskór. Herrastærðir: 42-46.
Dömustærðir: 37-42.

**12.990**

## Brettapakki:

BURTON



**HERRAPAKKI**
Fullorðins byrjendaplata,
bindingar og skór.

**49.990**
(fullt verð 63.470)

**ULTIMATE**
Fullorðins byrjendaplata. Litur: Svart/hvítt/rautt.
Stærðir: 143-163

**27.990**

**A50**
Herra brettaskór. Litur: Svartir. Stærðir: 41-48.

**22.990**

**C2**
Herrabindingar. Litur: Svartar. Stærðir: Large.

**11.490**




# OPIÐ TIL KL. 22

## ÖLL KVÖLD FRAM AÐ JÓLUM

INTERSPORT

# Endurreisn á nýjum grunni

**UMRÆÐAN**

Bjarni Benediktsson og Illugi Gunnarsson skrifa um framtíð Íslands



BJARNI BENEDIKTSSON



ILLUGI GUNNARSSON

Á andartaki færðumst við Íslendingar úr því að vera í fremstu röð þjóða hvað lífsgæði áhrærir yfir í að leita alþjóðlegrar ásjár til þess að koma landinu úr efnahagslegri herkví og gera gjaldmiðilinn gjaldgengan. Þessi umskipti kalla á uppgjör, krafan um skýringar er ekki bara sjálfsögð og eðlileg, hún er nauðsynleg forsenda þess að við getum endurreist efnahagslífið á traustum grunni og komið sjálfu þjóðlífinu í eðlilegan farveg á ný.

Á undanförnum árum mistókst okkur að tengja saman ríkisfjármálin og stjórn peningamála. Útgjöld hins opinbera – bæði ríkis og sveitarfélaga – hafa aukist gríðarlega að raungildi síðastliðinn áratug. Það er óþarfi að rekja þenslu undanfarinna ára í smáatriðum; tilraunir Seðlabankans til að slá á verðbólgu með stýrivaxtahækkunum; hvernig erlend lán og verðtrygging drógu úr áhrifamætti vaxtahækkana bankans, vaxtamunurinn við útlönd sogaði til sín erlent fjármagn og vextir urðu ein helsta útflutningsafurð þjóðarinnar. Afleiðingin varð meðal annars sú að gengi íslensku krónunnar varð sterkara en verðmætasköpun þjóðarinnar gat staðið undir. Fyrir vikið varð kaupmáttur of mikill, einkaneyslan jókst og víða í atvinnulífinu fóru menn fram úr sér líka. Niðurstaðan varð sú að verðbólga rauk upp og hagkerfið varð rammskakkt: framleiðslan og útflutningur greiddu fyrir óhóflega neyslu og ódýra mynt, sem nýttist þeim sem fjárfestu erlendis. Á þessum vanda hafði ekki verið unnið þegar bankahrunið varð.

Fjármálakreppan nú er sú versta síðan 1930 og hana stóðust íslensku bankarnir ekki. Niðurstaða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er sú að við höfum verið illa undirbúin og heimili og atvinnulíf of skuldsett.

### Einkavæðingin

Margir hafa orðið til þess að benda á einkavæðingu ríkisbankanna sem upphaf ógæfunnar. Undir það viljum við ekki taka. Einkavæðing ríkisbankanna var rétt ákvörðun, en flest bendir til þess að reglur um eignarhald hefðu þurft að vera betur úr garði gerðar. Þröngt eignarhald fer illa saman við að helstu eigendur bankanna séu jafn fyrirferðarmiklir í viðskiptum og verið hefur hér á landi. Þetta á ekki síst við vegna þess hve fákeppni er algeng í atvinnulífi okkar og krosseignatengsl útbreidd. Án nokkurs vafa hefði verið skynsamlegt að setja eignarhaldi að bönkum þrengri skorður. Víða má finna dæmi í löggjöf annarra ríkja um að enginn einn aðili eða eigendahópur megi fara með stærri hlut en 25-30% og að athafnafrelsi þeirra sem fara með stóran eignarhlut í banka sé mjög takmarkað.

Alþjóðavæðing fjármálalífsins felur í senn í sér mikil tækifæri og hættur. Erlendar lántökur bankanna og of ör stækkun efnahags þeirra gerði það að verkum að bankarnir höfðu í raun engan lánveitanda til þrautavara og þar með voru íslensku bankarnir í mun verri stöðu en erlendir bankar þrátt fyrir að rekstur þeirra virtist sterkur.

Fjármálaeftirlitið hafði ekki næga fjármuni og mannafla til að sinna hlutverki sínu. Þetta var látið viðgangast of lengi og stjórnmálamenn bera þar sína ábyrgð. Þrátt fyrir mikla aukningu á síðustu tveimur árum er það enn svo að Fjármálaeftirlitið er einungis með um 60% þess mannafla sem Fiskistofa hefur. Höfum þó hugfast að getu okkar til að byggja upp margar öflugar stofnanir eru takmörk sett og því fögnum við tillögu forsætisráðherra um að skoða hvort sameina megi Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann.

### Mikilvæg næstu skref

Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til á undanförnum mánuðum hafa markast af því að reyna að lágmarka þann skaða sem orðið hefur. Þjóðnýting bankanna tryggði að greiðslukerfin hrundu ekki og þar með gat almenningur og viðskiptalífið áfram nýtt sér bankaþjónustu. Aðgerðir til að leysa bráðavanda heimilanna og viðskiptalífsins hafa nú þegar litið dagsins ljós og fram undan eru verkefni sem snúa að því hvernig við leysum úr málum á næstu misserum og leggjum þar með grunn að efnahagslegri endurreisn. Við viljum hér tæpa á nokkrum atriðum sem við teljum að geti verið gagnleg í þeirri vinnu.

- Samdráttur í tekjum og auknar vaxtagreiðslur gerir það að verkum að nauðsynlegt er að skera niður í ríkisbúskapnum á næstu árum. Breyttar aðstæður kalla á að við endurhugsum og hagræðum í öllum ríkisrekstrinum. Við leggjum til að sett verði upp nokkurra ára áætlun um slíka endurskipulagningu með aðstoð færustu sérfræðinga á Íslandi og eftir atvikum aðkomu alþjóðlegs ráðgjafarfyrirtækis.
- Halda ber skattahækkunum í lágmarki því með þeim er dregið úr framkvæmdavilja í samfélaginu sem aftur vinnur gegn því markmiði að komast sem fyrst út úr efnahagskreppunni.
- Auka þarf gagnsæi í störfum eftirlitsstofnana fjármálakerfisins. Þetta er nauðsynlegur liður í að auka skilning á því starfi sem þar fer fram og um leið traust á kerfinu í heild.
- Komið verði á föstum samráðsvettvangi á milli ríkisstjórnarinnar, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar. Samráð þessara aðila er lykillinn að árangri á næstu mánuðum og reglulegir fundir á milli þeirra ráðherra sem með efnahagsmál fara og forystumanna aðila vinnumarkaðarins því nauðsynlegir.
- Skýrar, einfaldar og gagnsæjar reglur verða að gilda um samskipti ríkisbankanna við viðskiptavini sína vegna þess almenna vanda sem við er að etja. Þetta á bæði við um fyrirtæki og einstaklinga.
- Mikilvægt er að öflug efnahagsskrifstofa sé til staðar í forsætisráðuneytinu sem hafi ráðgefandi hlutverk fyrir forsætisráðherra og ríkisstjórn. Jafnframt leggjum við til að Alþingi geri fastan samning við háskólastofnun um gerð þjóðhagsspár og annarra álitsgerða um þau efnahagslegu málefni sem þingið telur nauðsynlegt.
- Áhersla verði lögð á að flýta gjaldeyrisskapandi framkvæmdum og ráðist verði í þá orkuöflun sem nauðsynleg er til að slíkt megi verða. Jafnframt verður að afnema eins fljótt og auðið er höft á gjaldeyrisviðskipti, en á meðan þau eru þarf að gæta þess að krónan styrkist ekki umfram þarfir framleiðslunnar.
- Leita þarf allra leiða til að koma í veg fyrir að þeir sem lenda í fjárhagserfiðleikum á næstu misserum missi heimili sín.
- Lækka verður vexti við fyrsta tækifæri og gera aðgang að fjármagni greiðari fyrir fjárþurfa atvinnulíf.

### Vandi smárrar myntar

Vegna þeirra efnahagserfiðleika sem fram undan eru er mjög kallað eftir því að stjórnmálaflokkar móti sér sýn og stefnu sem stýrt geti för næstu misseri og ár. Í ljósi aðstæðna er eðlilegt að sú umræða hverfist einkum um peningamálastefnuna, valkosti í gjaldmiðilsmálum og ríkisfjármálin. Peningamálastefnan er ein af grunnstoðum efnahagsstefnu hvers ríkis og traustur gjaldmiðill gegnir lykilhlutverki við mótun og framkvæmd slíkrar stefnu.

Íslenska krónan er smá og viðkæm fyrir ytri áhrifavöldum. Á undanförnum árum hafa miklar sveiflur í gjaldmiðlinum valdið fyrirtækjum og heimilum verulegum vanda. Veik staða krónunnar um þessar mundir er okkur reyndar mikilvæg og verður það áfram á næstunni til þess að reisa hagkerfið við, því lágt gengi styrkir útflutninginn og veitir innlendri framleiðslu vernd. Þar með verndum við störfin og aukum framleiðsluna. Ýmis rök hníga því að því að krónan geti hentað okkur ágætlega til skamms tíma.

En sé horft til lengri tíma er hætt við að krónan verði okkur fjötur um fót. Sá sveigjanleiki sem krónan veitir okkur til að kljást við afleiðingar mistaka í hagstjórn eða til að bregðast við ytri áföllum á sér því miður þá skuggahlið að vera sveifluvaldandi og geta ýtt undir óstöðugleika í hagkerfinu. Óstöðugur gjaldmiðill dregur úr trausti á hagkerfinu og þar með möguleikum okkar á að nýta til fulls þau tækifæri sem felast í innri markaði Evrópu, laða til okkar fjárfestingar og hámarka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Vöxtur nýrra atvinnugreina og fyrirtækja sem starfa að stórum hluta erlendis en eiga höfuðstöðvar hér á landi takmarkast mjög af stærð myntarinnar og því óöryggi sem af henni hlýst. Ekki verður horft fram hjá þeim veikleikum sem felast í smæð myntkerfisins. Meira að segja Bretar velta því nú fyrir sér hvort myntsvæði þeirra sé of lítið til að tryggja samkeppnishæfni þjóðarinnar. Það kemur því ekki á óvart að forystumenn íslensks atvinnulífs leggi um þessar mundir vaxandi áherslu á að mótuð verði stefna í gjaldmiðilsmálum á nýjum forsendum. Leiðtogar verkalýðshreyfingarinnar hafa á sama tíma sannfæringu fyrir því að án nýs gjaldmiðils muni ekki takast að verja stöðugleika og þar með kaupmátt almennings.

Með upptöku nýs gjaldmiðils verða ekki öll hagstjórnarvandamál okkar leyst, langur vegur er þar í frá. Það er sanni nær að í slíkri ákvörðun felist að setja stöðugleikann í forgang og sætta sig við að geta ekki mætt sveiflum í hagkerfinu með aðlögun gengisins. Rangt væri að gera lítið úr þeirri fórn. Þeir sem um þessar mundir mæla fyrir Evrópusambandsaðild nefna einkum ávinning af upptöku evrunnar og kosti samstarfsins innan Myntbandalagsins máli sínu til stuðnings. Það má til sanns vegar færa að evran er að sumu leyti heppilegur valkostur fyrir okkur Íslendinga sem framtíðargjaldmiðill, en aðrir kostir í þeim málum hljóta jafnframt að koma til skoðunar. Evrópusambandsaðild er hins vegar miklu stærra og flóknara mál en svo að



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hægt sé að láta það ráðast af gjaldmiðlinum einum. Með í kaupunum fylgja ýmsir aðrir þættir, sumir jákvæðir en aðrir neikvæðir og þá hefur Sjálfstæðisflokkurinn talið vega svo þungt, að hagsmunum þjóðarinnar væri betur borgið utan ESB en innan. Þessi afstaða hefur átt samhljóm meðal þjóðarinnar enda ESB aðild aldrei verið kosningamál hér á landi.

Þrátt fyrir efnahagslega erfiðleika á Íslandi er ljóst að ekkert hefur breyst varðandi þau grundvallaratriði sem um er að semja í aðildarviðræðum við ESB. Allt sem sagt hefur verið um ókosti sjávarútvegsstefnu ESB, áhrif á utanríkis- og öryggismál okkar og frekara framsal á fullveldi okkar á jafnt við nú og fyrir hrun bankakerfisins eða fall gjaldmiðilsins. En færa má fyrir því rök að kostir myntsamstarfs við ESB hafi vegna aðstæðna öðlast nýtt og aukið vægi. Með vísan til þess og þeirra straumhvarfa sem orðið hafa í efnahagslegu tilliti er því skynsamlegt að fara að nýju yfir það hagsmunamat sem ráðið hefur afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessa, með sérstaka áherslu á framtíðarstefnu í peninga- og gjaldmiðilsmálum.

### Þjóðaratkvæðagreiðsla

Verði það niðurstaða endurmats Sjálfstæðisflokksins að hagsmunum þjóðarinnar sé enn betur borgið utan ESB væri það engu síður mjög í samræmi við ríka lýðræðishefð í Sjálfstæðisflokknum að láta málið ganga til þjóðarinnar í kjölfar viðræðna, þar sem ítrustu hagsmuna hefur verið gætt. Varðstaða um auðlindir þjóðarinnar skiptir þar höfuðmáli.

Ljóst er að hér er um að ræða mál sem gengur þvert á flokkslínur. Aðrir flokkar hafa hver með sínum hætti opnað á að virkja beint lýðræði til lausnar á aðildarspurningunni og það gengur gegn kjarna sjálfstæðisstefnunnar að flokkurinn leggi stein í götu slíkrar leiðar. Óumdeilanlegt er að staða okkar í alþjóðlegu samstarfi og innan Evrópusamstarfsins mun hvíla á sterkari grunni að loknu slíku ferli. Hér ber einnig að líta til þess að samningur við ESB er hinn endanlegi úrskurður um þær reglur og undanþágur sem gilda eiga við inngöngu Íslands í ESB. Þó að meginlínurnar um þessi efni séu skýrar er viðvarandi ágreiningur um ýmsa mikilvæga þætti, svo sem mögulega stjórn Íslendinga á sérstökum fiskveiðisvæðum, yfirráð veiðiheimilda úr staðbundnum stofnum, heimildir til takmarkana á fjárfestingu og fjölmörg fleiri atriði.

Þær sérstöku aðstæður sem nú eru uppi kalla á að þjóðin öll taki í kjölfar aðildarviðræðna ákvörðun um þetta mikilvæga mál. Ræður þar úrslitum að halda ber á hagsmunum Íslendinga gagnvart Evrópusambandinu með það að leiðarljósi að sem víðtækust sátt og samstaða takist um niðurstöðuna.

### Til varnar frelsinu

Margir eiga nú við vanda að etja, standa frammi fyrir atvinnuleysi og erfiðleikum þrátt fyrir að hafa sýnt varkárni og almenna fyrirhyggju í fjármálum sínum. Þetta hefur leitt til þess að sú skoðun er nú næsta útbreidd að frelsið hafi einhvern veginn hlaupið með okkur í gönur, að hrun bankanna og afleiðingar þess sé frelsinu að kenna. Sótt er að hugmyndum um að athafnafrelsi og einstaklingsfrelsi skuli liggja þjóðskipulaginu til grundvallar.

Frelsi einstaklingsins til orða og athafna er markmið í sjálfu sér. Sagan geymir fjölda dæma um hvernig allt um lykjandi ríkisvald drepur mannlífið í dróma, hvernig grámóska og einsleitni bera fjölbreytni og athafnagleði ofurliði þegar hið opinbera er upphaf og endir alls. En hitt er einnig ljóst að ríkisrekstur getur aldrei keppt við hið frjálsa hagkerfi þegar kemur að verðmætasköpun, um það ber sagan rækilegt vitni. Leiðin út úr þeim efnahagsvanda sem nú er við að kljást er því ekki vörðuð

*Allur vafi um sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu grefur undan tiltrú almennings á stjórnskipulaginu. Þegar svo við bætist sú gremja og heift sem fylgir hruni í efnahagslífinu er rétt að ígrunda hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á stjórnskipuninni í þeim tilgangi að skerpa á ábyrgð einstakra þátta ríkisvaldsins og stofnana þess. Slíkar breytingar kunna að vera tímabærar og nauðsynlegur liður í að endurheimta traust almennings á stjórnskipulaginu.*

ríkisrekstri og auknu valdi stjórnmálamanna. En hún er heldur ekki mörkuð óheftri gróðahyggju eða skeytingarleysi um velferð samfélagsins og þeirra sem minna mega sín. Við viljum samfélag sem er margbreytilegt og umburðarlynt. Samfélag þar sem ólíkir einstaklingar eiga möguleika á að blómstra, þar sem flestir eiga tækifæri til að leita hamingju á sínum eigin forsendum. Eftir því sem meira er þrengt að frelsinu og völd stjórnmála- og embættismanna aukast, því minni líkur eru á að slíkt samfélag verði til.

Við skulum því ekki hverfa frá þeim grunngildum sem hafa sannarlega skilað þjóðinni og öðrum þeim þjóðum sem lagt hafa þau til grundvallar gríðarlegum framförum, bæði í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Farsælast er að byggja áfram á þessum grunni en horfast í augu við að margt þarf að laga í umgjörðinni og regluverkinu til þess að hindra að þeir atburðir endurtaki sig sem nú hafa orðið.

### Traustið þarf að endurheimta

Atburðir síðustu mánaða hafa dregið mjög úr trausti fólksins í landinu á stjórnmálamönnum, stjórnskipulaginu og stofnunum ríkisins. Samkvæmt stjórnskipun landsins er Alþingi valdamesta stofnun landsins. Ríkisstjórnin situr í umboði þess og þiggur vald sitt þaðan. Samt sem áður hefur þróunin verið sú að framkvæmdavaldið hefur verið ráðandi í samskiptum sínum við Alþingi. Sú umræða hefur farið vaxandi að Alþingi sinni ekki nægjanlega vel eftirliti með framkvæmdavaldinu. Allur vafi um sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu grefur undan tiltrú almennings á stjórnskipulaginu. Þegar svo við bætist sú gremja og heift sem fylgir hruni í efnahagslífinu er rétt að ígrunda hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á stjórnskipuninni í þeim tilgangi að skerpa á ábyrgð einstakra þátta ríkisvaldsins og stofnana þess. Slíkar breytingar kunna að vera tímabærar og nauðsynlegur liður í að endurheimta traust almennings á stjórnskipulaginu.

Einn þáttur slíkrar endurskoðunar ætti að okkar mati að lúta að kosningafyrirkomulaginu. Við eigum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvaða aðferðir henta til þess að velja þá einstaklinga og flokka sem við treystum best til að fara með þau sameiginlegu mál. Markmiðið á að vera að efla tengsl á milli kjósenda og kjörinna fulltrúa, skerpa á ábyrgð þeirra sem fara með vald, jafnframt því að styrkja eftirlitshlutverk einstakra þátta ríkisvaldsins með hver öðrum.

Þrátt fyrir að samfélag okkar verði upptekið af því að bregðast við þeim bráðavanda sem nú steðjar að er nauðsynlegt að við horfum til þessara mikilvægu grunnþátta í stjórnskipulaginu í þeirri endurreisn íslensks efnahagslífs sem fram undan er.

*Höfundar eru alþingismenn fyrir Sjálfstæðisflokkinn.*


# Velkomin í Jólaþorpið

## OPIÐ ALLAR HELGAR TIL JÓLA FRÁ KL. 13 – 18

**Fjölbreyttur varningur til sölu í Jólaþorpinu: Heimagerðir hattar, leikföng, fallegt handverk, skart og margvíslegt fleira.**

**HÁTÍÐ FER AÐ HÖNDUM EIN – JÓLATÓNLEIKAR Í FRÍKIRKJUNNI Í HAFNARFIRÐI**
Laugardaginn 13. desember kl.17
Fríkirkjukórinn í Hafnarfirði ásamt hljómsveit og góðum gestum.
Stjórnandi: Örn Arnarson
*Miðaverð: 1.000 kr.*

**JÓLALJÓS**
Stórtónleikar í Íþróttahúsinu Strandgötu
Laugardaginn 13. desember kl. 20
Glæsilegir jólatónleikar. Yfir 100 listamenn koma fram.
Tónleikarnir eru liður í 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar.
*Miðasala á midi.is.*
*Sjá einnig: www.jolaljos.is*

**AÐVENTUTÓNLEIKAR KK OG ELLENAR**
í Bæjarbíói 13. desember kl. 20.30
*Miðasala á midi.is*

**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL**
Í Bæjarbíói 17. desember kl. 20. Húsið opnar kl. 19.30
*Miðasala á midi.is*

## Dagskrá Jólaþorpsins helgina 13.12. – 14.12. 2008

**13.12.** *Laugardagurinn 13. desember*

14:00 **Gunni og Felix** koma í heimsókn og taka nokkur vel valin jólalög og sprella fyrir börnin.

15:00 **Jól í OZ** – Áhorfendur fá að kynnast jólunum í OZ. Uppáhalds persónurnar okkar eru allar á sínum stað: *Dóróthea, Fuglahræðan, Pjáturkallinn* og *Ljónið*.

16:00 **Páll Óskar syngur nokkur af sínum vinsælustu lögum og áritar *Silfursafnið* sitt í verslunarmiðstöðinni Firði.**
Söngkonan **Anna Hlín** tekur lagið ásamt hressum dönsurum.
**Lalli töframaður** galdrar fram töfrandi sýningu fyrir unga sem aldna.

**14.12.** *Sunnudagurinn 14. desember*

14:00 **Páll Óskar syngur nokkur af sínum vinsælustu lögum og áritar *Silfursafnið* sitt í verslunarmiðstöðinni Firði.**
Hressir krakkar úr **Sönglist** mæta á svæðið og syngja fyrir gesti.
Börn úr **Lúðrasveit Tónlistarskólans** í Hafnarfirði spila nokkur jólalög.
**Kvennakór Öldutúns** tekur lagið.

15:00 **ÚTI-JÓLABALL.**
Jólasveinabandið heldur uppi stuðinu.

**Minnum á að Mæðrastyrksnefnd tekur á móti jólapökkum og framlögum í Jólaþorpinu.**

**SUNNUDAGUR 14. DESEMBER**

**HELGILEIKUR OG FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ**
Víðistaðakirkju kl. 11
Hinn árlegi helgileikur í flutningi Stúknakórs Víðistaðakirkju.

**LISTSMIÐJA FYRIR BÖRN**
Í Hafnarborg kl.14-16
Opin listsmiðja fyrir börn og foreldra. Sýningin *Sjórinn og sjávarplássið* skoðuð og notuð sem innblástur í að búa til eigin listaverk.

**TÓNLEIKAR**
St. Jósefskirkju kl. 16
Tónleikar í St. Jósefskirkju til styrktar barnastarfi kirkjunnar. Kór og hljómsveit.
*Aðgangur ókeypis en framlög til styrktar barnastarfinu vel þegin.*

**JÓLASTUND**
Víðistaðakirkju kl. 16
Jólastund með Kór Öldutúnsskóla og Kvennakór Öldutúns.
Gestur: Hanna Björk Guðjónsd.
*Miðaverð: 1.000 kr.*

**JÓLAVAKA**
í Hafnarfjarðarkirkju kl. 20
Fjölbreytt tónlistardagskrá.

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

**Sjáumst í Jólaþorpinu!**
**Jólamarkaður og fjölbreytt skemmtidagskrá í miðbæ Hafnarfjarðar**
*Nánari upplýsingar, myndir o. fl. á www.hafnarfjordur.is*

Jólaþorpið í Hafnarfirði





## Núna er rétti tíminn að selja málverk fyrir jólin

*Það er þrennt sem skiptir verulegu máli fyrir seljandann:*

1. Að myndin sé ekki seld undir fyrirfram ákveðnu lágmarksverði.
2. Að þurfa **ekki** að greiða 20% , eða meira í sölulaun.
3. Að seljandinn fái myndina uppgerða um leið og sala fer fram.

Ókeypis verðmat

Fyrir fjársterka aðila leitum við að góðum verkum gömlu meistaranna
Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

**LÆGRI SÖLULAUN – ÖRUGG ÞJÓNUSTA**

**Opið í dag laugardag frá kl. 13 til 16**

Gallerí BORG
Skipholti 35
105 Reykjavík - sími 511 7010
petur@galleriborg.is

# Misstum Rúnar allt of snemma

Í hinni nýútkomnu bók *Hljómagangur* er farið yfir æviferil **Gunnars Þórðarsonar**, höfundar margra af helstu perlum íslenskrar dægurlagasögu. ***Kjartan Guðmundsson*** ræddi við Gunnar um tónlistina, tíðarandann og nýlegt fráfall góðs vinar.



**GLÆSILEGUR FERILL** Gunnar, sem hér er fyrir framan heimili sitt í Vesturbænum, hefur búið á Hólmavík, í Keflavík og Reykjavík og segist því líta fyrst og fremst á sig sem Íslending. Af þeim aragrúa laga sem hann hefur samið á ferlinum er hann ánægðastur með „Þitt fyrsta bros“ og „Vetrarsól“, sem bæði komu út á sólóplötunni Himinn og jörð árið 1981. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það voru ákveðnir punktar í lífinu sem mér fannst benda til þess að núna væri rétti tíminn til að líta um öxl. Þegar útgefandinn kom að máli við mig og spurði hvort ég væri ekki til í allsherjar upprifjun var ég ekki alveg til í það í upphafi, en hugsaði svo málið í tvo mánuði og ákvað að slá til. Þetta eru orðin ansi mörg ár að baki,“ segir Gunnar Þórðarson um tilurð hinnar nýútkomnu bókar, Hljómagangur, þar sem Jón Hjartarson skráir sögu þessa eins virtasta og vinsælasta dægurlagahöfundar íslenskrar tónlistarsögu.

### Varð að vera heiðarlegur

Eðli málsins samkvæmt er giftusamur tónlistarferill Gunnars, frá því hann barði bumbur með skólahljómsveit í Keflavík til klassískra stórtónleika í Alsace í Frakklandi fyrr á þessu ári, fyrirferðarmestur í Hljómagangi. Lesendur eru leiddir í ljós um nánast ævintýralegar vinsældir Hljóma á mektarárum þeirrar sveitar, tilraunir til að sigra heiminn sem ekki gengu upp og þá óreiðu sem oft og tíðum virðist fylgja þessum starfsvettvangi.

En í bókinni segir Gunnar líka frá lífi sínu utan sviðsins og hljóðversins á hreinskilinn hátt. Meðal annars kemur í ljós að flókin fjölskyldutengsl og hneykslismál af ýmsu tagi virðast hafa loðað við forfeður Gunnars í báðar ættir, og ljóst að þeir „hafa ekki verið við eina fjölina felldir í ástarmálum“, eins og komist er að orði í bókinni.

Einnig gerir Gunnar grein fyrir því að nú síðari ár hafi komið í ljós að hann er ekki líffræðilegur faðir elstu dóttur sinnar af fyrra hjónabandi, þótt hann líti á sig sem pabba hennar og afa strákanna hennar eftir sem áður. Blaðamanni leikur forvitni á að vita hvort ekki hafi tekið á að ljósta opinberlega upp um svo viðkvæm mál í ættinni og einkalífinu.

„Þetta var tvíbent reynsla, því ekki á allt heima í svona bók. En mér fannst ég þurfa að vera heiðarlegur, því annars hefði ég allt eins getað sleppt þessu,“ segir Gunnar. „Í sambandi við þessar upplýsingar um ætt mína þá tók nú ekki svo á að segja frá þeim því svo margir vissu af þessu fyrir, og auðvitað allir í ættinni. Sú saga er dálítið tragísk, en í rauninni ekkert einstök. Það gerðist svo margt skrýtið hérna áður fyrr.“

### Ekki í neinum fjölmiðlaslag

Í gegnum ferilinn hefur Gunnar gjarnan komið almenningi fyrir sjónir sem fremur hógvær og jafnvel hlédrægur maður. Í Hljómagangi vekur Þorsteinn Eggertsson, hirðskáld Hljóma, athygli á þeirri skoðun sinni að sú ímynd sé á misskilningi byggð. Gunnar hafi verið einn aðaltöffarinn í félagahópnum í Keflavík í byrjun sjöunda áratugarins og sé auðvitað töffari enn þá, þótt hann hafi kosið að halda sig til hlés. Skrifar tónskáldið undir þessa persónulýsingu?

„Ég var mjög uppátækjasamur sem barn og unglingur, eiginlega hálfgerður villingur. En þannig var bara stemningin í Keflavík á þessum árum. Þetta var mikið fjörtímabil,“ segir Gunnar, og bætir við að óhjákvæmilega hafi hann róast með árunum.

„Ég er alls ekki hlédrægur. Ég kann þó illa við að ota mér fram og er ekki í neinum fjölmiðlaslag.“

Gunnari er tíðrætt um sinn gamla heimabæ Keflavík. Þar bjó hann með fjölskyldu sinni í þrettán ár og kynntist meðal annars þeim Rúnari Júlíussyni bassaleikara og Erlingi Björnssyni gítarleikara, sem síðar mynduðu uppistöðuna í Hljómum ásamt Gunnari.

„Keflavík mótaði mig. Ég ólst upp í ótrúlega skemmtilegum hópi, fullum af eldhugum. Það var ekkert ómögulegt hjá þessum ungu mönnum og konum. Margir litu niður á Keflavík á þessum árum, þótti bærinn lágmenningarsvæði vegna nálægðarinnar við Kanann og fleira, en þetta var skemmtilegur staður.“

Gunnar tekur einnig fram að fráleitt allir íbúar bæjarins hafi verið sáttir við nærveru Kanans. „Það voru gallharðir kommúnistar í Keflavík eins og annars staðar,“ segir hann og hlær.

### Allt nema níu til fimm

Keflavík reyndist fyrirtaks uppeldisstaður fyrir unga menn sem dreymdi um frægð og frama í tónlistarbransanum, enda smitaðist Gunnar snemma af músíkbakteríunni.

„Ég ákvað það ungur, líklega sextán eða sautján ára, að gera allt sem í mínu valdi stæði til að festast aldrei í níu til fimm vinnu. Fyrir mér var þetta spurning um að hafa gaman af lífinu, að hlakka til að fara á fætur á hverjum morgni,“ segir Gunnar, og bætir við að á sínum tíma hafi valið staðið á milli starfs í blikksmiðju og gítarleiks. Það val hafi reynst einstaklega auðvelt.

„Þegar ég byrjaði að spila í hljómsveitum varð ég minn eigin herra í stað þess að taka við skipunum allan daginn. Auðvitað var það ofsaleg frekja að hugsa svona, en þetta sat alveg fast í mér. Ekki þar fyrir að ég tók minn pakka í vinnu eins og aðrir, byrjaði til dæmis að bera út blöð tíu ára gamall eins og tíðkaðist á þessum árum. Það gat líka verið dálítið púl að læra á hljóðfæri. En ég fann draumadjobbið, þægilega innivinnu, og hef verið í því síðan,“ segir Gunnar, sem sér greinilega ekki eftir þeim framtíðarákvörðunum sem teknar voru suður með sjó fyrir hartnær hálfri öld.

### Óheilbrigður vettvangur

Hljómar öðluðust fordæmalausar vinsældir á Íslandi og urðu þjóðþekktir menn á unga aldri. Skyldi mikil pressa hafa fylgt þessari miklu athygli?

„Við vorum svo ósköp jarðbundnir allir að við höfðum bara gaman af þessu. Hljómatíminn var rosalega skemmtilegur, sá besti sem ég hef átt í bransanum, en þetta var allt öðruvísi Ísland á þessum árum. Það var ekkert sjónvarp, þannig að oft þegar við spiluðum úti á landi var fólki jafn mikið í mun að skoða okkur og heyra í okkur,“ rifjar Gunnar upp. „Það var allt miklu frumstæðara. Einfaldara líf, og að mörgu leyti heilbrigðara.“

Hann telur allar aðstæður í tónlistarlífi landsins hafa gjörbreyst síðan Hljómar stigu sín fyrstu spor á frægðarbrautinni.

> Þessi samruni viðskipta og tónlistar er óheilbrigður og í raun hlægilegur.

„Það er erfitt að vera ungur tónlistarmaður í dag. Það eru svo margir um hituna. Landið er yfirfullt af tónlistarmönnum, sem er jákvætt í sjálfu sér. En þetta er lítið þjóðfélag,“ segir Gunnar. Hann telur góðæri síðustu ára hafa haft slæm áhrif á geirann og sér, þrátt fyrir allt, glitta í eitthvað jákvætt í yfirstandandi kreppu.

„Þetta var orðið þannig að enginn gat gert neitt nema að hafa sponsor frá einhverjum banka eða slíku. Ef okkur í Hljómum hefði dottið í hug að láta einhvern sponsora okkur á sínum tíma hefðu aðdáendurnir hreinlega gefið frat í okkur. Það átti bara ekki við. Í þessu efnahagsástandi hlýtur þetta að breytast, og það er gott. Þessi samruni viðskipta og tónlistar er óheilbrigður og í raun hlægilegur.“

### Hringnum lokað í Liverpool

Hljómar héldu lokatónleika sína í Cavern-klúbbnum í miðborg Liverpool, hinum sama og fóstraði sjálfa Bítlana á upphafsárunum, í byrjun júní. Þetta var í annað sinn sem Hljómar tróðu upp á þessum sögufræga stað, en áður höfðu „íslensku Bítlarnir“ leikið þar árið 1964. Gunnar segir vart hægt að hugsa sér meira viðeigandi lokapunkt fyrir feril sveitarinnar.

„Við vorum nú eiginlega hættir, en Jakob Frímann Magnússon stakk þeirri hugmynd að okkur að loka hringnum á Bítlaslóðum. Eftir á að hyggja er ég honum afar þakklátur fyrir það.“

Gunnar fór hamförum á sviðinu í Cavern-klúbbnum og var mál manna að sjaldan eða aldrei hefði gítaristinn sést í jafn miklu stuði á sviði.

„Það var svo rosalega góð tilfinning í loftinu. Það er erfitt að útskýra hvað gerðist, en þetta var frábært. Það kviknaði á einhverju. Við vissum allir að Rúnar var orðinn dálítið kraftlítill, þannig að við hífðum þetta saman og það tókst svona vel,“ segir Gunnar.

### Kynntist Rúnari níu ára

Talið berst að Rúnari Júlíussyni sem féll frá fyrir aldur fram í síðustu viku af völdum hjartaáfalls. Uppgötvast hafði hjartagalli í Rúnari fyrir tólf árum og gekkst hann meðal annars undir stóra aðgerð. Gunnar segir það mikið áfall að hafa misst þennan góða vin sinn og samstarfsmann til margra ára.

„Ég vissi að Rúnar gekk ekki heill til skógar, en átti ekki von á því að hann færi svona snemma. Þetta var allt of snemmt, og það er afar sárt að missa hann. Ég hitti hann fyrst þegar við vorum níu ára í skólanum í Keflavík og þetta var ótrúleg vegferð sem við fórum saman.“

Gunnar ber föllnum félaga sínum afar vel söguna, eins og reyndar flestir aðrir.

„Hann var bara svo góður maður hann Rúnar. Mjög vel gerður. Ég man til dæmis ekki eftir því að hafa nokkurn tíma séð hann reiðan. Hann bjó yfir miklu jafnlyndi. Foreldrar Rúnars voru nú ekki alls kostar sátt við að hann færi í tónlistarbransann, en þau hefðu verið stolt af honum,“ segir Gunnar. Hann bætir við að gömlu fóstbræðurnir hafi verið ólíkir á margan hátt.

„Rúnar var miklu meiri rokkari og performer en ég. Ég var meira í bakgrunninum. En við vorum alltaf vinir. Menn fara sínar leiðir eins og gengur, en böndin milli okkar slitnuðu aldrei þótt við höfum einungis hist endrum og eins síðustu árin. Ég sakna hans.“

### Alltaf báðum megin

Hin síðari ár hefur Gunnar snúið sér í auknum mæli að því að semja sígilda tónlist. Verður áframhald á því?

„Ég hef mjög gaman af því að semja klassíska músík. Hún ögrar mér, en veitir mér um leið meira frelsi en poppið. Ég hef reyndar alltaf gaman af góðu popplagi líka. Maður er alltaf báðum megin,“ segir Gunnar. Inntur eftir því hvort nýjar plötur séu væntanlegar segir Gunnar að það verði að koma í ljós. „Það er aldrei að vita hvað gerist.“

## ➜ HRINGNUM LOKAÐ



FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB BJARNAR GRÉTARSSON

„Rúnar var miklu meiri rokkari og performer en ég. Ég var meira í bakgrunninum. En við vorum alltaf vinir,“ segir Gunnar um Rúnar Júlíusson heitinn. Hér taka félagarnir lagið ásamt Helgu Völu Helgadóttur á lokatónleikum Hljóma í Cavern-klúbbnum í Liverpool.

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



**Scierra fleece samfestingur.**
Hlýr og góður samfestingur undir veiðigallann, skíðagallann og í alla útivist.
**Verð aðeins 12.995**



**Simms Freestone dömu vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur með kvensniði ásamt sterkum Simms skóm.
**Fullt verð 44.800 –**
**Jólatilboð aðeins 34.900**



**Simms L2 Gore tex vöðlupakki**
Vandaðar Simms Gore-tex vöðlur ásamt Simms skóm.
**Fullt verð 56.800 –**
**Jólatilboð aðeins 45.800**



**DAM öndunarvöðlur með stígvélum**
Þriggja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum
**Verð aðeins 29.995**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Vandaðar neoprenvöðlur ásamt vatnsheldum veiðijakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990 – Jólatilboð aðeins 21.995**



**Ron Thompson vöðlutaska**
Vatnsheldur botn. Motta til að standa á. Lok með loftun
**Verð aðeins 4.995**



**Felugallar úr þrívíddarcamo**
Án efa besti felugallinn á markaðnum. Notast yfir kulda og / eða regngalla. Buxur og jakki.
**Fullt verð 18.995 – Jólatilboð aðeins 15.995**



**Rjúpnavesti**
Vinsæl og sterk vesti með mörgum vösum fyrir bráðina, skotfæri, gps tækið, samlokuna og fleira.
**Verð aðeins 12.995**



**MAD felulitavöðlur**
Neoprenvöðlur í felulitum fyrir skotveiðimanninn.
**Fullt verð 24.900 –**
**Jólatilboð aðeins 15.995**



**DAM öndunar-vöðlupakki**
Vinsælar öndunarvöðlur ásamt vöðluskóm.
**Fullt verð 35.990 –**
**Jólatilboð aðeins 27.995**



**Okuma SLV fluguhjól**
**Vinsælt hjól á frábæru verði**
**Verð aðeins frá 10.995**



**Simms Guide veiðivesti**
Eitt besta vestið á markaðnum.
**Verð aðeins 14.995**



**Scierra IC3 fluguhjól**
**Large arbour hjól. 3 aukaspólur og hjólataska.**
**Verð aðeins 14.995**



**Ron Thompson reykofn**
Töfraðu fram veislumáltíð á fáeinum mínútum. Þrjár stærðir. Eigum einnig reyksag.
**Verð aðeins frá 6.995**



**DAM hnífasett**
Vandaðir aðgerðarhnífar ásamt stáli og skurðarbretti. Nauðsynlegt í veiðitúrinn
**Verð aðeins 4.995**



**MAD skotveiðijakki.**
Vatnsheldur jakki með útöndun. Innri flíspeysa fylgir
**Fullt verð 35.995 – Jólatilboð aðeins 24.995**



**Mad Duffel Bag**
Stór taska í felulitum.
**Fullt verð 12.995 –**
**Jólatilboð aðeins 9.995**



**Gerviandasett**
12 stokkendur. Blýsökkur og bönd fylgja. Góður poki undir allt settið fylgir með.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Gervigæsir**
12 grágæsaskeljar í kassa. Þrjár stellingar. Festijárnin fylgja með. Nauðsynlegt í gæsaveiðina
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**DAM sjóveiðipakki**
6 feta sterk DAM sjóstöng ásamt DAM sjóveiðihjóli með raðara og dýptarmæli
**Fullt verð 27.995 –**
**Jólatilboð aðeins 16.995**
**(takmarkað magn)**



**Mad sólarhleðslutæki**
Þetta tæki gerir þér kleift að hlaða gsm símann, mp3 spilarann eða önnur smátæki með dagsbirtunni
**Verð aðeins 10.995**



**Öryggishólf**
Nettir skápar fyrir skotfæri eða verðmætin á heimilinu. Digital læsing.
**Fullt verð 12.995 –**
**Jólatilboð aðeins 9.995**



**Beretta skotveiðibakpoki**
Vinsælir bakpokar meðal skotveiðimanna. Festing fyrir byssu. Vatnsheld veðurhlíf í felulitum fylgir pokanum.
**Verð aðeins 16.995**



**Norconia útsýnissjónauki**
Fyrir veiðimanninn, í stofugluggann eða sumarbústaðinn. 18-36 x stækkun. Þrífótur fylgir
**Fullt verð 35.880 –**
**Jólatilboð aðeins 29.900**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940

SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ

**Veiðibúðin á netinu**
**veidimadurinn.is**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050**
**sportbudin.is**

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410**
**veidihornid.is**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
SS HANGIKJÖTIÐ
SS
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
Úrbeinað læri
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
Úrb. frampartur
HAMBORGAR HRYGGUR
30% AFSLÁTTUR
ÚRBEINAÐUR SS HANGIFRAMPARTUR
1574 kr./kg. MERKT VERÐ 2248 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
ÚRBEINAÐ SS HANGILÆRI
2141 kr./kg. MERKT VERÐ 3058 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
SS HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1315 kr./kg MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
Nautaveisla
898
NV UNGNAUTAHAKK 898 kr./kg.
Nautaveisla
1498
NV UNGNAUTASNITSEL
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
Nautaveisla
1498
NV UNGNAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg. MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
GLEÐILEG JÓL
459
PAPCO JÓLAELDHÚSRÚLLUR
3 stk 459 kr.
PEPSI
698
BRAGÐAREFUR
VANILLUÍS MEÐ KARAMELLUSÓSU OG SÆLGÆTI
1 LÍTRI
BÓNUS
259
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 1 ltr. 259 kr.
COKE LIGHT 6 X 2 LTR. 698 kr.
PEPS 6 X 2 LTR. 698 kr.
SÆLGÆTISBARINN Í BÓNUS
50% afsláttur
ALLA DAGA Í DESEMBER
Marapon þvottaduft
MILT
100 SKAMMTAR
MILT FYRIR BARNIÐ
1398
4,8 kg
Coca-Cola light
698
MJÖLL FRIGG ÞVOTTAEFNIÐ
100 SKAMMTAR
1398 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

# FERSKUR KJÚKLINGUR




45%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
549 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR./KG.




1554
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1554 kr./kg. MERKT VERÐ 2220 KR./KG.




498
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 498 kr./kg.




698
ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR 698 kr./kg.

# FROSIÐ KS LAMBAKJÖT



1198
KS FROSIÐ LAMBALÆRI 1198 kr./kg.



1398
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR 1398 kr./kg.




VINSÆLASTI HRYGGUR LANDSINS
30%
AFSLÁTTUR
ALI HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1329 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.




399
KF SVEITABJÚGUN VINSÆLU
399 kr./kg. MERKT VERÐ 499 KR./KG.




498
CHICAGO BRICK OVEN PIZZA
585g aðeins 498 kr stk.




1598
NÓA KONFEKT
650gr 1598 kr.




GJAFAKORT BÓNUS VINSÆL JÓLAGJÖF
RAFRÆNT GJAFAKORT TIL INNKAUPA Í VERSLUNUM BÓNUS. ÞÚ KAUPIR INNEIGN AÐ EIGIN VALI.
FÁST Á SKRIFSTOFU BÓNUS SKÚTUVOGI 13




259
BÓNUS ÍS 2 ltr 259 kr.

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.30

# Ekki fræg fyrir ekki neitt

Ásdís Rán Gunnarsdóttir hefur lengi verið í sviðsljósinu, hún er fyrirsæta, hefur staðið fyrir módelkeppnum og hún heldur úti vinsælu bloggi. Svo er hún móðir og eiginkona. Sigríður Björg Tómasdóttir mælti sér mót við Ásdísi Rán sem sagði henni meðal annars frá áhuga Hollywood, fyrirætlunum um að opna Karen Millen-búð í Búlgaríu og frægðinni á Íslandi og annars staðar.

Ásdís Rán er óneitanlega fræg á Íslandi en samt klóra sumir sér í hausnum og spyrja fyrir hvað. Ásdís Rán kannast alveg við þær raddir en er fljót að kveða þær niður: „Ég hef gert ótrúlega margt, líklega meira en flestir á mínum aldri. Ég stofnaði fyrsta fyrirtækið mitt um tvítugt, ég hef haldið ótal módelkeppnir, sett upp tískusýningar og hina ýmsu viðburði, komið fullt af stelpum á framfæri á Íslandi og erlendis. Rekið umboðsskrifstofuna mína IceModels og svo hef ég verið með Hawaiian Tropic í Svíþjóð og Noregi. Með þessu hef ég ferðast mikið út af vinnunni. Og svo má ekki gleyma að ég á líka þrjú börn og eiginmann."

Bloggsíðan þín er mikið lesin, hvers vegna heldur þú að svo sé? „Ég held bara að fólk hafi gaman af því að lesa hana eins og því finnst gaman að lesa Séð og heyrt. Það er tilbreyting frá gráum hversdagsleikanum." Ásdís Rán bloggar um sjálfa sig og líf sitt sem undanfarið hefur verið frekar skrautlegt. Hún flutti í haust til Búlgaríu með manninum sínum, Garðari Gunnlaugssyni fótboltamanni, sem þar leikur með búlgarska liðinu CSKA Sofia. „Ég hef vakið mjög mikla athygli þar, sem byrjaði þegar búlgarskir blaðasnápar voru að rannsaka Garðar og komust að því að konan hans var módel."

Þau hjónin eru áberandi í skemmtanalífinu í Búlgaríu og umgangast alls konar fólk þar, þar á meðal þá frægustu og ríkustu þar í landi. „Ég hef fengið mörg athyglisverð tilboð í Búlgaríu, til dæmis um gerð sjónvarpsþáttar og svo hefur mér verið boðið að byrja að þjálfa þá ríku og frægu í líkamsrækt. Ég veit ekki hvað ég geri, þetta er í skoðun," segir Ásdís Rán sem sjálf vinnur að því að opna Karen Millen-verslun í Sofiu, en hún hefur mikið dálæti á því fatamerki. „Ég er að fara að hitta eigendurna í London á næstu dögum, þeir eru spenntir. Það eru rosa tækifæri í Búlgaríu í verslun, einhver heppinn á eftir að græða mikinn pening þar."

**Ræktin, jákvæðni og hollur matur**

Þó að Búlgarar hafi tekið Ásdísi opnum örmum byrjaði dvölin samt ekki vel, Ásdís lenti á spítala út af blöðru á eggjastokkunum, fékk innvortið blæðingar og var mjög veik. „Ég var skorin upp og nú er ég komin með „keisaraör", ég sem slapp við það þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum þrjár fæðingar." Læknar ráðlögðu henni að hvíla sig í að minnsta kosti þrjá mánuði, en eftir sex vikur hafði hún fengið nóg og var farin að taka léttar æfingar í ræktinni. „Það virkaði alveg fyrir mig, núna er ég orðin hress," segir Ásdís Rán sem segist dugleg að hreyfa sig og hefur mikinn áhuga á heilsu og hreyfingu. „Ég kann þetta allt saman. Ég er samt ekkert ýkt í þessu, fer kannski í ræktina þrisvar í viku," segir Ásdís. „Það skiptir líka máli að vera jákvæður og hafa gaman af því að hreyfa sig. Svo borða ég hollan mat, maturinn í Búlgaríu er mjög hollur, einfaldur og ekkert brasaður. Við förum oft út að borða þar, það er eiginlega jafn dýrt og að elda heima, eða ódýrt öllu heldur."

Búlgaría er sannarlega öðruvísi land að búa í en sænska velferðarríkið. „Það er rosaleg spilling þarna, ef þú þarft á einhverju að halda þá stingurðu bara pening á réttan aðila. Umferðin þarna er svo annar kafli, það virðir enginn umferðarreglurnar, maður bara keyrir og notar flautuna og reynir að komast á leiðarenda."



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÁSDÍS RÁN** Segist hafa fengið mörg athyglisverð tilboð í Búlgaríu.

> Ég hef gert ótrúlega margt, líklega meira en flestir á mínum aldri. Ég stofnaði fyrsta fyrirtækið mitt um tvítugt, ég hef haldið ótal módelkeppnir, sett upp tískusýningar …

Ásdís Rán hefur ekki beinlínis skýringu á því hvers vegna hún hefur slegið í gegn í Búlgaríu eins og hún orðar það. En útlitið á svo sannarlega upp á pallborðið hjá Búlgörum og hún sýnir blaðamanni nýjasta tölublaðið af búlgörsku útgáfunni á tímaritinu Max. Þar er hún á forsíðunni og í tíu síðna viðtali með myndum af sér léttklæddri. „Þetta er best selda tölublað Max frá upphafi, ég seldi meira en Monica Belluci," segir hún og er auðvitað hin ánægðasta. „Það hefur alltaf verið svona, ég sel flest allt vel og fjölmiðlar þrífast náttúrlega á því," segir Ásdís Rán.

**Dæmd ranglega**

En hvernig er lífið í frægðarsólinni,

# netto

Góðar bækur á góðu verði


Náttúran sér um sína

Rúnar Marvinsson

Rúnar Marvinsson

fyrrum skítkokkur, náttúrubarn og löngu landsþekktur matreiðslusnillingur þeysist um Ísland og eldar úr því sem landið gefur af sér. Með í för er ljósmyndarinn Áslaug Snorradóttir, en fáir taka henni fram í að festa stemmningu á filmu. Leiðin liggur út í móa, niður á höfn, út í á, í fjöruna, heim til bænda og meira að segja alla leið til Færeyja. Bókin er full af góðum mat, skemmtilegu fólki og fallegum myndum. Í bókinni eru uppskriftir frá öllum ferli Rúnars, allt frá sígildum sjávarréttum eins og Eyvindi með hor til nýuppfundinnar Tveggja-bara súpu sem á áreiðanlega eftir að lokka margan lesandann í fjöruferð.




33% afsláttur

SKAPARINN

**3.343 kr**

~~4.990~~ kr




30% afsláttur

SJÖUNDI SONURINN

**3.493 kr**

~~4.990~~ kr




32% afsláttur

DIMMAR RÓSIR

**3.393 kr**

~~4.990~~ kr




35% afsláttur

10 RÁÐ

**3.244 kr**

~~4.990~~ kr




35% afsláttur

SAGA AF FORSETA

**4.544 kr**

~~6.990~~ kr




32% afsláttur

VETRARSÓL

**3.393 kr**

~~4.990~~ kr




35% afsláttur

DÝRIN

**7.794 kr**

~~11.990~~ kr




35% afsláttur

GUINNESS 2009

**3.764 kr**

~~5.790~~ kr



40% afsláttur

SENJORÍTUR MEÐ SAND Í BRÓK

**1.794 kr**

~~2.990~~ kr

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 13 - 14. DESEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

**Kíktu á tilboðin á www.netto.is**

Tvöfaldir punktar í Nettó!




Birt með fyrirvara um prentvillur.



**ÆTLAÐI EKKI ENDILEGA AÐ VERÐA FRÆG** „Það hefur alltaf verið svona, ég sel flest allt vel og fjölmiðlar þrífast náttúrlega á því.“



fylgja henni engir gallar? „Ég valdi mér náttúrlega þetta líf, ég get ekki kvartað. En mér finnst kannski stundum að ég sé dæmd á rangan hátt, og þá bara hér á Íslandi, ég hef bara fengið jákvæða athygli úti.“ Og þrátt fyrir að hafa fengist við módelstörf þá lítur Ásdís Rán ekki á sig sem fyrirsætu. „Ég er bara að skemmta mér. Ég hef alltaf verið með ýmislegt í takinu, fyrirsætustörfin eru bara hluti af því.“

Ætlaðirðu alltaf að verða fræg? „Ég ætlaði ekkert endilega að verða fræg en mér var alltaf sagt til dæmis af spákonum að ég yrði í sviðsljósinu. Ég kenni því eiginlega um að vera fædd í ljónsmerkinu.“

Hvert er takmarkið? „Mig hefur lengi langað að reyna mig í viðskiptum, ég hef til dæmis áhuga á fasteignabraski eða annars konar verslun, en hef aldrei átt startkapítal til að reyna mig í því. Fatabransinn er ekkert sérstakt takmark, en ég held bara að það séu tækifæri þar í Búlgaríu. Þegar maður er alltaf að flytja þá er erfitt að byggja eitthvað upp, núna ætla ég bara að kýla á það.“ Langar þig að verða rík? „Ég myndi kannski ekki segja rík. En mig langar til að eiga nóg til að þurfa ekki að velta peningunum fyrir mér.“

### Hollywood bíður

Hefur leikkonustarfið aldrei heillað? „Ég veit það ekki, það er alltaf verið að ýta mér í þá átt, ég veit bara ekki hvort ég hef hæfileikann, en hef samt oft spáð í að fara á leiknámskeið. Mér hefur boðist að fara til Hollywood til að hitta fólkið á bak við Desperate Housewives og Dexter til dæmis, ég þekki mjög marga í Hollywood, Jerry Bruckheimer, Michael Bay og fleiri, hef kynnst alls konar liði í gegnum árin, til dæmis í gegnum Hawaiian tropic-fyrirsætukeppnina. En ég veit ekki hvert það leiðir mig, það á eftir að koma í ljós.“

Starfsferill Ásdísar Ránar hófst í hárgreiðslu, hún lærði þá iðn í Iðnskólanum en lauk ekki prófi, var kasólétt þegar að því kom. Eftir nokkurra ára starf á hárgreiðslustofum datt hún inn í alls konar störf tengd fyrirsætubransanum, sá um Hawaiian tropic-keppnina og skipulagði ýmsar uppákomur. „Ég held ég hafi skipulagt tugi fyrirsætukeppna og ég hef komið fullt af stelpum á framfæri.“

Spurð um fyrirmyndir segir Ásdís að þegar hún var lítil hafi hún litið mjög mikið upp til Bryndísar Bjarna, Birnu Waagfjörð, Ásdísar Maríu Franklín og Laufeyjar Einars á meðal fyrirsætna. „Ég á engar sérstakar fyrirmyndir aðrar í módelbransanum, frekar að mér þyki leikkonur eins og til dæmis Angelina Jolie og Charlize Theoron flottar.“ Er það meðvitað hjá þér að sækjast frekar í fyrirsætustörf sem tengjast karlablöðum en til dæmis hátísku? „Já, ég hef ekki útlitið sem passar í hátískuna, ég spila auðvitað úr því sem ég hef. Ég hef ákveðna ímynd og ég fylgi henni, það má segja að markaðssetningin á sjálfri mér sé alveg úthugsuð.“

Þegar talið berst aftur að fyrirmyndum segir Ásdís að mamma hennar hafi verið henni fyrirmynd, dugleg einstæð móðir. „En ég held að stærsti áhrifavaldurinn hafi verið börnin mín. Ég var náttúrlega mjög ung mamma, bara sautján. Og það voru allir að segja við mig að nú væri ég bara bundin niður það sem eftir er. En ég ákvað einmitt að hlusta ekki á það og ná bara enn lengra. Og ég hef náð lengra með hverju barninu sem ég eignast.“

### Fallegust nývöknuð

Nú eru börnin þrjú, það elsta, 11 ára strákur, býr hjá pabba sínum á Íslandi. En hin tvö, þriggja og átján mánaða, á hún með eiginmanni sínum, Garðari. Þau Garðar hafa verið saman í sex ár og segist Ásdís Rán ekki endilega hafa búist við löngu sambandi þegar þau byrjuðu saman. „Hann var líka svo ungur, bara nítján, miklu yngri en ég sem var 23 ára. En það er ágætt að fá kallana svona unga og geta mótað þá,“ segir hún og brosir. Hvernig gengur ykkur að halda hjónabandinu fersku? „Við erum frekar dugleg að gera hluti saman, það er nauðsynlegt að passa að rotna ekki hvort í sínu horninu. Það er mikilvægt að gera eitthvað skemmtilegt með makanum, þá viðheldur maður lostanum.“

Hvað finnst Garðari um athyglina sem þú færð? „Við erum ekkert í samkeppni um athygli fjölmiðla eins og stundum er verið að reyna að halda fram. Hann er bara að spila sinn fótbolta, vinnur við það. Og ég sinni mínu. En hann er nú stundum að hlæja að mér þegar ég er ómáluð heima með hárið í klessu.“ Tekurðu þig til fyrir hann? „Já, ég geri það alveg en annars finnst honum ég vera fallegust nývöknuð.“

Nú er fjölskyldan komin til Íslands í jólafrí. Og Ásdís Rán getur ekki fengið nóg af jólalögunum sem óma á öllum útvarpsstöðvum. „Mér finnst heldur aldrei of mikið af skrauti, því meira því betra. Jólin eru frábær, það er svo notalegt að vera með fjölskyldunni, borða góðan mat og það eru allir glaðir um jólin.“

## Á forsíðunni á MAX

Í nýjasta tölublaði búlgörsku útgáfu karlaritsins Max er tíu blaðsíðna viðtal með myndum af Ásdísi Rán. Tölublaðið er það söluhæsta hingað til og skákar forsíðan með Ásdísi til að mynda ítölsku þokkadísinni Monicu Belucci. Sem sjá má nota Búlgarar hið kyrilíska letur, eins og gert er til dæmis í rússnesku.










## Af blogginu

Mér líst vel á bloggarana sem kommentuðu hjá mér og Ósk og óskuðu eftir Barbie Ásdísi og Garðari fyrir Jólin HAGKAUP FARIÐI AÐ VINNA Í ÞESSU!

Ég vil nýta tækifærið og bjóða bróður dóttur mína velkomin í heiminn í dag! Hún fær væntanlega að heita ÁSDÍS RÁN er það ekki Ægir minn?? hihi... hún er allavega alveg eins og ég!

Ég verð úr sambandi í einhverja daga núna frá og með morgun deginum þegar ég slít tölvuna úr sambandi þangað til hún kemst i samband aftur í Búlgariu.

Kossar & knús

**Ásdís bloggar á asdisran.blog.is**

25%
afsláttur
til jóla



25%
afsláttur
til jóla



25%
afsláttur
til jóla



25%
afsláttur
til jóla



25%
afsláttur
til jóla



25%
afsláttur
til jóla



**Ljóð eftir ungan viðskiptavin Mublu**

Jól eru góð, jafn góð og ljóð
og jafn góð og Mubla og það er rugl
að gleyma að mubla.

*Svava 9 ára.*



**Ljóð eftir ungan við skiptavin Mublu**

Það eru að koma jól, ég hlakka til
þá fær maður jólapakka og góðan jólamat.
Í pökkunum eru gjafir sem eru flottar fyrir mig og þig.
Þess vegna hlakka ég til.

*Marianna 9 ára.*

mubla
húsgagnaverslun

nýbýlavegi 18 - 200 kópavogi - sími 517 2100 - www.mubla.is
Opið:
Mánudaga- föstudaga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 16




**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ ALLA DAGA** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

HÚSGAGNAHÖLLIN

AÐEINS NÚNA UM HELGINA!

11.-14. DES.

# HELGAR SPRENGJA



KERTI
40%
AFSLÁTTUR
FRAM AÐ JÓLUM



BOXDÝNA
45%
AFSLÁTTUR

Nocturne boxdýna **24.980**

ÁÐUR: 46.980

OPIÐ TIL KL. 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

# Logandi heitt ástarsamband

Hjónin **Inga Elsa Bergþórsdóttir** og **Gísli Egill Hrafnsson** eru miklir matgæðingar og gáfu nýverið út hina glæsilegu bók „Súkkulaðiást“ í samstarfi við Nóa-Síríus. *Anna Margrét Björnsson* fékk að ræna nokkrum girnilegum uppskriftum í aðdraganda jóla.

Okkur langaði til þess að gera splunkunýja súkkulaðibók með nýjum uppskriftum,“ útskýrir Inga Elsa Bergþórsdóttir en hún og maður hennar, Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari, hafa meðal annars unnið fyrir Gestgjafann og gáfu út súkkulaðibók í samstarfi við Maritzu Poulsen fyrir um fjórum árum. Inga Elsa segist hafa smitast af matarbakteríunni þegar hún var í námi í grafískri hönnun í Frakklandi. „Það var ekki hægt annað enda hugsa Frakkar allan liðlangan daginn um mat og matargerð. „Frakkar eru líka mjög framarlega í öllu því sem snýr að súkkulaði og nota þá mikið af dökku súkkulaði með háu kakóinnihaldi. Ég vildi einmitt notast mikið við slíkt súkkulaði í þessari bók og kenna Íslendingum að nota beiska súkkulaðið.“

Hluti bókarinnar fjallar um súkkulaðinotkun í matargerð í stað þess að nota það bara í eftirrétti og kökur. „Uppskriftirnar eru settar fram á þann hátt að fólk geti prófað sig sjálft áfram og leikið sér með hráefnið,“ útskýrir Inga Elsa sem mælir jafnframt með því að fólk setji súkkulaðispæni í piparkvörn og noti kvörnina óspart út á drykki eða mat. „Það má ekki gleyma því að súkkulaði er bráðhollt, sérstaklega fyrir konur, þar sem það inniheldur andoxunarefni sem virka sem gleðigjafi á heilann. Upplagt fyrir skammdegið!“

## HREINDÝR MEÐ TÍMÍAN-KARFTÖFLUMÚS OG SÚKKULAÐISÓSU

**800 g hreindýralund**
**olía og smjör til steikingar**

Þverskerið kjötið. Hitið olíu og smjör saman á pönnu og snöggsteikið við háan hita. Kjötið þarf mjög stuttan steikingartíma og skal aðeins brúnast að utan.



**TÍMÍAN-KARTÖFLUMÚS:**
**1 kg bökunarkartöflur**
**50 g smjör**
**mjólk eftir þörfum**
**salt**
**sykur**
**2 msk. steinselja, fínt söxuð**
**lauf af 6-8 greinum af fersku tímíani**

Sjóðið kartöflurnar í vatni þar til þær verða meyrar eða bakið þær í ofni við 200°C í u.þ.b. klukkutíma. Skafið innan úr hýðinu með skeið og stappið gróft með gaffli. Stappið smjörið saman við. Þynnið músina með mjólk eftir smekk og bragðbætið með salti, sykri, steinselju og tímíani.

**SÚKKULAÐISÓSA:**
**25 g ósaltað smjör**
**1 rauðlaukur, fínt saxaður**
**1 lítið chili-aldin, fræhreinsað og fínt saxað**
**4-6 sveppir, meðalstórir, saxaðir**
**150 ml rauðvín**
**100 ml nauta- eða villibráðarsoð**
**2 tímíangreinar**
**1 lárviðarlauf**
**salt og pipar**
**45 g Síríus Konsum 70% súkkulaði**

Hitið smjörið á pönnu og látið laukinn krauma í smástund. Bætið chili og sveppum á pönnuna og mýkið við meðalhita í u.þ.b. 3 mínútur. Hellið svo rauðvíninu og soðinu út í. Bætið tímíaninu og lárviðarlaufinu við. Látið suðuna koma upp og sjóðið niður kröftuglega þar til helmingur vökvans er eftir. Hellið sósunni gegnum sigti yfir í hreinan pott. Saltið og piprið. Skerið súkkulaðið í litla bita og bætið því út í smátt og smátt. Hrærið stöðugt í á meðan. Bragðbætið með salti og pipar eftir smekk. Haldið heitu.

**SMJÖRSTEIKTIR SVEPPIR:**
**3 msk. smjör**
**250 g sveppir, skornir til helminga**
**salt og pipar**

Hitið smjör á pönnu og steikið sveppina. Saltið og piprið. Haldið þeim heitum.

Búið til beð á miðjum diskinum úr kartöflumúsinni, dreifið sveppunum umhverfis. Hellið sósunni yfir sveppina. Setjið kjötið ofan á kartöflumúsina. Saltið og piprið.

## LAGSKIPT SÚKKKKULAÐIMÚS MEÐ JARÐARBERJUM OG KÍVÍI

**GLÆSILEGUR EFTIRRÉTTUR SEM GAMAN ER AÐ BÚA TIL. ÞEIM SEM VILJA FARA EINFÖLDU LEIÐINA ER ALVEG ÓHÆTT AÐ BERA MÚSINA STAKA FRAM MEÐ ÁVAXTAMAUKINU TIL HLIÐAR.**

**200 g Síríus Konsum 70% súkkulaði**
**50 g smjör, mjúkt**
**3 egg, aðskilin**
**100 ml rjómi**
**25 g flórsykur**
**3 kíví**
**200 g jarðarber**
**ristaðar heslihnetur til skreytingar**

Bræðið súkkulaðið ásamt smjörinu í vatnsbaði. Aðskilijð eggin og stífþeytið eggjahvíturnar. Blandið eggjarauðum, rjóma og flórsykri saman í annarri skál. Hrærið eggjarauðublöndunа saman við brædda súkkulaðið. Blandið stífþeyttu eggjahvítunum varlega saman við súkkulaðið með sleikju. Látið músina kólna aðeins.

Afhýðið kívíið og maukið það. Maukið einnig jarðarberin.

Takið 6 há og mjó glös og setjið 3 tsk. af jarðarberjamauki á botninn á hverju glasi; notið teskeið með löngu skafti. Setjið súkkulaðimúsina í sprautupoka með löngum stút og sprautið svolitlu af henni í hvert glas. Setjið 3 tsk. af kívímauki ofan á súkkladimúsina og sprautið síðan öðru lagi af súkkulaðimús ofan á. Skreytið glösin með hnetum. Raðið glösunum á bakka og og kælið músina í minnst 2 klukkustundir.



## ELDHEITT SÚKKULAÐI — handa 4

**DRYKKUR SEM SLÆR Á HROLL OG KULDA**

**200 g Síríus Konsum 70% súkkulaði, saxað**
**2 dl vatn, sjóðandi heitt**
**6 dl mjólk**
**8 negulnaglar**
**4 kanilstangir**
**ögn af cayenne-pipar**
**½ dl sykur**
**1 dl rjómi**
**1 tsk. vanilludropar**

Setjið súkkulaði og vatn í skál og látið standa í 5 mínútur. Hrærið í þar til súkkulaðið leysist upp.

Setjið mjólk, negulnagla, kanilstangir og cayenne-pipar í pott og hitið að suðu. Þeytið brætt súkkulaðið saman við mjólkurblönduna með písk. Bætið sykrinum út í og hitið að suðu. Látið malla við hægan hita í 5 mínútur. Takið negulnaglana og kanilstangirnar upp úr, skolið kanilstangirnar og notið þær til að skreyta drykkinn með þegar hann er borinn fram. Bætið rjómanum út í ásamt vanilludropum og hitið að suðu.



**CAYENNE-RJÓMI:**
**1 dl rjómi**
**1 msk. flórsykur**
**¼ tsk. vanilludropar**
**ögn af cayenne-pipar**

Blandið öllu saman í skál og þeytið þar til rjóminn fer að þykkna. Setjið rjómann ofan á súkkulaðið, skreytið með kanilstöng og berið fram strax.

## HÖRPUDISKUR MEÐ SÚKKULAÐIBALSAMEDIKI — handa 6

**FÍNGERÐUR OG FALLEGUR FORRÉTTUR SEM GAMAN ER AÐ BERA FRAM. SÚKKULAÐIBALSAMEDIKIÐ ER PUNKTURINN YFIR I-IÐ.**

**18-24 risahörpudiskar**
**olía til steikingar**
**gott blandað salat, helst með dilli**
**safi úr 1 límónu**
**salt og pipar**

Setjið örlítið af matarolíu á pönnu og hitið þar til rýkur af henni. Steikið hörpudiskinn í um 1 mínútu á hvorri hlið. Setjið heitan hörpudiskinn á salatskreytta diska. Dreypið límónusafa yfir. Saltið og piprið eftir smekk. Dreypið að lokum sírópinu í kringum hörpudiskinn. Berið strax fram.

**SÚKKULAÐISÍRÓPIÐ:**
**1½ dl balsamedik**
**3 msk. hunang**
**30 g Síríus Konsum 70% súkkulaði**

Hitið saman balsamedik og hunang í litlum potti, látið sjóða í 2- 3 mínútur á háum hita og hrærið vel í á meðan. Bætið súkkulaðinu út í og hitið að suðu.

Takið pottinn af hitanum og hrærið þar til súkkulaðið er bráðnað. Látið sírópið kólna niður í stofuhita.





**JÓLABALL** verður haldið á Ingólfstorgi í dag klukkan 16.00. Ballið er á vegum Ölgerðarinnar og fram koma Ómar Ragnarsson, Maggi Kjartans og Helga Möller. Tilvalið tækifæri til þess að dansa í kringum jólatréð utandyra.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Íslensk framleiðsla

verð frá kr. 149.900,-

Patti húsgögn
landsins mesta úrval af sófasettum
Smíðum eftir þínum þörfum
Svefnsófar/ Stakir sófar
Hornsófar/Tungusófar



Bonn Aspen Verð Kr. 313.900,-

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Íslenskt barnaefni á DVD
Fæst í öllum betri verslunum




Óvitar - leikrit eftir Guðrúnu Helgadóttur

Í Óvitum er allt á hvolfi . Þar minnkar maður með aldrinum, fullorðnir leika börn og börnin leika þá fullorðnu.

Uppsetning Leikfélags Akureyrar á Óvitum naut ómældra vinsælda og kætti unga sem aldna. Sýningin hlaut afbragðsdóma og gekk fyrir troðfullu húsi. Nú er loks hægt að njóta þessarar frábæru sýningar aftur og aftur á mynddiski.

Móðurfélagið ehf.
Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.




Vignir Rafn var að koma af æfingu á jólaleikriti Þjóðleikhússins þegar ljósmyndarinn hitti hann á rölti um gráa en undarlega fagra Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekkert eins gott núna og ærlegur trommusláttur

**Helgin er þaulskipulögð hjá leikaranum Vigni Rafni Valþórssyni. Hún fer meðal annars í mótmæli, smákökubakstur, þungarokk og matarboð. Pottþétt prógramm sem getur varla klikkað.**

„Ég ætla að vakna snemma til að ná nokkrum súrrealískum ljósmyndum í ljósaskiptunum," byrjar Vignir Rafn Valþórsson þegar forvitnast er um fyrirætlanir hans í dag. Það er bara byrjunin.

Eftir myndasnúninginn hefst undirbúningur fyrir hlutverk hans sem André Breton í Fridu Kahlo sem frumsýnt verður í vor. Eftir hádegi kveðst hann svo ætla að mæta á Austurvöll með ilmandi latte. „Maður verður að sýna sig og kalla „já" á réttum tíma eins og hinir sauðirnir," segir hann. „Jafnvel þó að maður sé ekkert sammála ræðumanninum."

Svo byrjar stuðið, æfing með leikarabandinu Heimilisrónar. „Ekkert er jafn gott til að gleyma kreppunni og ærlegur trommusláttur," segir Vignir Rafn sem eftir æfinguna ætlar í matarboð með Karabíanklúbbnum, aðdáendafélagi FM Belfast, og á tónleika á eftir á Q-bar. „Vonandi verð ég búinn að ná mér eftir harðsperrurnar sem ég fékk í sigurleik Þjóðleikhússins yfir Borgarleikhúsinu í fótbolta í vikunni því það verður dansað," segir hann brosandi og bætir við að eftir slíka geðveiki geti hann einungis vonað að nóttin fari fögrum höndum um hann.

Á morgun ætlar Vignir Rafn á hádegisfund leikfélagsins Vér morðingjar og jafnvel „rölta um gráa en undarlega fagra Reykjavík á eftir" eins og hann orðar það sjálfur. „Svo er matur hjá mömmu í Kópavoginum, vonandi steik," segir hann glaðlega og kveðst ætla að slútta helginni með sörubakstri hjá Birni Hlyni meðleikara sínum í Sumarljósi sem frumsýnt verður um jólin.

*gun@frettabladid.is*




Fallegt trekt vasaúr fyrir frímúrarana
Verð með festi Kr 18.900

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari

MJÓDDINNI
Álfabakka 16
sími 587 4100



Við mætum kreppunni 25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta




Mikið úrval af hornsófum og sófasettum frá Italsofa





Nabucco Borðstofusett



Vandað leðursófasett 3+1+1

www.valhusgogn.is

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardag kl. 11-18 - Sunnudag kl. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

**BARNABÓKAHÖFUNDAR** lesa úr bókum sínum á desembermarkaði Íslenskrar hönnunar, handverks og nytjalistar á Laugavegi 172 um helgina. Höfundarnir eru Magnea J. Matthíasdóttir og Herdís Egilsdóttir.






Jólakjólar og falleg föt í jólapakkann

opið alla daga til jóla

Selena

Síðumúli 3, S. 553-7355




Kórinn á aðventukvöldi í Lágafellskirkju. MYND/ARNDÍS BERNHARÐSDÓTTIR LINN

# Sungið fyrir Kyndil

**Kór Lágafellssóknar heldur sína níundu styrktartónleika á morgun en ágóðinn rennur að þessu sinni til björgunarsveitarinnar Kyndils.**

Kirkjukór Lágafellssóknar, undir stjórn organistans Jónasar Þóris, heldur níundu styrktartónleika sína í röð og bera þeir yfirskriftina Jólaljós. Nýtt styrktarverkefni er valið fyrir hver jól og að þessu sinni rennur ágóði tónleikanna til björgunarsveitarinnar Kyndils í Mosfellsbæ.

„Þessi hefð skapaðist þegar ég hóf störf sem organisti í Lágafellssókn árið 1999 og hefur haldist síðan. Kórfélagar, sem eru 28 talsins, velja nýtt styrktarverkefni á hverju ári og reynum við að velja samtök sem hafa verið í umræðunni og þurfa á stuðningi að halda,“ segir Jónas.

Að venju leggur fjöldi góðra listamanna verkefninu lið. Má þar nefna Egil Ólafsson, Jóhann Friðgeir, Önnu Siggu, Örn Árnason og Margréti Árnadóttur. Eins er von á leynigesti. Slegið verður á margvíslega strengi en megináhersla er lögð á jólatónlist.

Tónleikarnir verða haldnir í Fríkirkjunni sunnudaginn 14. desember klukkan 17. Miðasala fer fram við innganginn og í safnaðarheimili Lágafellssóknar. *- ve*

# Alþjóðlegur markaður

**Á jólamarkaði í Gerðubergi má verða sér úti um ýmiss konar varning, hlýða á upplestur og kynna sér alþjóðlegan skiptibókamarkað.**

Desembermarkaður, þar sem Breiðhyltingar og aðrir geta selt handverk, smákökur, leikföng, jólaskraut, jólakonfekt og fleira, verður starfræktur í Gerðubergi í dag milli klukkan 13 og 16. Jólastemningin verður þar allsráðandi, leikin jólatónlist og boðið upp á jólalegar veitingar.

Þá verður hægt að hlýða á upplestur fyrir börn og fullorðna á pólsku, taílensku og albönsku en auk þess verður alþjóðlegur skiptibókamarkaður kynntur til sögunnar. Fólk er hvatt til þess að koma með bækur og tímarit á erlendum tungumálum og fá aðra bók í staðinn. *- ve*



Á jólamarkaðnum má verða sér úti um ýmiss konar varning.




Nám til frambúðar

Kvöldskóli

Byggingatækniskólinn
- Húsasmíði
- Húsgagnasmíði
- Málaraiðn
- Tækniteiknun
- Grunnnám tréiðna

Hönnunar- og handverksskólinn
- Listnámsbraut, almenn hönnun

Raftækniskólinn
- Grunnnám rafiðna
- Rafeindavirkjun
- Rafvirkjun - verknám

Tæknimenntaskólinn
- Almenn námsbraut

Véltækniskólinn
- VA - vélstjórn ≤ 750

Kennt í lotum

Meistaraskólinn
- Allar greinar

Fjarnám

Byggingatækniskólinn
- Húsasmíði
- Málaraiðn
- Múraraiðn
- Tækniteiknun

Fjölmenningarskólinn
- Íslenska fyrir nýbúa

Tæknimenntaskólinn
- Almenn námsbraut

Upplýsingatækniskólinn
- Tölvubraut
- Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina

Skipstjórnarskólinn
- Skipstjórnarnám

Raftækniskólinn
- Rafeindavirkjun
- Rafiðnabraut
- Rafvirkjun

Meistaraskólinn
- Allar greinar
- Staðbundnar lotur og fjarnám

Diplómanám

Endurmenntunarskólinn
- Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
  - Útvegsrekstrarfræði
  - Flugrekstrarfræði
  - Almenn lína í rekstri og stjórnun
  - Rekstrarfræði
- Lýsingarfræði
- Lýsingarhönnun
- Margmiðlunarskólinn

Flugskóli Íslands

Næstu námskeið
- Bóklegt einkaflugmannsnámskeið
- Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið
- Flugkennaranámskeið
- MCC námskeið

Skráning hafin á www.flugskoli.is

Innritun í kvöldskóla og fjarnám lýkur 30. desember.
Aðstoð við innritun verður dagana 29. og 30. desember frá kl. 16.00 - 19.00.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Allar nánari upplýsingar á **www.tskoli.is** og í síma **514 9000**



Systurnar Helga og Guðrún Arnalds með fallegar leikbrúður Tómasar Ponzi sem notaðar verða í yndislegu jólabrúðuleikhúsi í Gerðubergi á morgun, en þar má einnig upplifa heimsókn jólasveins og njóta fagurrar jólatónlistar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Brúður hjálpa í nauðum

**Börn eru alls staðar eins; saklaus, hjálparvana og í þörf fyrir öryggi, umhyggju og ást. Í hæstu byggðum Himalajafjalla sjá smábörn um sig sjálf í ískulda og allsleysi. Íslenskt brúðuleikhús færir þeim betri tíð.**

„Við höldum brúðuleikhúshátíð til styrktar börnum í Himalajafjöllum,“ segir Guðrún Arnalds hómópati um brúðusýningar í Gerðubergi á morgun, sunnudag.

„Börnin búa við mikla eymd í hæsta héraði Tíbets, sem er á mörkum þess byggilega sökum kulda og þunns loftlags. Héraðið Dolpo er í afskekkktu fjalllendi; umsetið glæpahringjum sem sitja fyrir allri aðstoð, en munkar njóta virðingar á þessum slóðum og komast ferða sinna óáreittir,“ segir Guðrún, en þannig komst munkurinn Lama Tenzin á snoðir um auma tilveru barnanna í Dolpo, sem flest eru munaðarlaus og farin að sjá fyrir sjálfum sér á fjórða ári.

„Lama Tenzin setti á fót barnaheimili á Indlandi þegar hann kom fyrst frá Dolpo, en börnin þar fá enga menntun. Síðan hefur hann tekið þau með sér allt niður í eins árs og menntað þau fram á unglingsár í viðurkenndum skólum.“

Hugmynd Lama Tenzins er að virkja skjólstæðinga sína til að kenna yngri börnum í sinni gömlu heimabyggð, en ferðin til Dolpo tekur nítján daga, þar sem gengið er í fjöllum í tíu tíma á dag.

„Í haust fór hann með elstu börnin til að sýna heimamönnum hversu vel börnin hafa dafnað og lært, en með brúðuleikhúsinu reynum við að safna fyrir rútu milli heimilis og skóla, því um langan veg er fyrir þau að fara til náms á tveimur jafnfljótum.“

Dagskráin hefst klukkan 13 með sýningu Sögusvuntunnar á Jólasögu Tolstoys, en eftir heimsókn Stúfs með börnunum sýna Tíu fingur Jólaguðspjallið. *thordis@frettabladid.is*


Opið laugardaga til jóla kl. 11-16

Eirberg



Betra loft
betri líðan

Airfree lofthreinsitækið

Byggir á nýrri tækni sem eyðir
• Svifryki, myglusveppi og ólykt
• Gæludýraflösu og bakteríum
• Vírusum og öðrum örverum
• Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt
• Tilvalið á heimilið og skrifstofuna

Hæð aðeins 27 cm

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun
að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,

fimmtudag og föstudag frá kl:1200-19:00
laugardag frá kl 11:00-16:00

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN



ELDHÚS



BAÐ



FATASKÁPAR



ÞVOTTAHÚS

INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF



KAUPAUKI
Pottasett fyrir spanhellur
( verðmæti kr. 25.000 )
Þegar þú verslar við okkur fyrir a.m.k. kr. 500.000 færð þú vandað STÁLPOTTA-SETT í kaupbæti.

NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP. TIL AFGREIÐSLU AF LAGER EÐA MEÐ STUTTUM FYRIRVARA

AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM
25%
AFSLÁTTUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
VIÐ BJÓÐUM VISSAR GERÐIR BAÐINNRÉTTINGA OG FATASKÁPA MEÐ 50% AFSLÆTTI.
Einnig vissar gerðir raftækja með 40-50% afslætti
(ofnar, keramikhelluborð, háfar, gaseldavélar, gashelluborð)

NÚ GETUR ÞÚ GERT REYFARAKAUP!!!

25%-50% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM, ÞEGAR ÞAU ERU KEYPT MEÐ INNRÉTTINGU !



ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - HELLUBORÐ - VIFTUR - HÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - KÆLI -OG FRYSTISKÁPAR

OPIÐ
MÁN. - FÖST. KL. 10-18
LAUGARDAG KL. 11-16

ELBA scan SNAIGE

NÝ VEFSÍÐA - VELKOMIN 24/7
www.friform.is

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

**MANDARÍNUR** og aðrir ávextir eru alltaf klassískar gjafir í skóinn. C-vítamínið er líka svo gott fyrir börnin á þessum árstíma.



Gefðu hlýja gjöf.
Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali



• Jakkar
• Úlpur
• Ullarkápur
• Dúnkápur
• Vattkápur
• Hattar
• Húfur

Opið á Sunnudögum Til jóla frá kl.13-17
Næg bílastæði

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6
Sími 588 5518
Opið virka daga Frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17



Gott úrval af fóðruðum leðurstígvélum fyrir dömur.
Stærðir: 36 - 40
Verð frá 16.750.- til 21.650.

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-fös 10-18
lokað á sunnudögum
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20

ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga



Gott er að saga fimm sentimetra bút neðan af jólatrénu áður en það er sett upp í stofunni.

# Líflegt tré í stofu

**Til að jólatré taki sig sem best út í stofunni og stofan fyllist ekki af furunálum þarf að hugsa vel um það.**

Á vef Skógræktarfélags Íslands www.skog.is má nálgast leiðbeiningar um umhirðu jólatrjáa.

- Geymið jólatréð á köldum stað fyrir uppsetningu, til dæmis á svölum eða í bílskúr.
- Gætið þess að jólatréð standi ávallt í vatni.
- Þegar tréð er sett upp á að saga sneið neðan af bolnum, um 5 cm þykka.
- Hafið tréð í góðum vatnsfæti og gætið þess að það þorni ekki.
- Fyrsta vatnsáfyllingin má gjarna vera með heitu vatni.

Svo má auðvitað benda fólki á að skila trénu í endurvinnslu þegar jólatíðin er á enda.
*- sg*

Spörum pening, höfum gaman
Mætum í
Fjarðarportið



Stórhuga athafnamenn áttu mikinn þátt í atvinnubyltingunni í upphafi 20. aldar. Nafnfrægastur þeirra er líklega Thor Jensen sem stóð fyrir umsvifamikilli útgerð og verslun sem teygði anga sína um land allt.

Frábær stemning fyrir alla þá sem vilja gera góð kaup!

Opnum kl 12.00 í dag að Kaplahrauni 2, Hafnarfirði. Örfáir básar lausir.

Fyrir alla þá eru með einhverjar vörur til að selja, nýtt eða notað.

Fjarðaportið uppl. í síma 578-3040




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, ódýrt! ...eftir þínu höfði. Tilboð Jólakort með umslagi 99 kr.- www.prentlausnir.is

**ICEBIKE auglýsir**
**Opið á laugardögum í desember.**

**Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur.**

**Mikið úrval : Mótorhjól - Fjórhjól - Hlífðarfatnaðaur - Skór - Hjálmar - Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn.**

**Gjafakort Icebike.is**

**Iðavöllum 10 , sími 421 5452 230. Keflavík**



**LAGERÚTSALA**
Rúmstæði með dýnu og náttborðum. frá 81.450.- Barnagólfteppimargar gerðir 120x180 á 6450.- og 140x200cm á 7950.- speglar 5900.- Barnaskápar, glimmergreinar, Ný rúmteppi og margt fl. 30- 80% afsláttur.Opið virka daga 14-18, laugardaga 12-15 Kletthálsi 13, S:6600035.

**Evrur og dollarar til sölu!**
**Evrur og dollarar til sölu, takmarkað magn til afhendingar hérlendis og erlendis. Uppl. í s. 618 7001**
**Uppl. í s. 618 7001**

Takmarkað magn! Básamottur kr. 7990- Nótuð plastborð og rimar í fjárhúsgólf. S. 565 1048 & www.johannhelgi.is

Tölva, prentari, skrifborð, stóll, hillur, sófaborð, teppi: 5-10.000 stk. eða allt á 55.000 kr. sími 8632327 husgogn@kontext.is

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v. Áratuga reynsla. Uppl. í síma 898 3206.




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið á laugardögum frá kl. 9-16.

Gott Snjóbretti til sölu Rossignol bretti og Rossignal bindingar. Í toppstandi. Upplýsingar í síma 665 8199.

Fatalager til sölu! Úlpur - Gallabuxur - Jólabolir. Uppl. í s. 869 6696.

Til sölu Rainbow ryksuga 90000,- Rúm 120cm 3000,- Rúm 90cm m/rafm. Í botni 15000,- Tekkskápur 117x103cm 3000,- Tölvuborð og bókahilla fást gefins. Uppl. í s. 690 2849 & 861 3602.

## Vélar og verkfæri




Hefilbekkur óskast notaður eða nýr uppl í 5522427/8588539

## Til sölu




## Óskast keypt

Óska eftir góðu heimabíói & sýningartjaldi. Uppl. í s. 691 0390.

„Notuð úr óskast i stáli, gull/stál eða gull: Öll model af; Rolex Submariner, GMT, Yachtmaster og Daytona. Panerai. Öll model . Audemars Piquet Royal Oak Offshore: Öll herra model. Úrunum verður að fylgja askja og ábyrgðarsk. Staðg. í euro eða is kr. Samb: eik@meisingset.dk eða +4528113025 (enska)“

Óska eftir að kaupa útilegusvefnkassa ofan á bíl. Uppl. í s. 892 3458, 567 5343 & 869 4435.

Óska eftir að kaupa CD, DVD diska og vínil hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

**Átt þú svigskíði til sölu?**
Óska eftir góðum skíðum á góðu verði! Skíði: 110-115 cm, 130-135cm og 170-175cm Skíðaskór: nr. 33, 36 & 45. S. 770 1080 / herdisg@torg.is

Er að leita af gömlu tekk skrifborði. Uppl. í s. 897 2007.

## Heimilistæki

Til sölu Euro Cave vínskápur fyrir 96 flöskur. Hæð 122cm, breidd 60cm. Verð aðeins 75þ. fyrir skáp frá virtasta framleiðanda heims. S. 844 8138.

## Til bygginga

Óska eftir að leigja úti vinnulyftu í ca. 1 og 1/2 mán. Uppl. í s. 691 0390.

Timbur 2x4 tommur 3,80m. 2x5 tommur 5m. Vinnuskúr á hjólum. Gott verð. S. 892 4624.

1x6 tomma 3,90 - 130 stk. 2x4 tomma 4,20 - 26 stk. Einnota verkpallur 50 % afsl. Uppl. í s. 697 5090.

Til sölu vatnsrör 1 ¼ galv. 3500 - 4000 lengdarmetrar Selst í einu lagi á góðu verði Upplýsingar í síma 660 8000.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Hljóðfæri



Til sölu EVA harmonika 72 bassa kr.59.000.- S: 8247610 & 6601648



Harmoniku og hljóðfæra vagnar Harmonikukensla EG-tónar S. 824 7610 & 660 1648.




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr.6.900 1/2 stærð kr. 8.900 Full stærð kr.12.900 Gítarpakkar: 3/4 kr. 12.900 4/4 kr. 15.900 Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 15.900 Trommusett kr. 59.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Bækur

Nú ferðast allir innanlands. Höfum falleg kort og bækur til jólagjafa. fixlanda. is

## Verslun




ÍSLENSK BARNAFÖT Þórsgötu 13 opið í dag frá 12 - 17 uppl. á www.pjakkar.is






Nafnahálsmen og skartgripir, silfur og gull. Hringa, skartgripaverslun Laugavegur 20b (Klappastígs megin) S. 698 2655.




## Ýmislegt

Gjaldeyrir til sölu Pund evrur og danskar krónur, hafðu samband. abitt48@gmail.com

# HEILSA

## Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Vantar þig tíma ! Meiri orka, tími, næring og eftirfylgni. Herbalife te og vítamín er málið. S. Óli Maríus s. 847 1110, www.heilsufrettir.is/fireface & 891 9883. www.betrileid.is, Sólrún Ósk

Herbalife vöruúrval. Sérsniðnar næringarlausnir. dagamunur.heilsuskyrsla.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

NUDD NUDD NUDD. BARBARA 693 4684.

**Svæðameðferð**
Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímapantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótískt nudd að ræða!!! Geymið auglýsinguna. Munið Gjafakortin.

# ÞJÓNUSTA






**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Er þrítug kona, öryrki, sem óskar eftir ísskáp. Helst gefins. S. 864 1944.

Ískápur, sjónvarp með innb. video og sófi. Selst allt saman á 15þús. S. 860 1178

## Dýrahald



Gullfallegir Siberian Husky hvolpar til sölu, tilbúnir til afhendingar 24. des.(8 vikna) eða síðar. Ættbókafærðir, örmerktir, bólusettir og heilsufarsskoðaðir. Uppl. veitir Úlfar Finnbjörnsson. S.897 2923.



**Jólatilboð**
30% afsláttur af Aqua Art fiskabúrum. Búrin koma í 3 stærðum, 20, 30 og 60 lítra.Með búrunum fylgir hreinsibúnaður, lok með ljósi, matur og bætiefni. DýragarðurinnSíðumúla 10S:517-6525

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is**
**Sími 566 8417 bjóðum visa/ euro raðgreiðslur.**

2 Pomeranian yndislegar tíkur til sölu. Tilbúnar til afhendingar. Bólusettar, örmerktar og ættbókarfærðar. Uppl. í s. 698 0868.

4, 8 vikna, yndislegir Border Collie blendingar vantar góð heimili. Uppl. í s. 868 7626.

4 mán. Chiuahua tík. Örmerkt og ættbókfærð. S. 847 9674.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

## Ýmislegt

Stór antik Húsbóndastóll frá 1900 (Vínarborg) til sölu verð 100000. Bang og Olufsen (BO) sjónvarp verð 50000. Stór Amerískur ískápur verð 50000. Retro ískápur (Smeg stíll) frá 1940 (einn fyrsti sem kom til landsins) verð 30000. Stór eldri eldhúsinnrétting með helluborði, viftu og microofni. Fjórir Thonet Borðstofustólar frá 1900 (Vínarborg) 50000

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska



Hlífar 130gr til 250gr kr. 4.950 Hestavörur á góðu verði Tito.is Súðarvogi 6 - S:511-1045 / 861-7388

## Ýmislegt



Plastmódel í miklu úrvali. Opið frá kl. 11-18:00 í dag, 13-17:00 sunnudag. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Rvk - Hfj**
**2ja - 3ja og 4ja herbergja íbúðir til leigu. Langtímaleiga. Upplýsingar á www.heimahagar.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4530.**




**Barmahlíð:**
Þriggja herbergja kjallaraíbúð. Sér inngangur. Laus um áramtót. S. 861 1123.

**Í Hlíðum:**
Tveggja herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. Laus um áramót. S. 861 1123.

**Hlíðar**
Rúmgóð ca 85 fm þriggja herbergja íbúð á 1. hæð. Þrjár tröppur upp. Sér inngangur. Laus. S.861 1123.

**Íbúð til leigu**
Til leigu 2ja herbergja 60 fm íbúð á jarðhæð í Fossvoginum. Laus og tilbúin til afhendingar strax fyrir góðan leigjanda. kr 95þ. Uppl. í s. 898 1276.

Stúdíó 35 fm í Seljahverfi. M. húsgögn. Þvottavél og internet. 70 þ. á mán. Trygg. 70 þ. Guðný í s. 821 6610.

Góð 4 herb. íbúð ca. 100fm í góðu fjölskylduhv.(109) til leigu. Húsal. 125þ. hússj. innif. Getur leigst m/ húsg. Uppl. í s. 659 8980.

pokoj do wynajecia dla 1 osob-35tys. 01.01.09. w haf. Tel 894 2891.

Herbergi til leigu í 105. húsgögn og ísskápur fylgja. Uppl. í s. 690 6065.

Ágæt 2 herb. íbúð á jarðhæð í 3býli í 108. V. 85 þ. á mán. Langtímaleiga. Trygging er skilyrði sem samsvarar 3 mán. leigu í formi bankaáb. S. 660 4545, Sveinn.

Mosfellsbær. Íbúð til leigu í einbýlishúsi. Sérinngangur. S. 891 7040.

**Gullteigur, Rvk.**
147 fm 4 herb. ný sérhæð í nýju húsi laus strax. Uppl. í s. 821 0700.

**Selvogsgata, Hafnarf.**
58,2 fm 2ja herb. íbúð laus strax. Uppl. í s. 821 0800.

**Hraunbær, Rvk.**
91,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. suður svalir. Uppl. í s. 821 0700.

**Bústaðavegur, Rvk.**
135 fm 4 herb. sérhæð og ris allt endurnýjað . Uppl. í s. 821 0700.

**Álfkonuhvarf, Kóp.**
106,6 fm 3 herb. nýleg íbúð með stæði í bílahúsi. Uppl. í s. 821 0700.

**Vindakór, Kóp.**
110 fm 3 herb. ný íbúð með stæð í bílahúsi. uppl. í s. 821-0700

**Vindakór Kópavogi**
136 fm 4 herb. ný íbúð með stæði í bílahúsi. Uppl. í s. 821 0700.

2ja herb. 50fm íbúð í s-Hfj. til leigu. 65þ. á mán., sérinng. Uppl. í s. 660 5208.

3 herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín. keyrsla til Rvk. Ásamt hesthúsi. S. 869 5212.

**Austurströnd 170 - Seltjarnanes**
Til leigu mjög góð 2 herb. íbúð á 4 hæð ásamt stæði í lokaðri bílgeymslu á annari hæð. Glæsilegt útsýni, eikarinnréttingar, parket, flísalagt baðherbergi, langtímaleiga. Leiguhugmynd 98 þ. á mán. Íbúðin er laus strax. Frekari uppl. hjá Steinunni í s. 893 4554.

Góð 2 herb. íbúð í Hraunbæ. Öll þjónusta í nálægð. V. 90 þ. á mán. Innif. Hússj. Trygging 90 þús. S. 866 4754 & 557 5058.

3ja herb. íbúð Álftamýri á 2 hæð íbúðin er nýmáluð. verð kr. 100.000 á mán. Uppl. í síma 897 8061.

Stór 2ja herb. íbúð við Stóragerði verð kr. 98.000 á mánuði. Uppl. í síma 896 4013.

Stórglæsileg ný 3ja herb., íbúð í lyftuhúsi vestur í bæ. Stórkostlegt útsýni. Verð kr. 125.000 á mán. Uppl. í síma 895 8340.

Ný 2ja herb. íbúð við Helluvað með stæði í bílageymslu. Ísskápur og uppþvottavél fylgja íbúðinni. verð. kr. 98.000 á mán. Uppl. í síma 896 4013.

Nýuppgerð falleg hæð til leigu í hlíðunum. 2 svefnh. og 2 stofur. S. 899 8436.

200fm hæð á einbýishúsi til leigu á 150þ. mán. Hiti & rafm innif. S. 860 3600.

Falleg 2.herb á 1hæð til leigu á Akranesi.Getur leigst með öllum húsgögnum!Linda 8693902.

TIL LEIGU 3 HERB. ÍBÚÐ Í BREIHOLTI NÝTT ELDHÚS ÚTSÝNI LAUS FYRIR 1 JAN. 822-2471

Sérhæð 85 fm.(4 herb. íbúð.) Með eða án húsgagna í 101 Verðhugmynd 120 þ. Uppl. í s. 898 9449.

95fm íbúð í Sölum Kóp. Leiga 120þ. Innif. hússj. og rafm. Uppl. í s. 864 3631.

45fm íbúð við Hlemm verð 68þ. pr. mán. Laus fyrir jól. S. 892 4624.

2. herb. glæsileg íbúð í Seljahverfi m. ísskáp, uppþv.vél, Int., Sér inng og lóð. reyklaus. V95Þ. m hita/rafmagn. Laus. S. 616 2873, 557 3336.

38 Til 45fm íbúðir til leigu í 101 75þús per mán. 1 mán. fyrirfram. Skilvísar greiðslur og reglusemi áskilin. Uppl. í s.568 1848.

**Hús til leigu**
Til leigu 250 m2 einbýlishús í Kóp. leiga 250 þ. mán., eitthvað af húsg. getur fylgt, laust 1 des. Lítil íbúð í kjallara í útleigu. Uppl. í s 860 8810.

Falleg íbúð til leigu fyrir 60 +. á Skólabraut Seltjarnarnesi, 52 fm, á 2 hæð í lyftuhúsi. Nýmáluð og laus strax. Uppl. Kristín s. 659 3686, Soffía 822 8887.

2ja herb. íbúð til leigu með sérinngangi á sv. 200. Leiga 85þ. m/ rafm. og hita. Laus 1 jan. aðeins f. reglus. Uppl. í s. 893 3475.

4 RENT Nýleg ósamþ. 90m2 ibúð í Garðabæ mjög opin. Verð 110þ. m hita. Uppl. í s. 892 7858.

Til leigu 4 herb. íbúð á góðum stað nálægt skóla og leikskólum. Stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 869 4993.

Íbúð m. öllum húsg. og húsbún. í Teigunum. 85 fm, 3 svefnherbergi. 115þ. á mán. Uppl. í s. 861 3100.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

Parhús í Heimalind Kópav. 165 fm 5 svefnh. leigist til 1. júlí '09. Uppl. í s. 822 0920.

Norðurbakki-Hafnarfjörður. Glæsileg 4 herb. íbúð með sjávarútsýni. Laus til langtímaleigu. 110fm auk geymslu og bílkjallara. Páll s. 696 4464.

Til leigu 3 herb. íbúð í Hraunbæ á 2 hæð í litlu fjölb., verð 110 á mán. S. 862 5578.

Nýuppgerð 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

Nokkur herbergi m prívat baðherbergi og ein stúdío íbúð til leigu í Stapahrauni 2, Hf. Eldhús, þvottahús, frítt internet, húsgögn ef þarf. S: 893 6060

107 RVK: Falleg 4herb, 97 fm ásamt bílskýli, s 8998264. 3 bedrooms and a living room.

Herb. til leigu í 220. Hentar vel sem skrifst. eða gistir. 33 fm. S. 693 7815

Rvk-109. Falleg og vel skipulögð 2ja herb kj-íbúð í einbýli fyrir reykl. og reglus einstkl. Laus 15.des. Verð 79 þús. Netf. fossar@visir.is eða 004538800045

4ra. HERB ÍBÚÐ 98fm. TIL LEIGU Í HAFNARF. SÉRINNG. V.125þ. sími 865-7101 Linda

80 fm, 3 herb. íbúð til leigu á Hjarðarhaga. 107 Rvk. S. 551 4981 & 692 8226.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir að taka á leigu hæð, raðhús eða einbýlishús í Vesturbænum (107). Helst +130 fm, öruggar greiðslur . Áhugasamir sendi póst á thorhalla73@hotmail.com

Studío eða 2herb. íbúð óskast í 101 (reykir) verðhugmynd kringum 80þús. S. 899-4489

Reglusöm fjölskylda óskar eftir að leigja stóra íbúð eða hús í Salahverfi, til að m.k. 2 ára. Trygging og fyrirfr. greiðsla. Uppl. s. 869 7838

50 ára karlmaður óskar eftir stúdíóíbúð eða góðu herbergi. Reglusemi og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í s. 846 1141.

## Sumarbústaðir

Sumarhúsateikningar, 30 ára reynsla. Mikið úrval af stöðúðum teikningum. www.teiknivangur.is

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæði**
Fyrir tjaldvagna og hjólhýsi ofl. Ath upphitað húsnæði. Uppl. í síma 770 5144.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Bílageymsla og fleira. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Til leigu um 30 fm bílskúr/geymsla á lokuðu, vöktuðu svæði. Hiti, vatn, rafm. og wc. S. 822 4850.

Óska eftir rúmgóðum bílskúr eða iðnaðarbili til leigu. Uppl. Björn s. 618 3575.

25 fm bílskúr til leigu í Hafn. 27.000 pr. mán. Uppl. í s: 823-6465

## Gisting

**Gisting í Kaupmannahöf**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vélavörð vantar á beitningavélarbát.**
**Upplýsingar gefur skipstjóri í síma 842 2886, 852 2086 eða 861 7655.**

**Hrói Höttur Hringbraut 119.**
**Óskar eftir starfsfólki í afleysingar yfir jól og áramót. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Upplýsingar í síma 844 6292, Eva, eða sendið umsókn á eva@hroi.is**

**Ókeypis námskeið**
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag. Ný tekjuleið! Námskeiðið fer fram á netinu, www.netvidskipti.is

starf.is

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir vönu fólki til pökkunar og snyrtingar. Einnig er leitað að gæðastjóra. Eingöngu er leitað eftir íslenskumælandi fólki. Uppl. í s. 660 2760.

Við leitum að kraftmiklu fólki yfir 25 ára með metnað og úthald. s. 662 5599.

Vantar fólk ! Öll kennsla í boði. Sjálfstæður herbalife dreifingaraðilar. Sólrún Ósk S. 891 9883. www.betrileid.is & Óli Maríus s. 847 1110, www.heilsufrettir.is/fireface

Óskum eftir au pair til noregs í 1 ár frá miðjum jan. Email til fluga@live.no

Vélastjóra og vantar á 100 tonna togbát. Vélarstærð 640 hestöfl. S. 892 0367.

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Upplýsingar í síma 004793612668

Bergen Kallar. Óskum eftir fólki innan Málm og vélsmíði.Einnig verkfræðinga og prentara.Umsóknir sendist til jobb@bemanningssentralen.no

Szukamy kontaktów z Polska. Odkryj mozliwosci biznesu z Herbalife. Informacje przez telefon 863 6523.

**ATVINNA Á ÍSLANDI**
Þú getur fiskað fyrir milljón eða meira á einum degi. Frjálsar smábátaveiðar munu veita þjóðinni þúsundir starfa. Aðalsteinn Agnarsson

## Atvinna óskast

Tek að mér að brýna skæri og hnífa. Upplýsingar í síma 899 2167.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**23 ára í dag !!! :)**
**Vegna mikilla anna undanfarið hef ég ekki haft mikin tíma fyrir kvenþjóð en í tilefni dagsins langar mig að kynnast dömu, er ungur og hraustur, gullfallegur forritari með vinnu, það er engin kreppa hjá mér !! Þær sem hafa áhuga endilega kíkið á heimasíðuna mína og hafið samband við mig í gegnum hana www.gaui.is.**

## Ýmislegt

þarftu aukatekjur? gerðust ráðgjafi fyrir AA Cosmetics. Sendið svör á LKC@LKC.IS.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

# ÞJÓNUSTA



Viltu ná betri árangri ? www.betrileid.is & www.heilsufrettir.is/fireface

Dollarar til sölu! Nokkur þúsund USD til sölu, sanngj. verð. Uppl. í s. 820 6475.

### Vinur óskast!

Fertug kona, dökkhærð, síðhærð, grannvaxin, vill eignast vin. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8957.

### Ný upptaka

Jæja karlmenn. Hér er frábær hljóðritun ungrar konu sem er ein með sjálfri sér í alveg makalaust nautnalegri upptöku! Njóttu vel í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, ódýrara), upptökunr. 8617.

### 35 ára kona

grannvaxin og barmfögur leitar kynna við karlmann með tilbreytingu í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8181.

# Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Nám

# Skóli fyrir þig?

**Handverks- og hússtjórnarskólinn Hallormsstað**

Langar þig að stunda skemmtilegt nám:

- í heimavistarskóla?
- í góðum félagsskap?
- í fögru umhverfi?

Vegna forfalla getum við bætt við nemendum á komandi önn sem hefst 6. janúar.



Uppl. www.hushall.is eða í síma 471 1761

## Til leigu

### EINBÝLISHÚS Í FOSSVOGI ÓSKAST

Traustur kaupandi hefur beðið okkur að útvega gott einbýlishús í Fossvogi, að minnsta kosti 250 fm að stærð.

**Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514 eða Magnús Geir Pálsson sölumaður í síma 892-3686**

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

# TIL LEIGU

5 herbergi í 7 herbergja íbúð á svæði 110 voru að losna og eru til leigu. Aðgangur að eldhúsi, tveimur baðherbergjum, þvottavél og þurrkara. Leiga frá kr. 30.000 á mánuði pr.herbergi. Þrif á sameign innifalin. **Uppl. í síma 896-6551.**

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð til leigu að Lynghálsi 10, 110 Reykjavík. Húsnæðið er ca. 455,4 - 835,4 fm og skiptist annars vegar í skrifstofur, fundarherbergi, sýningarsal og kaffistofu og hins vegar 380 fm. lagerhúsnæði. Getur einnig leigst í sitt hvoru lagi. Leiga kr. 1.200 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Skrifstofuhúsnæði á þriðju hæð að Lynghálsi 10 til leigu, 468,6 fm. Skiptist í 6 skrifstofuherbergi, fundarherbergi, matsal, fundarsal og að auki 10-14 starfsstöðvar.
Leiga kr. 950 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Bjart húsnæði á þriðju hæð til leigu, 93,5 fm. Hægt að nota sem skrifstofu og/eða vinnustofu. Leiga kr. 900 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Til leigu 94,3 fm. húsnæði á þriðju hæð. Skiptist í 3 skrifstofur og sameiginlegt rými. Leiga kr. 900 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

Til leigu 232,6 fm. iðnaðarhúsnæði með tveimur skrifstofum, wc, sturtu og innkeyrsluhurð að Lynghálsi 10, 110 Reykjavík. Leiga kr. 1.200 pr. fm. á mánuði. **Uppl. í síma 896-6551.**

Tvö til þrjú stór herbergi til leigu að Lynghálsi 10, með sameiginlegum eldhúskrók, baðherbergi með sturtu og setustofu. Einnig hægt að nýta sem skrifstofur. Leiga á mán. kr 48.000 hvert herbergi. **Uppl. í síma 896-6551.**

Til leigu húsnæði á fjórðu hæð, að hluta til undir súð. Hentugt fyrir t.d. félagasamtök eða skrifstofur. 156,6 fm. Getur tengst öðru bili sem er 116,5 fm. og hægt að nýta bæði sem sal eða skrifstofur. Mánaðaleiga kr. 850 pr.fm. **Uppl. í síma 896-6551.**

## Tilkynningar

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

**Skipulags- og umhverfissvið**

### Dalvegur 24. Breytt skipulag. Endurbirt auglýsing.

**A. Breytt aðalskipulag.**

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagssvæðið sem nær til lóðarinnar nr. 24 við Dalveg og afmarkast af Dalvegi til norðvesturs, lóð nr. 26 við Dalveg til norðausturs, Dalvegi 20 til suðausturs og Dalvegi 18 til suðvesturs, er samkvæmt gildandi aðalskipulagi svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem stærsti hluti lóðar er skilgreindur sem endurbótasvæði. Í greinargerð með aðalskipulagi er svæðið skilgreint með nýtinguna 0.5 til 0.8. Í tillögu að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 200-2012 verðu óbreytt landnýting en nýtingarhlutfall aukið úr 0.8 í 1.4.

Áætlað er að á lóðinni verði byggðir um 9.800 m2 í verslunar- og þjónustuhúsnæði auk tveggja hæða bílageymslukjallara. Á svæðinu er gert ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 35 m2 atvinnuhúsnæðis, alls verða 397 bílastæði á lóðinni, þar af 282 neðanjarðar. Aðkoma að lóðinni verður frá Reykjanesbraut og af Dalvegi. Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í nóvember 2008. Með tilvísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 4. desember 2008 hefur stofnunin farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við auglýsingu tillögunar. Nánar vísast til kynningargagna.

**B. Tillaga að deiliskipulagi.**
**Dalvegur 24, breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að breyttu deiliskipulagi Dalvegar 24. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Dalveg sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs þann 23. október 1990. Í erindinu felst að heimilað verði að fjarlægja núverandi byggingu og reisa fjögurra hæða atvinnuhúsnæði með tveggja hæða bílageymslu í kjallara. Gert er ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 35 $m^2$ húsnæðis. Tillagan gerir ráð fyrir 9.800 $m^2$ byggingu með bílageymslu fyrir um 282 bíla í kjallara og 115 stæðum á lóð. Áætluð nýting á lóð er 1.4 án bílageymslu.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 29. október 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 16. desember 2008 til 20. janúar 2009. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 3. febrúar 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

# Jólahappdrætti 2008

## Vinningar í jólahappdrætti Sjálfsbjargar lsf.

Dregið var 3. dsember 2008

**Bifreið frá Bernhard ehf. 3.000.000.-**

17389

**Ferðavinningar frá Úrval-Útsýn 160.000.- krónur**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3117 | 3558 | 16289 | 32405 | 41589 | 44291 | 45245 | 50664 |
| 3243 | 14145 | 22014 | 33593 | 43880 | 44666 | 50360 | |

**Vöruúttekt frá Húsamsiðjunni 100.000.- krónur**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 4906 | 11528 | 24845 | 27741 | 37964 | 47166 |
| 7228 | 14268 | 27286 | 29369 | 41334 | |
| 7827 | 22191 | 27300 | 35582 | 47034 | |

**Vöruúttekt frá Kringlunni 50.000.- krónur**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 18 | 6101 | 10154 | 14459 | 21033 | 26291 | 32416 | 38079 | 44662 | 50190 |
| 94 | 6236 | 10414 | 14573 | 21150 | 26324 | 33133 | 38562 | 45057 | 20200 |
| 366 | 6325 | 10505 | 14964 | 21379 | 26395 | 33137 | 39465 | 45187 | 50217 |
| 856 | 6771 | 10753 | 15107 | 21821 | 26537 | 33774 | 39575 | 45476 | 50367 |
| 1385 | 7298 | 11092 | 15602 | 22389 | 26547 | 33981 | 40034 | 46147 | 50682 |
| 1531 | 7578 | 11111 | 16323 | 22432 | 26626 | 34196 | 40043 | 46834 | 51944 |
| 1542 | 7998 | 11372 | 16663 | 23002 | 26714 | 34470 | 40743 | 46868 | 52213 |
| 2344 | 8590 | 11692 | 17150 | 23434 | 27122 | 34828 | 41246 | 47099 | 53225 |
| 2865 | 8635 | 11787 | 17660 | 23762 | 28564 | 35173 | 41473 | 47110 | 53616 |
| 2936 | 8952 | 12035 | 18010 | 24204 | 28769 | 35360 | 42191 | 47519 | 53900 |
| 2959 | 9232 | 12254 | 18212 | 24640 | 29391 | 36323 | 42448 | 47564 | |
| 2989 | 9326 | 13050 | 18298 | 25338 | 30217 | 36338 | 42795 | 48675 | |
| 3345 | 9459 | 13572 | 18367 | 25365 | 30918 | 36358 | 43074 | 48785 | |
| 3554 | 9622 | 13738 | 18801 | 25406 | 30963 | 36408 | 43423 | 48803 | |
| 3784 | 9634 | 13967 | 20023 | 25538 | 31199 | 36628 | 43501 | 49308 | |
| 3948 | 9653 | 14070 | 20609 | 25591 | 31292 | 36864 | 43576 | 49848 | |
| 4029 | 10084 | 14208 | 20908 | 25679 | 31895 | 37008 | 43803 | 49928 | |
| 5314 | 10122 | 14237 | 20909 | 25774 | 32326 | 37339 | 44126 | 50136 | |

Birt án ábyrgðar

***Þökkum veittan stuðning***

Sjálfsbjörg lsf.
Hátún 12, 105, Reykjavík, s. 550-0360

## Til sölu

# MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Sýningar



**Myndlistarsýning**

Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15

Sigurður Örlygsson
Myndlistarmaður

FISKISTOFA

### Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2007/2008

Fiskistofa auglýsir að nýju eftir umsóknum um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir byggðarlagið:

**Vesturbyggð (Brjánslækur)**

Um úthlutunarreglur í ofangreindu byggðalagi vísast til reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 auk sérstakra úthlutunarreglna í hlutaðeigandi byggðalagi sbr. auglýsingu nr. 1113/2008 í Stjórnartíðindum.

Þessar reglur er einnig að finna á heimasíðu Fiskistofu, www.fiskistofa.is Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar. Umsóknarfrestur er til og með 27. desember 2008.

Vinsamlegast athugið að áður sendar umsóknir eru gildar og þurfa þeir sem sóttu um á áður auglýstum fresti ekki að sækja um aftur.

Fiskistofa, 12. desember 2008.



# Jólaljósin lýsa upp skammdegið

Enn styttist dagurinn og svo heldur áfram uns vetrarsólstöður renna upp 21. desember. Þegar myrkrið grúfir yfir mestanpart sólarhringsins eru jólaljósin kærkomin, þau fegra og lýsa bæinn upp. *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari var á ferðinni í miðbæ Reykjavíkur og fangaði jólastemninguna í birtu og myrkri.












GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
tasco
Tasco 168RB
FERÐASJÓNAUKI með 10x stækkun og 25mm glerjum.
VERÐ 3.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips CD1401B
Þráðlaus DECT SÍMI með 20 númer í minni, 12 tíma hleðslu í notkun og 5 daga í bið,endurval í síðustu 10 númer og sýnir númer sem hringir.
VERÐ 5.990
FRÁBÆRT VERÐ
Dantax
Dantax CasinoPortable
FM FERÐAÚTVARP með innb. hleðslurafhlöðu, skvettuhelt, Aux inngangi og heyrnartólstengi.
VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ
DVD VIDEO
TOSHIBA
MEÐ HDMI TENGINGU FYRIR FLATSKJÁI
Toshiba SD470
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með HDMI, Progressive scan, Video uppskölun í 1080p, DTS og Dolby Digital hljóðkerfi, PAL & NTSC, Scart, Component & Composite út, Digital Coaxial og G/D út ofl.
VERÐ 16.990
FRÁBÆRT VERÐ
PHILIPS
Philips MC147
Hljómgóð 2x2w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.
TILBOÐ 18.990
FULLT VERÐ kr. 19.990
Ath. iPod fylgir ekki.
Philips AJ300D
ÚTVARPSVEKJARI með iPod og GoGear vöggu, skjá með baklýsingu, útvarpi með minnum, wOOx bassa, 2 vekjurum, svefnrofa, aux inn ofl.
VERÐ 21.990
FRÁBÆRT VERÐ
Olympus FE360
Digital MYNDAVÉL með 8 milljón punkta uppl., 3x Optical og 4x/12x Digital Zoom, 6,3 - 18,9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Face Detection, Brightcapture Technology, Digital Image Stabilisation, Hreyfimynda-töku, USB 2.0 ofl. Tekur xD eða microSD kort.
VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ
OLYMPUS
VATNSHELD HÖGGHELD
Olympus MJU850SWSIL
Digital MYNDAVÉL með 8 milljónir punkta upplausn. Vatnsheld að 3m dýpi og höggheld upp í 1.5m hæð ofl.
VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ
Panasonic
Panasonic SCPT160
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 330w RMS magnara, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive Scan, 5 hátölurum og bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), USB, Scart, Component tengi ofl.
DVD VIDEO
VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ
ALVÖRU HEIMABÍÓHLJÓMUR
enox.
Enox CINEMABOX5
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, Progressive Scan, Dolby Digital, útvarpi með minnum, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, USB, SD kortalesari, Aux in ofl. 1 hátalari og 2 Tower bassabox.
DVD VIDEO
VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ
United DVP7046
Fjölkerfa FERÐA DVD SPILARI með 7" LCD breiðskjá, Dolby Digital, AV út og heyrnartólstengi. Hleðslurafhlaða, spennubreytir, taska og bílhleðslutæki fylgir.
UNITED
VERÐ 21.990
FRÁBÆRT VERÐ
20GB HARÐUR DISKUR
Share Station DVD brennari
Auðvelt að brenna á DVD disk án tölvu.
JVC
JVC GZMG47
Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum diski og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/5" upptökuflögu með 1.33 MegaPixel uppl., 2,7" LCD skjá, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóði ofl.
TILBOÐ 54.990
FULLT VERÐ kr. 74.990
3CCD
HD HÁSKERPU UPPTAKA
JVC GZHD3
HD Digital Media TÖKUVÉL með 60GB hörðum diski og 3 myndflögum, Konica Minolta HD linsu, HD upptöku (1440x1080i), 2,8" LCD breiðskjá, 10x Optical og 200x Digital Zoom, kyrrmyndavél, hljóðnematengi, titringsdeyfi, USB 2.0, HDMI, FireWire, Component, SVHS og Composite útgangi. Tekur SD/SDHC kort.
JVC
60GB HARÐUR DISKUR
TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 129.990
MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON
VEGGFESTINGAR
FYRIR ALLAR GERÐIR SJÓNVARPSTÆKJA, LCD, PLASMA OG MYNDVARPA
vogel's
BETRI KAUP
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.



**➜ SITJA SEM FASTAST**

**Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, Jónas Fr. Jónsson forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Björgvin G. Sigurðsson, viðskipta- og bankamálaráðherra.** Þessir menn eru oftast nefndir þegar rætt er um hverjir í stjórnkerfinu beri ábyrgð á banka- og efnahagshruninu. Athugasemdir hafa einnig verið gerðar við frammistöðu þeirra eftir hrunið. Allir sverja þeir af sér ábyrgð. Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur segir það ekki skilyrði fyrir afsögn að ráðherra geri mistök. Fari eitthvað úrskeiðis í hans málaflokki eigi ráðherra að sæta ábyrgð og helst víkja. Með þessari kröfu sé tryggt að ráðherrar leggi sig fram við að vera vel að sér í sínum málaflokki. Afsögn og ný byrjun geti skapað traust og trúverðugleika meðal almennings.

# Stjórnarandstaðan ósammála um hvort ráðherrar skuli hætta

Enginn ráðamaður hefur sagt af sér í kjölfar efnahagshrunsins. Tveir gamalreyndir leiðtogar stjórnarandstöðunnar sjá heldur ekki ástæðu til þess. Sá þriðji telur það eðlilega kröfu. Stjórnmálafræðingur segir í samtali við *Klemens Ólaf Þrastarson* að hefð fyrir þessu skorti á Íslandi. Nú sé hins vegar tækifæri til að breyta því og þróa íslenska lýðræðishefð. Annað gangi ekki lengur.

Enginn ráðamaður hefur enn sagt af sér vegna efnahagshrunsins þrátt fyrir háværar kröfur almennings og líkur á að þetta myndi auka traust á stjórn landsins, innanlands sem utan.

Tveir leiðtogar stjórnarandstöðu vilja ekki hvetja til afsagnar ráðherranna. Þeir vísa frekar í vantrauststillögu stjórnarandstöðunnar, sem var felld. Aðeins formaður Frjálslynda flokksins telur að ráðherrar skuli sæta ábyrgð.

Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur telur að þjóð og þing skilji ekki til fulls hugtakið „pólitísk ábyrgð“.

Það þýði til dæmis að ráðherra beri ábyrgð á málaflokki sínum, hvort sem hann taki ákvörðun sem leiðir til ófara eður ei. En hér á landi þurfi ráðherra nánast að fremja afbrot til að afsögn sé rædd sem möguleiki.

„Lög um ráðherraábyrgð taka á afglöpum í starfi og eftir þeim er hægt að dæma ráðherrann. Þessi lög hafa hins vegar aldrei verið notuð. En pólitísk ábyrgð er víðara hugtak en þetta og það er eins og vanti skilning á þessu meginprinsippi: Ráðherra ber pólitíska ábyrgð á sínum málaflokki og ef eitthvað fer úrskeiðis þar ber hann ábyrgð gagnvart Alþingi.“

Ráðherrann þurfi ekki að hafa unnið nokkuð til saka en með því að hann segi af sér, eftir ófarir í sínum málaflokki, sé tryggt að ráðherrar yfirleitt sinni sínu starfi og séu vel á verði. Hér á landi er algengara að leggja fram vantrauststillögur; umræðuhefð fyrir öðrum leiðum sé ekki til.

„En það verður að vera einhver millivegur. Þótt alvarlegt mál komi upp í einu ráðuneyti þýðir það ekki endilega að ríkisstjórnin í heild þurfi að fara. Oftast er það ekki þannig.“

Birgir segir stjórnarandstöðuna hafa ákveðnum skyldum að gegna, til dæmis til að ræða traust og trúverðugleika stofnana ríkisins og að ræða ábyrgð einstakra ráðherra.

*Getur verið að stjórnarandstaðan telji sig einfaldlega ekki græða á því að stjórnin losi sig við óþægilega ráðherra?*

„Já, það gæti verið ein af skýringunum; að menn líti á það sem hvítþvott að einn ráðherra fari en leiðtogar stjórnarinnar sitji áfram. En það er líka tilhneiging á Íslandi til að forðast svona umræðu og talað um að „persónugera“ hlutina. Þingmenn vita líka að einn góðan veðurdag gætu þeir lent í sömu stöðu. Þetta er þá svona regluverk þeirra í millum og þeir því ekki mjög harðir þegar kemur að þessu.“

**Vantar öll prinsipp?**

Varnarmálaráðherra einn í Svíþjóð sagði af sér fyrir um ári, rifjar Birgir upp. Sá hafði orðið undir í slag við fjármálaráðherrann um fjárveitingar. Hann lýsti því þá yfir að hann treysti sér ekki til að bera ábyrgð á stefnu ríkisstjórnarinnar í varnarmálum.

„Ef þú treystir þér ekki til að framfylgja stefnunni er eðlilegt að þú segir af þér og þá getur einhver annar tekið við. Þarna er þá einhver lína sem þú ferð ekki yfir. Þannig viðheldur þú þínum heilindum og trausti gagnvart kjósendum. Ríkisstjórnin heldur líka sinni línu og ábyrgðin er þá á báða vegu.“

*Þetta þætti saga til næsta bæjar á Íslandi …*

„Já, ég held að þetta sé að koma í bakið á íslenskum stjórnmálamönnum í dag, nú er gríðarlegt vantraust á þeim og flokkunum. Þeir hafa orð á sér fyrir að sækja í völd fremur en annað og það byrjaði með borgarstjórn Reykjavíkur. Þegar efnahagskreppan skellur á sitja stjórnmálamenn dálítið í súpunni.“

Ein orsök þessa sé „klúbbastemning“ meðal þeirra sem taka þátt í opinberu lífi, þar með talið fjölmiðlamanna, en einnig að hér er ekki hefð fyrir því að stokka rækilega upp í ríkisstjórnum.

**Gullið tækifæri**

Birgir er á því að nú séu kjöraðstæður til að þróa íslenska lýðræðishefð. Krafa almennings sé nokkuð hávær og nauðsynlegt að forystumenn bregðist við því með einhverjum hætti.

„Það væri mjög mikilvægt í kjölfarið á þessu að viðhorfin

> Nú er gríðarlegt vantraust á þeim og flokkunum. Þeir hafa orð á sér fyrir að sækja í völd fremur en annað.



**BIRGIR HERMANNSSON** Segir að Íslendinga skorti umræðuhefð um aðra möguleika en vantrauststillögur. Ríkisstjórnin þurfi ekki öll að vera ábyrg. Þingmenn þurfi að finna milliveginn.

## ÁBYRGÐ DAUÐUR BÓKSTAFUR

Lög um ráðherraábyrgð voru samþykkt 1963. Í þeim kemur fram að ráðherra megi krefja ábyrgðar vegna vanrækslu starfa sinna, líkt og virðist hafa gerst í efnahagshruninu. Einnig má sækja þá til ábyrgðar fyrir athafnir undirmanna sinna. Fyrir utan þetta er tekið fram að það varði ábyrgð ráðherra „ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins“.



**SIGURÐUR LÍNDAL PRÓFESSOR**

Einnig ef hann gerir nokkuð sem „stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir“.

Svokallaður Landsdómur dæmir í málum sem fjalla um ráðherraábyrgð, en hann hefur aldrei komið saman, enda hefur Alþingi aldrei notast við úrræðin sem finna má í lögum um ráðherraábyrgð. Enginn ráðherra hefur verið kærður af Alþingi.

Sigurður Líndal lagaprófessor var spurður um ráðherra-



ábyrgð í Fréttablaðinu hinn 13. september. Hann lýsti henni svo: „Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarframkvæmd allri, það stendur í stjórnarskránni. Telji þingmenn að undirstofnun hafi gert mistök og ráðherra megi þar um kenna, vegna eftirlits- og aðgæsluskyldna, þá getur Alþingi lýst yfir vantrausti og ráðherra ber að víkja. Hitt er svo annað mál að þetta er því miður dauður bókstafur og hefur ekki gerst í háa herrans tíð.“

Sigurður kennir fyrirkomulagi þingræðis um þetta, líkt og Valgerður Sverrisdóttir gerir hér í viðtalinu.


ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA
Í ORMSSON
ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU
Á GÓÐU VERÐI
Tefal
JAMIE OLIVER
PROFESSIONAL SERIES FRÁ Tefal
Pottar og pönnur sem slegið
hafa í gegn um allan heim.
Tefal
Afar traust mínútugrill frá TEFAL.
Afar og ömmur yrðu nú ánægð.
VERÐ KR. 16.900,-
HÁGÆÐA
HEIMILISTÆKI
AEG
Fáðu þér hollustudrykk í
morgunsárið!
VERÐ KR. 10.990,-
AEG
DRAUMARYKSUGAN FRÁ AEG
Þær gerast ekki betri .!!
VERÐ FRÁ KR. 21.900,-
Tefal
PÖNNUKÖKUPANNAN
FRÁ Tefal
Náðu meistaratöktum í pönnukökugerð
um hátíðarnar. Þú býrð að því alla ævi!
(Þessi er líka fyrir spanhellur)
VERÐ KR. 6.950,-
Nintendo
VERÐLÆKKUN!
DS -LEIKJATÖLVAN
FRÁ Nintendo
Ein allra vinsælasta
eikjatölva heims.
Ótrúlega öflug.
Frábært leikjasafn fyrir
leikglaða á öllum aldri.
VERÐ KR. 27.900,-
Nintendo
Wii
Wii LEIKJATÖLVAN FRÁ Nintendo
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL FYRRI SÖLUMET
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla
aldurshópa! Magnað leikjaúrval!
VERÐ KR. 49.900,-
SHARP
SHARP
LC-32D44SBK
32" SJÓNVARP FRÁ Sharp
HD ready · 1366 x 768 upplausn (16:9) · Skerpa: 1500:1 (10.000:1 Dynamic) ·
Svartími: 6 ms · Birta: 450 cd/m2 · Sjónsvið: 176°/176° · DVB-T stafrænn
sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort · 2 x HDMI, 2 x SCART,
VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, 3,5mm Jack-hljóð
VERÐ KR. 169.900,-
ÖLL VERÐ MEÐ FYRIRVARA UM GENGISBREYTINGAR KRÓNUNNAR
ÍSLANDSVINUR Í 35 ÁR
Pioneer
PIONEER DV-310
DVD SPILARI FRÁ Pioneer
Fjölkerfa DVD spilari með DivX · Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og
DVD-R/RW diska · Spilar MP3 og WMA tónlist · Sýnir JPEG myndir, MPEG ·
Spilar bæði PAL og NTSC · Tenglar: 1xUSB að framan, 1xEuro-SCART (RGB),
1xComponent out, Digital coaxial hljóð út.
Fáanlegur svartur og silfurlitaður
VERÐ KR. 16.900,-
PIONEER DV-410V-S
DVD SPILARI FRÁ Pioneer
Fjölkerfa DVD-spilari með DivX · Stækkar mynd upp í HD upplausn (720p/1080P ) ·
Spilar DVD, (XS)VCD, -CD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska · Spilar DivX myndir (með
DivX Ultra vottun) · Spilar JPEG myndir, USB tengjanl. MP3 og WMA tónlist · Upptaka og
afspilun gegnum UBS tengið · Spilar bæði PAL og NTSC · Tenglar: HDMI, USB Euro-SCART
(RGB), Component, S-Video, Composite, RCA hljóð, Digital coax og optical hljóð
VERÐ KR. 22.500,-
PIONEER VSX-418
Magnaður MAGNARI FRÁ Pioneer
5x130 Wött RMS · Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro · FM/AM
útvarp með RDS · Sound Retriever tækni bætir hljómgæði frá MP3, WMA og AAC
þjöppuðu hljóði · Inngangar: 5.1ch analog, 5 x stereo RCA, 3 x video, 2 x digital
coax, optical · Útgangar: 2 x stereo RCA, 2 x video, 5 hátalarar, subwoofer pre-out
VERÐ KR. 55.900,-
OLYMPUS
OLYMPUS FE-360
STAFRÆN MYNDAVÉL FRÁ Olympus
8 milljón pixlar • 3x aðráttarlinsa (36-108mm) • Stór 2,5" LCD skjár
• 19 handhægar tökustillingar • Videoupptaka með hljóði • Hleðslutæki og
Lithium-Ion rafhlaða fylgja o.m.fl • Fæst í 3 litum: silfur, svört og blá
Ekki bara glæsileg - þær gerast bara ekki betri!
VERÐ KR. 26.900,-
HÁGÆÐA
SJÓNVÖRP OG
HLJÓMTÆKI
SAMSUNG
SAMSUNG
LE40A557P2
40" SJÓNVARP FRÁ Samsung
Full HD (1920:1080 · Mikil og góð litaskerpa (40.000:1)
Movie plus (engin draugur og mýkri mynd)
Clear panel skjár (betri mynd og skarpari litir)
VERÐ KR. 269.900,-
LANDSINS
MESTA ÚRVAL
AF STJÖRNU-
SJÓNAUKUM
ER Í ORMSSON
SMÁRALIND
CELESTRON
VANDAÐUR
STJÖRNUSJÓNAUKI
AstroMaster-70AZ
Heillandi heimur opnast þér.
TILBOÐSERÐ KR. 18.900,-
home art
allt TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ
Home Art tekst alltaf að gleðja.
Alltaf fjölbreytt, fallegt og spennandi.
Fæst í ORMSSON SMÁRALIND
– í verslun sem kemur á óvart
ORMSSON
VERSLANIR UM LAND ALLT
OPNUNARTÍMAR Í
LÁGMÚLA 8 og SÍÐUMÚLA 9:
Laugardag 13. desember frá kl. 11-16
Sunnudag 14. desember frá kl. 13-18
OPNUNARTÍMAR Í SMÁRALIND:
Opið til kl. 22 - alla daga til jóla
UMBOÐSMENN OG VERSLANIR UM LAND ALLT
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535
ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333
ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751
ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000
ORMSSON
BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515
ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038
ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900
ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON** Formaður Frjálslynda flokksins virðist vera sá eini af leiðtogunum þremur sem telur mikilvægt að stokkað sé upp í ríkisstjórn og meðal embættismanna. Hann hefur aldrei verið ráðherra, ólíkt hinum.

> Við teljum að það eigi að vera einn faglega ráðinn seðlabankastjóri [...] Eins og staðan er í dag væri það eðlilegt að hann íhugaði að draga sig í hlé.“

breyttust dálítið og við gætum rætt þetta málefnalegar en við höfum gert hingað til. Því þetta gengur ekki svona, það held ég að sé öllum ljóst.“

**Þingræðið ekki nógu mikið**

Valgerður Sverrisdóttir, starfandi formaður Framsóknarflokksins, segir það „dálítið sérstakt“ að ráðherrar á Íslandi segi nærri aldrei af sér og að Alþingi hafi aldrei kært ráðherra til Landsdóms. Hér á landi hafi ekki skapast hefð fyrir slíku.

„Þetta hefur kannski eitthvað með það að gera að það eru meirihlutastjórnir sem eru við völd. Það er dálítil trygging fyrir því að ráðherrunum finnist sér vera sætt. En á hinum Norðurlöndunum hefur verið meira um minnihlutastjórnir og þjóðþingin hafa verið sterkari þar en hér,“ segir hún.

*Sérð þú sjálf ástæðu til þess að einhver einstakur ráðherra segi af sér vegna efnahagshrunsins?*

„Það hefur ekki komið fram formlega nein tillaga um það en það sem hefur birst af hálfu stjórnarandstöðunnar er þetta vantraust á alla ríkisstjórnina og það kemur til af því að öll ríkisstjórnin er meira og minna innvikluð í þetta mál. Það er kannski ekki auðvelt að taka einn út frekar en annan. En vissulega má segja að ef ætti að taka einhverja út þá hafa viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra verið nefndir í því sambengi,“ segir Valgerður.

*En ert þú sjálf sammála því að þeir eigi að segja af sér?*

„Ég veit ekki hversu mikið ég á að segja um það. En ég flutti vantrauststillögu á ríkisstjórnina og það er það sem hefur komið út opinberlega af minni hálfu.“

**VG vill full umskipti**

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, segir að með vantrauststillögu sinni hafi flokkurinn krafist þess að ríkisstjórnin í heild sinni segði af sér.

*En er ekki hægt að taka eitt skref í einu og byrja á því að einhver sæti ábyrgð?*

„Ég held að allt settið þurfi að fara og þess vegna er ég að tala um nýjar kosningar og þess vegna sáum við allan tímann fyrir okkur þjóðstjórn í mjög skamman tíma,“ segir hann.

Spurður hvers vegna VG krefjist þess ekki að einstakir embættismenn eða ráðherrar segi af sér segir Ögmundur að flokkurinn hafi „bara krafist þess að það verði algjör umskipti, alls staðar...“

*En nú hefur til dæmis umhverfisráðherra ekkert gert af sér?*

„Auðvitað er ríkisstjórnin í heild sinni ábyrg, annaðhvort fyrir að vita og þegja eða að vita ekki og vera svona fullkomlega andvaralaus þegar hættumerkin blikkuðu og þegar oddvitar ríkisstjórnarinnar voru upplýstir um hve alvarlegt málið væri.

Í byrjun þessa árs þá halda þau út í heim [Geir og Ingibjörg] til að segja fjárfestum að allt sé í himnalagi og þeir halda áfram að hlaða á okkur skuldunum og ef þetta er ekki pólitísk ábyrgð þá veit ég ekki hvað það er. Það er mjög alvarlegt að þau skuli neita að axla hana með því að boða til kosninga þegar í stað,“ segir Ögmundur en Hann vill frekar kosningar en afsagnir.

*En þú myndir ekki sætta þig við í millitíðinni að þeir sem beri ábyrgð hætti; geta þeir ekki sagt af sér þótt það verði kosið seinna?*

„Nei, það er enginn millivegur í þessu. Ég horfi á þetta heildstætt, á ríkisstjórnina í heild sinni, og tel að eina leiðin til að leiða málin til lykta og hefja vegferðina út úr þessu foraði, sem við erum í, sé að boða til kosninga. Ég vil að niðurstaðan verði algjör endurnýjun og að þjóðinni verði gefið svigrúm í alþingiskosningum.“

**Björgvin, Árna og Davíð burt**

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, hefur aldrei setið í ríkisstjórn og það er ef til vill þess vegna sem hann lítur öðruvísi á málin en félagar hans sem rætt var við hér áður. Guðjón fer ekki í grafgötur með að best færi á því að ráðamenn hirtu pokann sinn og létu sig hverfa.

*Hvetur þú einhvern ráðamann til að segja af sér vegna efnahagshrunsins?*

„Ég hef ekkert val um það, vinur, ég er í stjórnarandstöðu, sem er tuttugu manns, og hún ræður engu. En við höfum lagt fram frumvarp um að Seðlabankinn verði endurskipulagður alveg upp á nýtt. Við teljum að það eigi að vera einn faglega ráðinn seðlabankastjóri og að hann sé með hagfræðimenntun eða slíkt. Eins og staðan er í dag væri það eðlilegt að hann íhugaði að draga sig í hlé.“

*En einhver ráðherra?*

„Við teljum að ekki hafi verið haldið nægilega vel á okkar málum varðandi bankamálastarfsemina og auðvitað ber Björgvin Sigurðsson ábyrgð á því, og fjármálaráðherra líka.“

*Þannig að þeir tveir ættu að segja af sér?*

„Já, ég held að þeir ættu að huga að sinni stöðu eins og málum eru komið. Svo höfum við auðvitað borið upp vantraust á ríkisstjórnina sem var fellt. Úr því að menn töldu ekki ástæðu til að þjóðin fengi að kjósa í byrjun næsta árs tel ég að þessi rannsóknarnefnd eigi að gefa út áfangaskýrslu í vor svo þjóðin fái að vita hvað hefur verið í gangi og geti svo kosið út frá því í vor, eða í síðasta lagi í nóvember þegar lokaskýrslan birtist.“



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Formaður Framsóknar bendir á íslenska hefð og hve veikt Alþingi er gagnvart ráðherrum, spurð hví menn séu aldrei beðnir að hætta.

## NOKKRAR AFSAGNIR Í ÖÐRUM LÖNDUM:

**Í útlöndum segir fólk oft af sér af samviskuástæðum eins og sagt er. En oftar til að lágmarka skaða eða styrkja stöðu sína eða ríkisstjórnarinnar.**
**En stjórnmálamenn segja einnig af sér til að vekja athygli á sínum málstað, og snúa þá gjarnan aftur síðar, sterkari en ella.**
**Hér á eftir eru nokkur nýleg dæmi um stjórnmálamenn sem drógu sig í hlé, án þess að hafa beinlínis framið afglöp í starfi.**



**2001** **Andrea Fischer**, heilbrigðisráðherra Þýskalands, segir af sér eftir að hún er gagnrýnd harkalega fyrir aðgerðir sínar gegn kúariðu. „Ég verð að viðurkenna [eftir umtalið] að trú þýskra borgara á hæfni ríkisstjórnarinnar til að leysa þetta riðuvandamál, hefur minnkað.“



**2004** **Svend Aage Jensby**, varnarmálaráðherra Danmerkur, segir af sér vegna gagnrýni á framgöngu hans ráðuneytis í Íraksstríðinu. Stofnun innan ráðuneytisins hafði haldið því fram að Írakar ættu gereyðingarvopn.



**2005** Forsætisráðherra Líbanons, **Omar Karami**, segir af sér eftir kröftug mótmæli almennings gegn utanríkis- og varnarmálastefnu hans. Hann sagðist gera þetta svo ríkisstjórn sín stæði ekki í vegi fyrir friði.



**2007** **Mikael Odenberg**, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, dregur sig í hlé í mótmælaskyni við niðurskurð í varnarmálum.



**2008** **Marina Silva**, umhverfisráðherra Brasilíu, segir af sér eftir að henni mistekst að koma í veg fyrir framkvæmdir á Amazon-svæðinu, sem hún var persónulega á móti. Hún sagðist hafa einangrast í stjórnkerfinu, meðal annars vegna andstöðu sinnar við vatnsaflsvirkjanir.



**2008** **Ilkka Kanerva**, utanríkisráðherra Finnlands, lætur sig hverfa eftir að upp kemst að hann hafði sent dansmeyjum klúr sms-skilaboð. Flokksforystan krafðist afsagnar hans.



**2008** **Sari Sarkomaa**, menntamálaráðherra Finnlands, segist vilja sinna börnum sínum betur og hættir.



**2008** Innanríkisráðherra Indlands, **Shivraj Patil**, segir af sér eftir hryðjuverkaárásir í Mumbai. Ástæðan var sú að hann hefði ekki komið í veg fyrir árásirnar og hefði gengið illa að lágmarka skaðann af þeim. Patil sagðist vilja bera „siðferðislega ábyrgð“.



**2008** **Vilasrao Deshmukh**, forsætisráðherra fylkisins þar sem hermdarverkin voru framin, segir einnig af sér. „Í lýðræðisríki verður maður að virða reiði fólksins og angist,“ sagði hann.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Þingflokksformaður VG telur einu færu leiðina vera þá að boðað verði til kosninga. Hann sér ekkert unnið með því að stakir ráðherrar hætti.

# Taktu betri myndir með flassi – það fylgir með í kaupauka.








**Jólagjöfin frá Nikon!**

Kauptu Nikon D60 og þú færð aukalega flass-pakka sem inniheldur: SB-400 flassljós, linsuklút og  og hálsól að verðmæti kr. 30.000.

**Verð kr.**
**109.995***

*Með AF-S DX VR NIKKOR 18-15mm linsu með innbyggðri titringsjöfnun (VR).

## Vertu betri ljósmyndari - notaðu flass!

Flassljós gerir gæfumunin þegar taka á góða mynd. Flestir ljósmyndarar staðhæfa að lýsingin skipti öllu máli! – sem er til marks um hversu mikilvægt flassið er. Þú sérð hvernig skuggarnir jafnast eðlilega út, þegar þú notar ásett flassljós á borð við SB-400. Ljós sem er látið endurkastast frá lofti gefur ljósmynd, sem tekin er innanhúss, eðlilegri blæ. Einnig getur þú stjórnað lýsingunni betur við nærmyndatöku. Flassljós er, með öðrum orðum, mikilvægt fyrir þig! Kaupir þú Nikon D60 hjá viðurkenndum söluaðila Nikon á Íslandi, þá færðu ekki bara SB-400 flassljós í kaupauka heldur einnig, linsuklút og hálsól frá Nikon. Ekki missa af þessu tilboði sem gildir til 31. desember 2008.

MAX RAFTÆKI
BECO
FOTO VAL
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

*At the heart of the image*
Nikon

# Minnisvarðar góðærisins

Hálfkláraðar glæsibyggingar setja mark sitt á höfuðborgarsvæðið og minna á liðna þenslutíma. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* kannaði stöðuna á nokkrum umtöluðum og á stundum umdeildum framkvæmdum.

## TÓNLISTAR - OG RÁÐSTEFNUHÚS


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hvað?** Við gömlu höfnina í Reykjavík er að rísa tónlistar- og ráðstefnuhús sem á að vera á heimsmælikvarða. Í húsinu munu þrír salir liggja hlið við hlið, tónleikasalur, æfingasalur og ráðstefnusalur. Enn fremur verður tvö hundruð manna tónleikasalur á neðri hæð.

**Hver er staðan?** Verið er að ljúka uppsteypun á húsinu og er áætlað að það klárist á næstu tveimur mánuðum. Stefnan var að hefja uppsetningu á glerhjúpnum sem umlykja á húsið í janúar.

**Framtíðin?** Áætluð opnun hússins var í desember 2009. Ljóst er að það verður ekki. Eigandi Tónlistar- og ráðstefnuhússins var Eignarhaldsfélagið Portus, sem nú er komið í þrot. Unnið er að lausn málsins og er niðurstaðna líklega að vænta nú um helgina. Hugsanlegt er að Austurbakki, félag í eigu ríkis og borgar, taki verkefnið yfir.

## HÖFÐATORG


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Hvað?** Á Höfðatorgi eiga að rísa þrír turnar, 12, 16 og 19 hæða. Einnig eiga þar að vera nokkur sjö til níu hæða hús auk umfangsmikilla tengibygginga úr gleri. Byggðin á að verða blönduð, með fjölda fyrirtækja, íbúða eða hóteli, kvikmyndahúsi og ráðstefnumiðstöð.

**Hver er staðan?** Búið er að taka í notkun Borgartún 10-12 og hæsti turninn er risinn að mestu leyti. Áætlað er að hann verði tekinn í notkun síðla sumars 2009.

**Framtíðin?** Engum áætlunum hefur verið breytt, þótt ljóst sé að verkefnið frestist. Líklegt þykir nú að framkvæmdum ljúki í fyrsta lagi vorið 2012, í stað 2010 eins og upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## NORÐURTURN SMÁRALINDAR

**Hvað?** BYGG byggir Norðurturn Smáralindar fyrir Fasteignafélag Íslands. Turninn á að verða fimmtán hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði með kjallara, samtals um sautján þúsund fermetrar að flatarmáli og sextíu metrar að hæð. Samhliða og vestan við turninn er 3ja hæða bílastæðahús með átta hundruð bílastæðum.

**Hver er staðan?** Búið er að byggja fimm hæðir af turninum og öllum framkvæmdum við hann hefur verið hætt í bili. Verið er að ganga frá bílastæðahúsinu, sem þegar hefur verið tekið í notkun fyrir gesti Smáralindar.

**Framtíðin?** Turninn átti að verða tilbúinn haustið 2009. Það verður ekki. Þá er ekki öruggt að turninn verði fimmtán hæða, eins og lagt var upp með.

## 101 SKUGGAHVERFI


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Í Skuggahverfinu á að rísa þyrping mishárra turna. Í þeim eiga að vera 250 íbúðir og heildaríbúafjöldi hverfisins er áætlaður um 800.

**Hver er staðan?** Fyrsta áfanganum er lokið og 79 íbúðir í turnunum hafa verið seldar og eru komnar í notkun. Nú stendur yfir bygging annars áfanga af þremur og þar bætast við níutíu íbúðir. Áætlað er að byggingu þeirra verði lokið í upphafi árs 2010.

**Framtíðin?** Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær bygging þriðja áfanga hefst. Samkvæmt upplýsingum frá Þyrpingu, sem byggir hverfið, frestast framkvæmdir að takmörkuðu leyti vegna efnahagsástandsins. Þyrping er í eigu Stoða, sem er í greiðslustöðvun, og Landic Property.




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## NÝTT GARÐATORG

**Hvað?** Fasteignaþróunarfélagið Klasi og Garðabær ætluðu í sameiningu að byggja annan áfanga nýs miðbæjar í Garðabæ. Þarna átti að vera glæsilegt bæjartorg umkringt 5.500 fermetrum af nýju verslunarhúsnæði og um 72 nýjar íbúðir. Í sumar var fyrsti áfanginn tekinn í gagnið, þegar Hagkaup og Byr fluttu inn í fyrsta húsið á torginu.

**Hver er staðan?** Framkvæmdum hefur verið frestað um ókominn tíma. Búið var að grafa fyrir grunninum að bílastæðahúsi. Fyllt verður upp í það á næstu dögum. Aðrar framkvæmdir voru ekki hafnar að öðrum áfanga.

**Framtíðin?** Stefnan er enn sett á að byggja upp miðbæjarsvæðið. Hversu lengi frestunin stendur er óvíst.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

**Hvað?** Eignarhaldsfélagið Fasteign byggir nýtt húsnæði Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Háskólabyggingin verður um 34 þúsund fermetrar að stærð á tveimur til þremur hæðum. Þar verða um fimmtíu kennslustofur, allt frá stofum fyrir litla hópa upp í 160 manna fyrirlestrarsali.

**Hver er staðan?** Verkefnið er keyrt áfram af fullum þunga og tvö hundruð manns vinna við það að jafnaði. Ekkert bendir til þess að framkvæmdir frestist.

**Framtíðin?** Fyrsti áfangi skólans verður opnaður haustið 2009. Það er megnið af kennsluhúsnæðinu. Miðja hússins, aðalinngangur og fleira, verður opnað árið 2010.

## NORÐURBAKKI Í HAFNARFIRÐI


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** ÍAV byggir fjögur fjölbýlishús við Norðurbakka í Hafnarfirði. Húsin eru á fjórum og fimm hæðum með sameiginlegum bílakjallara.

**Hver er staðan?** Búið er að klára tvö hús og bílakjallarann. Hluti íbúðanna í þeim húsum hefur verið seldur og nokkrar hafa verið afhentar nú þegar. Nú er verið að ljúka þriðja húsinu að utanverðu og það verður gert fokhelt. Gengið verður frá því svoleiðis og verða íbúðirnar ekki innréttaðar.

**Framtíðin?** Hvort fjórða húsið verður byggt á eftir að koma í ljós. Þær upplýsingar fengust frá ÍAV að byggt sé í takti við eftirspurn, sem reikna má með að sé lítil um þessar mundir.

## ➜ NOKKUR ÞEKKT HÚS Í REYKJAVÍK SEM TÓK LANGAN TÍMA AÐ BYGGJA

**Þjóðarbókhlaðan – 16 ár**

Sameinað Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn var opnað í Þjóðarbókhlöðu 1. desember 1994, á fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Landsbókasafnið var þjóðbókasafn og Háskólabókasafnið var bókasafn Háskóla Íslands. Þegar sameining varð að veruleika var liðin hálf öld frá því að hugmyndin um sameiningu safnanna kom fyrst fram. Bygging hófst árið 1978. Það tók því sextán ár að byggja Þjóðarbókhlöðuna.



**Hallgrímskirkja – 41 ár**

Fjörutíu og eitt ár liðu frá því fyrsta skóflustungan var tekin að Hallgrímskirkju þar til hún var vígð 26. október árið 1986. Kirkjan var reist til minningar um Hallgrím Pétursson, prest og sálmaskáld, sem meðal annars samdi Passíusálmana. Að fjármögnun hennar kom söfnuðurinn, sem lagði út um 60 prósent. Afgangurinn kom frá einstaklingum, fyrirtækjum og ríkisstofnunum. Kirkjan er fyrir löngu orðin eitt af helstu kennileitum Reykjavíkur enda sést hún víða að.



**Þjóðleikhúsið – 21 ár**

Indriði Einarsson leikritaskáld kom fyrstur fram með hugmynd að Þjóðleikhúsi árið 1873. Mörgum árum síðar, eða árið 1925, hóf Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, vinnu við teikningu hússins. Árið 1929 var grafið fyrir grunninum að Þjóðleikhúsinu og tveimur árum síðar var það orðið fokhelt. Þannig stóð húsið í tíu ár, eða þar til breski herinn lagði það undir sig á stríðsárunum og hélt því til loka stríðsins. Þá fyrst, árið 1945, var byggingu Þjóðleikhússins haldið áfram. Það tók svo til starfa á sumardaginn fyrsta árið 1950.





THE NORTH FACE
Dúnúlpur frá
The North Face
Jólatilboð
25% afsláttur
Fótboltar frá
1.990
Fótboltaskór frá
6.990
ROSSIGNOL
SNOWBOARDS
Brettapakkar
20% afsláttur
Brettadeildin er í Kringlunni
The North Face
skór á jólatilboði
THE NORTH FACE
Verð frá
12.990
Nike sportfatnaður
Bolir frá
2.990
Buxur frá
6.990
Jakkar frá
11.990
HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# Erfðir skipta mestu máli

Brjósklosaðgerðir eru orðnar einfaldari en áður var með betri tækni. Það hentar vel óþolinmóðum Íslendingum segir **Aron Björnsson** læknir sem bendir á að fólk telji sig oft ranglega þjást af brjósklosi. *Atli Steinn Guðmundsson* kynnti sér málið.

Ert þú ekki örugglega ein(n) þeirra sem hefur heyrt minnst á brjósklos í ótal jólaboðum, fermingarveislum og erfisdrykkjum, lesandi góður? Sennilega. Ert þú kannski líka í þeim fjölmenna hópi sem telur hiklaust að brjósklos sé annaðhvort eitthvað út á skyr eða eitthvað frekar óþægilegt fyrirbæri sem Óli mágur eða Gunna systir hafa lent í en þú kannt ekki að skýra nánar?

Eða ertu í þeim hópi sem hefur fengið brjósklos og upplifað fjörið frá fyrstu hendi eins og sá sem ritar þessa grein? Hverjum þessara hópa sem þú tilheyrir fýsir þig ef til vill að auka þekkingu þína og kannast örlítið við hvað það getur haft í för með sér þegar angi af brjóski tekur að þrýsta á bandvefshring utan um brjóskþófa og áreita um leið taug í nágrenninu með afar lærdómsríkum afleiðingum. Sé svo skaltu lesa áfram.

**Hvað er brjósklos þá?**

Hryggsúla í manneskju er samsett úr 26 smábeinum, hryggjarliðum. Liðirnir eru tengdir saman með þófum úr brjóski sem virka sem eins konar höggpúðar auk þess að vera teygjanlegir og gera hryggnum kleift að hreyfast. Hver þessara þófa er samsettur úr bandvefshring sem liggur utan um hlaupkenndan kjarna. Hryggjarliðirnir mynda göng sem mænan liggur inni í og eru henni til varnar. Taugar ganga út úr mænunni á milli hryggjarliðanna og tengja heilann við mismunandi hluta líkamans.

Brjósklos er það fyrirbæri kallað þegar hlaupkenndur kjarni liðþófa þrýstir á hringinn utan um með þeirri afleiðingu að hann annaðhvort bungar út eða sprungur koma í hann. Þar með veldur hann gjarnan þrýstingi á taugarnar sem ganga út úr hryggjarliðunum og getur ástandið haft veruleg óþægindi í för með sér. Það er því ekki alls kostar rétt að tala um brjósklos því brjóskið losnar í raun ekki.

Taugaþræðirnir hætta að starfa eðlilega við þrýstinginn og sá sem svo er komið fyrir fær verki eða skyntruflanir í húð sem geta lýst sér sem dofi eða tilfinningaleysi. Algengast er að brjósklos eigi sér stað í mjóhrygg og þá fylgir því gjarnan leiðniverkur niður í annan fótinn, eftir því hvorum megin hryggjarins þrýstingur er á taug. Djöfulskapurinn við verkinn felst fyrst og fremst í því að þolandinn getur varla verið í nokkurri stellingu ef mjög er þjarmað að tauginni. Allra verst er þó að sitja en illskárra að standa eða ganga um.



**Í AÐGERÐ** Með stórbættri smásjártækni taka aðgerðir vegna brjóskloss mun styttri tíma en áður. Aðgerð sem tók lungann úr degi fyrir aldarfjórðungi er nú afstaðin eftir um það bil hálftíma. Aron Björnsson er lengst til vinstri á myndinni. MYNDIR/LSH

## ➜ HVAÐ ER BRJÓSKLOS?

Brjósklos er það fyrirbæri kallað þegar hlaupkenndur kjarni liðþófa þrýstir á hringinn utan um með þeirri afleiðingu að hann annaðhvort bungar út eða sprungur koma í hann. Þar með veldur hann gjarnan þrýstingi á taugarnar sem ganga út úr hryggjarliðunum og getur ástandið haft veruleg óþægindi í för með sér. Það er því ekki alls kostar rétt að tala um brjósklos því brjóskið losnar í raun ekki.






**STÆKKAÐ Á SKJÁ** Aron horfir í smásjána en skjárinn á veggnum er fyrir aðstoðarfólkið.

**Erfðaþátturinn mikilvægastur**

„Ég held að orsakir brjósklosa séu erfðir, sá þáttur skiptir örugglega mestu máli," segir Aron Björnsson, yfirlæknir á heila- og taugaskurðdeild Landspítalanum í Fossvogi. Aron lauk læknanámi við Háskóla Íslands árið 1979 og stundaði að því loknu framhaldsnám í heilaskurðlækningum í sex ár við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi. Hann hefur starfað á heila- og taugaskurðdeildinni síðan 1988 og sem yfirlæknir undanfarin þrjú ár.

Aron segir brjósklosaðgerðir hafa verið að breytast úr því að vera talsvert mikið stærri aðgerðir yfir í að verða aðgerðir með minni skurðum og minna blóðtapi. Með stórbættri smásjártækni hafi skurðlæknar náð mikilli leikni í að gera enn betri aðgerðir á enn styttri tíma en áður. „Fyrir nokkuð mörgum árum voru þetta nokkrir dagar og þar á undan enn lengri tími," segir Aron og rifjar upp árdaga smásjáraðgerða.

**Samkeppnin við verkjalyfin**

Aron telur mikilvægt að það komi fram í umræðu um brjósklos hve algengt það sé að fólk telji sig þjást af brjósklosi þegar eingöngu sé um bakverk af ýmsum öðrum toga að ræða. „Menn eru stundum með brjósklos á segulómmynd en ekki endilega með sérstök einkenni um það eins og sáran leiðniverk niður í kálfa, dofatilfinningu og máttleysi. Bakverkur er enginn brjósklosverkur, bakverkur hefur í sjálfu sér ekkert með brjósklos að gera nema óbeint af því að fólk fer að beita sér vitlaust," segir hann

„Menn eru óþolinmóðari í dag, sjúklingarnir líka. Það eru allir í vinnu og rosalega stressaðir og menn eru oft ekkert tilbúnir til að vera lengi frá vinnu," segir Aron þegar talið berst að öðrum úrræðum en uppskurði. Þeim mun öruggari sem aðgerðirnar verði og því fyrr sem sjúklingurinn geti snúið á ný til vinnu því samkeppnisfærari verði skurðlæknar á þessum vettvangi við alls kyns verkjalyf og önnur meðferðarúrræði.

„Ef við fáum til okkar einstakling sem er afar illa haldinn og óvinnufær og við vitum að við getum lagað en hin leiðin sé sú að bíða í allt að tvo til þrjá mánuði með verkina og jafnvel þurfa samt að fara í aðgerð á loknum þeim tíma þá velja flestir að fara í aðgerð."

**Heilsan kemur innan frá**

„Heilsan kemur innan frá. Kírópraktíkin gengur dálítið út á að hjálpa líkamanum að laga sig sjálfur," útskýrir Bergur Konráðsson kírópraktor eða hnykklæknir eins og það hefur verið kallað. Raunar telur Bergur sjálfur hugtakið hnykklækningar ekki alheppilegustu þýðinguna en teflir þess í stað fram hugtakinu liðlækningum sem honum þykir ná betur utan um fræðigreinina, en sé þýtt bókstaflega er kírópraktík gríska sem táknar hönd (chiro) og aðgerð eða einhvers konar framkvæmd (praktikós).

Hryggurinn og taugakerfið er grunnurinn í hnykklækningunum. Dæmigert ferli þess sem leitar til Kírópraktorstöðvarinnar hefst með röntgenmyndatöku, viðtali og skoðun.

Bergur líkir ferlinu við heimsókn til tannlæknis. Þar er almenn tannheilsa sjúklingsins athuguð í stað þess að einblína á eina eða fáar tennur. „Þetta er ekki bara verkjameðferð, það er ótrúlega útbreidd skoðun fólks að það sé allt í lagi með það svo lengi sem það er verkjalaust. Hryggsúlan er fyrirbæri sem þarfnast reglulegrar skoðunar, það á ekki bara að kíkja á hana þegar í óefni er komið. „Ég finn hvergi til, af hverju ætti ég að gera eitthvað?" spyr fólk en telur samt sem áður fullkomlega eðlilegt að skipta um olíu á bílnum og gera aðrar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að hann þjóni sínu hlutverki," útskýrir Bergur.

**Mikilvægast að styrkja bakið heildrænt**

„Þegar brjósklosið er komið er hægt að taka það en tilhneigingin til hryggþófaraskana er að öllum líkindum enn þá til staðar og maður vill reyna að taka á því undirliggjandi vandamáli," segir Edda Lúvísa Blöndal sjúkraþjálfari.

Hún segir bakmeðferð ganga út á að styrkja stöðugleikaþátt baksins. Því miður sé það staðreynd að þessar æfingar séu oft hundleiðinlegar, þær gangi ekki út á átök og svita þar sem árangur sé tiltölulega auðmælanlegur eins og í hefðbundinni líkamsrækt.

„Það gerir þær óvinsælar og það þarf stóran fræðsluþátt til að skilja tilganginn. Árangurinn er illmælanlegur og felst aðallega í forvörn og lýsir sér oftast í lengri tíma milli verkjakasta og minni verkjum þegar þeir koma. Stór ögrun fyrir okkur sjúkraþjálfara hefur verið að setja þessar æfingar í markaðsvænan búning," segir Edda enn fremur.

Bakvandamál eru að hennar sögn erfið vegna þess hve erfitt geti verið að greina þau rétt, einstaklingsbundin viðbrögð séu ólík og eins verkjaupplifun fólks. Huglæg verkjameðferð sé oft þarfur hluti af meðferðinni en þar er um að ræða heildræna meðferð sem tekur til félagslegra og sálrænna þátta og jafnvel fleiri. Við setjum punktinn við þá niðurstöðu.


GLÆSILEG NÝ
JÓLATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
ALLT AÐ
20.000
LÆKKUN
Á FARTÖLVUM
ALLT AÐ
25%
LÆKKUN
Á FLATSKJÁM
ALLT AÐ
20%
LÆKKUN
Á SKJÁKORTUM
25%
LÆKKUN
ALLT AÐ 25% LÆKKUN
Á YFIR 1000
TÖLVUVÖRUM
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og villur
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Í dag Laugardag
11:00 - 18:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



**SPRENGINGAR Í BAGDAD** Börkur á þaki höfuðstöðvanna við ána Tígris en sprengja sést lenda í bakgrunninum.

# Saddam virkaði vinalegur

Um fimmtán mánaða skeið var **Börkur Gunnarsson** talsmaður NATO í Bagdad í Írak. Bók hans „Hvernig ég hertók höll Saddams“ er nýkomin út en þar lýsir hann dvöl sinni undir sprengjuregninu. *Anna Margrét Björnsson* náði tali af Berki rétt áður en hann flaug til Afganistans þar sem hann vinnur nú.

**Hvernig atvikaðist það að þú varðst talsmaður NATO í Írak og svo varatalsmaður NATO í Afganistan?** Ég hef alltaf haft blaðamennsku og almannatengsl sem mitt öryggisnet þegar það gengur illa í bóka- og bíóskrifum. Þegar ég kom heim um áramótin 20034, eftir að hafa klárað bíómyndina Sterkt kaffi í Tékklandi, fór ég strax að vinna hjá almannatengsla fyrirtækinu Inntaki. En þótt það sé betur launað en bókaskrifin þá vann það ekki mikið á skuldunum sem ég hafði safnað upp. Ég fór þá að líta í kringum mig og sótti um hjá World for food-program og var eiginlega kominn með starf hjá þeim, þar sem ég átti að þvælast um Súdan með bakpoka og safna fréttum, þegar þetta tækifæri til að vera talsmaður NATO í Írak bauðst. Þetta var ekki mikið starf enda leiðangur NATO í Írak aðeins um 250 manns. En varatalsmannsstarfið í Afganistan, sem er mun valdameira og ábyrgðarfyllra starf enda um 53.000 manna leiðangur að ræða, fékk ég líklegast út á reynslu mína í Írak en frá þeim leiðangri fór ég með afbragðsgóð meðmæli frá öllum mínum yfirmönnum.

**Hver hafði starfsferill þinn verið þangað til og viðbrigðin?** Viðbrigðin í starfinu voru ekki mikil. Almannatengslastarfið er eins hvar sem er í heiminum. Eini munurinn á því að vinna fyrir stórfyrirtæki heima á Íslandi eða stórfyrirtækið NATO er sá að í stað þess að setja á þig bindið á morgnana seturðu á þig byssubeltið. Síðan er starfið eins. Maður situr fyrir framan tölvuna og skrifar fréttatilkynningar eða almannatengslaplön, djókar við starfsfélagana eins og heima og reynir að koma upplýsingum til blaðamanna eins fljótt og auðið er. Það eru aðeins örlítil smáatriði í umhverfinu sem maður þarf að venjast eins- og til dæmis að það sé alltaf verið að skjóta sprengjum að þér, skjóta úr vélbyssum á bílinn þinn ef þú skreppur á milli staða og þesskháttar óþægindi sem venjast samt furðu fljótt.

**Studdir þú innrásina í Írak?** Nei, en ég var samt ekki á móti henni heldur á þeim tíma. Ég hefði ekki viljað vera í þeim flokki manna sem mótmæltu með látum þeirri áætlun að koma einum ógeðslegasta einræðisherra síðustu aldar frá völdum, manni sem setti fólk í hakkavélar og hélt allri þjóðinni í óhugnanlegum óttagreipum. En eftir því sem tíminn líður hefur komið í ljós að allt of mikið af þeirri gagnrýni sem andmælendur innrásarinnar höfðu uppi reyndist réttmætt. Innrásin var byggð að einhverjum hluta á blekkingum og lygum sem er sárt fyrir alla sem annars hafa hugsað hlýtt til Bandaríkjanna. Og þótt í Írak hafi átt að búa þjóðinni betra samfélag þá hefur það ekki enn tekist. En leiðangurinn sem ég tók þátt í hafði ekkert með innrásina að gera. Hann var gerður út löngu seinna með eitt aðalmarkmið: að byggja herskóla í Bagdad. Ég hef aftur á móti haldið mig frá öllum vangaveltum um innrásina og uppbygginguna í Írak enda finnst mér það svo snúið og erfitt að réttlæta þessa innrás, því þótt Írakar hafi losnað undan hörmungum Saddams hafa þeir þurft að lifa við annars konar hörmungar í framhaldinu og jafnvel meiri en áður var. Og í bókinni tek ég enga afstöðu til stríðsins, hvað þá innrásarinnar, enda bókin ekki um það. Þótt ég hafi fengið góða gagnrýni á bókina finn ég að gagnrýnendur eru óánægðir með að ég taki ekki afstöðu til þess, þeir vilja heyra fordæmingu eða stuðning. En fyrir mér var þetta stríð þarna og þessar hörmungar voru þarna, það var allt og sumt. Mitt stríð var annað; að halda þeim sem ég elskaði nálægt mér og vera góður við þær manneskjur.

> Það var óhugnanlegt að hugsa til þess að þessi vinalegi maður hefði sett ættmenni kunningja minna í hakkavél eða pyntað með öðrum hætti til dauða.

**Hvernig var daglegt líf í Bagdad?** Í raun eins og hvað annað daglegt líf einhvers staðar annars staðar. Það er þetta stanslausa viðhald á líkamanum; rakstur, sturta, tannburstun, borða mat og meiri mat. Stundum var vatnslaust en það gerist víða í heiminum og þá reddar maður sér án vatns eða með flöskuvatni. Maður fer til vinnu sinnar en í Írak reyndi maður að forðast að fara um þá götu þar sem einhverjir höfðu fallið þann morguninn. Írakarnir eru ekki frábrugðnir öðru fólki þótt þeir hafi örfáa siði sem eru á annan veg. Eins og þegar ég fór að verða góður vinur nokkurra þeirra þá fóru þeir að taka í höndina á mér og leiða mig úti á götu. Fyrst þegar það gerðist svitnaði ég því ég á því ekki að venjast frá Íslandi að nokkur geri slíkt nema þá stúlkur og þá fylgir yfirleitt djúpur koss í framhaldinu og mér fannst þetta því mjög óþægilegt, en svo vandist það. Enda kom aldrei koss í framhaldinu, þetta er bara vinarvottur.

**Yfirmaður þinn í Írak var Petraeus sem nú er bandarísk stríðshetja. Hvernig var samstarf ykkar?** Það var magnað að vinna fyrir Petraeus. Hann dregur það besta út hjá sérhverjum manni. Hann er sjarmerandi, vinnusamur, orðsnjall, vinalegur en getur einnig sýnt hörku þegar það á við. Hann rak miskunnarlaust þá sem honum fannst ekki vera að sinna sínu starfi og það var sama hvaða stöðu þeir gegndu. Petraeus náði mjög góðu sambandi við Írakana sem ég held að hafi skipt miklu máli í árangri hans síðar meir. En Petraeus var sendur heim þegar ég var þarna og undraðist ég það mjög þar sem mér fannst hann bera af bandarísku hershöfðingjunum sem geta verið misjafnir. Menn voru almennt sammála um að hann hefði verið sendur heim af því að hann var strax þá farinn að verða hálfgerð stjarna í bandarískum fjölmiðlum. Menn vildu meina að hershöfðingi ætti ekki að verða svona stór.

**Þú ert eini Íslendingurinn sem var viðstaddur réttarhöld Saddams Hussein. Hvernig kom hann þér fyrir sjónir?** Það er eins og svo oft þegar maður hittir illmenni að maður verður fyrir miklum vonbrigðum með að það skuli ekki vera með horn og hala. Við réttarhöldin var Saddam afskaplega vinalegur og kurteis. Hann virkaði á mann eins og næs og þægileg persóna sem án nokkurra mótmæla hlýddi tæplega tvítugum vopnlausum strákum sem leiddu hann inn í salinn. Með mér við réttarhöldin voru Írakar sem höfðu misst fjölda ættmenna sinna í miskunnarlausar hendur hans. Það var óhugnanlegt að hugsa til þess að þessi vinalegi maður hefði sett ættmenni þessara kunningja minna í hakkavél eða pyntað með öðrum hætti til dauða. Það er svo fjarlægt ímyndunarafli Íslendings að missa náinn ættingja sinn sem maður elskar inn í einhvern slíkan hrylling og ólýsanlegan viðbjóð. Samt voru Írakarnir ekki hatursfullir á meðan þeir fylgdust með réttarhöldunum, þeir voru sáttir, því þá hafði aldrei órað fyrir að þessi fjöldamorðingi myndi þurfa að greiða fyrir gjörðir sínar.

**Nú starfar þú sem varatalsmaður NATO í Kabúl. Er mikill munur á höfuðborg Afganistans og Bagdad?** Ég fór til Kabúl í byrjun febrúar og hef verið hér síðan og verð eitthvað fram á næsta ár. Munurinn á milli þessara tveggja staða er gríðarlegur. Í Írak var sprengjum skotið á kampinn okkar á hverjum einasta degi, þegar verst lét voru daglega yfir tíu sprengjuárásir á okkar búðir ofan á allar sjálfsmorðssprengjuárásirnar og lætin meðal Írakana sem voru utan virkisveggjanna. En ég hef verið hér í Kabúl í tíu mánuði og það hefur aðeins ein sprengjuárás verið gerð á höfuðstöðvarnar okkar, það er allt og sumt. Auðvitað hafa nokkrar stórar sprengjuárásir verið gerðar í borginni en ekkert sem er í líkingu við Bagdad. Stuðningur Afgananna við okkur hér, í Kabúl í það minnsta, er líka augljóslega miklu meiri og maður er nokkuð öruggur í borginni.

**Ert þú bjartsýnn á að ástandið í Afganistan fari batnandi?** Nei, persónulega er ég ekki of bjartsýnn sem stendur. Þetta ár hefur verið það versta frá innrásinni í Afganistan. Styrkur talibanar í suðrinu hefur verið að vaxa og fólk er frústrerað yfir ríkistjórninni alls staðar í landinu. Spillingin er mikil og það hafa verið mikil vonbrigði með Karzai forseta. Það eru miklar vonir bundnar við skipun Petraeusar sem yfirherforingja yfir bandarísku sveitunum í Mið-Austurlöndum, þar á meðal hér, og svo náttúrulega Obama sem mun einbeita sér að Afganistan. En ég hef mínar efasemdir um að það muni breyta miklu. Það má samt ekki líta fram hjá því góða sem er að gerast því uppbyggingin er mikil þótt spillingin í stjórnkerfinu sé líka mikil.

**Var ekki mikil freisting að taka dvöl þína upp á filmu þar sem þú ert nú kvikmyndagerðarmaður?** Jú, en maður verður að skilja fyrir hvern maður vinnur hverju sinni. Auðvitað er ég fyrst og fremst rithöfundur og kvikmyndaleikstjóri, en á meðan mér er treyst fyrir því að vinna sem blaðamaður fyrir eitthvert blaðið eða sem almannatengslamaður fyrir eitthvert fyrirtækið þá sinnir maður því eingöngu en leyfir sér kannski, ef frítími gefst, að sinna hinu. Ef ég hefði haft kvikmyndavélina við höndina allan tímann væri ég með ótrúlegt efni í höndunum – óskarsverðlaunaefni – en þá er hætt við því að ég hefði verið rekinn fyrir löngu.

**Var ekki erfitt að vera svona opinskár um líf sitt eins og þú ert í bókinni?** Nei, það er furðulega auðvelt. Það að játa á sig jafn hrikalegan glæp á prenti og að maður hafi verið ástfanginn er ekkert erfitt. Það eru í raun ekkert sjokkerandi upplýsingar. Ég fékk margt meira sjokkerandi upp á borð til mín í Írak heldur en þá staðreynd. Ég held að sú hrifning og sú stjórnlausa þrá sem grípur þig þegar þú verður ástfanginn sé sú fallegasta en líka sú hættulegasta. Það breytist allt í kringum þig, ekkert verður áhugavert nema það. Efnahagskerfi geta hrunið, stórveldi riðað til falls, en ekkert skiptir þig máli nema þetta.


42
TOMMUR
Max verð
299.989
Fullt verð
349.989
Philips 42PFL7423D
42" LCD Pixel Plus 3 Full HD breiðtjald • 1920x1080 punkta uppl. • Skerpa: 30.000:1 • 100Hz LCD • Innb. digital DVB-T móttakari • USB ofl.
Fylgir frítt!
Max verð
1.989
MAMMA MIA!
THE MOVIE
Max verð
2.689
THE DARK KNIGHT
DAGVAKTIN
Max verð
4.989
12 þættir
Troðfull búð
af tilboðum
Batman og Mamma Mia fylgir sjónvörpum frítt
42
TOMMUR
Philips 42PFL3403D
42" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta uppl. • LCD WXGA Active Matrix TFT • HD-READY (720p/1080i) • 24000:1 skerpa • Digital Crystal Clear ofl.
Fylgir frítt!
Max verð
239.989
32
TOMMUR
Panasonic TX32LE7F
32" HD LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • V-Real • 3.000:1 skerpa • VIERA Link • HDMI ofl.
Max verð
119.989
Fullt verð
129.989
19
TOMMUR
Innb. DVD
Fylgir frítt!
United TVD7056
19" LCD • Innbyggður DVD spilari • 1440x900 punkta upplausn • Nicam Stereó • 12v og 220v
Max verð
69.989
Þráðlaus sjónvarps flakkari
IcyBox MP303
Þráðlaus 3.5" SATA harðdisk flakkari • USB 2.0 • Windows og MAC • USB • HDMI ofl.
Max verð
19.989
8 milljóna punkta
Nikon S210
Digital MYNDAVÉL • 8.0 milljón punkta • 2,5" LCD • ISO-2000 • 3x optísk Zoom NIKKOR linsA • Rafræn titringsjöfnun ofl.
Max verð
24.989
Fullt verð
29.989
Hár skeri
Melissa 638141
Hárklippur • 4 kambar
Max verð
1.989
Fullt verð
2.989
Heilsugrill
Ideline 743179
800w heilsugrill • 6 hitastillingar • Safnar fitu og safa í bakka
Max verð
5.989
8 stykkja
Philips HP4696
8 hausa gjafasett • Krullu-, sléttu-vöfflu- og slöngulokkajárn ofl.
Max verð
8.989
iPod vagga
LOGITECH X240
2.1 margmiðlunarhátalarar • 2 hát. og Subwoofer • iPod vagga ofl.
Max verð
6.989
Fullt verð
8.989
iPod vagga
Logitech Pure Fi Express Plus
iPod hátalarar og hleðslustöð • Klukka og vekjari
Max verð
22.989
Fullt verð
24.989
Hljómtæki
JVC UXG100
10w RMS míkrósamstæða • MP3/WMA spilari • RDS útvarp
Max verð
25.989
Fullt verð
29.989
BORAT
SYNDIR FEÐRANNA
BLINDSKER
989 kr.
á stk.
DVD myndir
3 fyrir 2
Keyptu tvær DVD og fáðu þriðju fría
OPIÐ KL. 11-22 ALLA DAGA TIL JÓLA
MAX RAFTÆKI - KAUPTÚNI 1 GARÐABÆ OG HOLTAGÖRÐUM - SÍMI 412 2200 - WWW.MAX.IS
MAX
RAFTÆKI



MYNDI VILJA HEIMSÆKJA MIÐALDIR: LEIKKONAN ESTER TALÍA CASEY

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Þoli ekki hálfvita

**Ester Talía Casey** hefur í nógu að snúast á sviðinu í vetur, en hún leikur í Sumarljósi og svo kemur nóttin, Kardemommubænum og Frida, viva la vida á fjölum Þjóðleikhússins. *Anna Margrét Björnsson* fékk hana í þriðju gráðu yfirheyrslu.

**Hvenær varstu hamingjusömust?** Þegar dóttir mín fæddist.

**Ef þú værir ekki leikkona, hvað myndirðu þá vera?** Söngkona eða garðyrkjukona …

**Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?** Föt og aftur föt … og skór frá Malene Birger.

**Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?** Það er alltaf erfitt þegar manni er bent á galla sína.

**Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndirðu vilja búa?** Í Köben.

**Uppáhaldsleikari/leikkona allra tíma og af hverju?** Er ekki mikið fyrir „uppáhalds“ en ég fíla til dæmis Brad Pitt, hann sannaði sig frá sæta blondstráknum.

**Draumahelgin þín í einni setningu?** Núna væri það frí alla helgina og jólastúss með manni og barni.

**Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt?** Unglingavinnan … var sú eina sem lenti í hóp þar sem ég þekkti engan og ég var bældur unglingur þannig að …

**Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðunni?** Mývatn, 101 R., Köben og Barcelona.

**Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag hlustarðu mest á í dag?** Ég er alæta á tónlist en klassísk tónlist fer beint inn í hjartað á mér.

**Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?** Ég myndi vilja heimsækja miðaldir og syngja í kór, víkingana og fara í gott partí, vera tískudrós á Viktoríutímabilinu og aðeins hitta hippana …

**Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?** Ég fer oft að vinna þegar ég er lögst upp í rúm og þá er ég lengi að kúpla mig niður.

**Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?** Ég myndi ekki ferma mig.

**Hvenær fékkstu síðast hláturskast?** Á æfingu … Frikki Frikk drepur mig.

**Áttu þér einhverja leynda nautn?** Já.

**Uppáhaldsbókin þessa stundina?** Afleggjarinn eftir Auði Ólafs.

**Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?** Æi, þetta er allt meira og minna frábært fólk.

**En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?** Alla hálfvitana.

**Uppáhaldsorðið þitt?** Aparass.

**Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?** Aukaherbergi.

**Hvaða einu lagi verður þú að taka „cover“ af áður en þú deyrð?** My baby or never.

**En hvaða hlutverk myndir þú verða að leika áður en þú deyrð?** Hexíu de Trix.

**Hver verða þín frægu hinstu orð?** Why talk about it.

**Hvað er næst á dagskrá?** Sörubakstur … Frumsýning á Sumarljósi 26.des., æfingar á Kardemommubænum og Frida, viva la vida í Þjóðleikhúsinu.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Esther Talia Casey

**STARFSFERILL Í HNOTSKURN:**
**Hóf ferilinn í Grease í Borgarleikhúsinu, lék svo með sjálfstæðum leikhópum þaðan norður á Akureyri og þaðan í Þjóðleikhúsið…..**

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:**
**1977. Elvis lést…eða það segja þeir.**

## MÆLISTIKAN



### Á uppleið

**Póst-rokk.** Jólastemningin. Loksins mætt með fallegum póstkortasnjó og gleði í hjarta.

**Ódýrar jólagjafir.** Í stað þess að bíða í röðum fyrir utan búðirnar fara Íslendingar að spá í heimaföndur og persónulegar gjafir. Átti andi jólanna ekki einmitt að vera svona?



**Glansandi augnskuggi.** Tískuhönnuðir boða málm-skotin augu fyrir vorið, hvers vegna ekki að byrja núna?



**Kynlíf.** Tilvalin afþreying í skammdeginu, ástæður fyrir að stíga upp úr bólinu fara líka að verða hverfandi!

### Á niðurleið

**Tískublaður.** Fólk sem ræðir ekki um annað en nýjustu strauma og týnir sálunni í yfirborðskenndinni.

**Pitsur og gos.** Óhollt, fitandi og aðallega alveg rándýrt spaug. Nú er kominn tími til að stöðva slíka slæma ávana.



**Jólaskrauts-ofgnótt.** Við vitum að mínímal svart-hvíta skrautið var hroði, en engin ástæða til að veggfóðra hvern krók og kima heima með glyðrulegum ljósum.



**Sólarpúður.** Það lítur hreinlega hörmulega út í vetrarbirtunni og mun betra að leyfa fölu litarafti og bleikum kinnum að skína í gegn.



**Rakvélar.** Jólasveinninn var skeggjaður og flestir karlmenn taka sig vel út með fallega loðinn hýjung. Segið bless við metró-manninn, strákar!


Í faðmi fjölskyldunnar
JOE BOXER®
Kringlan • Smáralind

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

**Góð vika ...**



**... fyrir íslensk skáld.** Barist var um skáldverk Guðrúnar Evu Mínervudóttur, Skaparann, hjá þýskum útgefendum sem buðu gull og græna skóga fyrir útgáfusamning. Guðrún fékk sér af því tilefni nýtt reiðhjól en því gamla var stolið fyrir nokkrum dögum. Þessari afbragðs góðu bókmenntaviku lauk með því að bókarisinn Barnes & Noble valdi Gæludýr Braga Ólafssonar eina af fimmtán bestu skáldverkum ársins.



**... fyrir íslenskar knattspyrnukonur.** Hingað til hafa atvinnumenn landsins í knattspyrnu komið úr röðum karlanna. Undanfarnar vikur hafa hins vegar íslenskar knattspyrnukonur snúið vörn í sókn og haldið í víking á erlendri grund. Flestar fara þær í sænsku úrvalsdeildina en það væri svona svipað og ef allir íslensku atvinnumennirnir myndu skrifa undir hjá liði í ensku úrvalsdeildinni.

**Slæm vika ...**



**... fyrir unga tónlistarmenn.** Jakob Frímann Magnússon skrifaði greinarstubb í Morgunblaðið og uppskar heróp frá ungum hugsjónamönnum í tónlistarlífinu. Lengi vel leit út fyrir að klofningur myndi eiga sér stað innan tónlistarbransans. Jakob er þó eldri en tvævetra og lægði öldurnar af sinni alkunnu snilld. Byltingin var því eiginlega slegin út af borðinu samdægurs, eða hvað?!



**... íslenska djammara.** Að fá sér einn gráan á bar í Reykjavík hefur aldrei talist ódýr skemmtun. Menn hafa þó látið sig hafa það og straujað kortin ótæpilega á öldurhúsum. En með ákvörðun Alþingis um að hækka áfengisgjaldið enn frekar er ljóst að tveir bjórar eru lúxusvara og það verður aðeins á valdi þeirra velstæðu að sötra á einum einföldum gin og tónik. Nú bíða djammararnir bara eftir því að afgreiðslutími skemmtistaðanna verði takmarkaður því þá geta þeir sett ballskóna endanlega á hilluna.



## HORFT ÚT Í HEIM

**Klemens Ólafur Þrastarson**

# *Af jólaþrælahaldinu*

Í nótt kemur Stúfur víst til byggða og afskaplega verður svo gaman á Þorláksmessu þegar síðasti bjálfinn, hann Kertasníkir, ratar sína leið.

Svokölluð þjóðarsálin er orðin stolt af sínum sveinum og einn Íslendingur hefur gert sér lítið fyrir og sett á fót agnarsmátt fjölmiðlaveldi í Mið-Ameríku til að nýi heimurinn megi þekkja þá.

En úti í Evrópu eru líka til nokkrir litlir svona púkasveinar, eins og heimasíða þýska Spegilsins rifjar upp. Ungviðið í Þýskalandi fer á agnarsmáum taugum sínum þegar hinn ægilegi Knecht Ruprecht kemur í bæinn. Hann er einn hinna illu aðstoðarmanna Sveinka og nafnið eitt vekur skelfingu barnanna.

Niðri í Austurríki ríður svo húsum hinn andfélagslegi og hornumprýddi skratti sem kallast Krampus, en nafn hins franska Peres Foutard er meinleysislegra. Pere er þó vopnaður svipunni.



En umdeildasti skrattakollurinn er Hollendingurinn Svarti-pétur (Zwarte Piet). Pési þessi var eitt sinn numinn frá einhverri nýlendunni og fékk þá upphefð að vera gerður að þræli sjálfs Jólasveinsins (Sinterklaas). Útlendingar hneykslast gjarnan á honum og innflytjendum, sérstaklega frá Súrinamíu og Afríku, er ekki skemmt heldur.

Sinterklaas býr ekki á Norðurpólnum heldur á Suður-Spáni og ferðast um heiminn á voldugu gufuskipi.

Zwarte Piet var í gamla daga næstum dvergvaxinn, heimskur og klaufalegur surtur og talaði ekki góða hollensku.

En í nokkra áratugi, eftir því sem fólk gerði sér betur grein fyrir því að þessa mýtu mæti líta misgleðilegum augum, hefur verið reynt að snyrta ímynd Svartapéturs. Hann er meira að segja hættur að vera blökkumaður.

Nei, hann hreinsar bara skorsteina fyrir Sinterklaas, eins og hann hefur alltaf gert, og þannig fékk hann sót á andlitið.

Til eru þeir, sem engu síður telja hugmyndina um þræl gufuskipstjórans ekkert minna en smánarblett á hollensku þjóðarsálinni. Og þegar þeir mótmæla verður allt kolvitlaust. Morðhótanir bárust lögreglu nú síðast í september, þegar pólitískt réttþenkjandi hópur hugðist halda and-Svartapétursgöngu í Eindhoven. Það má nefnilega ekki fjalla mikið um hann Piet, það er óþægilegt fyrir hina, sem vilja bara hafa þetta eins og það hefur alltaf verið. Þeir félagar eru meira að segja svo merkilegir að Ríkissjónvarpið sýnir í beinni útsendingu þegar þeir mæta fyrir jólin.

En rétthugsun er yndisleg. Í borg einni í hollenska Flæmingjalandi hafa orðið stakkaskipti. Borgararnir ákváðu að gera bragarbót í þágu réttlætis og er Jólasveinninn nú af afrískum uppruna en sá litli er hvítingi.

Enn aðrir hafa stungið upp á því að hætta alveg að tala um þessa tvo og skipta þeim út fyrir hina belgísku og sívinsælu Strumpa, eða Skrípla, eins og þeir hétu fyrst. Strumparnir eiga nefnilega álíka mikið í Hollendingum og jólaþrælahaldarinn og negrinn. Og með því að notast við þá og gleyma hinum mætti komast hjá öllu þessu veseni.

En bíðið hæg. Voru ekki til vondir strumpar líka? Kolsvartir og sótillir?

# FRÉTTAGETRAUN VIKUNNAR



1. Hvaða endurskoðunarfyrirtæki á að taka við af KPMG við endurskoðun á Glitni?
2. Hver valdi bókina Gæludýrin eftir Braga Ólafsson sem eina af 15 bestu skáldsögum þessa árs?
3. Hvaða íslenska stúlka tekur þátt í raunveruleikasjónvarpi í Bandaríkjunum?
4. Hvað heitir skattrannsóknarstjórinn sem vill fá upplýsingar frá dótturfélögum bankanna í Lúxemborg?
5. Forstjóri Eyris Invest segir félagið næsta óskaddað eftir bankahrunið. Hvað heitir forstjórinn og hver er bróðir hans?
6. Hver voru valin íþróttamaður og íþróttakona ársins 2008 úr röðum fatlaðra?
7. Hvaða þrjár kvikmyndir fengu flestar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna?
8. Rod Blagojevich er bandarískur ríkisstjóri sem varð kunnur fyrir það að bjóða öldungadeildarþingsæti til sölu. Í hvaða ríki er Blagojevich ríkisstjóri og hver situr nú í þingsætinu?
9. Sannkallaður nágrannaslagur var í vikunni þegar FH og Haukar kepptust um að komast í undanúrslit Eimskipsbikars karla í handbolta. Hvernig fór leikurinn?
10. Til átaka kom í þinghúsinu í upphafi viku og þurfti að rjúfa þingfund vegna mótmæla. Hversu margir mótmælendur voru handteknir?
11. Hverja valdi tímaritið Nýtt Líf sem konu ársins?
12. Hvaða ráðherra nýtur mests trausts almennings, samkvæmt nýrri könnun MMR?
13. Hótel Keflavík býður nú á aðventunni upp á ókeypis gistingu fyrir þá sem versla í Reykjanesbæ. Hvað heitir hótelstjórinn?
14. Fyrrverandi sveitarstjóri hvaða sveitarfélags var í vikunni dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og umboðssvik?
15. Elsta starfandi kvenfataverslun landsins fagnar nú 70 ára afmæli. Hvaða verslun er þetta?





**1.** Ernst & Young **2.** Vefsíða bókabúðakeðjunnar Barnes & Noble **3.** Berglind Ólafsdóttir **4.** Bryndís Kristjánsdóttir **5.** Árni Oddur Þórðarson og bróðir hans er Magnús Geir Þórðarson Borgarleikhússtjóri **6.** Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir **7.** The Curious Case of Benjamin Button, Frost/Nixon og Doubt **8.** Hann er ríkisstjóri Illinois og ætlaði að selja þingsæti Baracks Obama, þegar hann tekur við sem forseti Bandaríkjanna. **9.** 29-28 fyrir FH. **10.** Sjö voru handteknir **11.** Jóhönnu Kristjónsdóttur. **12.** Jóhanna Sigurðardóttir. **13.** Steinþór Jónsson. **14.** Fyrrverandi sveitarstjóri í Grímseyjarhreppi. **15.** Bernharð Laxdal.

# AUGNABLIK



**EKKI MEIR** Steingrímur J. Sigfússon virðist vera kominn með nóg af umræðunni á þingi Bændasamtakanna um Evrópumál.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# FINNDU ORÐIN

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| B | D | C | É | C | R | Ð | T | R | Ú | H | L | Þ | L | Ö |
| P | Ð | R | B | E | T | Ö | J | K | I | G | N | A | H | M |
| I | Ó | U | U | F | H | V | Þ | Y | M | M | U | N | L | D |
| P | I | P | Á | G | Y | M | K | O | N | F | E | K | T | Ð |
| A | Ð | Ú | H | T | G | H | Í | F | A | I | R | B | I | N |
| R | G | J | E | G | I | Y | J | B | J | K | É | T | L | U |
| K | P | R | S | B | B | P | R | Y | I | Þ | Æ | L | M | M |
| Ö | N | N | Ú | K | L | A | K | H | Ý | G | Ö | Æ | N | Þ |
| K | V | Þ | K | Y | U | P | Y | M | L | A | Þ | R | Þ | K |
| U | U | V | K | Ð | Y | P | Æ | Æ | L | N | M | I | M | A |
| R | S | Y | U | I | T | E | S | Ó | K | Æ | L | K | Æ | V |
| P | M | A | L | T | É | L | J | H | A | Þ | Ö | M | Y | K |
| B | S | U | A | Ó | S | S | M | Á | K | Ö | K | U | R | J |
| R | T | P | Ð | S | F | Í | Y | É | Ó | L | Ö | S | Ö | M |
| S | K | S | I | R | L | N | V | Ú | Í | Ý | Ð | Í | Ó | K |

LAUFABRAUÐ
HANGIKJÖT
SMÁKÖKUR
KONFEKT
RJÚPUR
JÓLAÖL
KALKÚNN
HRYGGUR
LÆRI
MALT
APPELSÍN
SÚKKULAÐI
PIPARKÖKUR
KAKÓ
SÆLGÆTI

Orðin geta verið á ská, upp, niður, afturábak eða áfram.

# VINSÆLASTA TÓNLISTIN Í DAG

100% ÍSLENSKT




1

CD +DVD




3




5




4




6

## TÓNLISTINN 49. VIKA 2008

Unnið fyrir FHF skv. sölugögnum frá verslunum Skífunnar, Eymundsson, Bókabúð Máls og menningar, Hagkaupum, 12 Tónum, Bónus og Smekkl

| Nr. | Flytjandi | Diskur | Útgefandi | Síðasta vika | Vik topp |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | Minningart.: Vilhjálmur Vilhjálms. | Sena | 3 | |
| 2 | Páll Óskar | Silfursafnið | POP | 1 | |
| 3 | Ragnheiður Gröndal | Bella and her Black Coffee | Sena | 4 | |
| 4 | Raggi Bjarna | Lögin sem ekki mega gleymast | Sena | 9 | |
| 5 | Stefán Hilmarsson | Ein handa þér | Sena | 2 | |
| 6 | Baggalútur | Nýjasta nýtt | Sena | 7 | |
| 7 | Haukur Morthens | Með blik í auga | Sena | 21 | |
| 8 | Sálin hans Jóns míns | Hér er draumurinn | Sena | 6 | |
| 9 | Lay Low | Farewell Good Night's Sleep | COD Music | 8 | |
| 10 | Ýmsir | 100 erlend jólalög | Sena | 5 | |
| 11 | KK | Svona eru menn | JPV útgáfa | 13 | |
| 12 | Ýmsir | 100 íslensk jólalög | Sena | 10 | |
| 13 | Rúnar Júlíusson | Söngvar um lífið 1966-2008 | Geimsteinn | Nýr | 1 |
| 14 | Vilhjálmur Vilhjálmsson | Myndin af þér | Sena | 12 | 47 |
| 15 | Frostrósir | Heyr himnasmiður | Frost | Nýr | 1 |
| 16 | Bubbi & Stórsveit Reykjavíkur | Bubbi & Stórsveit Reykjavíkur | Sena | 19 | 5 |
| 17 | Ýmsir | Í minningu Vilhjálms | Rigg | 14 | 2 |
| 18 | Guðrún Gunnarsdóttir | Umvafin englum | Sena | 22 | 5 |
| 19 | Pétur Kristjánsson | Algjör sjúkheit | Sena | 11 | 3 |
| 20 | Björgvin Halldórsson og gestir | Jólagestir | | | |




7

3CD




8

4CD +3DVD



9




10

5CD

**Góða skemmtun um jólin ►**

COD MUSIC

sena
okkar heimur // þín skemmtun

**HANNES HAFSTEIN RÁÐHERRA ANDAÐIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1922**

*Heill sé hugur og snilli,*
*heill sé ráði og dáðum.*
*Heill sé hendi' og anda,*
*heiður um foldu breiðist.*

***Hannes Hafstein var eitt af þjóðskáldum Íslands, sýslumaður á Ísafirði og fyrsti ráðherra landsins.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. DESEMBER 1992

## *Orgel vígt í Hallgrímskirkju*



Vígt var nýtt orgel í Hallgrímskirkju í Reykjavík þennan mánaðardag árið 1992 og var það stærsta hljóðfæri á Íslandi á þeim tíma. Það er um 17 metrar á hæð, vegur um 25 tonn og í því eru 5.200 pípur. Smíði þess kostaði um 100 milljónir króna. Fjárins var að miklu leyti aflað með almennum samskotum. Margar fjölskyldur tóku sig saman um að borga eina og eina pípu og einnig létu margir minningargjafir um ástvini renna í orgelsjóðinn.

Þýska fyrirtækið Klais Orgelbau smíðaði hið volduga hljóðfæri og forstjórinn, Hans-Gerd Klais, kom til landsins við afhjúpun orgelsins sem fór fram 22. október. Hann lagði eyrun við leik Harðar Áskelssonar organista og lýsti því síðan yfir að hljómurinn væri eins og vonast hefði verið til.

Hallgrímskirkja er 74,5 metra há. Útlit og gerð orgelsins taka mið af byggingarstíl kirkjunnar. Orgelhúsið er tilkomumikið, enda á fjórum hæðum, smíðað úr eik og með tvöfaldan glervegg að baki. Gera þurfti nokkrar breytingar á kirkjunni til að hljómur þess yrði sem fegurstur.

## MERKISATBURÐIR

**1947** Breski togarinn Dhoon strandar undir Látrabjargi og var tólf mönnum bjargað við mjög erfiðar aðstæður.
**1981** Wojciech Jaruzelski lýsir yfir herlögum í Póllandi.
**1988** Sjötug kona í Reykjavík fær stærsta happdrættisvinning sem þá hafði sést á Íslandi, 25 milljónir í Happdrætti Háskólans.
**1996** Fyrsta skóflustungan að Grafarvogslaug er tekin
**2006** Þrír ítalskir verkamenn slasast þegar tvær járnbrautarlestir skella saman við gerð Kárahnjúkavirkjunar.



**GÓÐUR MATUR** Nokkrir starfsmenn Múlalundar njóta matarins.

## *Jólamatur í Múlalundi*

Starfsmenn Múlalundar gerðu sér glaðan dag í vikunni og gæddu sér á hangikjöti og tilheyrandi. Í Múlalundi eru framleiddar fjölmargar íslenskar vörur en þar starfar fólk sem á við einhvers konar fötlun að stríða. Múlalundur, sem er í Hátúni, var stofnaður árið 1959 og verður fimmtíu ára á næsta ári. Hann er því elsti og stærsti verndaði vinnustaður landsins.

## Engill vonar



**ENGILL VONAR** Hluti af ágóða rennur til Krabbameinsfélagsins.

Sala á engli vonar hefst nú í fimmta sinn. Hluti af söluverði hans rennur til Krabbameinsfélags Íslands og verður nýttur til að styðja við Ráðgjafarþjónustuna sem veitir ókeypis ráðgjöf til sjúklinga og aðstandenda.

Það er Verslun Guðlaugs A. Magnússonar að Skólavörðustíg 10 í Reykjavík sem selur Engilinn en framleiðsla hans hófst árið 2004 í tilefni af 80 ára afmæli verslunarinnar. Engillinn sem er gerður úr handpóleruðu messing er hannaður af Hönnu S. Magnúsdóttur, barnabarni Guðlaugs. Hann er merktur ártalinu 2008.



*Eiginmaður minn,*

**Örn Clausen**

hæstaréttarlögmaður,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni að kvöldi 11. desember. Útförin auglýst síðar.

Guðrún Erlendsdóttir



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Helga Þorsteinssonar**

fyrrum skólastjóra og bæjarritara á Dalvík, Skálagerði 4, Akureyri.

Guðrún Bergsdóttir og fjölskyldur.



**MEÐ ALMANÖKIN KRINGUM SIG** „Einn af föstum punktum í starfsemi félagsins og veggskreytingum íslensku þjóðarinnar," segir Ólafur William, kynningar- og markaðsstjóri Eimskips. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ALMANAK EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS: KEMUR ÚT Í 80. SKIPTI

# Almanakið á sinn fasta nagla í flestum eldhúsum landsins

„Eimskipafélagið gefur út almanak að venju. Það er einn af föstum punktum í starfsemi félagsins og veggskreytingum íslensku þjóðarinnar," segir Ólafur William Hand, kynningar- og markaðsstjóri Eimskipafélags Íslands.

Almanakið fyrir 2009, sem er nýkomið út, er hið 80. í röðinni því útgáfan hófst árið 1928. „Það var með fyrstu samfélagslegu verkefnum félagsins að gefa út almanök og senda til hluthafa sinna sem voru dreifðir um landið. Í mörg ár höfum við líka sent þau til allra sem óskað hafa eftir og almenningur hefur getað komið á skrifstofur félagsins og fengið eintök sér að kostnaðarlausu. Síðustu daga hefur fólk streymt í móttökuna á Korngörðum, húsið við hliðina á Vöruhótelinu, til að ná í þennan glaðning," segir Ólafur ánægður og bætir við: „Verðmæti hafa breyst mikið gegnum tíðina. Þó held ég að flestir fagni því enn að fá almanak Eimskips frítt, einkum eldra fólkið sem ólst upp við það."

Eimskip hefur ávallt lagt mikið upp úr fallegum myndum á almanökunum sem margir af þekktustu ljósmyndurum íslensku þjóðarinnar hafa átt heiðurinn að. Nýjasta útgáfan er prýdd myndum eftir Ragnar Axelsson. Þær eru af tólf fossum. Táknrænt því Eimskip nefnir skip sín eftir þeim. Þetta eru til dæmis Gullfoss, Goðafoss, Brúarfoss, Laxfoss, Tröllafoss og Lagarfoss. Þar eru líka litlar myndir af fyrstu skipunum sem báru þessi nöfn og saga þeirra í stuttu máli. Hvorutveggja úr bókinni Skipasagan í sjötíu og fimm ár sem Hilmar Snorrason skráði fyrir Eimskip í tilefni af 75 ára afmæli félagsins. „Þannig að fólk hefur eitthvað að lesa á veggnum, annaðhvort til að rifja upp eða fræðast um í fyrsta skipti," bendir Ólafur á.

Næsta ár verða 95 ár liðin frá stofnun Eimskipafélags Íslands sem hefur verið kallað Óskabarn þjóðarinnar og margir landsmenn fjárfestu í til að greiða fyrir flutningum. Í tilefni afmælisins er ætlunin að halda veglega sýningu á öllum almanökum félagsins í sal Sjóminjasafnsins á Grandagarði í janúar. „Fyrstu dagatölin voru þannig að listamenn voru fengnir til að teikna myndir af skipunum og mála þær en á seinni árum hefur íslenskt landslag verið í forgrunni," segir Ólafur og vill gjarnan koma því á framfæri að eina almanakið sem vantar í safnið er það fyrsta, frá 1928. Ef einhver lumar á því eða öðrum markverðum munum frá félaginu er honum akkur í að fá þá að láni.

Dagatalið fyrir 2009 er gefið út í 20.000 eintökum. Þar af fara 5 til 6.000 út í heim sem landkynning. Þó eru það Íslendingar sem það tengist fyrst og fremst enda á það sinn fasta nagla í flestum eldhúsum landsins. „Við prófuðum að hafa almanakið á þverveginn en breyttum strax aftur yfir í hangandi brot því húsmæður kvörtuðu sáran yfir því að það þyrfti að mála veggina upp á nýtt. Hann var orðinn gulnaður undir því gamla."

gun@frettabladid.is



# 90 ára afmæli

Níræð er í dag

**María Ágústsdóttir,**

nú til heimilis á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri. María er ættuð frá Geiteyjarströnd í Mývatnssveit. Eiginmaður hennar var Sigurður G. Jóhannesson kennari.

AFMÆLI



**LÍSA PÁLSDÓTTIR** dagskrárgerðarkona er fimmtíu og fimm ára í dag.



**LÁRUS GRÍMSSON** tónlistarmaður er fimmtíu og fjögurra ára í dag.



**ÓLI G. JÓHANNSSON** myndlistarmaður er sextíu og þriggja ára í dag.

habitat
Holtagörðum og Akureyri

# Afsláttardagar

## 40% afsláttur af öllum vörum!



STUB BASM IÐJAN
Holtagörðum og Akureyri

# Allt að 40% afsláttur

**Barnahúsgögn, ljós, lampar, stólar, leikföng, fatnaður, meðgöngufatnaður og margs konar smávara. Fallegar og vandaðar vörur í jólapakkann.**

**Einnig mikið af nýjum haust- og jólafatnaði á 10% afslætti.**

**www.stubbasmidjan.is**

Stubbasmiðjan er spennandi verslun sem sérhæfir sig í húsgögnum og alhliða lausnum fyrir barnaherbergi.



Jólatilboð
20% afsláttur
af öllum bókahillum
og geisladiskastöndum



Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is








Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

# Tapað stríð við lokkandi gyðjur

Ég hef löngum átt í stríði við nokkrar konur um athygli þvottadrengsins. Þetta eru flottar skvísur, sveifla mjöðmunum öruggar með sig og allar búa þær yfir hæfileikum sem ég er alveg laus við. Ég hef ekki roð við þeim. Ég átti það til að verða súr vegna þessa en hef með tímanum lært að sætta mig við ástandið, enda litlar líkur á að hann komist í nálægð við þær. Þessir keppinautar mínir eru sjónvarpskokkarnir Nigella Lawson og Rachel Ray og poppdrottningin Christina Aguilera. Sú síðastnefnda fær þvottadrenginn til að flissa frá sér allt vit þegar hún sveiflar sér í myndbandinu við lagið „Candy man“. Ég get ekkert við því gert nema reita hár mitt í afbrýðikasti. Ég er ekki eins áhyggjufull út af hinum tveimur þar sem drengurinn hefur augljóslega einungis á þeim matarást. Ást sem hann mun þó aldrei bera til mín þar sem ég gæti ekki soðið vatn án vandræða. Matarást þvottadrengsins á þessum tveimur hefur líka borið þann ávöxt að hann er mjög liðtækur í eldhúsinu. Hvern réttinn á fætur öðrum töfrar hann fram eftir að hafa horft á Nigellu blanda saman púðursykri, sírópi og rjóma í potti eða Rachel hnoða saman hamborgara í yfirstærð úr hakki chilipipar og lauk. Ég get ekki kvartað enda nýt ég góðs af. Raða í mig kræsingunum eins og gráðugur úlfur og ropa á eftir. Það er helst ef drengurinn fer að raula „Candy man“ við eldamennskuna að ég missi matarlystina.



## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**TOM CRUISE** Fyrrverandi hermanni hefur verið bannað að koma nálægt heimili Toms Cruise.

# Hermaður angrar Cruise

Dómstólar í Kaliforníu hafa bannað fyrrverandi hermanni að koma nálægt heimili Toms Cruise í Beverly Hills. Maðurinn, sem heitir Edward Van Tassel og stundaði herþjónustu í Írak, hefur tvívegis komið að heimili Cruise.

Að sögn lögfræðings Tassel ætlaði hann að láta Cruise fá bréf þar sem hann er hvattur til að hjálpa fyrrverandi hermönnum í Írak. „Hann er ekki þarna til að sitja um Cruise og hann hefur hann ekki á heilanum,“ sagði lögfræðingurinn.

Tassel var handtekinn í síðasta mánuði skammt frá Santa Barbara þar sem hann stóð með byssu og skilti við þjóðveginn þar sem hann vildi koma skilaboðum sínum á framfæri.

# Billboard valdi Brown

**Popparinn Chris Brown hefur verið kjörinn tónlistarmaður ársins í Bandaríkjunum af tímaritinu Billboard. Hann segir að kjörið hafi komið sér mjög á óvart. „Ég hef átt gott ár en samt er ég dálítið öruggur út af þessu. Mér finnst ótrúlegt að ég sé að fá verðlaun yfirhöfuð,“ sagði hann.**

**Heiðurinn hefði ekkert endilega átt að koma honum á óvart því hann vann sömu verðlaun fyrir tveimur árum. Hinn átján ára Brown hefur notið mikilla vinsælda vestanhafs í ár fyrir lögin With You og Forever. Einnig vann hann þrenn verðlaun á bandarísku tónlistarverðlaunahátíðinni í síðasta mánuði, þar á meðal sem tónlistarmaður ársins.**



**BEN STILLER** Leikur aðalhlutverkið í Greenburg í stað Marks Ruffalo.

# Ben Stiller í stað Ruffalo

Leikarinn Ben Stiller mun hlaupa í skarðið fyrir Mark Ruffalo í dramatísku gamanmyndinni Greenburg sem verður tekin upp á næstunni. Ekki er vitað af hverju Ruffalo verður ekki með í myndinni en líklegt er að dauði bróður hans, Scotts, eigi þar hlut að máli. Scott lést í Beverly Hills í síðustu viku eftir að hafa skotið sig í höfuðið í rússneskri rúllettu.

Stiller virðist vera að fikra sig í átt að dramatískari efniviði því ekki er langt síðan hann hóf viðræður um að leikstýra myndinni The Trials of the Chicago 7, sem fjallar um fræg réttarhöld í Bandaríkjunum.

# Brúðkaupssöngkonan góða

**TÓNLIST**

**Bella & her Black Coffee**

Ragnheiður Gröndal

★★★

Ragnheiður stendur sig vel við að syngja lög eftir aðra en mætti beita sig meiri sjálfsgagnrýni í eigin lögum. Bella er fín oní aðdáendur hennar, en aðrir ættu að tékka á Emilíönu Torrini.

Á nýrri plötu Ragnheiðar Gröndal er nokkurra ára gamalt og gott Funerals-lag sem heitir Teenagers. Þar er líka ágætis lag eftir Bob Dylan og svo er lag eftir John nokkurn Cameron, sem var eitt sinn vinsælt í Svíþjóð, og hefur fengið nokkra spilun í útvarpi. Hin lögin, frumsamin lög Ragnheiðar, eru síðri. Þau lýsa yfirleitt einhverri eilíflega dúnmjúkri sakleysisrómantík, sem er lítt spennandi til lengdar.

Þótt Ragnheiður staðhæfi að „there‘s always gonna be reasons to write new songs,“ vantar upp á að hún sýni það í verki; sumt hér er jú ágætt, en annað virðist samið til að fylla plötuna og virkar endurtekningasamt á stundum.



„Notes that express/ themselves through me/ they are blue,“ segir Ragnheiður en þetta er svolítill misskilningur. Það er nefnilega fátt blátt við Ragnheiði Gröndal. Hún er með fína rödd og er eflaust frábær brúðkaupssöngkona en á bágt með að tjá til dæmis sorg, því þetta er allt svo sætt og ljúft sem kemur út úr henni.

Undantekningarnar eru hið ágæta Won‘t You Come on Home, ljúf Mazzy Star ballaða eftir Ragnheiði sjálfa, og fyrrnefnt Teenagers, dramatískasta lag plötunnar, sem hún flytur af innlifun og þar sem hún leikur sér með röddina. Hún mætti endilega gera meira slíkt í framtíðinni.

En platan hljómar annars notalega og er afar vandlega gerð. Þar hjálpa til þeir Guðmundur Pétursson og Guðmundur Kristinn Jónsson og hálfir Hjálmar spila undir. Ekki hægt að kvarta undan því. **Klemens Ólafur Þrastarson**








# JÓLABOÐ



Þér og þínum er boðið á jólasýningu á vinnustofu Péturs Gauts, laugardaginn 13. desember kl. 16 – 19.

*Að venju verða ný málverk á veggjum, veitingar og djazzzzzz…*

***Með jólakveðju, Pétur Gautur***

Sýningin er opin milli 16 -18 fram að jólum eða eftir samkomulagi í síma 898 7172.

Málverkin má einnig sjá á heimasíðunni www.peturgautur.is




**!** **kl. 11**

*Afhúpun á minnisvarða um þrískiptingu ríkisvaldsins og meint umferðarlagabrot Jóns Kristinssonar á Akureyri . Athöfnin fer fram á horni Þingvallastrætis og Byggðavegar þar nyrðra en umferðarlagabrotið rauf samtvinnun dóms- og framkvæmdavalds hér á landi. Eftir afhjúpunina er móttaka í húsakynnum Háskólans á Akureyri í Þingvallastræti 23.*

**menning**

menning@frettabladid.is



**> Ekki missa af**

síðustu sýningu á Utan gátta í kvöld kl. 20 í Þjóðleikhúsinu.

# Norðlægar borgir

Í dag opnar Atli Heimir Hafsteinsson ljósmyndasýningu í Skotinu hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi. Atli var í hópi ungra norrænna ljósmyndara sem valdir voru til þess að taka þátt í verkefninu Northern Cities Project - skipulagt af Norrænu ljósmyndamiðstöðinni í Oulu, Finnlandi. Markmið verkefnisins var að fanga anda sex norðlægra borga í Skandinavíu og Rússlandi árið 2004.

Listamennirnir fengu frjálsar hendur og ferðuðust milli borganna Tromsö í Noregi, Oulu og Tornio í Finnlandi, Murmansk og Syktivar í Rússlandi og Happaranda í Svíþjóð í leit að myndefni. Verkefnið endaði svo í sýningu sem sýnd var víðs vegar í Skandinavíu árið 2005. Það er því Ljósmyndasafni Reykjavíkur sérstakur heiður að frumsýna efnið á Íslandi.



**LJÓSMYNDIR** Ein mynda Atla úr ferðalagi hans um norðlægar borgir

MYND LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/ ATLI HEIMIR HAFSTEINSSON

Sýningin í Skotinu er hluti af þessu verkefni Atla og má þar sjá afrakstur vinnu hans við að ferðast til ofangreindra borga, banka upp á hjá fólki og fá það til að sitja fyrir á ljósmyndum. Tilgangur hans var að draga upp raunsæja mynd af fólkinu og þeirra híbýlum í hverri borg fyrir sig og ná þannig fram persónulegri sýn á menningu þjóðanna.

Sýningin skiptist í tvo hluta. Annars vegar í myndvarpasýningu þar sem má sjá fólkið fyrir framan heimili sín og hins vegar sýningu á verkum á vegg, sem Atli skilgreinir sem eins konar tilraun til þess að lýsa borg í einni mynd.

Atli Már Hafsteinsson hefur á undanförnum árum unnið sem auglýsingaljósmyndari á Íslandi og má sjá dæmi af þeirri starfsemi hans á síðunni www.dund.is. Atli lærði ljósmyndun hjá Kristjáni Pétri Guðnasyni í Skyggnu-Myndverk og hefur sýnt víðs vegar bæði innanlands og utan.

**- pbb**




PIPAR • SÍA • 82336

## Nýdönsk á Nasa

Laugardaginn **13. desember**

Sérstakir gestir: Dynamo Fog

Miðaverð 1500 kr.

Veljum Nýdanskt


# Rústað á svið

Í vikunni hófust æfingar á verki Söru Kane, Rústað (Blasted) sem frumsýnt verður á Nýja sviði Borgarleikhússins 30. janúar. Sýning verksins markaði tímamót þegar það var frumsýnt 1995 í Royal Court-leikhúsinu í London. Kane var þá 24 ára gömul og skiptust gagnrýnendur og leikhúsáhugafólk í tvær fylkingar um ágæti verksins. Sumir spöruðu ekki gífuryrðin og býsnuðust yfir því að verkið væri ekki boðlegt. Aðrir hömpuðu leikskáldinu unga. Margt í viðtökunum minnti á harkalegar viðtökur fyrstu verka Pinters og Osbornes á sjötta áratugnum og viðtökunum sem Saved eftir Edward Bond fékk á sínum tíma á sjöunda áratugnum. Framlag Söru Kane til leikhúsbókmenntanna er í dag talið einstakt og verk hennar sem voru partur af bresku „In-yer-face“- bylgjunni hristu duglega upp í bresku leikhúslífi og voru sýnd víða.

Íslensk leikhús hafa ekki til þessa ráðist í sviðsetningar á verkum Söru Kane. Þar til nú. Auk Rústað mun Borgarleikhúsið standa fyrir leiklestrum á öllum verkum hennar á starfsárinu. Í samstarfi við Endurmenntunarstofnun verður hleypt af stokkunum námskeiði í santímaleikritun með höfuðáherslu á verk skáldsins.

Blasted, eða Rústað, eins og það heitir í íslenskri þýðingu Guðrúnar Vilmundardóttur, gerist á hóteli í vestrænni borg þar sem borgarastyrjöld er í uppsiglingu. Það er ofbeldiskennt svo ekki sé meira sagt og ofboðslegt þótt atburðir á sviðinu eigi sér margar samsvaranir í sígildum verkum, einkum Grikkja. Ingvar E. Sigurðsson leikur burðarhlutverk sýningarinnar en auk þess munu Björn Thors og Kristín Þóra Haraldsdóttir leika í sýningunni. Kristín Eysteinsdóttir hlaut Grímuna sem leikstjóri ársins árið 2008 og setur nú upp sitt fyrsta verk sem fastráðinn leikstjóri við Borgarleikhúsið. Leikmynd og búninga gerir Börkur Jónsson en Þórður Orri Pétursson lýsir. Tónlist gerir Frank Hall.

Námskeið um samtímaleikritun í samstarfi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands

Í tengslum við sýninguna býður Endurmenntunarstofnun í samvinnu við Borgarleikhúsið, upp á námskeið í samtímaleikritun með sérstaka áherslu á verk Söru Kane. Una Þorleifsdóttir listaháskólakennari fjallar á námskeiðinu almennt um Söru Kane, einkenni verka hennar og áhrif þeirra á leikritun og leikhúsið almennt. Magnús Þór Þorbergsson, leiklistarfræðingur, tekur síðan sérstaklega fyrir hvernig „in-yer-face“-bylgjan sem fylgdi í kjölfar Rústað náði fótfestu í Berlín og víðs vegar um Evrópu. Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri fjallar svo um Rústað og uppfærslu sína.

**pbb@frettabladid.is**



**LEIKLIST** Ingvar Sigurðsson leikur stærsta hlutverkið í Rústað, blaðamanninn hundingslega sem mætir örlögum sínum á hótelherbergi í ótilgreindri borg.


SKEMMTILEGIR
DVD JÓLAPAKKAR
FROM THE HUMANS WHO BROUGHT YOU "FINDING NEMO"
DISNEY · PIXAR
WALL·E
FYRSTU JÓL SHREK FJÖLSKYLDUNNAR
SHREK THE HALLS
KUNG FU PANDA
MIKE MYERS
THE LOVE GURU
JESSICA ALBA JUSTIN TIMBERLAKE
NARNIA
STAR WARS THE CLONE WARS
WELCOME TO A WORLD WITHOUT RULES.
BALE CAINE LEDGER OLDMAN ECKHART GYLLENHAAL FREEMAN
THE DARK KNIGHT
SAVING THE WORLD... AND LOVING IT.
GET SMART
Dreyfing
SAMFILM

Jóladagatal Norræna hússins
alla dagaklukkan 12:34
www.nordice.is
í gær var Jón Ólafsson
Hver verður í dag?

# Fundin hetja á grein




Hrefna Guðmundsdóttir er indíánastelpa sem gengur í Hagaskóla og var fermd í Dómkirkjunni í vor. Hún hleypir jafnöldrum sínum og lesendum bókarinnar Martröð í dagbókina sína og þar með inn í æsispennandi heim, langt frá Íslandi í baráttu við eiturlyfjakónga í Mexíkó.

Það er Hallveig Thorlacius sem er höfundur skáldsögunnar um Hrefnu. Hallveig er löngu kunn sem sögukona. Hún hefur fært börnum ævintýri úr Sögusvuntunni bæði hér heima og víða um lönd. Brúðuleikhúsið hefur verið hennar aðalsmerki sem hún hefur borið með sóma. Nú leitar Hallveig á ný mið og ef litið er á spæjarahæfileika Hrefnu þá kæmi ekki á óvart þótt hún ætti eftir að glíma við fleiri gátur á næstu árum.

Martröð er æsispennandi saga frá fyrstu síðu. Bakgrunnur Hrefnu er ævintýralegur sem auðveldar lesendum samsömun með henni, það eru litlar líkur á því að stúlkur á Íslandi hafi fundist þriggja ára gamlar uppi í tré í Mexíkó. Flestum þætti hins vegar skemmtilegt að geta státað af slíkri sögu. Söguþráðurinn er hraður, sem dregur úr dýpt sögunnar, en kemur þó ekki að sök því úr verður hraður reyfari fyrir unglinga. Hallveig fléttar inn í söguna fræðslu um sögu indíána í Mexíkó.

Hér norður á hjara þekkja menn lítið til ættbálkasögu Suður-Ameríku og spennandi að lesa um hana. Inn á milli veltir Hrefna fyrir sér stöðu Íslands gagnvart náttúruvernd og stöðu landsins í hörðum heimi eiturlyfjanna. Með því vekur höfundur athygli á mikilvægi fræðslu til þeirra sem landið erfa á stöðu þess í heiminum.

Tvær ljósmyndir eru í bókinni, annars vegar sú sama og á forsíðu og hins vegar mynd af afa og ömmu Hrefnu. Ljósmyndirnar gera söguna trúverðugari, en upplýsingar um uppruna seinni myndarinnar vantar. Auk ljósmyndanna eru í bókinni teikningar Hrefnu textanum til stuðnings, þó það komi hvergi fram er nokkuð víst að þær séu höfundar.

Martröð er spennusaga sem grípur lesandann með sér frá fyrstu síðu.

**Hildur Heimisdóttir**

**BÓKMENNTIR**
**Martröð**
Hallveig Thorlacious
Salka
★★★★
Grípandi spennusaga

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 13. desember**

### Dagskrá

**Norræna húsið við Sturlugötu** stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá í dag. Aðgangur ókeypis.

**12.34 Lifandi jóladagatal**

**13.00** Stúlknakór úr Söngskólanum **Domus Vox** flytur jólalög.

**14.00 Ævintýrið Óskin** eftir Sigrúnu Sól verður sýnt í sýningarsal í kjallara hússins.

**15.00 Lúsíuhátíð** þar sem sænskættuð börn fagna aðventunni.



### Tónleikar

**17.00 Skólakór Kársness** undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, flytur jólalög á tónleikum í Salnum, Hamraborg 6 í Kópavogi.

**17.00 Ópera Skagafjarðar og Söngskóli Alexöndru** verða með tónleika í Félagsheimilinu Ljósheimum í Skagafirði.

**17.00 Kór Akraneskirkju og hljómsveitin Mannakorn** verða með jólatónleika í húsnæði sem áður hýsti m.a. verslunina Nettó og er við Kalmansvöll 1 á Akranesi.

**20.00 Jólatónleikar í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.** Flytjendur á tónleikunum eru rúmlega 100 talsins og telja tvo kóra, hlóðfæraleikara, dansara og söngvarana Egil Ólafsson, Esther Jökulsdóttur, Ívar Helgason, Margréti Árnadóttur og Ólaf Má Svavarsson.

**21.00 Ragnheiður Gröndal** verður með aðventutónleika á Græna Hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnar kl. 20.00.

**21.00 Ljótu hálfvitarnir** verða með tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg.

**22.00 Brain Police** verður með tónleika á Cafe Amsterdam við Hafnarstræti. Einnig munu koma fram **Foreign Monkeys** og **Cliff Clavin.**

**Karlakór Reykjavíkur** heldur tvenna aðventutónleika í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Þeir fyrri eru kl. 17 en þeir seinni kl. 21.

### Opnanir

**16.00 Nemendur á listasviði Fjölbrautarskólans í Breiðholti** opna samsýningu í Gallerí Tukt í Hinu Húsinu við Pósthússtræti. Sýningin er opin mán. 9-17, þri. 9-22.30, mið. 9-17, fim. 9-20 og föst. 9-17.

**17.00 Fyrsta einkasýning Baldurs Geirs Bragasonar** verður opnuð í Kling og Bang galleri, Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl. 14-18. Enginn aðgangseyrir.

### Fyrirlestrar

**13.00 Dr. Terry Gunnell** þjóðfræðingur flytur erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins um trú og siði kringum íslensku jólin í aldanna rás. Fyrirlesturinn er á ensku. Aðgangur ókeypis. Þjóðminjasafnið við Suðurgötu.

### Sýningar

**Árleg jólasýning Gallerís Foldar** hefst í dag. Á sýningunni verður úrval verka eftir helstu myndlistarmenn gallerísins auk verka gömlu meistaranna. Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14. opið lau. 11-22, sun 13-18, mán.-mið. 10-18, fim-föst. 10-22.

**Nemar á 2. ári myndlistadeildar LHÍ** hafa opnað samsýningu á verkum sínum að Skipholti 11-13. Sýningin er opin lau. og sun. kl. 13-17.

### Markaðir

**Í Gerðubergi verður markaður** milli kl. 13-16 þar sem Breiðhyltingar og aðrir geta selt ýmsan varning. Þar verður meðal annars alþjóðlegur skiptibókamarkaður og eru allir hvattir til að koma með bækur og tímarit á erlendum tungumálum og taka sér bók í staðinn.

### Uppákomur

**11.00 Jólasveinarnir** koma við á Þjóðminjasafninu við Suðurgötu, alla daga fram að jólum. Í dag kemur Giljagaur til byggða. Aðgangur ókeypis.

**Jólaþorpið á Thorsplani** við Strandgötu í Hafnarfirði er opið 13-18. Fjölbreyttur varningur í jólahúsum og skemmtidagskrá.

### Upplestur



**16.00 Auður Jónsdóttir, Gunnar Hersveinn, Jón Hallur Stefánsson, Þórður Helgason og Guðmundur Andri** lesa upp úr bókum við langeldinn á Landnámssýningunni við Aðalstræti 16. Að lestri loknum býðst gestum að skoða sýninguna. Aðgangur ókeypis.

**21.00 Rannveig Þórhallsdóttir** les upp úr bók sinni „Ég hef nú sjaldan verið algild - ævisaga Önnu á Hesteyri" í Skaftfelli, miðstöð myndlistar á Seyðisfirði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
lau. 13/12 þrjár sýningar, uppselt
sun. 14/12 þrjár sýningar, uppselt
Uppselt í desember, aukasýningar í sölu

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Frumsýning 26. desember

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
lau. 13/12 örfá sæti laus
Sala hafin á sýningar í janúar



Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning.
★★★★ JVJ, DV
lau. 13/12 örfá sæti laus
Síðasta sýning!

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
Sýningar í janúar komnar í sölu

Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla
www.leikhusid.is

GEFUM GÓÐAR STUNDIR






FJÖLSKYLDUHELGI Í NORRÆNA HÚSINU

LAUGARDAGUR 13. DESEMBER
12.00 JÓLAHLAÐBORÐ
12.34 LIFANDI JÓLADAGATAL - HILDUR VALA
13.00 DOMUS VOX – STÚLKNAKÓR SYNGUR JÓLALÖG
14.00 ÓSKIN - BARNAÆVINTÝRI MEÐ SÖNGVUM
15.00 LUCIA -
SÆNSKÆTTUÐ BÖRN FAGNA AÐVENTUNNI

SUNNUDAGUR 14. DESEMBER
12.00 JÓLAHLAÐBORÐ
12.34 LIFANDI JÓLADAGATAL – DUO STEMMA,
TAL OG TÓNAR FYRIR ÞAU YNGSTU
13.30 ÁLFABÖRNIN ÞORRI OG ÞURA
LEITA AÐ JÓLASKAPINU HANS ÞORRA

OPIÐ 12 - 17. ENGINN AÐGANGSEYRIR

NÝ GJAFAVÖRURVERSLUN OG JÓLAMARKAÐUR

EINSTÖK MÁLVERKASÝNING Í SÝNINGARSALNUM
SÆNSKA LISTAKONAN EBBA HAMMARSKIÖLD

Jóladagatal Norræna hússins 2008
alla dagaklukkan 12:34
www.nordice.is
~~Hallgrímur Helgason~~ • KiraKira • ~~Motion boys~~ • Hildur Vala • Jón Gnarr • ~~Sprengjuhöllin~~ • Duo Stemma • ~~Jón Ólafsson~~ • ~~Sr Karl Sigurbjörnsson~~ • Björk Guðmundsdóttir • ~~Vox feminae~~ • ~~Högni úr Hjaltalín~~ • Djass með inga og Danna • Kristín Þóra Haraldsdóttir • Ásdís Sif Gunnarsdóttir • ~~Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson~~ • Reykjavík! • ~~Ari Trausti Guðmundsson~~ • Ófeigur Sigurðsson • ~~Sjón~~ • ~~Steinar í djúpinu~~ • ~~Kristín Mjöll~~ • Solla og Sandra

NORRÆNA HÚSIÐ STURLUGÖTU 5 101 REYKJAVÍK SÍMI 551 7030 WWW.NORDICE.IS NH@NORDICE.IS NORRÆNA HÚSIÐ

GERÐUBERG Í DESEMBER



13. desember kl. 13-16
Desembermarkaður
Jólastemmning í húsinu;
Ingveldur Ýr & sönghópur troða upp,
upplestur á ýmsum tungumálum
og alþjóðlegur skiptibókamarkaður



18. desember kl. 12:15
Klassík í hádeginu
BRAHMS
Sólveig Samúelsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sigurbörn Bernharðsson
Nína Margrét Grímsdóttir

GERÐUBERG
www.gerduberg.is


NÝ VERSLUN
Í KRINGLUNNI!
ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Í KRINGLUNNI OG SKEIFUNNI
Á meðan birgðir endast!
Áður 8.999,-
2.999,-
XBOX 360
Á meðan birgðir endast!
Áður 8.999,-
2.999,-
PS3
Á meðan birgðir endast!
Áður 5.999,-
1.999,-
PS2
Á meðan birgðir endast!
Áður 8.999,-
2.999,-
PS3
Á meðan birgðir endast!
Áður 8.999,-
2.999,-
XBOX 360
Á meðan birgðir endast!
Áður 8.999,-
2.999,-
PS3
PLAYSTATION 3
+ 2 SPILAÐIR LEIKIR
Aðeins í Kringlunni
Takmarkað magn!
69.999,-
LEIKJAVÉL + 2 LEIKIR
Spilaðar
XBOX 360 ARCADE
+ 2 SPILAÐIR LEIKIR
Aðeins 10 stk.
Aðeins í Kringlunni
29.999,-
LEIKJAVÉL + 2 LEIKIR
GUITAR HERO
AEROSMITH
Á meðan birgðir endast!
Áður 12.999,-
FRÁ 8.999,-
PS3, PS2, WII OG XBOX 360
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA
ERUM VIÐ HLIÐINA Á SÍMANUM Í KRINGLUNNI!
KRINGLAN - OPIÐ 10 - 22 & SKEIFAN 17 - OPIÐ 12 - 22 - 588-9400 (Ath! Nýtt símanúmer)

> **KYNNING Á NÝJU KRONKRON VERKEFNI**

Nýju Kron by **KronKron** skórnir hafa vakið mikla athygli og verða til sýnis í KronKron í dag frá klukkan átta til ellefu um kvöldið. **Gísli Galdur** og **Benni B-Ruff** spila og veitingar verða í boði.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í …



**…lekkert seðlaveski** frá Sævari Karli.



**…hring** úr skartgripalínu Sif Jakobs. Hann fæst í Leonard í Kringlunni.



**…jólarauða rúskinnsskó** með fylltum hæl. Þeir fást hjá Þráni skóara.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Af músum og músum*

Ég er þess sannfærð að ekkert getur verið meira kitlandi fyrir konu en að verða „músa“ eða guðlegur innblástur fyrir tískuhönnuði, skáld, tónlistarmenn eða listamenn. Að vera svo afgerandi í skapgerð, stíl, fegurð, fyndni eða jafnvel bólfærni að sá sem skapar fyllist af andargift. Margar músur listamannana hafa öðlast heimsfrægð í gegnum verk þeirra en þar má nefna fyrirsæturnar sem listamenn eins og Rossetti, Renoir, Picasso og Andy Warhol gerðu ódauðlegar í verkum sínum. Meira að segja Jeff Koons var innblásinn af eiginkonu sinni, klámstjörnunni ítölsku Cicciolinu. Til dæmis má nefna að „músa“ Warhols veitti ekki einungis listamanninum innblástur heldur „inspireraði“ heila kynslóð um fataval, klippingu og augnfarða. Í dag er ef til vill minna um músur listamanna en tískuheimurinn er uppfullur af þeim að vanda. Yves St Laurent var duglegur að finna „músur“ og þær frægustu voru auðvitað Loulou de la Falaise og Catherine Deneuve. Á þeim byggði hann sína sýn á hvernig nútímalegar kynþokkafullar konur áttu að lifa lífinu og klæða sig. Serge Gainsbourg samdi heilu plöturnar um bresku kærustuna Jane Birkin sem að sjálsögðu fékk líka að syngja með og sitja fyrir á plötuumslögum. John inspíreraði Yoko og Yoko inspíreraði John og hvort um sig hefði varla orðið jafn frægt ef ekki hefði verið fyrir hitt. Frægasta tískufyrirmynd síðustu fimm ára er án efa breska fyrirsætan Kate Moss en hún er einmitt erkitýpa „músanna“ - býr í raun ekki yfir stórfenglegri fegurð en í staðinn hefur hún stórkostlega svalan persónulegan stíl, „attitjúd“ og kynþokka. Fleiri konur hafa komið sterkt inn í sviðsljósið sem tískufyrirmyndir en þar má nefna hinar bresku Amy Winehouse og Daisy Lowe og hinar frönsku systur Charlotte Gainsbourg og Lou Doillon. Svo eru auðvitað annars konar tískufyrirmyndir sem dúkka upp endrum og eins líkt og Baywatch stirnið Pamela Anderson en heilu kynslóðir kvenna klónuðu sig sem barmmiklar, ljósabrúnar, plokkaðar gerviljóskur í þröngum spandexfötum. Það væri athyglisvert að skoða íslenskt þjóðfélag og finna „músurnar“ okkar. Ætli þær einskorðist við Ásdísi Rán og Dorritt?





**ROKK OG RÓL** Svöl samsetning af leðurjakka, svartri skyrtu, bindi og sólgleraugum hjá Christian Dior.



**SPJÁTRUNGSLEGUR** Þessi stílhreini smóking var sýndur fyrir vor og sumar 2009 hjá Rag & Bone.



**KLASSÍSKT** Grá þröng jakkaföt við skyrtu og svart bindi hjá bandarísku hönnuðunum Rag & Bone.



**GRÓFIR SKÓR** Flott mótorhjólastígvél við jakkaföt hjá Rag & Bone.

HÁLSTAU FYRIR HERRANA:

# Þröng jakkaföt, bindi og slaufur fyrir jólin

Bindi þurfa ekki endilega að tengjast bankastarfsmönnum og teinóttum jakkafötum. Þau hafa einnig sett mark sitt á rokkið og listirnar og hönnuðir eins og Rag and Bone og Dior léku sér með ýmiss konar hálstau fyrir herrana. Það er til dæmis skemmtilegt að gera jakkafötin grófari með því að ganga í upphám eða reimuðum skóm við buxurnar og skella flottum, síðum klút um hálsinn. Lakkrísbindin mjóu klikka heldur ekki fyrir hávöxnu rokkaratýpurnar.

- amb



**GAMALDAGS SLAUFA** Skemmtileg útfærsla af klassískum jakkafötum hjá hönnuðinum Chris Van Ashe hjá Dior.









# Áritanir í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is




**Skífan Kringlunni laugardagur 13. des**

14:00 **Baggalútur** - áritar
15:00 **Eiríkur Fjalar** - áritar
16:00 **KK band** - árita og taka lagið

**Skífan Laugavegi 26 – laugardagur 13. des**

14:00 **Sprengjuhöllin** - árita og taka lagið

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI








### > LÍKAR BECKHAM-HJÓNIN

Seal segir að David og Victoria Beckham séu tvær af almennilegustu og gáfuðustu manneskjum sem maður gæti óskað sér að hitta. Breski sálarsöngvarinn, sem er kvæntur ofurfyrirsætunni Heidi Klum, segir þau vera ósköp venjulega fjölskyldu. Hann vill meina að börn segi mikið til um hvernig foreldrar þeirra séu og segir þrjá syni Victoriu og David vera kurteisustu börn sem hann hafi hitt.









**ÁHYGGJUFULLIR** Kormákur Geirharðsson og Guðfinnur Karlsson eru ósáttir við hækkun áfengisgjalds. Þeir segja hækkunina vera kalda tusku framan í andlitið. Þótt of snemmt sé að gefa út dánarvottorð miðbæjarins hafi þarna skapast grundvöllur fyrir landasölu og fjörugu næturlífi í úthverfum borgarinnar. Og það geti varla verið eitthvað sem lögregluyfirvöldum hugnist.

# Bjór verður enn dýrari á börunum

**Ákvörðun Alþingis um hækka áfengisgjaldið um 12,5 prósent fer öfugt ofan í eigendur öldurhúsa í Reykjavík. Þótt sumir telji of snemmt að gefa út dánarvottorð næturlífs í Reykjavík þá er því spáð að næstu mánuðir einkennist af lokunum og fámenni.**

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu er verð á hálfum lítra af bjór víða á bilinu 7-800 krónur. Með ákvörðun Alþingis um hækkun áfengisgjaldsins má fastlega gera ráð fyrir því að bjórinn verði seldur á 800 til 900 krónur. Á sumum stöðum gæti verð á þessum vinsæla miði farið upp í þúsund krónur. Sem verða að teljast tíðindi í íslenskri barmenningu enda ekki ýkja langt síðan hægt var að súpa á köldum bjór fyrir fimm hundruð krónur.

Kormákur Geirharðsson á Ölstofunni segir þetta vera kalda gusu í andlitið. „Við höfum reynt að taka á okkur þær hækkanir sem hafa verið í þjóðfélaginu en við getum ekkert gert við þessu,“ segir Kormákur sem telur ríkisstjórnina vera að skjóta sjálfa sig í fótinn. Ísland veki mikla athygli fyrir lágt verð en nú eigi bara að hækka verðið á einni vinsælustu afþreyingu komumanna. „Til hvers eiga menn eiginlega að vera að koma hingað þegar allt er búið að hækka svona mikið. Það er bara verið að slátra skemmtistöðunum,“ segir Kormákur.

Guðfinnur Karlsson, eigandi Priksins í Bankastræti, saup hveljur yfir þessum tíðindum. „Eigum við þá ekki bara að vona að lögreglustjórinn takmarki opnunartímann við tólf á miðnætti og þá getum við bara farið að loka sjoppunni,“ segir Guðfinnur í háðslegum tón. Hann segir þessa ákvörðun gera allt miklu erfiðara og er ekki bjartsýnn á framhaldið. „Þessir gamalgrónu staðir gætu staðið þetta af sér en við eigum örugglega eftir að sjá verulega fækkun skemmtistaða.“

Bæði Guðfinnur og Kormákur óttast að nú hafi skapast grundvöllur undir fjörugt næturlíf í úthverfum. Miðbærinn eigi hins vegar eftir að verða nokkuð rólegur. Guðfinnur er jafnframt handviss um að landasölum og bruggurum eigi eftir að vaxa fiskur um hrygg í ljósi þessara hækkana.

Arnar Þór Gíslason á English Pub segir að menn verði bara að taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti. Allir í þjóðfélaginu verði fyrir þessum þrengingum og eigendur skemmtistaða séu ekkert undanþegnir því. „Auðvitað er þessi hækkun sjokk. En ég er ansi hræddur um að þetta sé aðeins ein af mörgum hækkunum. Maður verður þá bara að vinna meira fyrir minna kaup en þannig er þetta hjá öllum.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Hugleikur og FM Belfast saman

„Ég er með sögu í bókinni hans Hugleiks, en það var nú samt ekkert þess vegna sem við ákváðum að halda þetta saman," segir Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir úr FM Belfast um sameiginlegt útgáfuhóf hljómsveitarinnar og Hugleiks Dagssonar í kvöld. Kvöldið hefst með einkasamkvæmi á veitingastaðnum Santa María, þar sem Hugleikur fagnar útkomu bókarinnar Eineygði kötturinn Kisi og ástandið auk þess sem RetroStefson kemur fram. Um miðnætti hefjast svo tónleikar FM Belfast á Q bar, en sveitin gaf nýlega út plötuna How to make friends.

„Ástæðan fyrir að við gátum ekki haft þetta á sama staðnum, er að það er hótel fyrir ofan Santa María og svo var Q bar ekki laus fyrr en um miðnætti. Maður hittir aldrei neina af vinum sínum þegar maður er að spila á tónleikum svo þarna hefur maður allavega tíma til að hitta fólkið á undan," segir Lóa sem hefur verið önnum kafin eftir að plata FM Belfast kom út. „Við Árni erum á fullu að spila alls staðar og pakka inn plötum heima hjá okkur. Við gefum nefnilega út sjálf og það kostar svo mikið að pakka þessu inn að við höfum ekki efni á því," útskýrir Lóa og segir hljómsveitina ekki hafa haft tíma til að halda útgáfutónleika fyrr. „Það hafa margir boðað komu sína svo þeir sem ætla að mæta verða að vera stundvísir." - ag



**NÝ BÓK** Hugleikur fagnar með einkasamkvæmi á Santa María.

# Vill læra fatahönnun



**KANYE WEST** Stefnir á að verða fatahönnuður.

Svo virðist sem Kanye West ætli að leggja tónlistina aðeins á hilluna því hann vill komast í starfsþjálfun í tískuhúsi. Rapparinn er staðráðinn í að leggja fatahönnunina fyrir sig og er tilbúinn að byrja frá grunni. Upp á síðkastið hefur hann verið að skrifa nokkrum af þekktustu tískuhúsum heims, svo sem Louis Vuitton, og óskað eftir starfsreynslu.

West segist vilja verða fatahönnuður og sinna tónlistinni um helgar. Margir furða sig á hversu ákveðinn hann er í að láta þennan draum verða að veruleika, en hann hefur verið á fremsta bekk tískuvikna í París og Mílanó undanfarin ár.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós gerði vel þegar hún studdi við bakið á góðgerðarsjóðnum The Eye Fund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sigur Rós til aðstoðar

Hljómsveitin Sigur Rós hefur stutt við bakið á góðgerðasjóði sem nefnist The Eye Fund. Sjóðurinn var stofnaður af fjölskyldu Bretans Simon Sherry sem lést úr augnsjúkdómi. David, bróðir Simons, starfar í tónlistarbransanum og fékk Sigur Rós sér til hjálpar en söngvarinn Jónsi er blindur á öðru auga. Hljómsveitin áritaði geisla- og mynddisk sem voru síðan boðnir upp á síðunni eBay fyrir 360 pund og rann ágóðinn til sjóðsins. „Að fá náunga eins og þá til að taka þátt í svona fjáröflun á vegum fjölskyldu er alveg frábært," sagði David Sherry. „Í núverandi efnahagsástandi býst maður ekki við að fólk seilist ofan í vasa sína."

# Vildi nýjan bíl

**Bandaríska söngstjarnan Miley Cyrus var heldur ósátt þegar hún fékk lúxus-sportbíl í sextán ára afmælisgjöf, einfaldlega af því að mamma hennar átti bílinn áður. Í viðtali í bandaríska sjónvarpsþættinum Extra sagðist söngkonan ekki hafa fengið bílinn sem hana dreymdi um. Hún sagði það þó ekki alslæmt að hafa fengið bíl móður sinnar þar sem hann er af tegundinni Porche.**

**Söngkonan viðurkenndi einnig að hún væri frekar stressuð í ökutímum. Hún segist þó óttast prófdómarann sinn allra mest því hann spyrji spurninga sem hún viti sjaldnast svarið við.**



**FÉKK PORCHE** Miley fékk Porche lúxussportbíl í sextán ára afmælisgjöf, en það var ekki bíllinn sem hana dreymdi um.



# Eymundsson mælir með íslenskri tónlist




**Bestu kveðjur,** Sprengjuhöllin




**Hang On,** Motion Boys




**Jeff Who,** Jeff Who

**Sprengjuhöllin, Motion Boys, Jeff Who** og **Bob Justman** spila og árita í Austurstræti kl. 16:00 laugardag og í Norður-Kringlu kl. 14:00 sunnudag.



Eymundsson
*Bóksali frá 1872*




**NAGLBÍTAR OG LÚÐRASVEIT** Hljómsveitin 200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins hafa gefið út plötu með þekktum lögum Naglbítanna í nýjum útsetningum. MYND/ARI MAGG

# Gæsahúð og heiðursorður

**Hljómsveitin 200.000 naglbítar og Lúðrasveit verkalýðsins hafa gefið út sína fyrstu plötu. Verkefnið stóð yfir í eitt ár og yfir hundrað manns tóku þátt í því.**

„Ég er heppinn að búa í landi þar sem maður fær stóra hugmynd og svo margir eru til í að hjálpa manni að framkvæma hana,“ segir Vilhelm Anton Jónsson um gerð plötunnar. „Þetta er hugmynd sem ég var búinn að vera með í maganum í mörg ár.

Ég var mikið búinn að spá í það hvað þetta væri skemmtilegt „statement“, hvað allir væru ríkir og að hugsa um peninga. Svo breyttist heimurinn og þetta varð mjög viðeigandi, að vinna með Lúðrasveit verkalýðsins.“

Vinna við plötuna og heimildarmynd um gerð hennar, sem fylgir með útgáfunni, stóð yfir í eitt ár. „Þetta er búið að vera mjög erfitt og þetta tók mjög langan tíma. En þetta er búið að vera alveg ótrúlegt ár, alveg frábært. Þetta hefur líka verið frábært ár fyrir Naglbítana að þróa sína tónlist áfram,“ segir Villi sem annaðist framleiðsluna sjálfur. „Ég er búinn að læra mikið enda er allt hægt ef maður hefur gott fólk með sér.“

Uppselt var á tvenna útgáfutónleika Naglbítanna og lúðrasveitarinnar í íþróttahöllinni á Akureyri og í Íslensku óperunni á dögunum. „Það var alveg meiri háttar stemning. Fólk sat lengi eftir tónleikana með gæsahúð í sætunum,“ segir hann um tónleikana fyrir norðan þar sem Naglbítarnir voru heiðraðir af lúðrasveitinni með silfurmedalíum. „Það var ótrúlega gaman og fallegt. Maður er hálfklökkur. Þegar maður vinnur með svona fólki sem kemur svona fram við mann er maður til í að leggja mikið á sig.“

Viðtökurnar í Óperunni voru ekki síðri: „Það var alveg æðislegt, gæsahúð og standandi lófaklapp í margar mínútur.“ Bætir hann við að lúðrasveitin, sem er skipuð ungum jafnt sem eldri áhugamönnum, hafi staðið sig meistaralega vel. „Þau stóðu sig eins og þau hefðu aldrei gert annað, enda sjóuð í því núna að spila uppi á sviði fyrir framan þúsundir manna.“

Villi er maður með stórar hugmyndir sem oftar en ekki verða að veruleika. Næst vill hann fara í tónleikaferð um Skandinavíu með lúðrasveitinni. „Það er aldrei að vita. Þetta er svo flott og stórt að það væri synd að hætta.“

freyr@frettabladid.is


# í fyrsta sinn talnaspeki á íslensku!

**2 bækur í einni bók**




**Fyrir byrjendur og lengra komna**

*Í Eymundsson*
**Tilboðsverð: 3.500 kr.**
Fullt verð: ~~4.200~~ kr.

Hver er **galdurinn** á bak við **frægðina?**

**Tölur** þjóðþekktra einstaklinga **afhjúpa** leyndardóma þeirra!

Ertu með **falda** meistaratölu?

Lærðu að **reikna þig út** og verða þinn eigin **meistari!**

lafleur@simnet.is :: www.lafleur.is Lafleur Mob. 772 1640 :: 55 282 55 :: 659 3313

# Ungfrú Ísland í The Sun

**Femínistar eru bara lesbíur í karlmannsfötum, ungfrúrnar skiptast á hæðnislegum athugasemdum á milli þess sem þær gera hvað þær geta til að ganga í augun á dómnefndinni. Svona sér blaðamaður The Sun þátttakendur í Miss World.**



**SNILLINGUR Í AÐ PAKKA** Alexandra Helga Ívarsdóttir sleppur vel frá grein The Sun en svo virðist sem keppinautar hennar hafi dáðst að hæfileikum hennar til að pakka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Breska blaðið The Sun er þekkt fyrir allt annað en að fara fínlega í umfjöllunarefni sín og grein blaðsins um Miss World, sem nú fer fram í Suður-Afríku, fellur fyllilega undir ritstjórnarstefnu blaðsins. Blaðamaðurinn segir þátttakendurna vera yfirborðslega góða og þær láti út úr sér fáránlegar athugasemdir um útlit keppinautanna. „Ég elska hreinlega hárið á þér, það er svo dökkt,“ á ein að hafa sagt. Önnur ummælin bæta þó um betur. „Hællinn á skónum þínum er svo hár. Þú ert ótrúlega gáfuð að detta hreinlega ekki. Og húðin þín er svo hrein, þú hlýtur bara að drekka mikið af vatni, vel gert.“

Ungfrú Ísland, Alexandra Helga Ívarsdóttir, kemst þó vel frá greininni sem er öll skrifuð í fremur háðslegum tón. Blaðamaðurinn varð vitni að því þegar stúlkurnar voru að gera sig klára að koma sér á hótel. Hver og ein var með fimm ferðatöskur, smekkfullar af kjólum, baðfötum og öðru sem fegurðardrottningar þurfa á að halda í svona keppni. Alexandra virtist hins vegar bara koma með eina tösku til Jóhannesarborgar. „Hún hlýtur að vera alveg rosalega góð í að pakka,“ á ein að hafa sagt fyrir framan nef blaðamanns. Hópurinn mun hafa sprungið úr hlátri yfir ferðatöskuleysi Alexöndru. Hún sat hins vegar bara þögul sem gröfin og beið eftir að verða ferjuð upp á hótel. „Hversu marga kjóla ætli hún hafi tekið með sér? Vonandi tók hún bara þvottaefni með sér,“ voru hinar köldu kveðjur sem hún fékk frá stallsystrum sínum.

Miss World er engu síður elsta fegurðarsamkeppni heims en þetta er í 57. skipti sem hún er haldin. Keppnin hefur þó ekki alltaf gengið þrautalaust fyrir sig; nígerískir múslimar hótuðu að grýta keppendur til dauða árið 2002 og Indverjar mótmæltu harðlega þegar keppendur komu fram á sundfötunum. Femínistar hafa jafnframt löngum haft horn í síðu keppninnar en einn aðstandandi keppninnar, Julia, hefur sínar skýringar á þeim hópi: „Hverjar eru þessir femínistar? Þetta eru lesbíur sem langar til að verða karlmenn. Þær klæðast eins og karlar og líta út fyrir að vera karlar. Fólk villl hins vegar kveikja á sjónvarpinu og sjá fallegar og hamingjusamar konur. Við erum að gefa fólkinu það sem það vill.“

**freyrgigja@frettabladid.is**









# Langá á Mýrum

## Önnur bókin í ritröð um íslenskar laxveiðiár

Óskabók veiðimanna, hvort sem þeir eru þaulreyndir eða að feta sín fyrstu spor í veiðikúnstinni. Ein glæsilegasta bók síðari ára um veiðiár. **Höfundurinn, Guðmundur Guðjónsson** lýsir veiðistöðum af þekkingu og kryddar lýsingar sínar sögnum af skemmtilegum mönnum sem hafa notið þeirrar ánægju að spreyta sig í þessari á í gegnum tíðina. Gullfallegar **myndir Einars Fals Ingólfssonar** gæða bókina enn frekara lífi.

## Laxá í Kjós og Bugða

*Laxá í Kjós, ásamt Bugðu, er fyrsta bókin í ritröðinni um helstu laxveiðár á Íslandi og kom út 2007. Eftir sömu höfunda með skemmtilegri lýsingu á ánum og frábærara myndir – ómissandi í safnið.*



Litróf

Vatnagörðum 14 – 104 Reykjavík
Sími 563 6000 – www.litrof.is

**Fæst hjá útgefanda og á öllum helstu bóksölustöðum.**



SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6D - 8D - 10:20D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:30 - 2D - 3:30 - 4D - 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 2 - 4 - 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30 DIGITAL | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) kr. 850 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 2 (eingöngu sýnd á sunnudag) | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 8 | 16 |
| TRAITOR | kl. 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| IGOR m/ísl. tali (kr.500) | kl. 2 - 3:50 | L |
| BODY OF LIES | Sýnd 15,16,17,18.Des. kl. 10:20 í síð. sinn | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF EMBER | kl. 2 - 4 - 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | |
| PASSENGERS | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DAY THE EARTH... | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S... | kl. 10 | L |
| IGOR m/ísl. tali (kr.500) | kl. 1:30 - 3:30 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 1 - 3.20 -5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 1 - 3.30 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 1 - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| IGOR 500 kr. | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 - 5.40 | 14 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.30 | L |
| RELIGULOUS | kl. 3.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 2, 3, 4, 5 og 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 8 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |



**HANDHAFI BJARKARLAUFSINS** Pétur Grétarsson afhendir útvarpskonunni Andreu Bjarkarlaufið. Tilfinningar toguðust á, degi íslenskrar tónlistar fagnað um leið og Rúnars Júlíussonar var minnst. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Grúppía Hljóma með fyrirvara

**Tónlistarmenn komu saman í Þjóðleikhúskjallaranum í hádeginu í gær til að fagna degi íslenskrar tónlistar. Breiðfylking, því boðað var til hádegisverðar í nafni SAMTÓNS, FTT, TÍ, FÍH og FHF. Dagskráin var helguð minningu Rúnars Júlíussonar.**

Jakob Frímann Magnússon, formaður SAMTÓNS, bauð gesti velkomna í Þjóðleikhúskjallarann í gær þar sem meistarakokkurinn Siggi Hall ræður ríkjum. Tilefni hádegisverðar tónlistarmanna og gesta þar var dagur íslenskrar tónlistar og var dagskráin helguð minningu Rúnars Júlíussonar sem var jarðsettur í gær. Óttar Felix Hauksson flutti tölu þar sem hann minntist Rúnars, tónlistarmennirnir KK, Svavar Knútur og Gunnar Þórðarson fluttu lög – Gunnar Tasko tostada eftir Rúnar með sérlega eftirminnilegum hætti. Þá var Bjarkarlaufið 2008 afhent en það hlýtur sá sem talinn er hafa stuðlað öðrum fremur að dreifingu og viðgangi íslenskrar tónlistar. Og það var Andrea Jónsdóttir útvarpskona sem sæmd var laufinu.



**ÓTTAR FELIX, ANDREA OG TRYGGVI JÓNSSON** Óttar Felix flutti tölu þar sem hann minntist félaga síns, Rúnars Júlíussonar, með því að rifja upp þegar leiðir þeirra lágu fyrst saman í Húsafelli.



**ÓLAFUR PÁLL, BOLLI KRISTINSSON OG INGA MARÍA VALDIMARSDÓTTIR** Bjarkarlaufið kom Andreu í opna skjöldu en Ólafur Páll hafði skipað Andreu að vera sómasamlega til fara og – að sögn Andreu – hefur hann tekið við af móður hennar með að hafa afskipti af klæðaburði hennar.



**KK FLYTUR ANGEL** Áður en KK flutti lag sitt sagðist hann vera þarna í forföllum Gunnars Þórðarsonar sem var svo fyrsti maðurinn sem hann hitti í Þjóðleikhúskjallaranum.

„Ég telst þannig grúppía Hljóma þó ekki hafi verið farin öll leið með það," sagði Andrea í stuttri ræðu þar sem hún talaði meðal annars um kynni sín af Rúnari og Hljómum.

jakob@frettabladid.is

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó




LAUGARÁSBÍÓ 500 kr. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR Í SMÁRABÍÓ MILLI 12.30 OG 13.00 LAUGARDAG OG SUNNUDAG

SparBíó laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN




MADAGASCAR 2
kl. 1.30 í Álfabakka með íslensku tali. kl. 2 með ensku tali
kl. 2 í Kringlunni, Akureyri, Keflavík og á Selfossi með íslensku tali.

CITY OF EMBER
kl. 1.30 í Álfabakka,
kl. 2 í Kringlunni

HIGH SCHOOL MUSICAL 3
kl. 1.30 í Álfabakka

FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D
kl. 4 í Kringlunni

GEIMAPARNIR ísl tal
kl. 2 í Kringlunni
(eingöngu sýnd á sunnudag)



**BON JOVI** Þénuðu mest allra á þessu ári, eða rúmar 210 milljónir dollara.

# Bon Jovi þénaði mest

Hljómsveitin Bon Jovi frá New Jersey græddi mest allra flytjenda á tónleikaferð sinni á þessu ári. Skaut hún þekktum nöfnum á borð við Bruce Springsteen, Madonnu og The Police öllum ref fyrir rass.

Bon Jovi þénaði rúmlega 210 milljónir dollara á Lost Highway-tónleikaferð sinni um Norður-Ameríku og Evrópu. Springsteen var í öðru sæti með tæpar 205 milljónir og Madonna varð númer þrjú með rúmar 160 milljónir.

Aðrir sem komust á topp tíu-listann voru Celine Dion, Kenny Chesney, Neil Diamond, Spice Girls, The Eagles og Rascal Flatts.



**MICHAEL JACKSON** Fyrrum konungur poppsins setur frægan glanshanska sinn á uppboð í apríl.

# Glanshanski á uppboð

**Frægur glanshanski popparans Michael Jackson verður settur á uppboð í apríl á næsta ári. Jackson birtist fyrst með hanskann árið 1983 í myndbandi sínu við lagið Billie Jean. Eftir það fór í gang tískubylgja sem ekki sér fyrir endann á.**

**Á uppboðinu mun hinn fimmtugi Jackson einnig bjóða upp stórt hlið að Neverland-búgarði sínum auk rúmlega tvö þúsund persónulegra muna. Hluti ágóðans rennur til MusiCares, samtaka sem hjálpa tónlistarmönnum sem eiga um sárt að binda. Sjálfur hefur Jackson átt við fjárhagsvanda að etja og vonast til að uppboðið ráði einhverja bót á honum.**



**OLIVER STONE** Enn ein forsetamyndin er í smíðum hjá leikstjóranum.

# Gerir mynd um Chavez

Leikstjórinn Oliver Stone er með enn eina forsetamyndina í smíðum. Í þetta sinn hefur Hugo Chavez, forseti Venesúela, orðið fyrir valinu en um heimildarmynd er að ræða sem verður tilbúin á næsta ári.

Vinna við myndina hefur staðið yfir í sex mánuði. „Hún fjallar um Chavez og byltinguna í Suður-Ameríku,“ sagði Stone. Myndin segir meðal annars frá andstöðunni sem Chavez hefur orðið fyrir í heimalandi sínu og erlendis, sérstaklega frá Bandaríkjastjórn.

Á meðal annarra forseta sem Stone hefur fjallað um í gegnum tíðina eru hinir bandarísku John F. Kennedy, Richard Nixon og George W. Bush.

# Stríðsáraþema í opnunarteiti

Stríðsáraþema var í opnunarteiti hárgreiðslustofunnar, leikhússins og bíósins Barber Theater í gærkvöldi. Gestir mættu í klæðnaði frá stríðsárunum og skemmtu sér langt fram á nótt.

Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar, og kona hans, Svanhvít, þeyttu skífum og nýtt stúlknaband með leikkonuna Lilju Nótt Þórarinsdóttur úr Reykjavík Rotterdam innanborðs spilaði fyrir dansi. Dj Lazer, öðru nafni Hairdoctor, skemmti gestum einnig með skífuskanki.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu reka Anna Sigríður Pálsdóttir og Aron Bergmann Magnússon þennan nýja stað sem á eftir að setja skemmtilegan svip á miðbæjarflóruna. Aron er sannfærður um að staðurinn eigi eftir að njóta vinsælda. „Fólk er farið að fara út í svona minni hluti. Þarna er meiri nærvera við fólkið í staðinn fyrir þessi stóru bíó og leikhús. Ég held að þetta sé skemmtileg og kósí stemning í skammdeginu,“ segir Aron en Barber Theater er til húsa að Hverfisgötu 37 þar sem hárgreiðslustofan Gel var áður.

Á meðal væntanlegra sýninga í leikhúsinu er einleikur sem Lilja Nótt Þórarinsdóttir er með í undirbúningi.

Bíóið tekur um þrjátíu manns og þar verða aðallega sýndar gamlar og áhugaverðar myndir. „Við ætlum að sýna Chaplin, Harold Lloyd og áróðursmyndir frá Bandaríkjunum. Þetta eru þær myndir sem við erum búin að hafa upp á og líka gamlar hryllingsmyndir,“ segir Aron. „Fólk getur borgað sig inn til að sjá myndir í framtíðinni. Við erum með póstlista og þeir sem koma í klippingu og eiga leið framhjá setja sig á listann og við sendum út hvenær sýningar verða og annað.“ - fb



**ARON BERGMANN MAGNÚSSON** Aron Bergmann Magnússon og Anna Sigríður Pálsdóttir reka staðinn Barber Theater á Hverfisgötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



## > Rekstur Stjörnunnar kominn í þrot

Sú sérkennilega staða kemur upp í leik Fram og Stjörnunnar í N1-deild karla í Safamýri í dag að Fram mun leika í hvítum varabúningum sínum en Stjarnan í sínum hefðbundnu bláu búningum. Ástæðan er sú að rekstur handknattleiksdeildar Stjörnunnar er kominn í þrot og staða deildarinnar er það slæm að félagið hefur einfaldlega ekki efni á að kaupa varabúninga. Öllum leikmannasamningum var sagt upp í gærkvöldi og framhaldið er óráðið. Má telja líklegt að einhverjir leikmenn rói á önnur mið og spurning hvort Stjarnan geti klárað tímabilið.



# sport

sport@frettabladid.

STJÖRNULEIKIR KKÍ: BESTU ÞRIGGJA STIGA SKYTTUR SÖGUNNAR MÆTA MEÐ GUÐJÓN SKÚLASON Í FARARBRODDI

# *Páll Axel mun aldrei ná metinu mínu*



Það er sannkölluð körfuboltahátíð á Ásvöllum í dag en þá fara stjörnuleikir KKÍ fram. Dagurinn verður sannkölluð veisla fyrir körfuboltaáhugamenn því auk leikjanna verður ýmislegt annað í boði.

Þar á meðal verður troðslukeppni, tveir á tvo sýningarleikur þar sem Logi Bergmann mætir Gísla Einarssyni og svo þriggja stiga keppnir. Það er óhætt að segja að þriggja stiga keppnin hjá körlunum veki mikla athygli enda mætast þar bestu þriggja stiga skyttur sögunnar.

Á meðal þeirra sem keppa og eru enn að spila má nefna Jón Arnór Stefánsson, Pál Axel Vilbergsson, Jakob Örn Sigurðarson og Loga Gunnarsson. Á meðal eldri og reyndari fyrrum leikmanna sem taka þátt í keppninni má nefna Val Ingimundarson, Teit Örlygsson, Kristin Friðriksson og svo Guðjón Skúlason sem hefur skorað flestar þriggja stiga körfur í sögu KKÍ.

Guðjón setti niður hátt í 1.000 þriggja stiga skot á ferlinum og sá eini sem á raunhæfan möguleika að ná honum er Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson sem hefur skorað rúmlega 300 færri þriggja stiga körfur en Guðjón.

„Palli mun aldrei ná metinu mínu. Ef hann aftur á móti er með einhverja stæla og nálgast metið þá mæti ég bara aftur á völlinn og set fleiri niður. Það er samt líklega svona 5-6 ár í það þannig að það gæti orðið svolítið erfitt," sagði Guðjón léttur við Fréttablaðið í gær en hann neitaði því ekki að það væri kominn fiðringur í sig.

„Mér finnst þetta alveg stórskemmtilegt. Þetta er ekkert smá lið sem ætlar að mæta þarna og verður ábyggilega veisla. Ég er aftur á móti að mæta til þess að vinna, það kemur ekkert annað til greina," sagði Guðjón kokhraustur en hann hefur verið að æfa sig í laumi síðustu daga.

„Ég hef fengið að sniglast aðeins inn á æfingar hjá Sigga og athuga hvort ég drífi ekki lengur á körfuna. Það var ekki að sökum að spyrja, þetta var allt meira og minna niðri," sagði Guðjón og hló dátt.

Dagskrá dagsins hefst klukkan 13.30 og er frítt inn.



**BARÁTTA** Hart var barist í Ljónagryfjunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Subway-bikar karla:

## Njarðvík áfram

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík vann auðveldan sigur á Þór, 94-75, í sextán liða úrslitum Subway-bikarsins í gær.

Magnús Gunnarsson og Hjörtur Einarsson voru stigahæstir hjá Njarðvík með 20 stig. Guðmundur Jónsson skoraði 26 stig fyrir Þór og Cedric Isom 16. **- hbg**

Fyrirhugaðar mannabreytingar hjá Tindastóli:

## Fall á leið til Sviss

**KÖRFUBOLTI** Lið Tindastóls sem hefur verið að leika vel í Iceland Express-deild karla í körfubolta í vetur verður fyrir nokkurri blóðtöku á næstu dögum.

Greint er frá því á heimasíðu félagsins að Allan Fall, sem hefur verið lykilmaður hjá Stólunum í vetur, sé búinn að fá sig lausan undan samningi við norðanmenn eftir að honum bauðst samningur í Sviss. Hann hefur því að öllu óbreyttu spilað sinn síðasta leik fyrir Tindastól í vetur.

Þá verður Darrell Flake frá í mánuð eftir að hafa gengist undir aðgerð á hné og ætti því að verða klár í slaginn að nýju snemma á næsta ári.

Góðu fréttirnar fyrir Tindastól eru hins vegar þær að góður liðsstyrkur er að berast félaginu á næstu dögum þar sem Axel Kárason, sem lék áður með Skallagrími, mun leika með félaginu á meðan hann er í fríi fyrir norðan frá námi sínu í dýralækningum í Ungverjalandi. **- óþ**



**ALLAN FALL** Yfirgaf Tindastól til þess að spila í Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VAR UM SIG** Benítez telur alltof snemmt að tala um Liverpool sem meistarakandídata þetta tímabilið ef marka má ummæli sem höfð eru eftir honum í götublaðinu The Sun. NORDIC PHOTOS/GETTY






# Spennan magnast í toppbaráttunni

**Topplið Liverpool, Manchester Untied og Arsenal verða í eldlínunni í ensku úrvalsdeildinni í dag.**

**FÓTBOLTI** Liverpool mætir Hull á Anfield og Arsenal heimsækir Middlesbrough á Riverside en stórleikur umferðarinnar er að öðrum leikjum ólöstuðum viðureign Manchester United og Tottenham á White Hart Lane.

Englandsmeistarar United eru í eltingaleik þessa dagana við Liverpool og Chelsea og þurfa nauðsynlega á þremur stigum að halda gegn Tottenham til þess að halda pressunni gangandi. United hefur annars átt góðu gengi að fagna gegn Tottenham upp á síðkastið og hefur ekki tapað gegn því í síðustu fjórtán leikjum í deildinni.

Lundúnafélagið var þó ansi nálægt því að hirða öll stigin þrjú á síðustu leiktíð á White Hart Lane eftir að Dimitar Berbatov hafði komið heimamönnum yfir í leiknum en Carlos Tevez bjargaði þá rauðu djöflunum með jöfnunarmarki í uppbótartíma. Nú er Berbatov hins vegar leikmaður United og leikurinn myndi því undir eðlilegum kringumstæðum marka endurkomu hans á White Hart Lane en Búlgarinn er aftur tæpur vegna meiðsla. Það á við um fleiri lykilmenn eins og Michael Carrick og Rio Ferdinand en Cristiano Ronaldo ætti að verða leikfær. Þá taka Patrice Evra og Wayne Rooney út leikbönn.

Liverpool getur náð fjögurra stiga forskoti á toppi deildarinnar með sigri gegn nýliðum Hull á Anfield en Chelsea, sem er í öðru sætinu, á ekki leik fyrr en á morgun gegn West Ham. Knattspyrnustjórinn Rafa Benítez er þó með báða fætur fasta á jörðunni ef marka má ummæli hans í gær.

„Ef við verðum enn á toppnum þegar keppnin í Meistaradeildinni hefst á ný í febrúar þá eigum við augljóslega góða möguleika á titlinum. En ég tel að til þess að Liverpool verði meistari þá þurfi Chelsea, United og Arsenal að verða á í messunni og það er harla ólíklegt að öllum þremur félögunum muni mistakast. Þau búa öll að meiri fjárhagsstyrk en við og Liverpool er dálítið eins og Valencia í spænsku úrvalsdeildinni gegn stórliðum Barcelona og Real Madrid," er haft eftir Benítez í breska götublaðinu The Sun en Spánverjinn gerði athugasemdir við viðtalið síðar í gær og kvað orð sín hafa verið tekin úr samhengi.

Middlesbrough hefur gengið nokkuð vel gegn Arsenal í deildinni síðan félagið mátti þola 7-0 niðurlægingu í byrjun árs 2006 og hefur unnið einn og gert þrjú jafntefli gegn Byssustrákunum. Það ætti hins vegar að auka líkur Arsenal á góðum úrslitum að fyrirliðinn Cesc Fabregas verður líklega með á nýjan leik eftir að hafa jafnað sig á hnémeiðslum. **-óþ**



**TÆPUR** Óvíst er hvort Dimitar Berbatov getur mætt Tottenham í dag vegna meiðsla. NORDIC PHOTOS/GETTY



Jólatónlist í Skífunni!
SKÍFAN
Nýtt upphaf!
Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is
Jólagestir Björgvins
plötur 1-4
ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
STEFÁN HILMARSSON
Ein handa þér
PÁLL ÓSKAR & MONIKA
LJÓSIN HEIMA
ELLY og VILHJÁLMUR
syngja jólalög
Jólin eru að koma
KK & Ellen
100
ERLEND JÓLALÖG
this Christmas ARETHA
SHERYL CROW
Home for Christmas
ELVIS PRESLEY
CHRISTMAS
DUETS
LADDI
jóla hvað?
Ég skemmti mér um jólin
JóLi Í ROKKLANDI
Hátíð fer að höndum ein
Þrjú á palli

# Fengið fá tækifæri í El Clásico

**Eiður Smári Guðjohnsen hefur aðeins fengið að spila í samtals 33 mínútur í síðustu þremur El Clásico viðureignum Barcelona og Real Madrid. Barcelona hefur ekki unnið Real síðan árið 2005.**

**FÓTBOLTI** Það verður mikið um dýrðir á Nou Camp í Barcelona í kvöld þegar fyrri risaleikur Barcelona og Real Madrid á tímabilinu fer þar fram. Heimamenn í Barcelona geta náð tólf stiga forskoti á erkifjendur sína frá Madríd en til þess þurfa þeir að gera það sem þeim hefur ekki tekist síðan 19. nóvember 2005 – að vinna Real Madrid í El Clásico.

Eiður Smári er nú á sínu þriðja tímabili með Barcelona og liðið hefur þegar spilað fjóra El Clásico leiki á þessum tíma. Gengi Barca í þessum leikjum hefur verið mjög dapurt, aðeins eitt stig, þrjú töp og sex mörk í mínus í markatölu. Okkar maður hefur líka ekki fengið mikið að vera með í síðustu þremur leikjum eftir að hafa byrjað þann fyrsta í október 2006.

**Eiður lítið spilað á Nou Camp**

Leikur kvöldsins er á heimavelli Barcelona á Nou Camp og vonast Eiður til að vera í byrjunarliðinu í fyrsta sinn gegn Real Madrid á heimavelli. Eiður Smári hefur aðeins spilað í 10 mínútur í tveimur El Clásico leikjum Barcelona á Nou Camp síðan hann kom til liðsins en hefur aftur á móti verið í byrjunarliðinu og fengið að spila í samtals 88 mínútur í leikjum Barca á Bernabéu.

Eiður Smári er í 16. sæti hjá Barcelona yfir flestar mínútur spilaðar í El Clásico undanfarin tvö tímabil en heldur engu að síður Thierry Henry fyrir neðan sig.



**Í LIÐINU Í KVÖLD?** Flestir spænskir sparkspekingar eru á því að Eiður Smári verði í byrjunarliði Barcelona í kvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Henry sat á bekknum allan tímann eins og Eiður Smári í fyrri leiknum á síðasta tímabili en lék allan seinni leikinn og skoraði þá eina mark liðsins í lokin.

Eiður Smári var í byrjunarliðinu í 0-2 tapi Barcelona á Santiago Bernabéu 12. október 2006. Eiður fékk algjört dauðafæri til að jafna leikinn eftir fyrsta mark Real. Eiður skaut þá framhjá úr frábæru færi eftir að Lionel Messi hafði rennt boltanum til hans. Þetta var fyrsta tap Barcelona á tímabilinu.

Í seinni leiknum á fyrsta tímabili Eiðs Smára þá byrjaði hann á bekknum en kom inn á fyrir Rafael Márquez á 80. mínútu í stöðunni 2-3 fyrir Real. Lionel Messi tryggði Börsungum jafntefli þegar hann innsiglaði þrennu sína tveimur mínútum fyrir leikslok. Eiður Smári átti mjög góða innkomu í Barca-liðið og átti mikinn þátt í auknum sóknarþunga liðsins í lokin sem á endanum skilaði síðan jöfnunarmarkinu.

Leikur Barcelona og Real Madrid á Nou Camp í fyrra var mikil vonbrigði fyrir Eið Smára. Hann hafði byrjað tvo síðustu leiki á undan og hafði enn fremur verið í byrjunarliðinu í sex leikjum af síðustu sjö fyrir þennan leik sem fór fram á Þorláksmessu í fyrra. Eiður Smári var því talinn líklegur í byrjunarliðið hjá fjölmiðlaspekúlöntum á Spáni en það kom fyrir lítið. „Ef ég fæ að spila, yrði það einn af hápunktum ferilsins og besta mögulega jólagjöfin sem ég gæti fengið,“ sagði Eiður Smári í viðtölum fyrir leikinn en þegar á reyndi var Eiður Smári ekki í byrjunarliðinu og fékk á endanum ekkert að koma við sögu í leiknum.

Eiður Smári var síðan í byrjunarliðinu í síðasta El Clásico sem fór fram á Bernabéu í maí. Hann fékk þó ekki að spila mikið því Frank Rijkaard skipti honum út af eftir aðeins 23 mínútur en seinna gaf Eiður Smári það út að hann hefði þurft að yfirgefa völlinn vegna meiðsla. Rijkaard gerði þessa breytingu þegar Real var komið í 2-0 eftir aðeins 20 mínútna leik. Real Madrid vann leikinn 4-1.

**Fær Eiður jólagjöfina ári of seint?**

Eiður Smári hefur unnið sér aftur sæti í goggunarröðinni á síðustu vikum eftir að hafa misst út marga leiki vegna meiðsla sem hann varð fyrir í landsleik á móti Makedóníum. Það væri mikill sigur fyrir hann að vera í byrjunarliðinu þar sem mörgum finnst Barcelonaliðið geta endanlega endurheimt reisn sína eftir margar útreiðir gegn Real Madrid síðustu ár.

Flestir spænskir fjölmiðlar búast við því að hann verði í byrjunarliðinu í kvöld og þá er bara að vona að Pep Guardiola fylgi ekki í fótspor Franks Rijkaard og geymi okkar mann á bekknum þegar öll augu eru á spænska boltanum. Nú er svo sannarlega komið að því að Eiður Smári fá að njóta sín í El Clásico og hver veit nema hann fái umrædda jólagjöf bara einu ári of seint.

Leikurinn verður sýndur beint á Stöð2 Sport og hefst klukkan 21.00.

ooj@frettabladid.is

### EIÐUR OG EL CLÁSICO

**22. október 2006**
0-2 tap í Madrid.
Eiður var í byrjunarliðinu en skipt út af fyrir Saviola á 65. mín. í stöðunni 0-2 fyrir Madrid.

**10. mars 2007**
3-3 jafntefli í Barcelona.
Eiður kom inn á sem varamaður fyrir Rafael Marquez á 80. mínútu í stöðunni 2-3 fyrir Madrid.

**23. desember 2007**
0-1 tap í Barcelona.
Eiður sat á bekknum allan tímann.

**7. maí 2008**
1-4 tap í Madrid.
Eiður var í byrjunarliðinu en var skipt af velli fyrir Dos Santos á 23. mínútu í stöðunni 0-2 fyrir Madrid.



**RONALDO** Var valinn besti knattspyrnumaður Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Besti leikmaður heims:

## Greint frá fimm efstu

**FÓTBOLTI** FIFA greindi frá því í gær hvaða fimm leikmenn hefðu lent í efstu sætunum í kjöri á besta knattspyrnumanni heims árið 2008. Það eru landsliðsþjálfarar og fyrirliðar sem velja.

Cristiano Ronaldo þykir líklegur til þess að hreppa hnossið í ár en hann varð þriðji í þessu kjöri í fyrra. Ásamt Ronaldo eru á topp-fimm þeir Fernando Torres, Kaká, Lionel Messi og Xavi.

Kjörinu verður lýst í Zürich í Sviss 12. janúar næstkomandi.

- hbg

Joe Kinnear, Newcastle:

## Michael Owen líklega á förum

**FÓTBOLTI** Joe Kinnear, knattspyrnustjóri Newcastle, viðurkenndi í gær að hann hafi litla trú á því að félagið nái að halda framherjanum Michael Owen innan sinna raða.

„Ég verða að játa það að ég hef í sannleika sagt ekki mikla trú á því að við náum að halda Owen. Ég mun samt setjast niður með honum og reyna að sannfæra hann um að vera áfram hjá Newcastle og skrifa undir nýjan samning. Hann hefur að mér skilst í mörg horn að líta með framhaldið að gera,“ segir Kinnear hreinskilinn í viðtali við Sky Sports í gær.

Samningur Owens við Newcastle rennur út í lok yfirstandandi keppnistímabils og ekki er ólíklegt að félagið reyni því að fá pening fyrir hann í janúar í stað þess að hleypa honum frá sér án greiðslu næsta sumar. Mörg félög eru sögð fylgjast með stöðu mála hjá Owen.

- óþ




Ronaldo kynntur til leiks hjá Corinthians:

## Sanna mig á vellinum

**FÓTBOLTI** Það var mikið fjölmiðlafár í Brasilíu í gær þegar einn af dáðustu sonum landsins, Ronaldo, var kynntur sem nýr leikmaður brasilíska liðsins Corinthians.

Ronaldo, sem yfirgaf herbúðir AC Milan í júní, er búinn að ná sér af alvarlegum hnémeiðslum og spilaði góðgerðaleik í síðasta mánuði.

Ronaldo segir að þess verði ekki langt að bíða að hann spili sinn fyrsta leik fyrir Corinthians en játar þó að það sé mikil áskorun að koma sér í gott líkamlegt form á ný eftir að hafa tútnað fullmikið út í meiðslunum.

„Ég verð bara að sanna mig á vellinum. Það er eitt að rífa kjaft utan vallar en annað að sanna sig á vellinum,“ sagði Ronaldo sem gerði eins árs samning við Corinthians og fær um 20 milljónir króna í mánaðarlaun.

„Ég er bara einn af leikmönnum liðsins og gengst undir sömu reglur, sömu skyldur og aðrir. Ég mun ekki njóta neinna forréttinda,“ sagði Ronaldo.

Framherjinn skæði hefur áður leikið með Barcelona, Real Madrid og Inter. Hann hafnaði á dögunum tilboði frá ítalska félaginu Siena.

Varaforseti Corinthians, Marcio Gobbi, neitar því að félagið sé eingöngu að fá Ronaldo af markaðsástæðum.



**KOMINN HEIM** Ronaldo lék síðast í Brasilíu 17 ára gamall. NORDIC PHOTOS/AFP

„Ronaldo er ekki hér til þess að selja treyjur. Hann er hér til þess að spila fótbolta. Brasilískur fótbolti á skilið að fá til baka einn sinn besta leikmann á undanförnum árum,“ sagði Gobbi.

- hbg



**STUTT STOPP** David Beckham mun snúa aftur til LA Galaxy í mars. NORDIC PHOTOS/GETTY

Yfirlýsing frá LA Galaxy:

## Beckham aftur til LA í mars

**FÓTBOLTI** Vegna þráláts orðróms um að stórstjarnan David Beckham sé að skoða möguleikann á að breyta fyrirhuguðum lánssamningi sínum við AC Milan í að ganga alfarinn í raðir ítalska félagsins sáu forráðamenn LA Galaxy sig knúna til þess að senda frá sér yfirlýsingu í gær.

„Beckham mun hitta nýja liðsfélaga sína í AC Milan í æfingarbúðum 29. desember og mun dvelja með félaginu fram í mars þegar hann snýr aftur til LA fyrir nýtt keppnistímabil með Galaxy í MSL-deildinni.

- óþ

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM




### WD TV MARGMIÐLUNARSPILARI

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

**WESTERN DIGITAL**
Western Digital spilarinn er í hæsta gæðaflokki og er WD einn virtasti framleiðandinn í heiminum í dag

**SPILAR ALLA STAÐLA**
Spilar allar tegundir kvikmynda frá AVI til MKV háskerpumynda, alla tónlist og styður SRT texta.

WD TV er nýr fullkominn 1080p HD margmiðlunarspilari með tengikví frá Western Digital sem gerir þér kleift að nota USB flakkarann þinn til að spila bíómyndir, tónlist og ljósmyndir

Full HD 1080P · DOLBY DIGITAL · HDMI · H.264

**39.990**

## OPIÐ ALLA HELGINA

13.DES FRÁ 11:00 TIL 18:00
14.DES FRÁ 13:00 TIL 17:00



**16GB CORSAIR**
16GB höggheldur minnislykill, 10 ára ábyrgð, USB 2.0

**11.990**



**MP-303 MARGMIÐLUNARSPILARI**
Flottur og stílhreinn margmiðlunarspilari sem spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði, frábær jólagjöf handa öllum á heimilinu

**19.990**



**250GB PASSPORT**
Glæsilegur lítill flakkari frá WD með 250GB hörðum disk, USB

**21.990**



**640GB MYBOOK**
MyBook er flottur utanáliggjandi flakkari með 640GB hörðum disk

**24.990**



**DICOTA SKIN**
Farðu vel með fartölvuhýsinguna þína og fáðu þér hlífðar skinn

**2.990**



**PLANET NAS ÞJÓNN**
Fullkominn skráarþjónn, Torrent, FTP, HTTP, iTunes, Print server o.fl

**14.990**



**LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI**
PC - PS3 - PS2 - PSP - XBOX

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

Miklar vangaveltur eru um hugsanlega mótherja ensku félaganna í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar:

# Mætast vinafélögin Man. Utd og Real?

**FÓTBOLTI** Öll fjögur ensku félögin í Meistaradeildinni, Man. Utd, Liverpool, Arsenal og Chelsea, komust sem kunnugt er áfram í 16-liða úrslit keppninnar en dregið verður um hverjir mótherjarnir verða eftir tæpa viku.

Man. Utd og Liverpool unnu bæði sína riðla og mótherjar þeirra í drættinum verða því félög sem lentu í öðru sæti í hinum riðlunum að hinum ensku félögunum frátöldum. Einnig geta lið úr sama riðli ekki mætt hvert öðru í 16-liða úrslitunum.

United og Liverpool geta því mætt Sporting, Inter, Lyon eða Real Madrid og United getur auk þess mætt Atletico Madrid og Liverpool getur mætt Villarreal.

Möguleikinn á að United geti mætt Real Madrid hefur vakið mikla athygli en félögin áttu í hatrammri deilu vegna Cristiano Ronaldo síðasta sumar þegar Madrid-ingar gengu hart fram í að fá snillinginn í sínar raðir. Síðan þá hefur verið stirt á milli forráðamanna félaganna og nú síðast í gær skaut Ramon Calderon, forseti Real Madrid, föstum skotum á Ronaldo sjálfan og kvað hann eiga mesta sök á fjaðrafokinu á milli félaganna.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, viðurkenndi að hann hefði vissulega leitt hugann að því að geta mætt Real Madrid í 16-liða úrslitunum.

„Það yrði án nokkurs vafa mikil og skemmtileg veisla. Ég hlakka allavega til að geta fengið mér te og kexkökur með Ramon Calderon,“ segir Ferguson.

Arsenal og Chelsea urðu að sætta við annað sætið í riðlum sínum og mæta því toppliðum í hinum riðlunum að Man. Utd og Liverpool frátöldum. Lundúnafélögin geta því mætt Barcelona, Panathinaikos, FC Bayern eða Juventus og Arsenal getur auk þess mætt Roma og Chelsea getur mætt Porto. **- óþ**



**BARÁTTA UTAN VALLAR** Man. Utd og Real Madrid áttu í rimmu út af Cristiano Ronaldo síðasta sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY








**VAN DER SAR** Verður í marki United á næstu leiktíð. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Edwin van der Sar:

## Framlengdi við Man. Utd

**FÓTBOLTI** Hinn 38 ára gamli hollenski markvörður, Edwin van der Sar, er búinn að framlengja samning sinn við Man. Utd til eins árs eða til loka leiktíðar 2011.

„Skap hans, fagmennska og frammistaða hefur ekkert breyst síðan hann kom til okkar,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd.

„Það liggur ljóst fyrir að þetta verður samt hans síðasti samningur hjá okkur. Hann hefur staðið sig hreint frábærlega hérna hjá okkur.“

Van der Sar kom til United frá Fulham árið 2005 og kostaði þá 5 milljónir og tryggði United sigur í Meistaradeildinni á síðustu leiktíð er hann varði lokavítaspyrnuna frá Nicolas Anelka. **- hbg**

NFL-deildin:

## Sundrung hjá Dallas

**NFL Besta liðið framan af leiktíð var Dallas Cowboys en heldur hefur hallað undan fæti hjá liðinu síðustu vikur og liðið á nú í harðri baráttu um að komast í úrslitakeppnina.**

**Það eykur ekki á líkur kúrekanna að komast í úrslitakeppnina að ósætti er á milli þriggja stjarna liðsins, leikstjórnandans Tony Romo, innherjans Jasons Witten og útherjans skrautlega Terrells Owens.**

**Owens er sagður hundfúll út í þá félaga og hefur sakað þá um að hanna kerfi sín í milli án þess að hafa hann með í ráðum. Romo og Witten eru nánir vinir og herbergisfélagar á ferðalögum.** **- hbg**



**VANDRÆÐAGEMLINGUR** Adriano var í gær rekinn heim af æfingu í annað skiptið á stuttum tíma. NORDIC PHOTOS/GETTY

Adriano enn til vandræða:

## Var rekinn heim af æfingu

**FÓTBOLTI** Dagar Brasilíumannsins Adriano gætu senn verið taldir hjá Inter en framherjinn gerði sig enn eina ferðina sekan um agabrot þegar hann mætti of seint og í slæmu líkamlegu ásigkomulagi á æfingu í gær. Knattspyrnustjórinn José Mourinho lagði saman tvo og tvo og rak Adriano umsvifalaust heim af æfingunni, í annað skiptið á stuttum tíma, enda er Adriano þekktur fyrir að taka gjarnan einum of hressilega á því utan vallar og nýtir hvert tækifæri til þess að fara út á lífið.

Adriano er samningsbundinn Inter til loka keppnistímabilsins árið 2010 en samkvæmt heimildum ítalskra fjölmiðla munu forráðamenn Inter vera búnir að fá sig fullsadda af hegðun Adriano og eru tilbúnir til að hlusta á kauptilboð í kappann strax í janúar. **- óþ**

Sex þjálfarar hafa náð að stjórna liðum til sigurs í 100 leikjum í úrvalsdeild:

# Benedikt er kominn í 100 sigra klúbbinn

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson, þjálfari toppliðs KR í Iceland Express-deild karla, náði merkum árangri á dögunum þegar KR sigraði Tindastól, 96-70, á Króknum. Þetta var hundraðasti deildarsigurinn sem lið undir hans stjórn vinnur í úrvalsdeild karla. Lið Benedikts hafa nú unnið 101 af 152 leikjum sem hann hefur stjórnað en það gerir 66 prósenta sigurhlutfall.

Benedikt stjórnaði sínum fyrsta leik í Grindavík 9. nóvember 1995 þegar KR mátti sætta sig við tap, 77-103. Benedikt var þá aðeins 23 ára gamall og tók þá við starfi Axels Nikulássonar sem hætti með liðið á miðju tímabili. Fyrsti sigurinn kom strax í næsta leik þremur dögum síðar þegar KR vann ÍA, 115-88, á Seltjarnarnesi.

Benedikt hefur þjálfað þrjú félög í úrvalsdeild: KR, Grindavík og Fjölni. KR vann 17 af 32 deildarleikjum undir stjórn hans 1995-1997, Grindavík vann 19 af 22 leikjum undir hans stjórn 1997-98 og þá vann Fjölnir 21 af 44 deildarleikjum undir hans stjórn í úrvalsdeild frá 2004-2006.

KR hefur síðan unnið 44 af 54 deildarleikjum sínum síðan Benedikt tók við liðinu 2006.

Valur Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkinga, á metið sem hann bætir með hverjum sigurleik en lið hans hafa nú alls unnið 234 leiki í deildarkeppni.

Bróðir hans Sigurður er enn fremur eini þjálfarinn fyrir utan Val og Benedikt sem hefur náð að stjórna liði til sigurs í 100 leikjum og er enn að þjálfa.

Það gæti fjölgað fljótlega í hópnum því Friðrik Ragnarsson vantar nú aðeins fjóra sigra upp á að stjórna liði til sigurs í hundraðasta sinn. Grindavík hefur unnið 9 af fyrstu 10 leikjum sínum og því má búast við að hundraðasti sigurinn komi í hús fljótlega á nýju ári.

- óój

**FLESTIR SIGRAR ÞJÁLFARA Í ÚRVALSDEILD:**
**(Sigurhlutfall innan sviga)**

| | |
|---|---|
| Valur Ingimundarson | 234 (62%) |
| Friðrik Ingi Rúnarsson | 228 (72%) |
| Sigurður Ingimundarson | 186 (74%) |
| Jón Kr. Gíslason | 131 (74%) |
| Gunnar Þorvarðarson | 109 (73%) |
| Benedikt Guðmundsson | 101 (66%) |
| Friðrik Ragnarsson | 96 (68%) |
| Reynir Kristjánsson | 88 (58%) |



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGURSÆLL** Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, ræðir við Kristin Óskarsson dómara.



**MET** Hrafnhildur Lúthersdóttir setti nýtt íslenskt stúlknamet á EM í 25 metra laug í Króatíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hrafnhildur Lúthersdóttir:

## Setti nýtt stúlknamet

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir, sundkona úr SH, synti í gærmorgun á nýju íslensku stúlknameti í 100 metra fjórsundi á EM í 25 metra laug sem fram fer þessa dagana í Króatíu. Hrafnhildur synti á tímanum 1:03,24 sem er bæting hjá henni um 3/100 úr sekúndu en Íslandsmetið í greininni á Erla Dögg Haraldsdóttir úr ÍRB en hún synti á 1:02,71. Hrafnhildur endaði í 25. sæti af 34 keppendum.

Í dag keppir Hrafnhildur í 100 metra bringusundi og þá keppir Sigrún Brá Sverrisdóttir, sem nýlega gekk í raðir Sundfélags Ægis, í 400 metra skriðsundi. - óþ



**VALSSTÚLKUR** Verða fulltrúar Íslands í nýrri Meistaradeild Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Breyting á Evrópukeppni kvk.:

## Meistaradeild sett á laggirnar

**FÓTBOLTI** Framkvæmdastjórn UEFA hefur ákveðið að breyta nafni og keppnisfyrirkomulagi í Evrópukeppni kvenna frá og með næsta keppnistímabili en keppnin mun þá verða kölluð Meistaradeild kvenna.

Íslandsmeistarar Vals verða fulltrúar Íslands í keppninni á næsta ári en aðeins ein umferð verður leikin í riðlakeppni í stað tveggja áður en þegar svo komið er í 32 liða úrslitin verður leikið heima og að heiman. Úrslitaleikur Meistaradeildar kvenna fer svo fram aðeins tveimur dögum áður en úrslitaleikur Meistaradeildar karla og leikirnir munu fara fram í sömu borg. - óþ



< **Julia Roberts**

„Maður getur verið trúr persónunni sem maður er að leika en ég fer alltaf heim með sjálfa mig.“
Roberts leikur í kvikmyndinni Mexíkóinn (The Mexican) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** DR. GUNNI SPÁIR FYRIR UM AFLEIÐINGAR UPPGÖTVANA DR. KAMITANI

## *Bylting draumaspilarans*



Vísir birti í vikunni frétt um að japanskir vísindamenn, með Dr. Yukiyasu Kamitani í fararbroddi, séu langt komnir með að þróa tækni sem gerir þeim kleift að ná myndum af draumum fólks. Mynstur í heilabylgjum eru notuð til að kalla fram mynd sem búin er til með rafboðum sem draumar kalla fram í sjónstöðvum heilans. Þetta er sáraeinfalt!

Auðvitað hlaut að koma að þessu og þetta er vitanlega fyrsta skrefið í átt til vinsælustu jólagjafarinnar árið 2012: Draumaspilarinn, afþreyingartæki nútímamannsins.

Hausinn á okkur og það sem þar fer fram hefur hingað til verið afgirt svæði. Við sjálf höfum ein haft aðgang. Nú verður kannski opnað á almennan aðgang. Jæja elskan, segir maður við konuna á jóladagsmorgun 2012 þegar draumaspilarinn hefur verið á upptöku alla nóttina, þá skulum við kíkja á afrakstur næturinnar.

Spurningin er bara hvort maður þori að deila draumum sínum. Þetta er náttúrlega oft svo mikil steypa, útúrklikkað stöff sem David Lynch og súrrealistarnir hefðu gefið saumavél og regnhlíf á skurðarborði fyrir að komast í. Hvað veit maður svo hvaða fólk dúkkar upp og hvaða tryggingu hefur maður fyrir því að þetta fólk hagi sér vel í draumum manns. Já, og hver veit hvað maður sjálfur er að aðhafast? Hvaða vafasömu skilaboð úr undirmeðvitundinni mun draumaspilarinn kalla fram? Líklega verður afsökunin „mig var bara að dreyma, elskan“ jafn hjáróma og „ég var bara fullur, elskan“.

Áður en tækið kemur á almennan markað getur Dr. Kamitani því vonandi sett í það eins konar öryggisventil. Sá sem dreymir fær rafstraum þegar einhver gerir sig líklegan til að fara úr buxunum í hausnum á honum, nógu sterkan til að draumurinn gufi upp. Þannig verður hægt að koma í veg fyrir hrinu hjónaskilnaða.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.45** America's Funniest Home Videos SKJÁREINN



▶ **20.00** Logi í beinni STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10** Gott Kvöld SJÓNVARPIÐ



▶ **20.50** Barcelona - Real Madrid STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.35** The New World STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Leirkarlinn með galdrahattinn, Trillurnar, Millý og Mollý, Tobbi tvisvar og Þessir grallaraspóar.

**10.25 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)

**10.35 Kastljós** (e)

**11.10 Káta maskínan** (e)

**11.40 Kiljan** (e)

**12.30 Fiðluleikarinn Gilles Apap** (Gilles Apap - Renegade Fiddler) (e)

**13.30 Mótorsport 2008**

**14.00 Lassie** (Lassie) (e)

**15.40 Úr dagbók slökkviliðsins**

**15.50 Íslandsmótið í handbolta karla** Bein útsending frá leik Fram og Stjörnunnar í efstu deild karla.

**17.35 Táknmálsfréttir**

**17.45 Útsvar** (e)

**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Spaugstofan**

▶**20.10 Gott kvöld** Gestur þáttarins er Stefán Hilmarsson.

**21.10 Mexíkóinn** (The Mexican) Bandarísk spennumynd frá 2001. Maður tekur að sér að smygla fornri byssu sem bölvun hvílir á en kærastan hans vill að hann gerist löghlýðinn borgari.

**23.15 Skrýtnara en skáldskapur** (Stranger than Fiction) (e)

**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Matilda**

**10.00 The Guardian**

**12.15 A Little Thing Called Murder**

**14.00 Night at the Museum**

**16.00 Matilda**

**18.00 The Guardian**

**20.15 A Little Thing Called Murder** Mynd sem segir ótrúlega en sanna sögu af mægðinum sem fóru eins og pest um Bandaríkin; rændu, svindluðu og frömdu morð.

**22.00 All the King's Men**

**00.05 Munich**

**02.45 The Prophecy 3**

**04.10 All the King's Men**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney og vinir**

**07.25 Þorlákur**

**07.35 Jesús og Jósefína** (13:24)

**08.00 Algjör Sveppi** Galdrabókin, Lalli, Doddi litli og Eyrnastór, Sumardalsmyllan, Gulla og grænjaxlarnir, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.

**09.25 Krakkarnir í næsta húsi**

**09.50 Stóra teiknimyndastundin**

**10.35 Bratz**

**11.00 Markaðurinn með Birni Inga** Markaðurinn með Birni Inga er frétta- og umræðuþáttur um viðskipti, efnahagsmál og pólitík. Opin dagskrá

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Bold and the Beautiful**

**12.55 Bold and the Beautiful**

**13.15 Bold and the Beautiful**

**13.35 Bold and the Beautiful**

**13.55 Bold and the Beautiful**

**14.20 The New Adventures of Old Christine** (9:22)

**14.45 ET Weekend**

**15.35 Sjálfstætt fólk** (12:40)

**16.15 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.

**16.40 Dagvaktin** (12:12)

**17.30 Markaðurinn með Birni Inga**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.00 Lottó**

**19.10 The Simpsons** (20:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

**19.35 Latibær** (18:18) Önnur þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.

**20.05 Holiday in Handcuffs**

▶**21.35 The New World** Vönduð og einkar áhrifamikil mynd um Pocahontas, sambönd hennar við ævintýramanninn John Smith og aðalsmanninn John Rolfe og ferðalag hennar frá óbyggðum Ameríku til aðalsins á Englandi. Aðalhlutverk fara Christian Bale, Colin Firth og Q'orianka Kilcher.

**23.50 Best Little Whorehouse In Texas**

**01.40 28 Days Later**

**03.30 The Skeleton Key**

**05.10 Twitches**

## SPORT *besta sætið*

**09.55 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.

**10.45 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá Meistaradeild Evrópu. (e)

**12.25 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

**13.05 NFL deildin. NFL Gameday** Hver umferð í NFL deildinni skoðuð í bak og fyrir.

**13.35 2008 Augusta Masters** Útsending frá lokadegi Augusta Masters mótsins í golfi.

**17.50 Meistaradeild Evrópu - Fréttaþáttur** Hver umferð skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**18.20 Spænski boltinn - La Liga Report** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.

**18.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Valencia og Espanyol.

▶**20.50 Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Real Madrid.

**22.50 Box** Bein útsending frá bardaga Wladimir Klitschko og Hasim Rahman.

**00.00 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.55 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Tottenham.

**10.35 PL Classic Matches** Everton - Man. United, 03/04.

**11.05 PL Classic Matches** Tottenham - Man. Utd., 01/02.

**11.35 Premier League World 2008/09** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**12.05 Premier League Preview 2008/09** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

**12.35 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Middlesbrough og Arsenal.

**14.45 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Liverpool og Hull.

**17.15 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Tottenham og Man. Utd.

**19.30 4 4 2**

**22.20 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

**00.40 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Vörutorg**

**13.00 Dr. Phil** (e)

**13.45 Dr. Phil** (e)

**14.30 Rules of Engagement** (1:13) (e)

**15.00 Ungfrú Heimur 2008** (1:1)

**17.05 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (16:27) (e)

**17.55 Survivor** (10:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. (e)

**18.20 Family Guy** (20:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)

**18.45 Game tíví** (14:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**19.15 30 Rock** (13:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. (e)

▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (32:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Ungfrú Heimur 2008** (e)

**22.00 House** (14:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. (e)

**23.00 Heroes** (5:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. (e)

**23.50 Law & Order. Special Victims Unit** (17:22) (e)

**00.40 Mike Basset England Manager**

**02.10 Sugar Rush** (4:10) (e)

**02.40 Jay Leno** (e)

**03.30 Jay Leno** (e)

**04.20 Vörutorg**

**05.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SVEFNSÓFI
25%
AFSLÁTTUR
Listaverð
kr. 179.500
TILBOÐSVERÐ
kr. 134.600





Springdýna
Rúmfatageymsla
Svefnbreidd
140x200 cm



LÍNAN

Línan | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mánudaga - föstudaga 10 til 18 | Laugardaga 11 til 16 | www.linan.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Holiday in Handcuffs



Stórgóð gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um unga konu sem vill koma með kærasta heim til fjölskyldunnar um jólin. Vandamálið er að hún á engan kærasta. Hún lætur það nú ekki stöðva sig og rænir einum viðskiptavininum af veitingahúsinu sem hún vinnur á.
Leikstjóri: Ron Underwood.
Leikarar: Timothy Bottoms; Melissa Joan Hart; Mario López.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ungfrú heimur 2008**
**Skjár einn kl. 15.00**



Fegurstu fljóð heims keppa um titilinn Ungfrú heimur 2008 í Jóhannesarborg í Suður-Afríku í dag. Skjár einn verður með beina útsendingu kl. 15 og keppnin verður síðan endursýnd kl. 20.10. Fulltrúi Íslands í keppninni er Alexandra Helga Ívarsdóttir, 19 ára Reykjavíkurmær. Hún var kjörin Ungfrú Ísland 2008 í vor.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Brot af eilífðinni
**21.10** Í garðinum þar sem ástin sefur
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hvað er að heyra?
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**17.00 Hollyoaks** (76:260)
**17.25 Hollyoaks** (77:260)
**17.50 Hollyoaks** (78:260)
**18.15 Hollyoaks** (79:260)
**18.40 Hollyoaks** (80:260)
**19.05 Smallville** (15:20)
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
**20.30 Sex and the City** (9:12) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.00 Sex and the City** (10:12)
**21.30 Dagvaktin** (12:12) Dagvaktin hefur slegið rækilega í gegn og að því tilefni hefur Ragnar Bragason leikstjóri þáttanna, tekið saman það fyndnasta, skemmtilegasta, neyðarlegasta og eftirminnilegasta úr þáttunum og sett saman í þessa ómissandi samantekt.
**21.55 E.R.** (14:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**22.40 The Daily Show. Global Edition**
**23.05 Smallville** (15:20)
**23.50 Sex and the City** (9:12)
**00.15 Sex and the City** (10:12)
**00.40 E.R.** (14:25)
**01.25 The Daily Show. Global Edition**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Kristinn H.** Kristinn H. Gunnarsson
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Kolfinna** Kolfinna Baldvindóttur.
**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir.
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir
**23.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong talar máli innflytjenda.

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.11** Troldspejlet **11.30** Boogie Update **12.00** Pigerne Mod Drengene **12.35** Family Guy **13.00** Historien om Nik & Jay **14.00** Drengen der ser uden øjne **14.50** Cirkusrevyen 2007 **15.40** Før søndagen **15.50** Nissernes Ø **16.20** Held og Lotto **16.30** Julefandango **17.00** Gepetto News **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Mr. Bean **18.30** Nissernes Ø **19.00** aHA! Fjernsyn for dig **20.00** Herretur 2 - Jagten på Curlys guld **21.50** Miss Marple **23.45** The I Inside

## NRK 1

**10.40** V-cup skiskyting **11.30** V-cup langrenn **12.20** V-cup kombinert **12.30** V-cup alpint **13.15** V-cup skiskyting **14.00** V-cup langrenn **14.55** V-cup hopp **16.45** Sport i dag **17.00** Jul i Blåfjell **17.30** AF1 **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Etter at du dro **19.40** Norsk militær tattoo 2008 **20.40** Med hjartet på rette staden **21.25** Fakta på lørdag **22.20** Kveldsnytt **22.35** Den fantastiske frøken Fancy Day **00.10** Prinsene

## SVT 1

**11.20** Vinterstudion **11.25** Alpint **12.20** Vinterstudion **12.25** Alpint **13.20** Skidskytte **13.50** Längdskidor **15.00** Vinterstudion **15.45** På spåret **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Pomos piano **17.45** Julkalendern **18.00** Habib **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Svensson, Svensson **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.45** Dom kallar oss artister **22.15** Gloria **00.15** Sändningar från SVT24



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Lalli Weld var annar,
með gráa hausinn sinn.
- Hann skreið ofan úr gili
og skauzt í bankann inn.

Hann fékk margar millur,
- fyrir að taka að sér djobb,
Svo fór allt á hausinn,
- þá þýddi ekkert grobb.



# Þjóðleikhúsið hafði sigur í nágrannaslag

„Ég hef ekkert um þetta að segja," segir Halldór Gylfason. „Það er bara „no comment"," bætir hann við og skellir á blaðamann augljóslega í fúlu skapi eftir að hafa tapað fyrir Þjóðleikhúsinu í árlegum knattspyrnuleik leikhúsanna á mánudaginn síðasta.

Liðsmenn Þjóðleikhússins voru hins vegar sigureifir enda ekki á hverjum degi sem þeir bera sigurorð af andstæðingum sínum. „Þetta var mikil barátta, enginn slasaðist og við unnum.

Maður getur bara ekki verið sáttari," segir Björn Hlynur Haraldsson sem stjórnaði miðju Þjóðleikhússins af mikilli festu. Björn segir þá hafa klúðrað töluverðum fjölda af dauðafærum og því hafi sigurinn verið sanngjarn þegar upp var staðið. Töluverð barátta einkenndi leik leikhúsanna og eitthvað var um leikaraskap. Menn gengu vasklega fram og þurfti Halldór meðal annars að fara út af um miðjan leik eftir að hann fór að kenna sér meins. Halldór sleit hásin í leik þessara fornu fjandmanna fyrir tveimur árum og var því að snúa aftur eftir þau meiðsl. Hann kenndi sér einhvers meins en ekki er vitað á þessu stigi málsins hvort það sé alvarlegt.

Annars fór leikurinn þannig að Þjóðleikhúsið náði að skora fimm mörk en Borgarleikhúsið fjögur. Maður leiksins var valinn Vignir Rafn Valþórsson en klúðrari starfsbróðir hans úr Þjóðleikhúsinu, Þórir Sæmundsson. - fgg



**HUNDFÚLL** Halldór Gylfason vildi helst ekkert tjá sig um leikinn og var hundfúll yfir tapinu.

**KLÚÐRARI** Þórir Sæmundsson fékk þá vafasömu nafnbót að vera klúðrari leiksins.



**LÁRÉTT 2.** óskar, **6.** í röð, **8.** fugl, **9.** ögn, **11.** skóli, **12.** afþíða, **14.** aldin, **16.** í röð, **17.** sjór, **18.** uppistaða, **20.** gjaldmiðill, **21.** innileikur.

**LÓÐRÉTT 1.** hæfileiki, **3.** 49, **4.** klapp, **5.** tækifæri, **7.** skellinaðra, **10.** persónufornafn, **13.** er, **15.** murra, **16.** strá, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vill, **6.** áb, **8.** lóa, **9.** fis, **11.** fg, **12.** afísa, **14.** hnetu, **16.** íj, **17.** mar, **18.** lón, **20.** kr, **21.** alúð. **LÓÐRÉTT: 1.** gáfa, **3.** il, **4.** lófatak, **5.** lag, **7.** bifhjól, **10.** sín, **13.** sem, **15.** urra, **16.** íla, **19.** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Gæludýrin eftir Braga Ólafsson.
2. Þau eru æt.
3. Coventry á Englandi, HSV í Þýskalandi og hollensku félögin AZ Alkmaar og Heerenveen.



**SAMRÝMD SYSTKINI** Systkinin Björg og Þórhallur syngja You´ll Never Walk Alone á Anfield Road í Liverpool á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR: SYNGUR Á ANFIELD, HEIMAVELLI LIVERPOOL:

# SYSTKINI SAMEINAST Í YOU´LL NEVER WALK ALONE

„Þetta er mekka fótboltans er það ekki? Það er mikill heiður að verða boðið þetta," segir sópransöngkonan Björg Þórhallsdóttir. Henni hefur verið boðið að syngja einkennissöng enska knattspyrnuliðsins Liverpool, You´ll Never Walk Alone, á heimavelli liðsins, Anfield, á næsta ári. Einnig stendur til að hún snæði kvöldverð með spænska knattspyrnustjóranum Rafael Benitez eftir leikinn.

Boðið kom í kjölfar heimsóknar Bjargar í útvarpsþátt BBC í Liverpool þar sem hennar útgáfa af laginu var spiluð við frábærar undirtektir eins og Fréttablaðið hefur áður sagt frá. Skömmu eftir viðtalið söng hún síðan á norrænu menningarhátíðinni NICE08 þar sem fullt var út úr dyrum.

„Þetta er náttúrulega þjóðsöngurinn þeirra. Þeir hafa gjörsamlega fallið fyrir þessu enda er víst búið að spila þetta á hverju einasta kvöldi síðustu þrjár vikur síðan ég var þarna og ég var beðin að spyrja um þetta," segir Björg, sem mun að öllum líkindum stíga fæti á Anfield í lok nóvember.

You´ll Never Walk Alone er að finna á plötu Bjargar, Gullperlur, sem kom út fyrir síðustu jól og tileinkaði hún bróður sínum, þingmanninum Höskuldi Þórhallssyni, lagið enda er hann eldheitur stuðningsmaður Liverpool. Hoppaði hann því hæð sína þegar stóra systir fékk þetta óvænta boð og að sjálfsögðu ætlar hann á völlinn. „Ef það er einhvern tímann tilefni til að fara þá er það í þetta sinn," segir hann og er strax farinn að hlakka til. „Mér heyrist líka á þeim vinum sem ég hef heyrt í að menn séu til í að skoða það mjög alvarlega að koma með." Spurður hvort hann ætli ekki að syngja með systur sinni segir hann: „Jú, ekki í míkrafóninn en ég mun taka undir enda kann ég lagið."

Björg hefur einnig verið aðdáandi Liverpool síðan hún var lítil stelpa. „En ég þurfti að halda því leyndu þegar ég bjó í Manchester í þrjú ár. Þegar United vann þrennuna 1999 varð ég að láta sem ég væri mjög hrifin af þeim," segir hún og er ekkert smeyk við að syngja fyrir framan 45 þúsund manns á Anfield. „Þetta er bara eins og hver önnur vinna en það er samt óneitanlega stórkostlegt að fá að syngja þetta fallega lag fyrir svona marga."

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Einar Bárðarson**, sem nefndur hefur verið umboðsmaður Íslands, ekki síst fyrir þann hæfileika að eiga auðvelt með að koma málum á framfæri og á skrið, er með ýmsa hópa á sínum snærum sem fá reglulega skilaboð frá honum um eitt og annað. En hugsanlega hefur hópunum eitthvað slegið saman því einn vel vinstri sinnaður fékk SMS-skeyti frá Einari á fimmtudag þar sem boðaður var laugardagsfundur á „Hótel Selfoss fyrir Sjálfstæðisflokk". Þar verða engar ræður, bara snörp innlegg allra og … „staða mála reifuð. Okkur vantar þitt innlegg. Láttu þetta ganga á góða aðila."



Ljósmyndarinn Spessi boðar nú til sinnar hefðbundnu friðarmáltíðar en við það tækifæri kemur bossanova hljómsveitin Ife Tolention fram ásamt kærustuparinu **Ágústu Evu Erlendsdóttur** og Óskari Guðjónssyni en trommarinn er ófundinn að sögn Spessa. Boðið er upp á fjögurra rétta matseðil að ítölskum hætti á Pisa í Lækjargötu.



**Árni Johnsen** er hvergi nærri af baki dottinn þótt stundum pusi aðeins á bátinn. Þannig eru þeir í bæjarstjórn Vestmannaeyja nú að fjalla um mál þar sem Árni sækir um byggingarleyfi fyrir geymslu- og vinnustofu í landi Höfðabóls. En þessar framkvæmdir eiga að verða samkvæmt teikningum Páls Zóphóníasarsonar. - jbg









Sýning á verkum Kristjáns Davíðssonar

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



„…fyrst á visir.is"





VISIR.IS
…ég sá það á visir.is


# Gunni Þórðar í bílslysi

„Það er allt í góðu með mig. Ég lenti í bílslysi klukkan hálf ellefu í morgun. [Í gær.] Það var keyrt á mig eða á bílinn minn. En þetta var smávægilegt og mér að kenna," segir Gunnar Þórðarson tónlistarmaður í samtali við Fréttablaðið.

Á degi íslenskrar tónlistar, sem tileinkaður var minningu Rúnars Júlíussonar sem borinn var til grafar þann sama dag, var haldin samverustund á vegum Samtóns í Þjóðleikhúskjallaranum í hádeginu í gær. Þar kom KK fram og flutti lagið „Angel" en áður en til þess kom sagðist hann ekkert eiga að vera staddur á sviði Þjóðleikhúskjallarans. En hann hefði fengið símtal frá Jakobi Frímanni Magnússyni, formanni Samtóns, með engum fyrirvara sem fór þess á leit við hann að hann kæmi og flytti eitt lag. KK sagðist ekki kunna neitt með Hljómum eða Rúnari, bara KK-lög, en Jakob sagði það ekki neinu máli skipta. Gunnar hefði lent í bílslysi og það yrði einhver að hlaupa í skarðið. „Svo kom ég hingað og fyrsti maðurinn sem ég mætti var Gunnar," sagði KK undrandi. Gunnar lét slysið sem sagt ekki á sig fá og mætti til að heiðra samkomuna og minningu vinar síns og félaga um áratugi meðal annars í hljómsveitunum Hljómum og Trúbroti. Gunnar segir það sérkennilegt að hafa lent í bílslysi á þessum degi Rúnars. Hann flutti svo lag eftir Rúnar, Tasko tostada sem Hljómar sungu inn á plötu fyrir þrjátíu árum eða svo, með glæsibrag. „Þetta er eitt besta lagið hans," segir Gunnar. - jbg/ sjá einnig síðu 76



**GUNNAR ÞÓRÐARSON** Flytur lag Rúnars Tasko tostada sem hann segir eitt besta lag félaga síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR




# OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

Komdu í Holtagarða fyrir jólin og kláraðu innkaupin í þægilegu umhverfi. Úrval verslana, næg bílastæði og gott aðgengi.

**Um helgina munu jólasveinar ganga um gólf milli kl. 15 og 16 og gleðja unga sem aldna.**

HOLTAGARÐAR
Ein frábær ferð

Holtagarðar verða opnir til 22 alla daga fram að jólum og til 23 á Þorláksmessu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000






**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

# *Ímyndin*

Í vikunni lýsti erlendur blaðamaður því sem miklum sannleika um ástandið á Íslandi, að hér væri fólk meira og minna að kaupa hrossakjöt, þurran fisk og gamlar DVD-útgáfur af Söngvaseið. Þetta var haft til vitnis um að þjóðin væri við fátæktarmörk.

**ERU** þetta ekki örlög okkar? Alltaf skulu útlendingar draga upp einhverja öfgakennda mynd af okkur, sem á einhvern hátt gerir okkur stórundarleg. Þegar ég var krakki, og engir vissu neitt um Ísland erlendis, var ekki óalgengt að útlendingar spyrðu mörlandann varfærnislega hvernig væri að búa í snjóhúsum.

**ÞESSI** útbreiddi misskilningur útlendinga fjaraði út með leiðtogafundi og öðrum viðburðum sem rötuðu í heimspressuna, eins og bjórdeginum, en alltaf hefur þó sérviskustimpillinn haldist. Eftir að Björk varð fræg urðu hinir jarðbundnustu Íslendingar að sætta sig við það að vera taldir einhvers konar álfar. Af þeirri ímynd var hægt að hafa dálítið gaman. Hún tengdist þeirri hugmynd útlendinga að hér væri fólk tengt náttúrunni undarlega djúpum og jafnvel furðulegum böndum. Ég laug því til dæmis alltaf að útlendingum, þegar tækifæri gafst, að á Íslandi væri almennt pissað á hákarla áður en þeir væru étnir. „Í alvöru?“ sagði fólk þá og gapti.

**NÚNA** mun renna upp það skeið í ímyndarsögu Íslands að við Íslendingar verðum í augum útlendinga enn furðulegri en nokkru sinni fyrr. Núna erum við ekki bara álfar, heldur fátækir, gjaldþrota álfar, tyggjandi hrossakjöt við mörk hins byggilega heims. Líkt og áður er það lykilatriði fyrir okkur sem hér búum og vitum betur, að hafa af þessari ímynd eitthvert gaman.

**ÉG** er strax farinn að hlakka til. Ég ætla t.d. að halda því blákalt fram við næsta útlending að eftir að bankaranir hrundu hafi ég lifað meira og minna á kæstri hrossamjólk, sé með pappaspjöld í stað útidyrahurðar og að besti skemmtistaðurinn núna í miðborg Reykjavíkur sé tiltekinn olíutunna á hafnarbakkanum þar sem hægt er að standa ásamt félögum sínum og ylja sér við eld. Á einhverjum tímapunkti í samræðunni ætla ég síðan að halla mér hálfglottandi, með gatslitna rauða Sigurrósarhúfu á hausnum, að útlendingnum, vonandi blaðamanni, og spyrja hann andfúll – vegna þess að hér verður auðvitað ekki til neitt tannkrem lengur – hvort hann geti lánað mér pening.

**SVO** er bara að vona, sem er dálítið áríðandi í stöðunni, að þetta grín verði ekki alltof nálægt raunveruleikanum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 13. desember, 348. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.14 | 13.22 | 15.30 |
| Akureyri | 11.29 | 13.06 | 14.45 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

